ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 7

28. árgangur

28.1.2021

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2021/EES/7/01 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1147 frá 10. ágúst 2018 um að fastsetja niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna úrgangsmeðhöndlunar 1

2021/EES/7/02 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/701 frá 5. apríl 2019 um að koma á skrá yfir almenn heiti innihaldsefna til að nota við merkingar á snyrtivörum 54

2021/EES/7/03 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/50/ESB frá 22. október 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB um nákvæmar reglur til framkvæmdar tilteknum ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB 424

2021/EES/7/04 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/761 frá 17. desember 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tiltekna tæknilega eftirlitsstaðla um verulega eignarhluta 439

2021/EES/7/05 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1437 frá 19. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgengi að upplýsingum sem reglur kveða á um á vettvangi Sambandsins 443

2021/EES/7/06 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2294 frá 28. ágúst 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 að því er varðar nánari útlistun á skilgreiningunni á innmiðlurum með tilliti til tilskipunar 2014/65/ESB 450

2021/EES/7/07 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1011 frá 13. desember 2018 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 að því er varðar tiltekin skráningarskilyrði til að stuðla að notkun vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja með tilliti til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB 452

2021/EES/7/08 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/207 frá 14. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning á gæludýrafóðri frá Sádi-Arabíu 455

2021/EES/7/09 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/735 frá 2. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar notkun kjöt- og beinamjöls sem eldsneyti í brennsluverum 458

2021/EES/7/10 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/757 frá 8. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar rekjanleika tiltekinna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða 462

2021/EES/7/11 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/762 frá 9. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar örverufræðilega staðla fyrir hrátt gæludýrafóður, kröfur varðandi samþykkt fyrirtæki, tæknilegar vinnslubreytur sem gilda um staðgönguaðferðina Brookes-gösun og vatnsrof bræddrar fitu og útflutning á unnum húsdýraáburði og tilteknum tegundum blóðs, blóðafurða og millistigsafurða 465

2021/EES/7/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/797 frá 17. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar kröfur vegna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning 470

2021/EES/7/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/376 frá 5. mars 2020 um leyfi fyrir norbixíni (annattó F) sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda 475

2021/EES/7/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/377 frá 5. mars 2020 um leyfi fyrir natríumselenati sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr 478

2021/EES/7/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/378 frá 5. mars 2020 um leyfi fyrir L-levsíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 481

2021/EES/7/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/354 frá 4. mars 2020 um að taka saman skrá um fyrirhugaða notkun fóðurs sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota og um niðurfellingu á tilskipun 2008/38/EB 486

2021/EES/7/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/993 frá 9. júlí 2020 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir til eldis aðrar en eldiskjúklinga og skrautfugla, allar tegundir svína eftir fráfærur nema fráfærugrísi og allar tegundir svína til eldis nema eldissvín (leyfishafi er Berg und Schmidt GmbH Co. KG) 513

2021/EES/7/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/994 frá 9. júlí 2020 um leyfi fyrir mónensíni og níkarbasíni (Monimax) sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna, eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Huvepharma NV) 516

2021/EES/7/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/995 frá 9. júlí 2020 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), sem fóðuraukefni fyrir mjólkandi gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) 521

2021/EES/7/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/996 frá 9. júlí 2020 um leyfi fyrir blöndu af karvakróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps (leyfishafi er Biomin GmbH) 524

2021/EES/7/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/997 frá 9. júlí 2020 um leyfi fyrir fljótandi L-lýsínbasa, L-lýsínsúlfati og tæknilega hreinu L-lýsínmónó-hýdróklóríði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 527

2021/EES/7/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/998 frá 9. júlí 2020 um endurnýjun á leyfi fyrir astaxantíndímetýldísúksínati sem fóðuraukefni fyrir fiska og krabbadýr og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 393/2008 533

2021/EES/7/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1031 frá 15. júlí 2020 um leyfi fyrir bensósýru sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) 536

2021/EES/7/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1032 frá 15. júlí 2020 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 28343 sem fóðuraukefni fyrir kálfa til eldis og eldissvín (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co. KG) 539

2021/EES/7/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1034 frá 15. júlí 2020 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), sem fóðuraukefni fyrir varphænur (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) 542

2021/EES/7/26 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/432 frá 23. mars 2020 um breytingu á tilskipun ráðsins 2002/55/EB að því er varðar skilgreiningu á grænmeti og skrána yfir ættkvíslir og tegundir í b-lið 1. mgr. 2. gr. 545

2021/EES/7/27 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1985 frá 28. nóvember 2019 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði 550

2021/EES/7/28 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/192 frá 12. febrúar 2020 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir próklóras í eða á tilteknum afurðum 558

2021/EES/7/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1181 frá 7. ágúst 2020 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun), um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, og um að leiðrétta dönsku tungumálaútgáfuna af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar þungra ökutækja og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 572

2021/EES/7/30 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/25 frá 13. janúar 2020 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 574

2021/EES/7/31 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1667 frá 10. nóvember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977 að því er varðar gildistíma tímabundinna ráðstafana í tengslum við eftirlit með framleiðslu lífrænt ræktaðra vara 588

2021/EES/7/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/685 frá 20. maí 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir perklórat í tilteknum matvælum 590

2021/EES/7/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/268 frá 26. febrúar 2020 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á sorbínsýru (E 200) í fljótandi litarefnablöndur til að skreyta eggjaskurn 593

2021/EES/7/34 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/279 frá 27. febrúar 2020 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun sojabaunahálfbeðmis (E 426) 596

2021/EES/7/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2165 frá 17. desember 2019 um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu kóríanderolíu úr fræi *Coriandrum sativum* samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 599

2021/EES/7/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/16 frá 10. janúar 2020 um leyfi til að setja á markað nikótínamíðríbósíðklóríð sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 602

2021/EES/7/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/24 frá 13. janúar 2020 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði og breytingu á skilyrðum fyrir notkun og sértækum kröfum um merkingu þess samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 607

2021/EES/7/38 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/206 frá 14. febrúar 2020 um leyfi til að setja á markað aldinkjöt, safa úr aldinkjöti og þykktan safa úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 613

2021/EES/7/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/443 frá 25. mars 2020 um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu útdrætti úr hveitikími (*Triticum aestivum*) sem er auðugur af spermidíni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 616

2021/EES/7/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/478 frá 1. apríl 2020 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði 619

2021/EES/7/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/484 frá 2. apríl 2020 um leyfi til að setja á markað laktó-*N*-tetraósa sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 622

2021/EES/7/42 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/500 frá 6. apríl 2020 um leyfi til að setja á markað duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 629

2021/EES/7/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/916 frá 1. júlí 2020 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á xýló-fásykrum sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 635

2021/EES/7/44 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/973 frá 6. júlí 2020 um leyfi fyrir breytingum á skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu „prótínútdráttur úr svínsnýrum“ og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 639

2021/EES/7/45 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/917 frá 1. júlí 2020 um leyfi til að setja á markað seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 643

2021/EES/7/46 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/217 frá 4. október 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum og um leiðréttingu á þeirri reglugerð 647

2021/EES/7/47 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1182 frá 19. maí 2020 um breytingu á 3. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum 661

2021/EES/7/48 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1991 frá 25. október 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði og reglugerð (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði 675

2021/EES/7/49 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/612 frá 4. maí 2020 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini 693

2021/EES/7/50 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/745 frá 4. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/1042 að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19 heimsfaraldurinn 696

2021/EES/7/51 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/736 frá 2. júní 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins 698

2021/EES/7/52 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1831 frá 24. október 2019 um gerð fimmtu skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi samkvæmt tilskipun ráðsins 98/24/EB og um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB 714

2021/EES/7/53 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/22 frá 31. október 2019 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 að því er varðar vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum léttum atvinnuökutækjum sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli 718

2021/EES/7/54 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 frá 19. mars 2019 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 (reglugerð um vergar þjóðartekjur) 724

2021/EES/7/55 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 frá 4. október 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað 730

2021/EES/7/56 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/42 frá 17. janúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið bambermýsín með tilliti til hámarksgildis leifa 768

2021/EES/7/57 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/43 frá 17. janúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið síklesóníð með tilliti til hámarksgildis leifa 771

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1147 **2021/EES/7/01**

frá 10. ágúst 2018

um að fastsetja niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna úrgangsmeðhöndlunar

(tilkynnt með númeri C(2018) 5070) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ([1]), einkum 5. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni [áður: bestu, fáanlegu tækni] eru viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða fyrir stöðvar sem falla undir II. kafla tilskipunar 2010/75/ESB og lögbær yfirvöld ættu að setja viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni eins og mælt er fyrir um í niðurstöðum um bestu, aðgengilegu tækni.

2) Samstarfsvettvangur, sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2011 ([2]), lagði álit sitt um fyrirhugað efni tilvísunarskjals um bestu aðgengilegu tækni vegna úrgangsmeðhöndlunar fyrir framkvæmdastjórnina 19. desember 2017. Þetta álit er aðgengilegt öllum.

3) Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, eru lykilþáttur í því tilvísunarskjali um bestu aðgengilegu tækni.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Niðurstöðurnar um bestu, aðgengilegu tækni vegna úrgangsmeðhöndlunar, sem settar eru fram í viðaukanum, eru samþykktar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 208, 17.8.2018, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 16.7.2020, bls. 41.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2011 um að koma á fót samstarfsvettvangi til upplýsingaskipta skv. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um losun í iðnaði (Stjtíð. ESB C 146, 17.5.2011, bls. 3).

VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, AÐGENGILEGU TÆKNI VEGNA ÚRGANGS

GILDISSVIÐ

Þessar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni varða eftirfarandi starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, þ.e.a.s.:

— 5.1. Förgun eða endurnýtingu á hættulegum úrgangi með afköstum yfir 10 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi:

a) líffræðilega meðhöndlun,

b) eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,

c) blöndun eða samsetningu áður en einhver af þeim tegundum af starfsemi, sem taldar eru upp í liðum 5.1 og 5.2 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, fer fram,

d) endurpökkun áður en einhver af þeim tegundum af starfsemi, sem taldar eru upp í liðum 5.1 og 5.2 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, fer fram,

e) endurheimt eða endurmyndun leysa,

f) endurvinnslu/endurheimt ólífræns efniviðar annars en málma eða málmsambanda,

g) endurmyndun sýru eða basa,

h) endurnýtingu efnisþátta sem eru notaðir til að draga úr mengun,

i) endurnýtingu efnisþátta úr hvötum,

j) endurhreinsun olíu eða önnur endurnotkun olíu.

— 5.3. a) Förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 50 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir tilskipun ráðsins 91/271/EBE ([1]):

i. líffræðilega meðhöndlun,

ii. eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,

iii. formeðhöndlun úrgangs fyrir brennslu eða sambrennslu,

iv. meðhöndlun ösku,

v. meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.

b) Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir tilskipun 91/271/EBE:

i. líffræðilega meðhöndlun,

ii. formeðhöndlun úrgangs fyrir brennslu eða sambrennslu,

iii. meðhöndlun ösku,

iv. meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.

Þegar eina starfsemin við meðhöndlun úrgangs sem fram fer er loftfirrð meltun skulu viðmiðunargildin fyrir þessa starfsemi vera 100 tonn á dag.

— 5.5. Bráðabirgðageymsla hættulegs úrgangs, sem ekki fellur undir lið 5.4 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, sem bíður einhverra þeirra tegunda af starfsemi, sem taldar eru upp í liðum 5.1, 5.2, 5.4 og 5.6 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, þar sem heildarrúmtak er yfir 50 tonnum, að undanskilinni tímabundinni geymslu meðan söfnunar er beðið á svæðinu sem úrgangurinn verður til.

— 6.11. Einkarekin meðhöndlun á skólpi sem fellur ekki undir tilskipun 91/271/EBE og er losað af stöð sem stundar starfsemi sem fellur undir liði 5.1, 5.3 eða 5.5 eins og tilgreint er hér að framan.

([1]) Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40).

Með vísan til einkarekinnar meðhöndlunar á skólpi, sem fellur ekki undir tilskipun 91/271/EBE hér að framan, taka þessar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni einnig til sameiginlegrar meðhöndlunar á skólpi frá mismunandi upptökum ef helsta mengunarefnaálagið kemur frá starfsemi sem fellur undir liði 5.1, 5.3 eða 5.5 eins og tilgreint er hér að framan.

Þessar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fjalla ekki um eftirfarandi:

— Losun í yfirborðsvatn.

— Förgun eða endurvinnslu dýraskrokka eða dýraúrgangs sem fellur undir starfsemislýsinguna í lið 6.5 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB þegar hún fellur undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir sláturhús og iðnað með aukaafurðir úr dýrum.

— Vinnslu húsdýraáburðar á búi þegar hún fellur undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir þéttbært eldi alifugla eða svína.

— Beina endurheimt (þ.e. án formeðhöndlunar) úrgangs sem staðgönguefni fyrir hráefni í stöðvum sem sinna starfsemi sem fellur undir aðrar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, t.d.:

  — Beina endurheimt á blýi (t.d. úr rafgeymum), sinki eða álsöltum eða endurheimt málma úr hvötum. Þetta getur fallið undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir iðnað með járnlausan málm.

  — Vinnslu á pappír til endurvinnslu. Þetta getur fallið undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir framleiðslu á pappírsmauki, pappír og pappa.

  — Notkun á úrgangi sem eldsneyti/hráefni í sementsofna. Þetta getur fallið undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir framleiðslu á sementi, kalki og magnesíumoxíði.

— Úrgangs(sam)brennslu, hitasundrun og gösun. Þetta getur fallið undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir brennslu úrgangs eða undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni vegna stórra brennsluvera.

— Urðun úrgangs. Þetta fellur undir tilskipun ráðsins 1999/31/EB ([1]). Einkum falla varanlegar geymslur og geymslur til langs tíma neðanjarðar (≥ 1 ár fyrir förgun, ≥ 3 ár fyrir endurheimt) undir tilskipun 1999/31/EB.

— Hreinsun mengaðs jarðvegs á staðnum (þ.e. óuppgrafinn jarðvegur).

— Meðhöndlun á gjalli og ösku. Þetta getur fallið undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni vegna brennslu úrgangs og/eða undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni vegna stórra brennsluvera.

— Bræðslu brotajárns og efniviða sem innihalda málma. Þetta getur fallið undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir iðnað með járnlausan málm, niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir járn- og stálframleiðslu og/eða niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir smiðju- og steypuiðnaðinn.

— Endurmyndun notaðrar sýru og basa þegar þetta fellur undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir vinnslu járnríkra málma.

— Brennslu eldsneytis þegar hún myndar ekki heitar lofttegundir sem komast í beina snertingu við úrganginn. Þetta getur fallið undir niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni vegna stórra brennsluvera eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193 ([2]).

Aðrar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni og tilvísunarskjöl, sem gætu varðað starfsemi sem fellur undir þessar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, eru eftirfarandi:

— Efnahagslegir þættir og yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa (ECM).

— Losun frá geymslu (EFS).

— Orkunýtni (ENE).

— Vöktun losunar í andrúmsloft og vatn frá stöðvum sem falla undir tilskipunina um losun í iðnaði (ROM).

— Framleiðsla á sementi, kalki og magnesíumoxíði (CLM).

— Sameiginleg hreinsunar- og stjórnunarkerfi fyrir skólp og úrgangsloft í íðefnageiranum (CWW).

— Þéttbært eldi alifugla eða svína (IRPP).

Þessar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni gilda með fyrirvara um viðeigandi ákvæði í löggjöf ESB, t.d. úrgangsmetakerfið.

([1]) Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193 frá 25. nóvember 2015 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá meðalstórum brennsluverum út í andrúmsloftið (Stjtíð ESB L 313, 28.11.2015, bls. 1).

SKILGREININGAR

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni gilda eftirfarandi **skilgreiningar**:

Heiti sem er notað	Skilgreining
Almenn hugtök	
Losun beint í tiltekinn farveg	Losun mengunarefna í umhverfið gegnum einhvers konar loftrás, rör, reykháf o.s.frv. Þetta nær einnig yfir losun frá opnum lífsíum.
Samfelld mæling	Mæling þar sem notað er sjálfvirkt mælikerfi sem er varanlega uppsett á svæðinu.
Yfirlýsing um hreinleika	Skriflegt skjal sem framleiðandi/handhafi úrgangs leggur fram sem vottar að tómur umbúðaúrgangur sem á í hlut (t.d. tunnur, gámar) sé hreinn að því er varðar samþykktarviðmiðanir.
Dreifð losun	Losun sem er ekki beint í tiltekinn farveg (t.d. ryk, lífræn efnasambönd, lykt) sem getur stafað frá „svæðis“upptökum (t.d. tönkum) eða „punkt“upptökum (t.d. rörtengikrögum). Þetta nær einnig yfir losun frá rifgarðamyltingu utanhúss.
Bein slepping	Slepping í viðtökuvatnshlot án frekari skólpmeðhöndlunar á síðari stigum.
Losunarstuðlar	Tölur sem unnt er að margfalda með þekktum gögnum, s.s. gögnum um stöð/vinnslu eða gegnumstreymisgögnum, til að áætla losun.
Stöð sem fyrir er	Stöð sem er ekki ný stöð.
Brennsla gass (í afgaslogum)	Oxun við háan hita til að brenna við opinn eld brennanleg efnasambönd úrgangslofts frá iðnaðarstarfsemi. Brennsla gass í afgaslogum er aðallega notuð til að brenna burt eldfimt gas af öryggisástæðum eða við rekstrarskilyrði sem eru ekki venjubundin.
Svifaska	Agnir úr brunahólfinu eða sem myndast í brunagasstreyminu sem eru fluttar í brunagasinu.
Lekalosun	Dreifð losun frá „punkt“upptökum.
Hættulegur úrgangur	Hættulegur úrgangur eins og hann er skilgreindur í 2. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.
Óbein slepping	Slepping sem er ekki bein slepping.
Fljótandi lífbrjótanlegur úrgangur	Úrgangur af líffræðilegum uppruna með tiltölulega mikið vatnsinnihald (t.d. efni úr fituskiljum, lífræn seyra, eldhússúrgangur).
Meiri háttar uppfærsla stöðvar	Meiri háttar breyting á hönnun eða tækni stöðvar með meiri háttar breytingum eða útskiptum á vinnslu- og/eða hreinsunartækni og tilheyrandi búnaði.
Vélræn líffræðileg meðhöndlun (MBT)	Meðhöndlun á blönduðum úrgangi í föstu formi sem sameinar vélræna meðhöndlun og líffræðilega meðhöndlun, s.s. loftháða eða loftfirrða meðhöndlun.
Ný stöð	Stöð sem er upphaflega leyfð á stöðvarsvæðinu eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, aðgengilegu tækni eða stöð sem kemur að öllu leyti í stað stöðvar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, aðgengilegu tækni.
Frálag	Meðhöndlaður úrgangur sem fer út úr úrgangshreinsunarstöð.

Heiti sem er notað	Skilgreining
Deigkenndur úrgangur	Seyra sem er ekki léttfljótandi
Reglubundin mæling	Mælingar með tilteknu millibili með handvirkum eða sjálfvirkum aðferðum.
Endurheimt	Endurheimt eins og hún er skilgreind í 15. mgr. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.
Endurhreinsun	Meðhöndlun sem er framkvæmd á olíuúrgangi til að umbreyta honum í grunnolíu.
Endurmyndun	Meðhöndlun og ferli sem eru einkum ætluð til að gera meðhöndluðu efniviðina (t.d. notuð, virk kolefni eða notaður leysir) hentuga aftur til svipaðrar notkunar.
Viðkvæmur viðtaki	Svæði sem þarfnast sérstakrar verndar, s.s.: — íbúðabyggðir, — svæði þar sem starfsemi manna fer fram (t.d. vinnustaðir í nágrenninu, skólar, dagheimili, tómstundasvæði, sjúkrahús eða hjúkrunarheimili).
Losun í yfirborðsvatn	Fljótandi úrgangur eða seyra losuð í pytti, tjarnir, lón o.s.frv.
Meðhöndlun úrgangs með varmagildi	Meðhöndlun á viðarúrgangi, olíuúrgangi, plastúrgangi, úrgangsleysum o.s.frv. til að fá eldsneyti eða til að gera það kleift að endurheimta varmagildi hans betur.
VFC-efni	Rokgjörn (vetnis)flúorókolefni: Rokgjörn, lífræn efnasambönd sem samanstanda af flúoruðum (vetnis)kolefnum, einkum klóróflúorókolefnum (CFC), vetnisklóróflúoró-kolefnum (HCFC) og vetnisflúorókolefnum (HFC).
VHC-efni	Rokgjörn vetniskolefni: Rokgjörn, lífræn efnasambönd sem samanstanda eingöngu af vetni og kolefni (t.d. etani, própani, ísóbútani, sýklópentani).
Rokgjörn, lífræn efnasambönd	Rokgjörn, lífræn efnasambönd eins og þau eru skilgreind í 45. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.
Handhafi úrgangs	Handhafi úrgangs eins og hann er skilgreindur í 6. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([1]).
Úrgangsílag	Úrgangur sem kemur inn sem á að meðhöndla í úrgangshreinsunarstöð.
Fljótandi úrgangur að stofni til úr vatni	Úrgangur, sem samanstendur af vatnskenndur vökvum, sýrum/bösum eða dælanlegri seyru (t.d. ýrulausnir, úrgangssýrur, vatnskenndur sjávarúrgangur), sem er ekki fljótandi lífbrjótanlegur úrgangur.
Mengunarefni/mæliþættir	
Áseyg lífræn halógensambönd (AOX)	Áseyg, lífræn halógensambönd, gefin upp sem Cl, ná yfir áseygt lífrænt klór, bróm og joð.
Arsen	Arsen, gefið upp sem As, nær yfir öll ólífræn og lífræn arsenefnasambönd, uppleyst eða bundin ögnum.
BOD	Lífræn súrefnisþörf. Magn súrefnis sem þarf til lífefnafræðilegrar oxunar á lífrænu og/eða ólífrænu efni á fimm (BOD_5) eða sjö (BOD_7) dögum.
Kadmíum	Kadmíum, gefið upp sem Cd, nær yfir öll ólífræn og lífræn kadmíumefnasambönd, uppleyst eða bundin ögnum.

Heiti sem er notað	Skilgreining
CFC	Klóróflúorókolefni: Rokgjörn, lífræn efnasambönd sem samanstanda af kolefni, klór og flúori.
Króm	Króm, gefið upp sem Cr, nær yfir öll ólífræn og lífræn krómefnasambönd, uppleyst eða bundin ögnum.
Sexgilt króm	Sexgilt króm, gefið upp sem Cr(VI), nær yfir öll krómefnasambönd þar sem krómið er í oxunarástandinu +6.
COD	Efnafræðileg súrefnisþörf. Magn súrefnis sem þarf til algjörrar efnafræðilegrar oxunar á lífrænu efni yfir í koltvísýring. Efnafræðileg súrefnisþörf er vísir um massastyrk lífrænna efnasambanda.
Kopar	Kopar, gefinn upp sem Cu, nær yfir öll ólífræn og lífræn koparefnasambönd, uppleyst eða bundin ögnum.
Sýaníð	Óbundið sýaníð, gefið upp sem CN^-.
Ryk	Heildarmagn svifagna (í lofti).
HOI	Vetniskolefnisolíustuðull. Summa efnasambanda sem eru útdraganleg með vetniskolefnisleysi (þ.m.t. langkeðja eða greinótt alifatísk, alisýklísk, arómatísk eða alkýlsetin arómatísk vetniskolefni).
HCl	Öll ólífræn loftkennd klórsambönd, gefin upp sem HCl.
HF	Öll ólífræn loftkennd flúorsambönd, gefin upp sem HF.
H_2S	Brennisteinsvetni. Karbónýlsúlfíð og merkaptön eru ekki tekin með.
Blý	Blý, gefið upp sem Pb, nær yfir öll ólífræn og lífræn blýefnasambönd, uppleyst eða bundin ögnum.
Kvikasilfur	Kvikasilfur, gefið upp sem Hg, nær yfir kvikasilfur í formi frumefnis og öll ólífræn og lífræn kvikasilfursefnasambönd, loftkennd, uppleyst eða bundin ögnum.
NH_3	Ammoníak.
Nikkel	Nikkel, gefið upp sem Ni, nær yfir öll ólífræn og lífræn nikkelefnasambönd, uppleyst eða bundin ögnum.
Lyktarstyrkur	Fjöldi evrópskra lyktareininga (e. *European Odour Units*) (ou_E) í einum rúmmetra við staðalskilyrði, mælt með kvikri lyktarmælingu samkvæmt EN 13725.
PCB	Fjölklórað bífenýl.
Díoxínlík PCB-efni	Fjölklóruð bífenýl eins og tilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 199/2006 ([2]).
PCDD/F-efni	Fjölklóruð díbensó-p-díoxín/-fúrön.
PFOA	Perflúoróoktansýra.
PFOS	Perflúoróoktansúlfónsýra
Fenólstuðull	Summa fenólsambanda, gefin upp sem fenólstyrkur og mæld samkvæmt EN ISO 14402.

Heiti sem er notað	Skilgreining
Heildarmagn lífræns kolefnis	Heildarmagn lífræns kolefnis, gefið upp sem C (í vatni), nær yfir öll lífræn efnasambönd.
Samtals N	Heildarmagn köfnunarefnis, gefið upp sem N, nær yfir óbundið ammoníak og ammóníumköfnunarefni (NH_4-N), nítrítköfnunarefni (NO_2-N), nítratköfnunarefni (NO_3-N) og lífrænt köfnunarefnissamband.
Samtals P	Heildarmagn fosfórs, gefið upp sem P, nær yfir öll ólífræn og lífræn fosfórefnasambönd, uppleyst eða bundin ögnum
TSS	Heildarmagn svifagna. Massastyrkur allra svifagna (í vatni), mælt með síun með trefjaglerssíum og fellingarmælingu.
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	Heildarmagn rokgjarna, lífrænna efnasambanda, gefið upp sem C (í andrúmslofti).
Sink	Sink, gefið upp sem Zn, nær yfir öll ólífræn og lífræn sinkefnasambönd, uppleyst eða bundin ögnum.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).
([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 199/2006 frá 3. febrúar 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum að því er varðar díoxín og díoxínlík PCB-efni (Stjtíð. ESB L 32 4.2.2006, bls. 34).

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni gilda eftirfarandi **upphafsstafaorð**:

Upphafsstafaorð	Skilgreining
EMS	Umhverfisstjórnunarkerfi
EoLVs	Úr sér gengin ökutæki (eins og skilgreint er í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB ([1]))
HEPA	Hávirk agnaloftsía
IBC	Meðalstórt ílát undir efni í lausu
LDAR	Lekagreining og -viðgerð
LEV	Staðbundið útsogskerfi
POP	Þrávirkt, lífrænt mengunarefni (eins og það er tilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 ([2]))
WEEE	Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur (eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ([3]))

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).
([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7).
([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

ALMENN ATRIÐI

Besta, aðgengilega tækni

Tæknin, sem er talin upp og lýst í þessum niðurstöðum um bestu, aðgengilegu tækni, er hvorki forskrift né tæmandi. Nota má aðra tækni sem tryggir a.m.k. samsvarandi umhverfisverndarstig.

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni eiga almennt við nema annað sé tekið fram.

Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni (BAT-AEL) fyrir losun í andrúmsloft

Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun í andrúmsloft sem eru tilgreind í þessum niðurstöðum um bestu, aðgengilegu tækni eiga við um styrkleika (massi losaðra efna í rúmmáli af úrgangslofti) við eftirfarandi staðalskilyrði: (þurrt gas við hitastigið 273,15 K og þrýstinginn 101,3 kPa, án þess að leiðrétt hafi verið fyrir súrefnisinnihaldi, og gefið upp í $\mu g/Nm^3$ eða mg/Nm^3, nema annað sé tekið fram.

Að því er varðar meðaltíma fyrir losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun í andrúmsloft gilda eftirfarandi **skilgreiningar**:

Tegund mælingar	Meðaltími	Skilgreining
Samfelld	Dagsmeðaltal	Meðaltal á einum degi sem byggir á gildum klukkustundar-meðaltölum eða 30 mínútna meðaltölum.
Reglubundin	Meðaltal á sýnatöku-tímabilinu	Meðalgildi þriggja mælinga í röð sem standa í a.m.k. 30 mínútur hver ([1]).

([1]) Ef 30 mínútna mælingar henta ekki fyrir einhverja breytu vegna sýnatöku- eða greiningartakmarkana er heimilt að nota heppilegra mælitímabil (t.d. fyrir lyktarstyrk). Að því er varðar fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön eða díoxínlík PCB-efni er notað eitt 6 til 8 klst. sýnatökutímabil.

Ef samfelld mæling er notuð er heimilt að gefa losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni upp sem dagsmeðaltöl.

Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni (BAT-AEL) fyrir losun í vatn

Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni, sem eru gefin í þessum niðurstöðum um bestu, aðgengilegu tækni varðandi losun í vatn, eiga við um styrkleika (massi losaðra efna í rúmmáli vatns), gefinn upp í µg/l eða mg/l, nema annað sé tekið fram.

Meðaltímar, sem tengjast losunargildum sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni, eiga við annað af eftirfarandi tilvikum, nema annað sé tekið fram:

— ef um er að ræða samfellda sleppingu: dagsmeðaltal, þ.e. samsett hlutfallsleg sýni af frárennsli á 24 klst.,

— ef um er að ræða lotusleppingu: meðalgildi á sleppingartímabilinu, tekin sem samsett hlutfallsleg sýni af frárennsli eða, að því tilskildu að frárennslið sé blandað á viðeigandi hátt og einsleitt, punktsýni sem er tekið fyrir sleppingu.

Hægt er að nota samsett tímahlutfallsleg sýni að því tilskildu að sýnt sé fram á nægilega stöðugt streymi.

Öll losunargildi, sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun í vatn, gilda á staðnum þar sem losunin fer úr stöðinni.

Skilvirkni mildunar

Útreikningur á meðalskilvirkni mildunar, sem um getur í þessum niðurstöðum um bestu, aðgengilegu tækni (sjá töflu 6.1), tekur ekki til, að því er varðar efnafræðilega súrefnisþörf og heildarmagn lífræns kolefnis, upphaflegra meðhöndlunarþrepa sem miða að því að aðskilja mikið magn lífræns innihalds úr fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni, s.s. uppgufun-þétting, að skilja ýrulausnina frá eða fasaskiljun.

1. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, AÐGENGILEGU TÆKNI

1.1. **Heildarárangur í umhverfismálum**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 1. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, aðgengilega tækni að hrinda í framkvæmd og fylgja umhverfisstjórnunarkerfi sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

I. skuldbindingu stjórnar, þ.m.t. yfirstjórnar,

II. skilgreiningu stjórnar á umhverfisstefnu sem felur í sér stöðugar endurbætur á umhverfisárangri stöðvarinnar,

III. áætlanagerð og að koma á nauðsynlegum verklagsreglum, almennum og sértækum markmiðum í tengslum við fjárhagsáætlun og fjárfestingu,

IV. framkvæmd samkvæmt verklagsreglum þar sem sérstök áhersla er lögð á:

a) skipulag og ábyrgð,

b) nýliðun, þjálfun, næmi og hæfni,

c) samskipti,

d) aðild starfsmanna,

e) skjalahald,

f) skilvirka vinnslustjórnun,

g) viðhaldsáætlanir,

h) viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi,

i) að tryggt sé að farið sé að ákvæðum umhverfislöggjafarinnar,

V. mat á frammistöðu og að gripið sé til aðgerða til úrbóta þar sem sérstök áhersla er lögð á:

a) vöktun og mælingar (sjá einnig viðmiðunarskýrslu Sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar um vöktun losunar í andrúmsloft og vatn frá stöðvum sem falla undir tilskipunina um losun í iðnaði (ROM),

b) aðgerðir til úrbóta og forvarnarstarf,

c) viðhald skráa,

d) óháða (ef það er gerlegt) innri eða ytri endurskoðun til að ákvarða hvort umhverfisstjórnunarkerfið samræmist skipulagðri tilhögun eða ekki og hafi verið hrint í framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt,

VI. endurskoðun yfirstjórnar á umhverfisstjórnunarkerfinu og áframhaldandi hentugleika þess, nægjanleika og skilvirkni,

VII. að fylgjast með þróun hreinni tækni,

VIII. að taka tillit til umhverfisáhrifa af völdum lokunar stöðvarinnar, sem síðar verður, á því stigi þegar ný stöð er hönnuð og meðan hún er í rekstri,

IX. reglubundna notkun samanburðarviðmiðana eftir geirum,

X. stjórnun úrgangsstrauma (sjá bestu, aðgengilegu tækni 2),

XI. skrá yfir skólp- og úrgangsloftstrauma (sjá bestu, aðgengilegu tækni 3),

XII. áætlun um stjórnun leifa (sjá lýsingu í lið 6.5),

XIII. slysavarnaráætlun (sjá lýsingu í lið 6.5),

XIV. áætlun um lyktarstjórnun (sjá bestu, aðgengilegu tækni 12),

XV. áætlun um stjórnun hávaða og titrings (sjá bestu, aðgengilegu tækni 17),

Nothæfi

Umfang (t.d. sundurliðunarstig) og eðli umhverfisstjórnunarkerfisins (t.d. staðlað eða ekki staðlað) mun alla jafna tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa (einnig ákvarðað af gerð og magni úrgangs sem er unninn).

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 2. Í því skyni að bæta heildarárangur stöðvar í umhverfismálum er besta, aðgengilega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing
a.	Að setja upp og koma í framkvæmd verklagsreglum um lýsingu á eiginleikum úrgangs og forsamþykkt	Þessar verklagsreglur miða að því að tryggja tæknilegan (og lagalegan) hentugleika úrgangsmeðhöndlunarstarfsemi fyrir tiltekinn úrgang áður en úrgangurinn kemur á stöðina. Þær innihalda verklagsreglur um söfnun upplýsinga um úrgangsílagið og geta tekið til sýnatöku úr og lýsingar á eiginleikum úrgangs til að öðlast fullnægjandi vitneskju um samsetningu úrgangsins. Forsamþykktarferli fyrir úrgang eru áhættumiðuð og þar er m.a. tekið tillit til hættulegra eiginleika úrgangsins, áhættu sem stafar frá úrgangi með tilliti til vinnsluöryggis, öryggis á vinnustað og umhverfisáhrifa sem og til upplýsinga sem fyrrum handhafi eða handhafar úrgangs láta í té.
b.	Að setja upp og koma í framkvæmd samþykktarferli fyrir úrgang	Samþykktarferli miða að því að staðfesta eiginleika úrgangsins eins og þeir eru tilgreindir á forsamþykktarstiginu. Í þessum ferlum eru skilgreindir þeir þættir sem á að staðfesta við komu úrgangsins á stöðina sem og viðmiðanir fyrir samþykki og höfnun úrgangsins. Þeir geta tekið til sýnatöku úr úrgangi, skoðunar og greiningar. Samþykktarferli fyrir úrgang eru áhættumiðuð og þar er m.a. tekið tillit til hættulegra eiginleika úrgangsins, áhættu sem stafar frá úrgangi með tilliti til vinnsluöryggis, öryggis á vinnustað og umhverfisáhrifa sem og til upplýsinga sem fyrrum handhafi eða handhafar úrgangs láta í té.
c.	Að setja upp og koma í framkvæmd úrgangsrakningar-kerfi og birgðaskrá	Úrgangsrakningarkerfi og birgðaskrá miða að því að rekja staðsetningu og magn úrgangs í stöðinni. Þau hafa að geyma allar upplýsingar sem verða til í forsamþykktarferlum fyrir úrganginn (t.d. dagsetning komu á stöðina og einkvæmt tilvísunarnúmer úrgangsins, upplýsingar um fyrrum handhafa úrgangsins, niðurstöður úr greiningu við forsamþykkt og samþykkt, fyrirhuguð meðhöndlunarleið, eðli og magn úrgangsins sem er geymdur á svæðinu, þ.m.t. öll greind hætta), samþykki, geymslu, meðhöndlun og/eða tilfærslu af svæðinu. Úrgangsrakningarkerfi er áhættumiðað og þar er m.a. tekið tillit til hættulegra eiginleika úrgangsins, áhættu sem stafar frá úrgangi með tilliti til vinnsluöryggis, öryggis á vinnustað og umhverfisáhrifa sem og til upplýsinga sem fyrrum handhafi eða handhafar úrgangs láta í té.
d.	Að setja upp og koma í framkvæmd frálagsgæða-stjórnunarkerfi	Þessi tækni felur í sér að setja upp og koma í framkvæmd frálagsgæða-stjórnunarkerfi til að tryggja að frálag úrgangsmeðhöndlunar sé í samræmi við væntingar, t.d. með því að nota fyrirliggjandi EN-staðla. Þetta stjórnunarkerfi gerir það einnig kleift að vakta og hámarka úrgangs-meðhöndlunina og í því skyni getur það innihaldið greiningu á flæði efniviða m.t.t. viðeigandi efnisþátta í allri úrgangsmeðhöndluninni. Notkun á greiningu á flæði efniviða er áhættumiðuð og þar er m.a. tekið tillit til hættulegra eiginleika úrgangsins, áhættu sem stafar frá úrgangi með tilliti til vinnsluöryggis, öryggis á vinnustað og umhverfisáhrifa sem og til upplýsinga sem fyrrum handhafi eða handhafar úrgangs láta í té.
e.	Að tryggja aðskilnað úrgangs	Úrgangi er haldið aðskildum með hliðsjón af eiginleikum hans til að gera það kleift að geyma hann og meðhöndla á auðveldari og umhverfislega öruggari hátt. Aðskilnaður úrgangs byggir á efnislegri sundurgreiningu á úrgangi og á verklagsreglum sem greina hvenær og hvar úrgangur er geymdur.

Tækni		Lýsing
f.	Að tryggja samhæfi úrgangs fyrir blöndun eða samsetningu úrgangsins	Samhæfið er tryggt með röð af sannprófunarráðstöfunum og prófunum til að greina hvers konar óæskileg og/eða mögulega hættuleg efnahvörf milli úrgangs (t.d. fjölliðun, útlosun, hitalosandi svörun, niðurbrot, kristöllun, útfelling) við blöndun, samsetningu eða framkvæmd annarrar meðhöndlunarstarfsemi. Samhæfisprófanir eru áhættumiðaðar og þar er m.a. tekið tillit til hættulegra eiginleika úrgangsins, áhættu sem stafar frá úrgangi með tilliti til vinnsluöryggis, öryggis á vinnustað og umhverfisáhrifa sem og til upplýsinga sem fyrrum handhafi eða handhafar úrgangs láta í té.
g.	Að flokka fastan úrgang sem kemur inn	Flokkun á föstum úrgangi sem kemur inn (1) miðar að því að koma í veg fyrir að óæskilegur efniviður fari inn í síðari úrgangsmeðhöndlunarferli. Þetta getur tekið til: — handvirkrar sundurgreiningar með sjónrænum skoðunum, — sundurgreiningar á járnríkum málmum, járnlausum málmum eða öllum málmum, — ljósfræðilegrar sundurgreiningar, t.d. með nær-innrauðri litrófsgreiningu eða röntgentækjum, — sundurgreiningar á eðlismassa, t.d. með aðgreiningu með loftstraumi, botnfellingartönkum (e. *sink-float tank*), hristiborðum (e. *vibration table*), — sundurgreiningar eftir stærð með sáldun/sigtun.

(1) Flokkunartækni er lýst í lið 6.4

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 3. Í því skyni að greiða fyrir að það dragi úr losun í vatn og andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að taka saman og viðhalda skrá yfir skólp- og úrgangsloftstrauma sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá bestu, aðgengilegu tækni 1) sem tekur til allra eftirfarandi atriða:

i. upplýsinga um eiginleika úrgangsins sem á að meðhöndla og úrgangsmeðhöndlunarferlið, þ.m.t.:

   a) einfölduð flæðirit fyrir ferli sem sýna upptök losunarinnar,

   b) lýsingar á tækni með samþættu ferli og hreinsun á skólpi/úrgangslofti við upptök, þ.m.t. árangurinn af þeim,

ii. upplýsinga um eiginleika skólpstrauma, s.s.:

   a) meðalgildi og breytileiki streymis, pH-gildis, hitastigs og eðlisleiðni,

   b) meðalstyrkur og álagsgildi viðkomandi efna og breytileiki þeirra (t.d. efnafræðileg súrefnisþörf/heildarmagn lífræns kolefnis, köfnunarefnistegundir, fosfór, málmar, forgangsefni, mengandi efni í snefilmagni),

   c) gögn um líffræðilega fjarlægingargetu (t.d. lífræn súrefnisþörf, hlutfall lífrænnar súrefnisþarfar/efnafræðilegrar súrefnisþarfar, Zahn-Wellens-prófun, geta til líffræðilegar hömlunar (t.d. hömlun virkrar seyru)) (sjá bestu aðgengilegu tækni 52),

iii. upplýsinga um eiginleika úrgangsloftstrauma, s.s.:

   a) meðalgildi og breytileiki streymis og hitastigs,

   b) meðalstyrkur og álagsgildi viðkomandi efna og breytileiki þeirra (t.d. lífræn efnasambönd, þrávirk, lífræn mengunarefni s.s. PCB-efni),

   c) eldfimi, neðri og efri sprengimörk, hvarfgirni,

   d) tilvist annarra efna sem geta haft áhrif á hreinsunarkerfið fyrir úrgangsloft eða öryggi stöðvar (t.d. súrefni, köfnunarefni, vatnsgufa, ryk).

Nothæfi

Umfang (t.d. sundurliðunarstig) og eðli skrárinnar mun alla jafna tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa (einnig ákvarðað af gerð og magni úrgangs sem er unninn).

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 4. Í því skyni að draga úr umhverfisáhættu sem tengist geymslu úrgangs er besta, aðgengilega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Hámörkuð staðsetning geymslu	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — geymslan er staðsett eins langt og er tæknilega og efnahagslega mögulegt frá viðkvæmum viðtökum, vatnsföllum o.s.frv., — geymslan er staðsett þannig að óþarfa meðferð úrgangsins innar stöðvarinnar sé engin eða lágmörkuð (t.d. að sami úrgangurinn hljóti meðferð tvisvar eða oftar eða þá að flutningsfjarlægðir á svæðinu séu óþarflega langar).	Á almennt við um nýjar stöðvar.
b.	Fullnægjandi geymslurými	Ráðstafanir eru gerðar til að forðast uppsöfnun úrgangs s.s.: — hámarksgeymslurými fyrir úrgang er skilgreint með skýrum hætti og ekki farið yfir það, að teknu tilliti til eiginleika úrgangsins (t.d. að því er varðar áhættu á eldsvoða) og meðhöndlunargetu, — magn úrgangs sem er geymt er vaktað reglulega m.t.t. leyfilegs hámarks-geymslurýmis, — hámarksviðstöðutími úrgangs er skilgreindur með skýrum hætti.	Á almennt við.
c.	Örugg geymslustarfsemi	Þetta nær yfir ráðstafanir, s.s.: — búnaður sem er notaður til að lesta, losa og geyma úrgang er skjalfestur með skýrum hætti og merktur, — úrgangur sem vitað er að sé næmur fyrir hita, birtu, lofti, vatni o.s.frv. er verndaður fyrir slíkum umhverfis-skilyrðum, — gámar og tunnur henta til fyrirhugaðrar notkunar og eru geymd á öruggan hátt.	
d.	Sérstakt svæði fyrir geymslu og meðferð á pökkuðum hættulegum úrgangi	Eftir því sem við á er sérstakt svæði notað til geymslu og meðferðar á pökkuðum hættulegum úrgangi.	

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 5. Í því skyni að draga úr umhverfisáhættu sem tengist meðferð og tilfærslu úrgangs er besta, aðgengilega tækni að koma á fót og í framkvæmd verklagsreglum um meðferð og tilfærslu.

Lýsing

Verklagsreglur um meðferð og tilfærslu miða að því að tryggja að úrgangur hljóti meðferð og sé tilfærður í geymslu eða til meðhöndlunar, eftir því sem við á, á öruggan hátt. Þær innihalda eftirfarandi þætti:

— hæft starfsfólk annast meðferð og tilfærslu úrgangs,

— meðferð og tilfærsla úrgangs eru skjalfest á viðeigandi hátt, fullgilt fyrir framkvæmd og staðfest eftir framkvæmd,

— gerðar eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir, greina og milda leka,

— gerðar eru varúðarráðstafanir við vinnslu og hönnun fyrir blöndun eða samsetningu úrgangs (t.d. að ryksuga rykugan/duftkenndan úrgang).

Verklagsreglur um meðferð og tilfærslu eru áhættumiðaðar, að teknu tilliti til þess hversu líklegt það er að það verði slys og atvik og umhverfisáhrif af þeim.

1.2. **Vöktun**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 6. Að því er varðar viðkomandi losun í vatn eins og tilgreint er í skránni yfir skólpstrauma (sjá bestu, aðgengilegu tækni 3) er besta, aðgengilega tækni að vakta helstu vinnslubreytur (t.d. skólpstreymi, sýrustig, hitastig, eðlisleiðni, lífræna súrefnisþörf) á lykilstöðum (t.d. við inntak og/eða úttak formeðhöndlunar, við inntak til lokameðhöndlunar, á staðnum þar sem losunin fer úr stöðinni).

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 7. Besta, aðgengilega tækni er að vakta losun í vatn með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind hér á eftir og í samræmi við EN-staðla. Ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir er besta, aðgengilega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

Efni/mæliþáttur	Staðall/staðlar	Úrgangsmeðhöndlunarferli	Lágmarksvöktunartíðni (1) (2)	Vöktun í tengslum við
Áseyg, lífræn halógensambönd (AOX) (3) (4)	EN ISO 9562	Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 20
Bensen, tólúen, etýlbensen, xýlen (BTEX) (3) (4)	EN ISO 15680	Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni í mánuði	
Efnafræðileg súrefnisþörf (5) (6)	EN-staðall er ekki fáanlegur	Öll meðhöndlun úrgangs að undanskilinni meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni í mánuði	
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	
Óbundið sýaníð (CN^-) (3) (4)	Ýmsir EN-staðlar eru fáanlegir (t.d. EN ISO 14403-1 og -2)	Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	
Vetniskolefnisolíustuðull (HOI) (4)	EN ISO 9377-2	Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum	Einu sinni í mánuði	
		Meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni		
		Endurhreinsun olíuúrgangs		
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs með varmagildi		
		Vatnsþvottur á uppgröfnum menguðum jarðvegi		
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	

Efni/mæliþáttur	Staðall/staðlar	Úrgangsmeðhöndlunarferli	Lágmarksvöktunartíðni (1) (2)	Vöktun í tengslum við
Arsen (As), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), nikkel (Ni), blý (Pb), sink (Zn) (3) (4)	Ýmsir EN-staðlar eru fáanlegir (t.d. EN ISO 11885, EN ISO 17294-2, EN ISO 15586)	Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum	Einu sinni í mánuði	
		Meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni		
		Vélræn líffræðileg meðhöndlun úrgangs		
		Endurhreinsun olíuúrgangs		
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs með varmagildi		
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs í föstu formi og/eða deigkennds úrgangs		
		Endurmyndun notaðra leysa		
		Vatnsþvottur á uppgröfnum menguðum jarðvegi		
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	
Mangan (Mn) (3) (4)		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	
Sexgilt króm (Cr(VI)) (3) (4)	Ýmsir EN-staðlar eru fáanlegir (t.d. EN ISO 10304-3, EN ISO 23913)	Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	
Kvikasilfur (Hg) (3) (4)	Ýmsir EN-staðlar eru fáanlegir (t.d. EN ISO 17852, EN ISO 12846)	Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum	Einu sinni í mánuði	
		Meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni		
		Vélræn líffræðileg meðhöndlun úrgangs		
		Endurhreinsun olíuúrgangs		
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs með varmagildi		
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs í föstu formi og/eða deigkennds úrgangs		
		Endurmyndun notaðra leysa		
		Vatnsþvottur á uppgröfnum menguðum jarðvegi		
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	

Efni/mæliþáttur	Staðall/staðlar	Úrgangsmeðhöndlunarferli	Lágmarksvöktunartíðni (1) (2)	Vöktun í tengslum við
Perflúoróoktansýra (3)	EN-staðall er ekki fáanlegur	Öll meðhöndlun úrgangs	Einu sinni á sex mánaða fresti	
Perflúoróoktansúlfónat (3)				
Fenólstuðull (6)	EN ISO 14402	Endurhreinsun olíuúrgangs	Einu sinni í mánuði	
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs með varmagildi		
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	
Heildarmagn köfnunarefnis (samtals N) (6)	EN 12260, EN ISO 11905-1	Líffræðileg meðhöndlun úrgangs	Einu sinni í mánuði	
		Endurhreinsun olíuúrgangs		
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) (5) (6)	EN 1484	Öll meðhöndlun úrgangs að undanskilinni meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni í mánuði	
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	
Heildarmagn fosfórs (samtals P) (6)	Ýmsir EN-staðlar eru fáanlegir (t.d. EN ISO 15681-1 og -2, EN ISO 6878, EN ISO 11885)	Líffræðileg meðhöndlun úrgangs	Einu sinni í mánuði	
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	
Heildarmagn svifagna (TSS) (6)	EN 872	Öll meðhöndlun úrgangs að undanskilinni meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni í mánuði	
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni	Einu sinni á dag	

(1) Draga má úr tíðni vöktunar ef losunargildin reynast vera nægilega stöðug.
(2) Ef um er að ræða að slepping lotu fer sjaldnar fram en sem svarar lágmarksvöktunartíðni er vöktunin framkvæmd einu sinni á hverja lotu.
(3) Vöktunin á einungis við þegar efnið sem um er að ræða er auðkennt sem efni sem skiptir máli í skránni yfir skólp sem getið er í bestu, aðgengilegu tækni 3.
(4) Ef um er að ræða óbeina sleppingu í viðtökuvatnshlot er heimilt að draga úr tíðni vöktunar ef skólphreinsistöð á síðari stigum dregur úr mengunarefnum sem um er að ræða.
(5) Annaðhvort heildarmagn lífræns kolefnis eða efnafræðileg súrefnisþörf er vöktuð. Heildarmagn lífræns kolefnis er æskilegri kostur því vöktun þess byggir ekki á notkun mjög eitraðra efnasambanda.
(6) Vöktunin á einungis við ef um er að ræða beina sleppingu í viðtökuvatnshlot.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 8. Besta, aðgengilega tækni er að vakta losun í andrúmsloft, sem er beint í tiltekinn farveg, með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind hér á eftir og í samræmi við EN-staðla. Ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir er besta, aðgengilega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

Efni/mæliþáttur	Staðall/staðlar	Úrgangsmeðhöndlunarferli	Lágmarksvöktunartíðni (1)	Vöktun í tengslum við
Brómuð eldtefjandi efni (2)	EN-staðall er ekki fáanlegur	Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum	Einu sinni á ári	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 25

Efni/mæliþáttur	Staðall/staðlar	Úrgangsmeðhöndlunarferli	Lágmarksvöktunartíðni (1)	Vöktun í tengslum við
Klóróflúorókolefni	EN-staðall er ekki fáanlegur	Meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 29
Díoxínlík PCB-efni	EN 1948-1, -2 og -4 (3)	Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum (2)	Einu sinni á ári	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 25
		Afmengun búnaðar sem inniheldur PCB-efni	Einu sinni á þriggja mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 51
Ryk	EN 13284-1	Vélræn meðhöndlun úrgangs	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 25
		Vélræn líffræðileg meðhöndlun úrgangs		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 34
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs í föstu formi og/eða deigkennds úrgangs		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 41
		Hitameðhöndlun á notuðum, virkum kolefnum, úrgangshvötum og uppgröfnum, menguðum jarðvegi		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 49
		Vatnsþvottur á uppgröfnum menguðum jarðvegi		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 50
HCl	EN 1911	Hitameðhöndlun á notuðum, virkum kolefnum, úrgangshvötum og uppgröfnum, menguðum jarðvegi (2)	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 49
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni (2)		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 53
HF	EN-staðall er ekki fáanlegur	Hitameðhöndlun á notuðum, virkum kolefnum, úrgangshvötum og uppgröfnum, menguðum jarðvegi (2)	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 49
Hg	EN 13211	Meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur kvikasilfur	Einu sinni á þriggja mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 32
H_2S	EN-staðall er ekki fáanlegur	Líffræðileg meðhöndlun úrgangs (4)	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 34
Málmar og málmleysingjar, að undanskildu kvikasilfri (t.d. As, Cd, Co, Cr, Cu, Mn, Ni, Pb, Sb, Se, Tl, V) (2)	EN 14385	Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum	Einu sinni á ári	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 25
NH_3	EN-staðall er ekki fáanlegur	Líffræðileg meðhöndlun úrgangs (4)	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 34
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs í föstu formi og/eða deigkennds úrgangs (2)	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 41
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni (2)		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 53

Efni/mæliþáttur	Staðall/staðlar	Úrgangsmeðhöndlunarferli	Lágmarksvöktunartíðni ([1])	Vöktun í tengslum við
Lyktarstyrkur	EN 13725	Líffræðileg meðhöndlun úrgangs ([5])	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 34
Fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön ([2])	EN 1948-1, -2 og -3 ([3])	Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum	Einu sinni á ári	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 25
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	EN 12619	Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 25
		Meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 29
		Vélræn meðhöndlun úrgangs með varmagildi ([2])	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 31
		Vélræn líffræðileg meðhöndlun úrgangs	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 34
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs í föstu formi og/eða deigkennds úrgangs ([2])	Einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 41
		Endurhreinsun olíuúrgangs		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 44
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs með varmagildi		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 45
		Endurmyndun notaðra leysa		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 47
		Hitameðhöndlun á notuðum, virkum kolefnum, úrgangshvötum og uppgröfnum, menguðum jarðvegi		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 49
		Vatnsþvottur á uppgröfnum menguðum jarðvegi		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 50
		Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni ([2])		BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 53
		Afmengun búnaðar sem inniheldur PCB-efni ([6])	Einu sinni á þriggja mánaða fresti	BESTA, AÐGENGILEGA TÆKNI 51

([1]) Draga má úr tíðni vöktunar ef losunargildin reynast vera nægilega stöðug.
([2]) Vöktunin á einungis við þegar efnið sem um er að ræða er auðkennt sem efni sem skiptir máli í úrgangsloftstraumnum, byggt á skránni sem getið er í bestu, aðgengilegu tækni 3.
([3]) Einnig má framkvæma sýnatöku samkvæmt CEN/TS 1948-5 í stað EN 1948-1.
([4]) Heimilt er að vakta lyktarstyrk í staðinn.
([5]) Hægt er að nota vöktun á ammoníaki (NH_3) og brennisteinsvetni (H_2S) sem staðgöngukost fyrir vöktun á lyktarstyrk.
([6]) Vöktun á einungis við þegar leysir er notaður til að hreinsa mengaðan búnað.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 9. Besta, aðgengilega tækni er að vakta dreifða losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá endurmyndun notaðra leysa, afmengun búnaðar sem inniheldur þrávirk, lífræn mengunarefni með leysum og eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun leysa til að endurheimta varmagildi þeirra a.m.k. einu sinni á ári með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing
a	Mæling	Gasstyrksmælingaraðferð, ljósmyndræn gasmæling, sólhulustraumsaðferð eða mismunargleypni (e. *differential absorption*). Sjá lýsingar í lið 6.2.
b	Losunarstuðlar	Útreikningur á losun sem byggist á losunarstuðlum sem eru fullgiltir reglulega (t.d. annað hvert ár) með mælingum.
c	Massajöfnuður	Útreikningur á dreifðri losun með því að nota massajöfnuð, að teknu tilliti til leysisílags, losunar í andrúmsloft sem er beint í tiltekinn farveg, losunar í vatn, leysis í vinnslufrálaginu og leifa (t.d. úr eimingu) úr vinnslu.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 10. Besta, aðgengilega tækni er að vakta reglubundið losun lyktar.

Lýsing

Hægt er að vakta losun lyktar og nota:

— EN-staðla (t.d. kvika lyktarmælingu samkvæmt EN 13725 til að ákvarða lyktarstyrk eða EN 16841-1 eða -2 til að ákvarða áverkun lyktar),

— þegar notaðar eru staðgönguaðferðir sem engir EN-staðlar eru tiltækir fyrir (t.d. mat á áverkun lyktar): ISO-staðla, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja öflun gagna af jafngildum vísindalegum traustleika.

Tíðni vöktunar er ákvörðuð í áætlun um lyktarstjórnun (sjá bestu, aðgengilegu tækni 12).

Nothæfi

Notkunarsviðið takmarkast við tilvik þar sem búist er við lyktaróþægindatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau hafa verið sönnuð.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 11. Besta, aðgengilega tækni er að vakta árlega notkun vatns, orku og hráefna sem og árlega myndun leifa og skólps a.m.k. einu sinni á ári.

Lýsing

Vöktun nær yfir beinar mælingar, útreikninga eða skráningu, t.d. með því að nota hentuga mæla eða vörureikninga. Vöktunin fer fram á því stigi sem á best við (t.d. vinnslu- eða stöðvarstigi) og tekið er tillit til allra mikilvægra breytinga í stöðinni.

1.3. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 12. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr losun lyktar er besta, aðgengilega tækni að koma á fót, koma í framkvæmd og endurskoða reglulega áætlun um lyktarstjórnun sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá bestu, aðgengilegu tækni 1) sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

— aðferðarlýsingu sem inniheldur aðgerðir og tímamörk,

— aðferðarlýsingu á framkvæmd vöktunar á lykt eins og sett er fram í bestu, aðgengilegu tækni 10,

— aðferðarlýsingu á viðbrögðum við tilgreindum lyktaratvikum, t.d. kvörtunum,

— áætlun til að koma í veg fyrir og draga úr lykt, sem er hönnuð til að sanngreina upptök(in), lýsa því sem á hlut í upptökunum og koma í framkvæmd forvarnar- og/eða skerðingarráðstöfunum.

Nothæfi

Notkunarsviðið takmarkast við tilvik þar sem búist er við lyktaróþægindatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau hafa verið sönnuð.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 13. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr losun lyktar er besta, aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Lágmörkun viðstöðutíma	Viðstöðutími er lágmarkaður fyrir (mögulega) lyktsterkan úrgang í geymslu eða í meðferðarkerfum (t.d. rör, tankar, gámar), einkum við loftfirrð skilyrði. Eftir því sem við á eru gerðar fullnægjandi ráðstafanir til að taka á móti árstíðabundnu hámarksmagni úrgangs.	Á einungis við um opin kerfi.
b.	Notkun efnafræðilegrar meðhöndlunar	Notkun íðefna til að eyða eða draga úr myndun lyktsterkra efnasambanda (t.d. til að oxa eða botnfella brennisteinsvetni).	Á ekki við ef það getur hindrað æskileg frálagsgæði.
c.	Bestun loftháðrar meðhöndlunar	Ef um er að ræða loftháða meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni getur hún tekið til: — notkunar á hreinu súrefni, — fjarlægingar á brák í tönkum, — tíðs viðhalds á loftunarkerfinu. Ef um er að ræða loftháða meðhöndlun á úrgangi, öðrum en fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni, sjá bestu aðgengilegu tækni 36.	Á almennt við.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 14. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft, einkum ryks, lífrænna efnasambanda og lyktar, er besta, aðgengilega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir:

Besta, aðgengilega tækni 14d er sérlega mikilvæg með hliðsjón af þeirri áhættu sem stafar af úrgangi með tilliti til dreifðrar losunar í andrúmsloft.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Lágmarka fjölda mögulegra upptaka dreifðrar losunar	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — viðeigandi útfærslu á skipulagi röra (t.d. að lágmarka rörlengdir, draga úr fjölda tengikraga og ventla, nota samskeyttar tengingar og rör), — að styðja notkun á efnisþyngdar-flutningi frekar en að nota dælur, — að takmarka fallhæð efniviðar, — að takmarka umferðarhraða, — notkun vindgarða.	Á almennt við.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
b.	Val og notkun á mjög traustum búnaði	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — ventla með tvöföldum þéttipakkningum eða jafnskilvirkan búnað, — mjög traustar þéttingar (s.s. gormundnir þéttihringir) til mikilvægrar notkunar, — dælur/þjöppur/hræribúnað búinn vélrænum þéttum í stað pakkninga, — dælur/þjöppur/hræribúnað með seguldrifi, — viðeigandi aðgengi að þjónustuslöngu, götunartöngum og borhausum, t.d. við afgösun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni.	Nothæfið getur takmarkast ef um er að ræða stöðvar sem fyrir eru vegna rekstrarkrafna.
c.	Varnir gegn tæringu	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — viðeigandi val á byggingarefnum, — fóðringu eða húðun búnaðar og að rör séu máluð með tæringartálmum.	Á almennt við.
d.	Afmörkun, söfnun og meðhöndlun á dreifðri losun	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — geymslu, meðhöndlun og meðferð úrgangs og efniviðar sem geta myndað dreifða losun í lokuðum byggingum og/eða lokuðum búnaði (t.d. færiböndum), — að viðhalda fullnægjandi þrýstingi í lokuðum búnaði eða byggingum, — að safna og beina losun í viðeigandi hreinsikerfi (sjá lið 6.1) gegnum loftútsogskerfi og/eða loftsogskerfi nálægt upptökum losunarinnar.	Notkun á lokuðum búnaði eða byggingum getur takmarkast vegna öryggissjónarmiða s.s. áhættu á sprengingu eða súrefnisþurrð. Notkun á lokuðum búnaði eða byggingum getur einnig takmarkast af magni úrgangs.
e.	Væting	Væting mögulegra upptaka dreifðrar ryklosunar (t.d. úrgangsgeymsla, umferðarsvæði og opin meðferðarferli) með vatni eða mistri.	Á almennt við.
f.	Viðhald	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — að tryggja aðgang að búnaði sem er hugsanlega lekur, — reglulegt eftirlit með hlífðarbúnaði s.s. strimlagardínum (e. *lamellar curtains*), hraðlokandi hurðum.	Á almennt við.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
g.	Hreinsun úrgangsmeð-höndlunar- og geymslusvæða	Þetta nær yfir tækni s.s. að hreinsa allt úrgangsmeðhöndlunarsvæðið reglulega (ganga, umferðarsvæði, geymslusvæði o.s.frv.) færibönd, búnað og gáma.	Á almennt við.
h.	Lekagreiningar- og viðhaldsáætlun (LDAR)	Sjá lið 6.2. Ef búist er við losun lífrænna efnasambanda er lekagreiningar- og viðhaldsáætlun (LDAR) komið á fót og í framkvæmd með því að nota áhættumiðaða stefnu, einkum að teknu tilliti til hönnunar stöðvarinnar og magns og eðlis lífrænu efnasambandanna sem eiga í hlut.	Á almennt við.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 15. Besta, aðgengilega tækni er að nota brennslu gass í afgaslogum einungis af öryggisástæðum eða við rekstrarskilyrði sem eru ekki venjubundin (t.d. ræsingu, stöðvun) með því að nota báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Viðeigandi hönnun á stöðinni	Þetta felur í sér kerfi til að endurheimta gas með nægjanlegri afkastagetu og notkun á öryggislokum með miklum þéttleika.	Á almennt við um nýjar stöðvar. Hægt er að setja kerfi til að endurheimta gas eftir á sem endurbótahlut í stöðvar sem fyrir eru.
b.	Stjórnun stöðvarinnar	Þetta nær yfir að jafnvægisstilla loftkerfið og nota háþróaða ferlastýringu.	Á almennt við.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 16. Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft frá brennslu gass í afgaslogum þegar ekki er unnt að komast hjá brennslu gass í afgaslogum er besta, aðgengilega tækni að nota báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Rétt hönnun búnaðar til brennslu gass í afgaslogum	Bestun hæðar og þrýstings, aðstoðar með gufu, lofti eða gasi, gerð afgaslogaodda o.s.frv. til að auðvelda reyklausa og áreiðanlega starfrækslu og tryggja skilvirka brennslu á umframmagni gass.	Á almennt við um nýja afgasloga. Nothæfið getur takmarkast í stöðvum sem fyrir eru t.d. vegna tiltæks tíma fyrir viðhald.
b.	Vöktun og skýrslugjöf sem hluti af stjórnun brennslu í afgaslogum	Þetta nær yfir stöðuga vöktun á því magni lofttegunda sem er sent til brennslu gass í afgaslogum. Þetta getur tekið til mats á öðrum breytum (t.d. samsetningar loftstreymis, varmainnihalds, hlutfalls aðstoðar, hraða, hreinsigasstreymis, losunar mengandi efna (t.d. köfnunarefnisoxíðs (NO_X), kolsýrings (CO), vetniskolefna), hávaða). Skráning tilvika þar sem gas er brennt í afgaslogum tekur yfirleitt til tímalengdar og fjölda tilvika og gerir það kleift að magnákvarða losun og að koma hugsanlega í veg fyrir tilvik í framtíðinni þar sem gas er brennt í afgaslogum.	Á almennt við.

1.4. **Hávaði og titringur**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 17. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr losun hávaða og titrings er besta, aðgengilega tækni að koma á fót, koma í framkvæmd og endurskoða reglulega áætlun um stjórnun hávaða og titrings sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá bestu, aðgengilegu tækni 1) sem nær yfir alla eftirfarandi þætti:

I. aðferðarlýsingu sem inniheldur viðeigandi aðgerðir og tímamörk,

II. aðferðarlýsingu á framkvæmd vöktunar á hávaða og titringi,

III. aðferðarlýsingu á viðbrögðum við tilgreindum hávaða- og titringsatburðum, t.d. kvartanir,

IV. áætlun til að draga úr hávaða og titringi, sem er hönnuð til að sanngreina upptök(in), mæla/meta váhrif af völdum hávaða og titrings, lýsa því sem á hlut í upptökunum og koma í framkvæmd ráðstöfunum til forvarna og/eða minnkunar.

Nothæfi

Notkunarsviðið takmarkast við tilvik þar sem búist er við hávaða- eða titringsóþægindatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau hafa verið sönnuð.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 18. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr losun hávaða og titrings er besta, aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Viðeigandi staðsetning búnaðar og bygginga	Hægt er að draga úr hávaðastigi með því að lengja bilið milli hávaðavalds og viðtakanda, með því að nota byggingar sem skjól fyrir hávaða og með því að færa um set útganga eða innganga byggingar.	Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru getur flutningur búnaðar og útganga eða innganga byggingar takmarkast af plássleysi eða óhóflegum kostnaði.
b.	Rekstrarráðstafanir	Þetta nær yfir tækni, s.s.: i. skoðun og viðhald búnaðar, ii. að loka hurðum og gluggum á aflokuðum svæðum, ef unnt er, iii. að starfsfólk með reynslu starfræki búnað, iv. að komist sé hjá háværri starfsemi að næturlagi, ef unnt er, v. ráðstafanir varðandi hávaðavarnir í tengslum við viðhald, umferð, meðferðar- og meðhöndlunarstarfsemi.	Á almennt við.
c.	Hljóðlátur búnaður	Þetta getur tekið til hreyfla með beintengingu (e. *direct drive motor*), þjappa, dæla og afgasloga.	
d.	Búnaður til að stjórna hávaða og titringi	Þetta nær yfir tækni, s.s.: i. hljóðdeyfa, ii. einangrun búnaðar m.t.t. hljómburðar og titrings, iii. aflokun háværs búnaðar, iv. hljóðeinangrun bygginga.	Nothæfið getur takmarkast vegna plássleysis (í stöðvum sem fyrir eru).

Tækni		Lýsing	Nothæfi
e.	Hljóðdempun	Hægt er að draga úr útbreiðslu hávaða með því að koma fyrir hindrunum milli hávaðavalds og viðtakanda (t.d. einangrandi veggir, fyrirhleðslur og byggingar).	Á einungis við um stöðvar sem fyrir eru þar eð hönnun nýrra stöðva ætti að gera þessa tækni óþarfa. Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru getur uppsetning á hindrunum verið takmörkuð vegna plássleysis. Að því er varðar vélræna meðhöndlun málmúrgangs í tæturum á þetta við innan þeirra takmarkana sem tengjast áhættu á áköfum bruna í tæturum.

1.5. **Losun í vatn**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 19. Í því skyni að besta vatnsnotkun, draga úr magni skólps sem myndast og til að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr losun í jarðveg og vatn er besta, aðgengilega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Vatnsstjórnun	Vatnsnotkun er bestuð með því að nota ráðstafanir sem geta tekið til: — vatnssparnaðaráætlana (t.d. að koma á markmiðum um vatnsnýtni, flæðiritum og vatnsmassajöfnuði), — að besta notkun þvottavatns (t.d. þurrhreinsun í staðinn fyrir að spúla með slöngu, nota stýribúnað á allan búnað til þvotta), — að draga úr notkun vatns til að mynda lofttæmi (t.d. notkun vökvahringsdæla með vökva með hátt suðumark).	Á almennt við.
b.	Endurhringrás vatns	Vatnsstraumum er komið aftur í hringrás innan stöðvarinnar ef þörf krefur eftir meðhöndlun. Stig endurhringrásar takmarkast af vatnsjöfnuði stöðvarinnar, óhreinindainnihaldi (t.d. lyktsterk efnasambönd) og/eða af eiginleikum vatnsstraumanna (t.d. næringarefnainnihaldi).	Á almennt við.
c.	Ógegndræpt yfirborð	Yfirborð alls úrgangsmeðhöndlunarsvæðisins (t.d. úrgangsmóttöku-, meðferðar-, geymslu-, meðhöndlunar- og afgreiðslusvæði) er gert ógegndræpt m.t.t. þeirra vökva sem eiga í hlut, með hliðsjón af þeirri áhættu sem stafar af úrgangi með tilliti til jarðvegs- og/eða vatnsmengunar.	Á almennt við.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
d.	Tækni til að draga úr líkum á og áhrifum af yfirfalli frá og bilunum í tönkum og kerjum.	Með hliðsjón af þeirri áhættu sem stafar af vökvum í tönkum og kerjum með tilliti til jarðvegs- og/eða vatnsmengunar nær þetta yfir tækni, s.s.: — yfirfallsskynjara, — yfirfallsrör sem er beint í afmarkað frárennsliskerfi (þ.e. viðeigandi viðbótarlokunarkerfi eða annað ker), — tanka fyrir vökva sem eru staðsettir í hentugu viðbótarlokunarkerfi; rúmmálið er alla jafna passlegt til að rúma leka sem svarar til innihalds stærsta tanksins í viðbótarlokunarkerfinu, — einangrun tanka, kerja og viðbótarlokunarkerfa (t.d. að loka ventlum).	Á almennt við.
e.	Þak yfir úrgangsgeymslu- og meðhöndlunarsvæði	Með hliðsjón af þeirri áhættu sem stafar af úrgangi með tilliti til jarðvegs- og/eða vatnsmengunar er úrgangur geymdur og meðhöndlaður á yfirbyggðum svæðum til að koma í veg fyrir snertingu við regnvatn og lágmarka þannig magn mengaðs afrennslisvatns.	Nothæfið kann að takmarkast þegar mikið magn úrgangs er geymt eða meðhöndlað (t.d. vélræn meðhöndlun í tæturum fyrir málmúrgang).
f.	Aðskilnaður vatnsstrauma	Hverjum vatnsstraumi (t.d. vatnsafrennsli af yfirborði, vinnsluvatn) er safnað og hann meðhöndlaður sérstaklega, byggt á mengunarefnainnihaldi og á samsetningu meðhöndlunartækni. Einkum eru ómengaðir skólpstraumar aðskildir frá skólpstraumum sem þarfnast meðhöndlunar.	Á almennt við um nýjar stöðvar. Á almennt við um stöðvar sem fyrir eru innan þeirra takmarkana sem tengjast skipulagi vatnssöfnunarkerfisins.
g.	Fullnægjandi grunnvirki fráveitubúnaðar	Úrgangsmeðhöndlunarsvæðið er tengt við grunnvirki fráveitubúnaðar. Regnvatni sem fellur á meðhöndlunar- og geymslusvæði er safnað í grunnvirki fráveitubúnaðar ásamt þvottavatni, einstaka lekum o.s.frv. og komið aftur í hringrásina eða sent til frekari meðhöndlunar, með hliðsjón af mengunarefnainnihaldi.	Á almennt við um nýjar stöðvar. Á almennt við um stöðvar sem fyrir eru innan þeirra takmarkana sem tengjast skipulagi vatnsfrárennsliskerfisins.
h.	Hönnunar- og viðhaldsráðstafanir til að gera það kleift að greina og gera við leka	Regluleg vöktun m.t.t. mögulegra leka er áhættumiðuð og gert er við búnað þegar nauðsyn krefur. Notkun á neðanjarðareiningum er lágmörkuð. Þegar neðanjarðareiningar eru notaðar og með hliðsjón af þeirri áhættu sem stafar af úrganginum sem er geymdur í þessum neðanjarðareiningum með tilliti til jarðvegs- og/eða vatnsmengunar er komið fyrir viðbótarlokunarkerfum fyrir neðanjarðareiningar.	Notkun á ofanjarðareiningum á almennt við um nýjar stöðvar. Hún kann þó að takmarkast af áhættu á frosti. Uppsetning viðbótarlokunarkerfis kann að vera takmörkuð ef um er að ræða stöðvar sem fyrir eru.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
i.	Viðeigandi biðgeymslurými	Viðeigandi biðgeymslurými er komið upp fyrir skólp, sem myndast við aðrar aðstæður en venjuleg rekstrarskilyrði, með því að nota áhættumiðaða stefnu (t.d. að taka tillit til eðlis mengunarefnanna, áhrifa skólpmeðhöndlunar á síðari stigum og viðtökuumhverfisins). Slepping skólps úr þessari biðgeymslu er einungis möguleg eftir að viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar (t.d. vöktun, meðhöndlun, endurnotkun).	Á almennt við um nýjar stöðvar. Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru kann nothæfið að takmarkast af tiltæku rými og af skipulagi vatnssöfnunarkerfisins.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 20. Í því skyni að draga úr losun í vatn er besta, aðgengilega tækni að meðhöndla skólp með því að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni ([1])		Dæmigerð markmengunarefni	Nothæfi
		Formeðhöndlun og fyrsta meðhöndlun, t.d.	
a.	Jöfnun	Öll mengunarefni	Á almennt við.
b.	Hlutleysing	Sýrur, alkalímálmar	
c.	Efnislegur aðskilnaður, t.d. sáld, sigti, sandskiljur, fituskiljur, olíuskiljur eða þrær fyrir fyrstu botnfellingu	Stórsæ föst efni, svifagnir, olía/feiti	
		Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun, t.d.	
d.	Ásog	Áseyg, uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni, t.d. vetniskolefni, kvikasilfur, áseyg lífræn halógensambönd (AOX)	Á almennt við.
e.	Eiming/eimhreinsun	Uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni sem hægt er að eima, t.d. nokkrir leysar	
f.	Útfelling	Fellanleg (e. *precipitable*), uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni, t.d. málmar, fosfór	
g.	Efnafræðileg oxun	Oxanleg, uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni, t.d. nítrít, sýaníð	

Tækni ([1])		Dæmigerð markmengunarefni	Nothæfi
h.	Efnafræðileg afoxun	Smækkanleg, uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni, t.d. sexgilt króm (Cr(VI))	
i.	Uppgufun	Uppleysanleg aðskotaefni	
j.	Jónaskipti	Jónuð, uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni, t.d. málmar	
k.	Strípun	Hreinsanleg mengunarefni, t.d. brennisteinsvetni (H_2S), ammoníak (NH_3), nokkur áseyg, lífræn halógensambönd (AOX), vetniskolefni	
	Líffræðileg meðhöndlun, t.d.		
l.	Seyrublöndunaraðferð	Lífbrjótanleg lífræn efnasambönd	Á almennt við.
m.	Lífhvarftankur með himnu (e. *bioreactor*)		
	Fjarlæging köfnunarefnis		
n.	Nítrun/afnítrun þegar meðhöndlunin nær yfir líffræðilega meðhöndlun	Heildarmagn köfnunarefnis, ammoníaks	Nítrun á e.t.v. ekki við ef um er að ræða að klóríðstyrkur er mikill (þ.e. yfir 10 g/l) og ef ekki er hægt að réttlæta minnkun á klóríðstyrknum fyrir nítrun með umhverfislegum ávinningi. Nítrun á ekki við ef hitastig skólpsins er lágt (t.d. undir 12 °C).
	Fjarlæging fastra efna, t.d.		
o.	Storknun og hnatfelling	Svifagnir og agnabundnir málmar	Á almennt við.
p.	Botnfelling		
q.	Síun (t.d. sandsíun, smásíun, örsíun)		
r.	Fleyting		

([1]) Lýsingar á tækninni eru gefnar í lið 6.3.

Tafla 6.1

Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni fyrir beina sleppingu í viðtökuvatnshlot

Efni/mæliþáttur	Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni (1)	Úrgangsmeðhöndlunarferli sem losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni á við um
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) (2)	10–60 mg/l	— Öll meðhöndlun úrgangs að undanskilinni meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
	10–100 mg/l (3) (4)	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
Efnafræðileg súrefnisþörf (2)	30–180 mg/l	— Öll meðhöndlun úrgangs að undanskilinni meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
	30–300 mg/l (3) (4)	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
Heildarmagn svifagna (TSS)	5–60 mg/l	— Öll meðhöndlun úrgangs
Vetniskolefnisolíustuðull (HOI)	0,5–10 mg/l	— Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum — Meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)-flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni — Endurhreinsun olíuúrgangs — Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs með varmagildi — Vatnsþvottur á uppgröfnum menguðum jarðvegi — Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
Heildarmagn köfnunarefnis (samtals N)	1–25 mg/l (5) (6)	— Líffræðileg meðhöndlun úrgangs — Endurhreinsun olíuúrgangs
	10–60 mg/l (5) (6) (7)	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
Heildarmagn fosfórs (samtals P)	0,3–2 mg/l	— Líffræðileg meðhöndlun úrgangs
	1–3 mg/l (4)	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
Fenólstuðull	0,05–0,2 mg/l	— Endurhreinsun olíuúrgangs — Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs með varmagildi
	0,05–0,3 mg/l	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
Óbundið sýaníð (CN^-) (8)	0,02–0,1 mg/l	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
Áseyg, lífræn halógensambönd (AOX) (8)	0,2–1 mg/l	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni

Efni/mæliþáttur		Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni ([1])	Úrgangsmeðhöndlunarferli sem losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni á við um
	Arsen (gefið upp sem As)	0,01–0,05 mg/l	— Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum — Meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni — Vélræn líffræðileg meðhöndlun úrgangs — Endurhreinsun olíuúrgangs — Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs með varmagildi — Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs í föstu formi og/eða deigkennds úrgangs — Endurmyndun notaðra leysa — Vatnsþvottur á uppgröfnum menguðum jarðvegi
	Kadmíum (gefið upp sem Cd)	0,01–0,05 mg/l	
	Króm (gefið upp sem Cr)	0,01–0,15 mg/l	
	Kopar (gefinn upp sem Cu)	0,05–0,5 mg/l	
	Blý (gefið upp sem Pb)	0,05–0,1 mg/l ([9])	
	Nikkel (gefið upp sem Ni)	0,05–0,5 mg/l	
	Kvikasilfur (gefið upp sem Hg)	0,5–5 µg/l	
	Sink (gefið upp sem Zn)	0,1–1 mg/l ([10])	
Málmar og málmleysingjar ([8])	Arsen (gefið upp sem As)	0,01–0,1 mg/l	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
	Kadmíum (gefið upp sem Cd)	0,01–0,1 mg/l	
	Króm (gefið upp sem Cr)	0,01–0,3 mg/l	
	Sexgilt króm (gefið upp sem Cr(VI))	0,01–0,1 mg/l	
	Kopar (gefinn upp sem Cu)	0,05–0,5 mg/l	
	Blý (gefið upp sem Pb)	0,05–0,3 mg/l	
	Nikkel (gefið upp sem Ni)	0,05–1 mg/l	
	Kvikasilfur (gefið upp sem Hg)	1–10 µg/l	
	Sink (gefið upp sem Zn)	0,1–2 mg/l	

([1]) Meðaltímar eru skilgreindir í almennum atriðum.
([2]) Annaðhvort gildir losunargildið sem tengist bestu, aðgengilegu tækni fyrir heildarmagn lífræns kolefnis eða losunargildið sem tengist bestu, aðgengilegu tækni fyrir efnafræðilega súrefnisþörf. Vöktun á heildarmagni lífræns kolefnis er æskilegri kostur því hún byggir ekki á notkun mjög eitraðra efnasambanda.
([3]) Efri hluti styrkbilsins á e.t.v. ekki við:
— þegar skilvirkni mildunar er ≥ 95% sem hlaupandi ársmeðaltal og úrgangsílagið sýnir eftirfarandi eiginleika: heildarmagn lífræns kolefnis > 2 g/l (eða efnafræðileg súrefnisþörf > 6 g/l) sem dagsmeðaltal og hátt hlutfall torsundranlegra lífrænna efnasambanda (þ.e. sem er erfitt að lífbrjóta) eða
— ef um er að ræða mikinn klóríðstyrk (t.d. yfir 5 g/l í úrgangsílaginu).
([4]) Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni á e.t.v. ekki við um stöðvar sem meðhöndla borleðju/-afskurð.
([5]) Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni á e.t.v. ekki við ef hitastig skólpsins er lágt (t.d. undir 12 °C).
([6]) Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni á e.t.v. ekki við ef um er að ræða mikinn klóríðstyrk (t.d. yfir 10 g/l í úrgangsílaginu).
([7]) Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni gildir einungis þegar líffræðileg meðhöndlun á skólpi er notuð.
([8]) Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni eiga einungis við þegar efnið sem um er að ræða er auðkennt sem efni sem skiptir máli í skránni yfir skólp sem getið er í bestu, aðgengilegu tækni 3.
([9]) Efri hluti styrkbilsins er 0,3 mg/l fyrir vélræna meðhöndlun málmúrgangs í tæturum.
([10]) Efri hluti styrkbilsins er 2 mg/l fyrir vélræna meðhöndlun málmúrgangs í tæturum.

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 7.

Tafla 6.2

Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni fyrir óbeina sleppingu í viðtökuvatnshlot

Efni/mæliþáttur		Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni (1) (2)	Úrgangsmeðhöndlunarferli sem losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni á við um
Vetniskolefnisolíustuðull (HOI)		0,5–10 mg/l	— Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum — Meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni — Endurhreinsun olíuúrgangs — Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs með varmagildi — Vatnsþvottur á uppgröfnum menguðum jarðvegi — Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
Óbundið sýaníð (CN^-) (3)		0,02–0,1 mg/l	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
Áseyg, lífræn halógensambönd (AOX) (3)		0,2–1 mg/l	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
Málmar og málmleysingjar (3)	Arsen (gefið upp sem As)	0,01–0,05 mg/l	— Vélræn meðhöndlun málmúrgangs í tæturum — Meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni — Vélræn líffræðileg meðhöndlun úrgangs — Endurhreinsun olíuúrgangs — Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs með varmagildi — Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun úrgangs í föstu formi og/eða deigkennds úrgangs — Endurmyndun notaðra leysa — Vatnsþvottur á uppgröfnum menguðum jarðvegi
	Kadmíum (gefið upp sem Cd)	0,01–0,05 mg/l	
	Króm (gefið upp sem Cr)	0,01–0,15 mg/l	
	Kopar (gefinn upp sem Cu)	0,05–0,5 mg/l	
	Blý (gefið upp sem Pb)	0,05–0,1 mg/l (4)	
	Nikkel (gefið upp sem Ni)	0,05–0,5 mg/l	
	Kvikasilfur (gefið upp sem Hg)	0,5–5 µg/l	
	Sink (gefið upp sem Zn)	0,1–1 mg/l (5)	
	Arsen (gefið upp sem As)	0,01–0,1 mg/l	— Meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni
	Kadmíum (gefið upp sem Cd)	0,01–0,1 mg/l	
	Króm (gefið upp sem Cr)	0,01–0,3 mg/l	

Efni/mæliþáttur		Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni (1) (2)	Úrgangsmeðhöndlunarferli sem losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni á við um
	Sexgilt króm (gefið upp sem Cr(VI))	0,01–0,1 mg/l	
	Kopar (gefinn upp sem Cu)	0,05–0,5 mg/l	
	Blý (gefið upp sem Pb)	0,05–0,3 mg/l	
	Nikkel (gefið upp sem Ni)	0,05–1 mg/l	
	Kvikasilfur (gefið upp sem Hg)	1–10 µg/l	
	Sink (gefið upp sem Zn)	0,1–2 mg/l	

(1) Meðaltímar eru skilgreindir í almennum atriðum.
(2) Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni eiga e.t.v. ekki við ef skólphreinsistöð á síðari stigum hreinsar mengunarefnin sem um er að ræða að því tilskildu að þetta leiði ekki til meiri mengunarstyrks í umhverfinu.
(3) Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni eiga einungis við þegar efnið sem um er að ræða er auðkennt sem efni sem skiptir máli í skránni yfir skólp sem getið er í bestu, aðgengilegu tækni 3.
(4) Efri hluti styrkbilsins er 0,3 mg/l fyrir vélræna meðhöndlun málmúrgangs í tæturum.
(5) Efri hluti styrkbilsins er 2 mg/l fyrir vélræna meðhöndlun málmúrgangs í tæturum.

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 7.

1.6. Losun frá slysum og atvikum

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 21. Í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka umhverfislegar afleiðingar af slysum og atvikum er besta, aðgengilega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir sem hluta af slysavarnaráætluninni (sjá bestu, aðgengilegu tækni 1).

Tækni		Lýsing
a.	Verndarráðstafanir	Þær fela í sér ráðstafanir, s.s.: — verndun stöðvar gegn skemmdarverkum, — eld- og sprengivarnarkerfi sem inniheldur búnað til verndar, greiningar og slokknunar, — aðgengileika og rekstrarhæfi viðeigandi stýribúnaðar í neyðarástandi.
b.	Stjórnun tilfallandi losunar/losunar fyrir slysni	Komið er á verklagsreglum og tæknileg ákvæði eru fyrir hendi til að stjórna (með tilliti til mögulegar afmörkunar) losun frá slysum og atvikum, s.s. losun frá lekum, vatni frá slökkvistarfi eða öryggislokum.
c.	Skráning slysa/atvika og matskerfi	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — aðgerðaskrá/dagbók til að skrá öll slys, atvik, breytingar á verklagsreglum og niðurstöður skoðana, — verklagsreglur til að greina, bregðast við og læra af slíkum slysum og atvikum.

1.7. Nýtni efniviðar

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 22. Í því skyni að nota efniviði á skilvirkan hátt er besta, aðgengilega tækni að skipta út efniviðum fyrir úrgang.

Lýsing

Úrgangur er notaður í staðinn fyrir aðra efniviði til að meðhöndla úrgang (t.d. úrgangsbasar eða úrgangssýrur eru notaðar til að stilla sýrustigið, svifaska er notuð sem bindiefni).

Nothæfi

Einhverjar takmarkanir á nothæfi eiga rætur að rekja til mengunaráhættu sem stafar af tilvist óhreininda (t.d. þungmálma, þrávirkra, lífrænna mengunarefna, salta, sýkla) í úrgangi sem kemur í staðinn fyrir annan efnivið. Önnur takmörkun er samhæfi úrgangs, sem kemur í staðinn fyrir annan efnivið, við úrgangsílagið (sjá bestu, aðgengilegu tækni 2).

1.8. **Orkunýtni**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 23. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, aðgengilega tækni að nota báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

Tækni		Lýsing
a.	Orkunýtniáætlun	Orkunýtniáætlun felur í sér að skilgreina og reikna út sértæka orkunotkun starfseminnar, ákvarða helstu frammistöðuvísbenda á ársgrundvelli (t.d. sértæk orkunotkun, gefin upp í kWh/tonn af úrgangi sem er unninn) og skipuleggja reglubundin markmið um úrbætur og tengdar aðgerðir. Áætlunin er aðlöguð að sérstökum eiginleikum úrgangsmeðhöndlunarinnar með tilliti til vinnslu sem er framkvæmd, úrgangsstraums eða -strauma sem eru meðhöndlaðir o.s.frv.
b.	Skrá yfir orkubókhald	Skrá yfir orkubókhald sýnir sundurliðun á orkunotkun og -framleiðslu (þ.m.t. útflutningur) eftir tegund upptaka (þ.e. raforka, gas, hefðbundið fljótandi eldsneyti, hefðbundið eldsneyti í föstu formi og úrgangur). Þetta tekur til eftirfarandi: i. upplýsingar um orkunotkun með tilliti til afhentrar orku, ii. upplýsingar um orku sem er flutt út frá stöðinni, iii. upplýsingar um orkuflæði (t.d. Sankey-skýringarmyndir eða orkubókhald) sem sýna hvernig orkan er notuð í öllu ferlinu. Orkubókhaldið er aðlagað að sérstökum eiginleikum úrgangsmeðhöndlunarinnar með tilliti til vinnslu sem er framkvæmd, úrgangsstraums eða -strauma sem eru meðhöndlaðir o.s.frv.

1.9. **Endurnotkun umbúða**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 24. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sent til förgunar er besta, aðgengilega tækni að hámarka endurnotkun umbúða sem hluta af áætlun um stjórnun leifa (sjá bestu, aðgengilegu tækni 1).

Lýsing

Umbúðir (tunnur, gámar, IBC-umbúðir, vörubretti o.s.frv.) eru endurnotaðar til að geyma úrgang þegar þær eru í góðu ástandi og nægilega hreinar, með hliðsjón af samhæfisathugun milli efnanna sem eru geymd í þeim (við notkun í röð). Ef nauðsyn krefur eru umbúðir sendar í viðeigandi meðhöndlun fyrir endurnotkun (t.d. endurbætur, hreinsun).

Nothæfi

Einhverjar takmarkanir á nothæfi eiga rætur að rekja til áhættu á mengun úrgangsins sem stafar af endurnotuðu umbúðunum.

2. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR VÉLRÆNA MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem greint er frá í 2. lið, eiga við um vélræna meðhöndlun úrgangs þegar hún er ekki samþætt við líffræðilega meðhöndlun og til viðbótar við almennar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni í 1. lið nema annað sé tekið fram.

2.1. **Almennar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir vélræna meðhöndlun úrgangs**

2.1.1. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 25. Í því skyni að draga úr losun ryks og agnabundinna málma, fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana og díoxínlíkra PCB-efna í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota bestu aðgengilegu tækni 14d og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Hvirfilskilja	Sjá lið 6.1. Hvirfilskiljur eru aðallega notaðar sem bráðabirgðaskiljur fyrir gróft ryk.	Á almennt við.
b.	Dúksía	Sjá lið 6.1.	Á e.t.v. ekki við fyrir loftrásir fyrir útblástursloft sem eru tengdar beint við tætara þegar ekki er hægt að draga úr áhrifum ákafs bruna á dúksíuna (t.d. með því að nota þrýstiör-yggisloka).
c.	Vothreinsun	Sjá lið 6.1.	Á almennt við.
d.	Vatnsinnsprautun í tætarann	Úrgangurinn sem á að tæta er vættur með því að sprauta vatni inn í tætarann. Vatnsmagninu sem er sprautað inn er stýrt með tilliti til úrgangsmagnsins sem á að tæta (sem hægt er að vakta með orkunni sem vélin í tætaranum notar). Úrgangslofti sem inniheldur rykleifar er beint í hvirfilskilju(r) og/eða votþvegil.	Á einungis við innan þeirra takmarkana sem tengjast staðbundnum skilyrðum (t.d. lágt hitastig, þurrkur).

Tafla 6.3

Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá vélrænni meðhöndlun úrgangs

Mæliþáttur	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni (Meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Ryk	mg/Nm^3	2–5 (1)

(1) Ef dúksía á ekki við er efri hluti styrkbilsins 10 mg/Nm^3.

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

2.2. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir vélræna meðhöndlun málmúrgangs í tæturum**

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem greint er frá í þessum lið, eiga við um vélræna meðhöndlun málmúrgangs í tæturum, til viðbótar við bestu, aðgengilegu tækni 25, nema annað sé tekið fram.

2.2.1. Heildarárangur í umhverfismálum

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 26. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum og til að koma í veg fyrir losun vegna slysa og atvika er besta, aðgengilega tækni að nota bestu, aðgengilegu tækni 14g og alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir:

a) að koma í framkvæmd nákvæmri málsmeðferð við skoðun á úrgangi í böggum fyrir tætingu,

b) að fjarlægja hættulega hluti úr úrgangsílagsstraumnum og farga þeim á öruggan hátt (t.d. gashylki, óafmenguð úr sér gengin ökutæki, óafmengaður raf- og rafeindabúnaðarúrgangur, hlutir sem eru mengaðir af PCB-efnum eða kvikasilfri, geislavirkir hlutir),

c) að meðhöndla gáma því aðeins að þeim fylgi yfirlýsing um hreinleika.

2.2.2. Ákafur bruni

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 27. Í því skyni að koma í veg fyrir ákafan bruna og til að draga úr losun þegar ákafur bruni á sér stað er besta, aðgengilega tækni að nota tækni a og annaðhvort tækni b eða c, sem eru tilgreindar hér á eftir, eða þær báðar.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Áætlun um stjórnun ákafs bruna	Þetta tekur til eftirfarandi: — áætlunar um að draga úr áköfum bruna sem er hönnuð til að greina upptökin og koma í framkvæmd ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að ákafur bruni eigi sér stað, t.d. skoðun á úrgangsílagi eins og lýst er í bestu, aðgengilegu tækni 26a eða fjarlæging hættulegra hluta eins og lýst er í bestu, aðgengilegu tækni 26b, — rýni á fyrri atvikum þegar ákafur bruni á sér stað og úrræðum og miðlun þekkingar á áköfum bruna, — aðferðarlýsingu á viðbrögðum við atvikum þegar ákafur bruni á sér stað.	Á almennt við.
b.	Þrýstingsstillar (e. *pressure relief damper*)	Þrýsingsstillar eru settir upp til að létta á þrýstingsbylgjum, sem koma frá áköfum bruna, sem myndu annars valda meiri háttar skemmdum og losun þar á eftir.	
c.	Fortæting	Notkun á lághraða tætara sem er settur upp framan við aðaltætarann.	Á almennt við um nýjar stöðvar með hliðsjón af ílagsefninu. Á við um meiri háttar uppfærslu á stöð ef verulegur fjöldi tilvika þar sem ákafur bruni hefur átt sér stað hefur verið staðfestur.

2.2.3. Orkunýtni

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 28. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, aðgengilega tækni að halda tætaraílaginu stöðugu.

Lýsing

Tætaraílagið er jafnað með því að forðast röskun eða yfirálag úrgangsílagsins sem myndi leiða til óæskilegrar stöðvunar og ræsingar tætarans.

2.3. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni**

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem greint er frá í þessum lið, eiga við um meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni, til viðbótar við bestu, aðgengilegu tækni 25, nema annað sé tekið fram.

2.3.1. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 29. Í því skyni að koma í veg eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að beita bestu, aðgengilegu tækni 14d, bestu, aðgengilegu tækni 14h og nota tækni a og annaðhvort tækni b eða c, sem eru tilgreindar hér á eftir, eða þær báðar.

Tækni		Lýsing
a.	Fjarlæging og föngun kælimiðla og olíu hámörkuð	Allir kælimiðlar og olíur eru fjarlægð úr raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni og fönguð með lofttæmingarkerfi (t.d. sem ná að fjarlægja a.m.k. 90% af kælimiðlinum). Kælimiðlarnir eru aðskildir frá olíunum og olíurnar afgasaðar. Magn olíu sem eftir er í þjöppunni er minnkað þannig að það verði í lágmarki (þannig að þjappan leki ekki).
b.	Lághitaþétting	Úrgangsloft sem inniheldur lífræn efnasambönd s.s. rokgjörn (vetnis)-flúorókolefni/rokgjörn vetniskolefni er sent í lághitaþéttingareiningu þar sem það er gert fljótandi (sjá lýsingu í lið 6.1). Fljótandi loft er geymt í kerjum undir þrýstingi til frekari meðhöndlunar.
c.	Ásog	Úrgangsloft sem inniheldur lífræn efnasambönd s.s. rokgjörn (vetnis)-flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni er leitt inn í ásogskerfi (sjá lýsingu í lið 6.1). Notuð, virk kolefni eru endurnýtt með heitu lofti sem er dælt inn í síuna til að afsoga lífrænu efnasamböndin. Síðan er endurmyndaða úrgangsloftið þjappað og kælt til að þétta lífrænu efnasamböndin í vökva (í sumum tilvikum með lághitaþéttingu). Fljótandi loft er síðan geymt í kerjum undir þrýstingi. Leifar úrgangslofts frá þjöppunarstiginu eru yfirleitt leiddar til baka inn í ásogskerfi til að lágmarka losun rokgjarnra (vetnis)flúorókolefna og/eða rokgjarnra vetniskolefna.

Tafla 6.4

Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni fyrir losun heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda og klóróflúorókolefna í andrúmsloft, sem er beint í tiltekinn farveg, frá meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni

Mæliþáttur	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni (Meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	mg/Nm^3	3–15
Klóróflúorókolefni	mg/Nm^3	0,5–10

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

2.3.2. Sprengingar

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 30. Í því skyni að koma í veg fyrir losun vegna sprenginga þegar raf- og rafeindabúnaðarúrgangur, sem inniheldur rokgjörn (vetnis)flúorókolefni og/eða rokgjörn vetniskolefni, er meðhöndlaður er besta, aðgengilega tækni að nota aðra hvora þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing
a.	Óhvarfgjörn lofttegund	Með því að sprauta inn óhvarfgjarnri lofttegund (t.d. köfnunarefni) er styrkur súrefnis í lokuðum búnaði (t.d. í lokuðum tæturum, mölunarvélum, ryk- og froðusöfnurum) minnkaður (t.d. í 4% miðað við rúmmál).
b.	Knúin loftræsting	Með því að nota knúna loftræstingu er styrkur vetniskolefna í lokuðum búnaði (t.d. í lokuðum tæturum, mölunarvélum, ryk- og froðusöfnurum) minnkaður í < 25% af neðri sprengimörkum.

2.4. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir vélræna meðhöndlun úrgangs með varmagildi**

Til viðbótar við bestu, aðgengilegu tækni 25 gilda niðurstöðurnar um bestu, aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið um vélræna meðhöndlun úrgangs með varmagildi sem fellur undir iii. lið a-liðar í lið 5.3 og ii. lið b-liðar í lið 5.3 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB.

2.4.1. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 31. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota bestu, aðgengilegu tækni 14d og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing
a.	Ásog	Sjá lið 6.1.
b.	Lífsía	
c.	Varmaoxun	
d.	Vothreinsun	

Tafla 6.5

Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá vélrænni meðhöndlun úrgangs með varmagildi

Mæliþáttur	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni (Meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	mg/Nm^3	10–30 ([1])

([1]) Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni á einungis við þegar lífræn efnasambönd eru auðkennd sem efni sem skipta máli í úrgangsloftsstraumnum, byggt á skránni sem getið er í bestu, aðgengilegu tækni 3.

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

2.5. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir vélræna meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem inniheldur kvikasilfur**

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem greint er frá í þessum lið, eiga við um vélræna meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem inniheldur kvikasilfur, til viðbótar við bestu, aðgengilegu tækni 25, nema annað sé tekið fram.

2.5.1. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 32. Í því skyni að draga úr losun kvikasilfurs í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að safna kvikasilfurslosun við upptök, senda hana í hreinsun og inna af hendi fullnægjandi vöktun.

Lýsing

Þetta nær yfir allar eftirfarandi ráðstafanir:

— búnaður sem er notaður til að meðhöndla raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem inniheldur kvikasilfur er lokaður af við neikvæðan þrýsting og tengdur við staðbundið útsogskerfi (LEV),

— úrgangsloft úr vinnslunni er meðhöndlað með rykhreinsunartækni s.s. hvirfilskiljum, dúksíum og HEPA-síum sem fylgt er eftir með ásogi á virkt kolefni (sjá lið 6.1),

— skilvirkni úrgangsloftsmeðhöndlunarinnar er vöktuð,

— kvikasilfursgildi á meðhöndlunar- og geymslusvæðum eru mæld oft (t.d. einu sinni í hverri viku) til að greina hugsanlega kvikasilfursleka.

Tafla 6.6

Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun kvikasilfurs, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá vélrænni meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem inniheldur kvikasilfur

Mæliþáttur	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni (Meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Kvikasilfur (Hg)	µg/Nm^3	2–7

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

3. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR LÍFFRÆÐILEGA MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem greint er frá í 3. lið, eiga við um líffræðilega meðhöndlun úrgangs og til viðbótar við almennar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni í 1. lið nema annað sé tekið fram. Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni í 3. lið eiga ekki við um meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni.

3.1. **Almennar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir líffræðilega meðhöndlun úrgangs**

3.1.1. Heildarárangur í umhverfismálum

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 33. Í því skyni að draga úr losun lyktar og til að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, aðgengilega tækni að velja úrgangsílagið.

Lýsing

Tæknin samanstendur af því að inna af hendi forsamþykkt, samþykkt og flokkun úrgangsílagsins (sjá bestu, aðgengilegu tækni 2) til að tryggja hentugleika úrgangsílagsins fyrir úrgangsmeðhöndlunina, t.d. með tilliti til næringarefnajafnvægis, raka eða eitraðra efnasambanda sem geta dregið úr lífvirkni.

3.1.2. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 34. Í því skyni að draga úr losun ryks, lífrænna efnasambanda og lyktsterkra efnasambanda í andrúmsloft, sem er beint í tiltekinn farveg, þ.m.t. brennisteinsvetni (H_2S) og ammoníak (NH_3), er besta, aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing
a.	Ásog	Sjá lið 6.1.
b.	Lífsía	Sjá lið 6.1. Ef til vill er þörf á að formeðhöndla úrgangsloftið á undan lífsíunni (t.d. með vatni eða sýruþvegli) ef um er að ræða mikið ammoníakinnihald (NH_3) (t.d. 5–40 mg/Nm^3) til að stjórna sýrustigi miðilsins og til að takmarka myndun nituroxíðs (N_2O) í lífsíunni. Nokkur önnur lyktsterk efnasambönd (t.d. merkaptön, brennisteinsvetni (H_2S)) geta valdið sýringu í lífsíumiðlinum og kalla á notkun vatns eða basísks þvegils til að formeðhöndla úrgangsloftið á undan lífsíunni.
c.	Dúksía	Sjá lið 6.1. Dúksía er notuð ef um er að ræða vélræna líffræðilega meðhöndlun úrgangs.
d.	Varmaoxun	Sjá lið 6.1.
e.	Vothreinsun	Sjá lið 6.1. Vatnsþveglar, sýruþveglar eða basískir þveglar eru notaðir í samsetningu með lífsíu, varmaoxun eða ásogi á virkt kolefni.

Tafla 6.7

Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun ammoníaks (NH_3), lyktar, ryks og heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá líffræðilegri meðhöndlun úrgangs

Mæliþáttur	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni (Meðaltal á sýnatökutímabilinu)	Úrgangsmeðhöndlunarferli
NH_3 (1) (2)	mg/Nm^3	0,3–20	Öll líffræðileg meðhöndlun úrgangs
Lyktarstyrkur (1) (2)	ou_E/Nm^3	200–1 000	
Ryk	mg/Nm^3	2–5	Vélræn líffræðileg meðhöndlun úrgangs
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	mg/Nm^3	5–40 (3)	

(1) Annaðhvort gildir losunargildið sem tengist bestu, aðgengilegu tækni fyrir ammoníak (NH_3) eða losunargildið sem tengist bestu, aðgengilegu tækni fyrir lyktarstyrk

(2) Þetta losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni á ekki við um meðhöndlun úrgangs sem er að mestu samsettur úr húsdýraáburði.

(3) Hægt er að ná neðri hluta styrkbilsins með því að nota varmaoxun.

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

3.1.3. Losun í vatn og vatnsnotkun

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 35. Í því skyni að draga úr myndun skólps og til að draga úr vatnsnotkun er besta, aðgengilega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Aðskilnaður vatnsstrauma	Sigvatn sem seytlar úr moltuhaugum og rifgörðum er aðskilið frá vatnsafrennsli af yfirborði (sjá bestu, aðgengilegu tækni 19f).	Á almennt við um nýjar stöðvar. Á almennt við um stöðvar sem fyrir eru innan þeirra takmarkana sem tengjast skipulagi vatnshringrása.
b.	Endurhringrás vatns	Vinnsluvatnsstraumum er komið aftur í hringrás (t.d. frá útvötnun fljótandi meltu í loftfirrðum ferlum) eða aðrir vatnsstraumar notaðir eins mikið og unnt er (t.d. þéttuvatn, hreinsivatn, vatnsafrennsli af yfirborði). Stig endurhringrásar takmarkast af vatnsjöfnuði stöðvarinnar, óhreinindainnihaldi (t.d. þungmálmar, sölt, sýklar, lyktsterk efnasambönd) og/eða af eiginleikum vatnsstraumanna (t.d. næringarefnainnihaldi).	Á almennt við.
c.	Lágmörkun á myndun sigvatns	Rakainnihald úrgangs er hámarkað til að lágmarka myndun sigvatns.	Á almennt við.

3.2. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir loftháða meðhöndlun úrgangs**

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem greint er frá í þessum lið, eiga við um loftháða meðhöndlun úrgangs og til viðbótar við almennar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir líffræðilega meðhöndlun úrgangs í lið 3.1 nema annað sé tekið fram.

3.2.1. Heildarárangur í umhverfismálum

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 36. Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft og til að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, aðgengilega tækni að vakta og/eða stjórna helstu úrgangs- og vinnslubreytum.

Lýsing

Vöktun og/eða eftirlit með helstu úrgangs- og vinnslubreytum, þ.m.t.:

— eiginleikum úrgangsílags (t.d. hlutfall milli C og N, agnastærð),

— hitastigi og rakainnihaldi á mismunandi stöðum í rifgarðinum,

— loftun rifgarðsins (t.d. með snúningstíðni rifgarðsins, styrk súrefnis (O_2) og/eða koltvísýrings (CO_2) í rifgarðinum, hitastigi loftstrauma ef um er að ræða knúna loftun),

— gropum, hæð og breidd rifgarðsins.

Nothæfi

Vöktun á rakainnihaldi í rifgarðinum á ekki við um lokuð ferli ef heilbrigðis- og/eða öryggismál hafa greinst. Í því tilviki er hægt að vakta rakainnihaldið áður er úrgangurinn er settur inn í aflokaða myltingarstigið og aðlaga það þegar hann fer út úr aflokaða myltingarstiginu.

3.2.2. Lykt og dreifð losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 37. Í því skyni að draga úr dreifðri losun ryks, lyktar og líffræðilegs úða frá meðhöndlunarþrepum utanhúss í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Notkun á hálfgegndræpum himnuhlífum	Virkir myltingarrifgarðar eru byrgðir með hálfgegndræpum himnum.	Á almennt við.
b.	Starfsemin er aðlöguð að veðurskilyrðunum.	Þetta nær yfir tækni, s.s. eftirfarandi: — Tekið er tillit til veðurskilyrða og veðurspáa þegar meiri háttar vinnslustarfsemi er innt af hendi utanhúss. Til dæmis er komist hjá því að mynda eða snúa rifgörðum eða haugum, sálda eða tæta ef um er að ræða óhagstæð veðurskilyrði m.t.t. dreifingar á losun (t.d. vindhraði er of lítill eða of mikill eða þá að vindurinn blæs í áttina að viðkvæmum viðtökum). — Rifgörðum er snúið þannig að eins lítill hluti af myltingarmassanum og unnt er sé óvarinn fyrir ríkjandi vindátt til að draga úr dreifingu mengunarefna frá yfirborði rifgarðsins. Rifgarðar og haugar eru helst staðsettir á þeim stað sem liggur lægst innan svæðisins í heild sinni.	Á almennt við.

3.3. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir loftfirrða meðhöndlun úrgangs**

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem greint er frá í þessum lið, eiga við um loftfirrða meðhöndlun úrgangs og til viðbótar við almennar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir líffræðilega meðhöndlun úrgangs í lið 3.1 nema annað sé tekið fram.

3.3.1. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 38. Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft og til að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, aðgengilega tækni að vakta og/eða stjórna helstu úrgangs- og vinnslubreytum.

Lýsing

Handvirkt og/eða sjálfvirkt vöktunarkerfi tekið í notkun til að:

— tryggja stöðuga starfsemi rotnunartanksins,

— lágmarka rekstrarleg vandræði, s.s. froðumyndun, sem geta leitt til losunar á lykt,

— veita fullnægjandi snemmviðvörun um kerfisbilanir sem geta leitt til leka og sprenginga.

Þetta nær yfir vöktun og/eða eftirlit með helstu úrgangs- og vinnslubreytum, t.d.:

— sýrustigi og basavirkni ílagsins í rotnunartanknum,

— ganghita rotnunartanksins,

— vökvahleðsluhlutfalli og lífrænu hleðsluhlutfalli ílagsins í rotnunartanknum,

— styrk rokgjarnra fitusýra og ammoníaks í rotnunartanknum og meltunni,

— magni lífgass, samsetningu (t.d. brennisteinsvetni (H_2S)) og þrýstingi,

— vökva- og froðugildi í rotnunartanknum.

3.4. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir vélræna líffræðilega meðhöndlun úrgangs**

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem greint er frá í þessum lið, gilda um vélræna líffræðilega meðhöndlun og til viðbótar við almennar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir líffræðilega meðhöndlun úrgangs í lið 3.1 nema annað sé tekið fram.

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir loftháða meðhöndlun (liður 3.2) og loftfirrða meðhöndlun (liður 3.3) úrgangs eiga við, eftir því sem við á, um vélræna líffræðilega meðhöndlun úrgangs.

3.4.1. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 39. Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Aðskilnaður úrgangsloftstrauma	Úrgangsloftstraumnum í heild sinni er skipt upp í úrgangsloftsstrauma með mikið mengunarefnainnihald og úrgangsloftsstrauma með lítið mengunarefnainnihald eins og tilgreint er í skránni sem getið er í bestu, aðgengilegu tækni 3.	Á almennt við um nýjar stöðvar. Á almennt við um stöðvar sem fyrir eru innan þeirra takmarkana sem tengjast skipulagi loftrása.
b.	Endurhringrás úrgangslofts	Endurhringrás úrgangslofts með lítið mengunarefnainnihald í líffræðilega ferlinu og því næst úrgangsloftsmeðhöndlun sem er löguð að styrk mengunarefnanna (sjá bestu, aðgengilegu tækni 34). Notkun á úrgangslofti í líffræðilega ferlinu kann að takmarkast af hitastigi úrgangsloftsins og/eða mengunarefnainnihaldinu. Það getur reynst nauðsynlegt að þétta vatnsgufuna í úrgangsloftinu fyrir endurnotkun. Í þessu tilviki er kæling nauðsynleg og þétta vatninu er komið aftur í hringrásina þegar það er unnt (sjá bestu aðgengilegu tækni 35) eða það meðhöndlað fyrir sleppingu.	

4. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGA MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem greint er frá í 4. lið, eiga við um eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun úrgangs og til viðbótar við almennar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni í 1. lið nema annað sé tekið fram.

4.1. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun úrgangs í föstu formi og/eða deigkennds úrgangs**

4.1.1. Heildarárangur í umhverfismálum

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 40. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, aðgengilega tækni að vakta úrgangsílagið sem hluta af verklagsreglum um forsamþykktar- og samþykktarferli fyrir úrgang (sjá bestu, aðgengilegu tækni 2).

Lýsing

Vöktun úrgangsílags, t.d. með tilliti til:

— innihalds lífrænna efna, oxandi efna, málma (t.d. kvikasilfurs), salta, lyktsterkra efnasambanda,

— mögulegrar myndunar vetnis (H_2) við blöndun leifa eftir meðhöndlun á brunagasi, t.d. svifösku, með vatni.

4.1.2. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 41. Í því skyni að draga úr losun ryks, lífrænna efnasambanda og ammoníaks (NH_3) í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota bestu, aðgengilegu tækni 14d og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing
a.	Ásog	Sjá lið 6.1.
b.	Lífsía	
c.	Dúksía	
d.	Vothreinsun	

Tafla 6.8

Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá eðlis- og efnafræðilegri meðhöndlun úrgangs í föstu formi og/eða deigkennds úrgangs

Mæliþáttur	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni (Meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Ryk	mg/Nm^3	2–5

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

4.2. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir endurhreinsun olíuúrgangs**

4.2.1. Heildarárangur í umhverfismálum

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 42. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, aðgengilega tækni að vakta úrgangsílagið sem hluta af verklagsreglum um forsamþykktar- og samþykktarferli fyrir úrgang (sjá bestu, aðgengilegu tækni 2).

Lýsing

Vöktun úrgangsílags með tilliti til innihalds klóraðra efnasambanda (t.d. klóraðir leysar eða PCB-efni).

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 43. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sent til förgunar er besta, aðgengilega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

Tækni		Lýsing
a.	Endurnýting efniviðar	Notkun lífrænna leifa frá lofttæmiseimingu, leysisútdrætti, þunnlagseimum (e. *thin film evaporator*) o.s.frv. í asfaltvörum o.s.frv.
b.	Endurheimt orku	Notkun lífrænna leifa frá lofttæmiseimingu, leysisútdrætti, þunnlagseimum o.s.frv. til að endurheimta orku.

4.2.2. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 44. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota bestu, aðgengilegu tækni 14d og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing
a.	Ásog	Sjá lið 6.1.
b.	Varmaoxun	Sjá lið 6.1. Þetta nær yfir það þegar úrgangsloft er sent í vinnsluofn eða ketil.
c.	Vothreinsun	Sjá lið 6.1.

Losunargildið sem tengist bestu, aðgengilegu tækni, sem er fastsett í lið 4.5, á við.

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

4.3. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun úrgangs með varmagildi**

4.3.1. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 45. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota bestu, aðgengilegu tækni 14d og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing
a.	Ásog	Sjá lið 6.1
b.	Lághitaþétting	
c.	Varmaoxun	
d.	Vothreinsun	

Losunargildið sem tengist bestu, aðgengilegu tækni, sem er fastsett í lið 4.5, á við.

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

4,4. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir endurmyndun notaðra leysa**

4.4.1. Heildarárangur í umhverfismálum

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 46. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum við endurmyndun notaðra leysa er besta, aðgengilega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Endurnýting efniviðar	Leysar eru endurheimtir úr eimingarleifunum með uppgufun.	Nothæfið getur takmarkast ef orkuþörfin er of mikil með tilliti til magns leysis sem er endurheimt.
b.	Endurheimt orku	Leifarnar úr eimingunni eru notaðar til að endurheimta orku.	Á almennt við.

4.4.2. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 47. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota bestu, aðgengilegu tækni 14d og nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Endurhringrás vinnsluaflofts í gufukatli	Vinnsluafloft frá þéttum er sent í gufuketilinn sem fóðrar stöðina.	Á e.t.v. ekki við fyrir meðhöndlun á halógenuðum úrgangsleysum í því skyni að komast hjá því að mynda og losa PCB-efni og/eða fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön.
b.	Ásog	Sjá lið 6.1.	Það geta verið takmarkanir á nothæfi tækninnar af öryggisástæðum (t.d. hættir virkum kolefnabeðum til að sjálfkvikna þegar þau eru fyllt af ketónum).
c.	Varmaoxun	Sjá lið 6.1.	Á e.t.v. ekki við fyrir meðhöndlun á halógenuðum úrgangsleysum í því skyni að komast hjá því að mynda og losa PCB-efni og/eða fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön.
d.	Þétting eða lághitaþétting	Sjá lið 6.1.	Á almennt við.
e.	Vothreinsun	Sjá lið 6.1.	Á almennt við.

Losunargildið sem tengist bestu, aðgengilegu tækni, sem er fastsett í lið 4.5, á við.

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

4.5. **Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá endurhreinsun olíuúrgangs, eðlis- og efnafræðilegri meðhöndlun úrgangs með varmagildi og endurmyndun notaðra leysa**

Tafla 6.9

Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá endurhreinsun olíuúrgangs, eðlis- og efnafræðilegri meðhöndlun úrgangs með varmagildi og endurmyndun notaðra leysa

Mæliþáttur	Eining	Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni ([1]) (Meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	mg/Nm^3	5–30

([1]) Losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni á ekki við þegar álag vegna losunar er undir 2 kg/klst við losunarpunktinn að því tilskildu að engin efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun hafi verið auðkennd sem efni sem skipta máli í úrgangsloftsstraumnum, byggt á skránni sem getið er í bestu, aðgengilegu tækni 3.

4.6. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir hitameðhöndlun á notuðum virkum kolefnum, úrgangshvötum og uppgröfnum, menguðum jarðvegi**

4.6.1. Heildarárangur í umhverfismálum

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 48. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum að því er varðar hitameðhöndlun á notuðum, virkum kolefnum, úrgangshvötum og uppgröfnum, menguðum jarðvegi er besta, aðgengilega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a.	Varmaendurheimt úr aflofti ofnsins	Nota má endurheimtan varma, t.d. til að forhita brunaloft eða til að mynda gufu, sem er einnig notaður til að endurvirkja notuð, virk kolefni.	Á almennt við.
b.	Ofn með pípugeislun (e. *indirectly fired furnace*)	Ofn með pípugeislun er notaður til að forðast snertingu milli innihaldsins í ofninum og brunagassins úr brennaranum eða brennurunum.	Ofnar með pípugeislun eru alla jafna með málmrör og nothæfið getur takmarkast vegna tæringarvandamála. Það geta einnig verið efnahagslegar takmarkanir á því að setja endurbótahluti í stöðvar sem fyrir eru.
c.	Tækni með samþættu ferli til að draga úr losun í andrúmsloft	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — stjórn á hitastigi ofnsins og snúningshraða hverfiofnsins, — val á eldsneyti, — notkun á innsigluðum ofni eða starfrækslu ofnsins við lækkaðan þrýsting til að forðast dreifða losun í andrúmsloft.	Á almennt við.

4.6.2. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 49. Í því skyni að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl), vetnisflúoríðs (HF), ryks og lífrænna efnasambanda í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota bestu, aðgengilegu tækni 14d og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing
a.	Hvirfilskilja	Sjá lið 6.1. Tæknin er notuð ásamt annarri hreinsunartækni.
b.	Rafstöðuskilja (ESP)	Sjá lið 6.1.
c.	Dúksía	
d.	Vothreinsun	
e.	Ásog	
f.	Þétting	
g.	Varmaoxun ([1])	

([1]) Varmaoxun er framkvæmd við lágmarkshitastig sem nemur 1100 °C og með tveggja sekúndna viðstöðutíma til að endurmynda virk kolefni, sem eru notuð í iðnaði, ef líklegt er að halógenað eldfast efni eða önnur hitaþolin efni séu fyrir hendi. Ef um er að ræða virk kolefni sem eru notuð fyrir drykkjarvatn og matvæli er eftirbrennari með lágmarkshitunarstig sem nemur 850 °C ásamt tveggja sekúndna viðstöðutíma fullnægjandi (sjá lið 6.1).

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

4.7. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir vatnsþvott á uppgröfnum menguðum jarðvegi**

4.7.1. Losun í andrúmsloft

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 50. Í því skyni að draga úr losun ryks og lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá geymslu-, meðferðar- og þvottaþrepum er besta, aðgengilega tækni að nota bestu, aðgengilegu tækni 14d og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing
a.	Ásog	Sjá lið 6.1.
b.	Dúksía	
c.	Vothreinsun	

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

4.8. **Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni fyrir afmengun búnaðar sem inniheldur PCB-efni**

4.8.1. Heildarárangur í umhverfismálum

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 51. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum og til að draga úr losun fjölklóraðra bífenýla og lífrænna efnasambanda, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing
a.	Þekjuefni á geymslu- og -meðhöndlunarsvæði	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — resínþekjuefni er borið á steingólf alls geymslu- og -meðhöndlunarsvæðisins.

Tækni		Lýsing
b.	Innleiðing reglna um aðgengi starfsfólks til að koma í veg fyrir dreifingu mengunar	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — aðgangsstaðir að geymslu- og meðhöndlunarrýmum eru læstir, — sérþekkingar er krafist til að hafa aðgang að svæðinu þar sem mengaður búnaður er geymdur og meðhöndlaður, — aðskilin „hrein“ og „óhrein“ fatahengi til að klæðast/afklæðast persónulegum hlífðarbúnaði.
c.	Hreinsun og framræsla búnaðar er hámörkuð	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — ytra yfirborð mengaðs búnaðar er hreinsað með mínushlöðnu þvotta- og hreinsiefni, — búnaður er tæmdur með dælu eða undir þrýstingi í stað efnisþyngdartæmingar, — verklag er skilgreint og notað við fyllingu, tæmingu og (af)tengingu lofttæmingarkerja, — langt framræslutímabil (a.m.k. 12 klst.) er tryggt til að komast hjá hvers konar leka mengaðra vökva meðan frekari meðhöndlunarstarfsemi stendur yfir eftir að kjarninn hefur verið aðskilinn frá hlíf rafmagnsspennubreytisins.
d.	Stjórnun og vöktun losunar í andrúmsloft	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — lofti á afmengunarsvæðinu er safnað saman og það meðhöndlað með virkum kolefnissíum, — útblástursrör lofttæmisdælunnar sem getið er í tækni c hér að ofan er tengt við hreinsunarkerfi við leiðsluendann (t.d. háhitabrennsluofn, varmaoxun eða ásog á virk kolefni), — losun sem er beint í tiltekinn farveg er vöktuð (sjá bestu, aðgengilegu tækni 8), — möguleg ákoma PCB-efna úr andrúmsloftinu er vöktuð (t.d. með eðlis- og efnafræðilegum mælingum eða lífvöktun).
e.	Förgun úrgangsmeðhöndlunarleifa	Þetta nær yfir tækni, s.s.: — gropnir, mengaðir hlutar rafmagnsspennubreytisins (viður og pappír) eru sendir í háhitabrennslu, — PCB-efnin í olíunum eru eyðilögð (t.d. afklórun, vetnun, herðing, ferli með uppleystum rafeindum (e. *solvated electron process*), háhitabrennsla).
f.	Endurheimt leysa þegar þvegið er með leysum	Lífrænum leysum er safnað og þeir eimaðir til endurnotkunar í vinnslunni.

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

5. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR MEÐHÖNDLUN Á FLJÓTANDI ÚRGANGI AÐ STOFNI TIL ÚR VATNI

Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem greint er frá í 5. lið, eiga við um meðhöndlun á fljótandi úrgangi, að stofni til úr vatni, og til viðbótar við almennar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni í 1. lið nema annað sé tekið fram.

5.1. **Heildarárangur í umhverfismálum**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 52. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, aðgengilega tækni að vakta úrgangsílagið sem hluta af verklagsreglum um forsamþykktar- og samþykktarferli fyrir úrgang (sjá bestu, aðgengilegu tækni 2).

Lýsing

Vöktun úrgangsílags, t.d. með tilliti til:

— líffræðilegrar fjarlægingargetu (t.d. lífræn súrefnisþörf, hlutfall lífrænnar súrefnisþarfar/efnafræðilegrar súrefnisþarfar, Zahn-Wellens-prófun, geta til líffræðilegar hömlunar (t.d. hömlun virkrar seyru)),

— hagkvæmni þess að skilja ýrulausnina frá, t.d. með prófunum á rannsóknarstofu.

5.2. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 53. Í því skyni að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl), ammoníaks (NH_3) og lífrænna efnasambanda í andrúmsloft er besta, aðgengilega tækni að nota bestu, aðgengilegu tækni 14d og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing
a.	Ásog	Sjá lið 6.1.
b.	Lífsía	
c.	Varmaoxun	
d.	Vothreinsun	

Tafla 6.10

Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni fyrir losun saltsýru (HCl) og heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá meðhöndlun á fljótandi úrgangi að stofni til úr vatni

Mæliþáttur	Eining	Losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni ([1]) (Meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Vetnisklóríð (HCl)	mg/Nm^3	1–5
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)		3–20 ([2])

([1]) Þessi losunargildi sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni eiga einungis við þegar efnið sem um er að ræða er auðkennt sem efni sem skiptir máli í úrgangsloftstraumnum, byggt á skránni sem getið er í bestu, aðgengilegu tækni 3.

([2]) Efri hluti styrkbilsins er 45 mg/Nm^3 þegar álag vegna losunar er undir 0,5 kg/klst við losunarpunktinn.

Tengd vöktun er tilgreind í bestu, aðgengilegu tækni 8.

6. LÝSING Á TÆKNI

6.1. **Losun í andrúmsloft sem er beint í tiltekinn farveg**

Tækni	Dæmigerð mengunarefnamildun	Lýsing
Ásog	Kvikasilfur, rokgjörn, lífræn efnasambönd, brennisteinsvetni, lyktsterk efnasambönd.	Ásog er misleit svörun þar sem gassameindir haldast eftir á gegnheilu eða fljótandi yfirborði sem kýs tiltekin efnasambönd fram yfir önnur og fjarlægir þau þar af leiðandi úr frárennslistraumum. Þegar yfirborðið hefur ásogað eins mikið og það getur er áseyga efninu skipt út eða áseyga innihaldið afsogað, sem hluti af endurnýjun áseyga efnisins. Þegar aðskotaefnin afsogast eru þau alla jafna með hærri styrk og annaðhvort er hægt að endurheimta þau eða farga þeim. Algengasta áseyga efnið er kornað virkt kolefni

Tækni	Dæmigerð mengunarefnamildun	Lýsing
Lífsía	Ammoníak, brennisteinsvetni, rokgjörn, lífræn efnasambönd, lyktsterk efnasambönd.	Úrgangsloftstraumurinn fer í gegnum beð af lífrænum efnivið (s.s. mór, beitilyng, mylta, rætur, trjábörkur, barrviður og mismunandi samsetningar) eða einhverju hvarftregu efni (s.s. leir, virkt kolefni og pólýúretan) þar sem það oxast á lífrænan hátt með örverum úr náttúrulegu umhverfi yfir í koltvísýring, vatn, ólífræn sölt og lífmassa. Lífsían er hönnuð að teknu tilliti til tegunda(r) úrgangsílagsins. Valinn er viðeigandi efniviður fyrir beðinn, t.d. með tilliti til getu til vatnsheldni, rúmþyngdar, gropa, heilleika burðarvirkis. Viðeigandi hæð og yfirborðsflötur síubeðsins eru einnig mikilvæg. Lífsían er tengd við hentuga loftræstingu og lofthringrásarkerfi til að tryggja einsleita dreifingu lofts gegnum beðinn og fullnægjandi viðstöðutíma úrgangsloftsins inni í beðinum.
Þétting og lághitaþétting	Rokgjörn, lífræn efnasambönd	Þétting er tækni sem fjarlægir leysisgufur úr úrgangsloftstraumi með því að lækka hitastigið undir daggarmark hans. Að því er varðar lághitaþéttingu getur ganghitinn farið niður í –120 °C en í raun er hann oft á bilinu –40 °C og –80 °C í þéttingartækinu. Lághitaþétting ræður við öll rokgjörn, lífræn efnasambönd og rokgjörn ólífræn mengunarefni þrátt fyrir gufuþrýsting þeirra hvers fyrir sig. Lága hitastigið sem er notað tryggir mjög mikla þéttingargetu sem gerir þetta mjög hentugt sem endanlega stjórnunartækni í tengslum við losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda.
Hvirfilskilja	Ryk	Hvirfilskiljusíur eru notaðar til að fjarlægja þyngri agnir sem falla út þegar úrgangsloftið er þvingað til að snúast í hringi áður en það fer úr skiljunni. Hvirfilskiljur eru notaðar til að stjórna efnisögnum, aðallega PM_{10}.
Rafstöðuskilja (ESP)	Ryk	Rafstöðuskiljur starfa þannig að agnir eru hlaðnar og skildar að undir áhrifum rafsviðs. Rafstöðuskiljur geta starfað við margvísleg skilyrði. Í þurri rafstöðuskilju er efniviður, sem safnað hefur verið saman, fjarlægður á vélrænan hátt (t.d. með hristingi, titringi, þrýstilofti) en í rafstöðuskilju með vatnsgufu er honum skolað burtu með hentugum vökva, yfirleitt vatni.
Dúksía	Ryk	Dúksíur, oft nefndar pokasíur, eru búnar til úr gropnu efni, ofnu eða þæfðu, sem lofttegundir streyma í gegnum til að fjarlægja agnir. Notkun á dúksíu útheimtir val á efni sem hentar eiginleikum úrgangsloftsins og hámarksganghita.

Tækni	Dæmigerð mengunarefnamildun	Lýsing
HEPA-sía	Ryk	HEPA-síur (hávirkar agnaloftsíur) eru algildar síur. Síuefnið er samsett úr pappír eða möttum glertrefjum með mikinn pökkunarþéttleika. Úrgangsloftstraumurinn fer í gegnum síuefnið þar sem efnisögnum er safnað saman.
Varmaoxun	Rokgjörn, lífræn efnasambönd	Oxun brennanlegra lofttegunda og lyktarefna í úrgangsloftstraumi með því að hita blönduna af aðskotaefnum með lofti eða súrefni upp yfir sjálfsíkviknunarpunkt hennar í brunahólfi og viðhalda henni við hátt hitastig nógu lengi til að ljúka brennslu hennar í koltvísýring og vatn.
Vothreinsun	Ryk, rokgjörn, lífræn efnasambönd, loftkennd súr efnasambönd (basískur þvegill), loftkennd basísk efnasambönd (sýruþvegill)	Fjarlæging loftkenndra mengunarefna eða mengandi agna úr gasstreymi með massafærslu í fljótandi leysi, oft vatn eða vatnslausn. Hún getur falið í sér efnahvarf (t.d. í sýruþvegli eða basískum þvegli). Í sumum tilvikum er hægt að endurheimta efnasamböndin úr leysinum.

6.2. **Dreifð losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft**

Lekagreiningar- og viðhaldsáætlun (LDAR)	Rokgjörn, lífræn efnasambönd	Skipulögð aðferð til að draga úr dreifðri losun lífrænna efnasambanda með greiningu og síðan viðgerðum eða útskiptum á lekum íhlutum. Sem stendur eru gasstyrksmælingar (lýst í EN 15446) og ljósmyndrænar gasmælingaraðferð tiltækar til að greina leka. **Gasstyrksmælingar:** Fyrsta þrepið er greining með greiningartæki, sem haldið er á, fyrir lífræn efnasambönd sem mælir styrkinn næst búnaðinum (t.d. með því að nota logajónun eða ljósjónun). Annað þrepið felur í sér að loka íhlutinn af í ógegndræpum poka til að framkvæma beinar mælingar við upptök losunar. Öðru þrepi er stundum skipt út fyrir stærðfræðilega samsvörunarferla sem eru unnir úr tölfræðilegum niðurstöðum sem fást úr miklum fjölda fyrri mælinga sem gerðar eru á svipuðum íhlutum. **Ljósmyndrænar gasmæliaðferðir:** Við ljósmyndrænar mælingar eru notaðar litlar og léttar myndavélar, sem haldið er á, sem gera það kleift að sjá gasleka í rauntíma á þann hátt að þeir birtast sem „reykur“ á myndbandsupptökutæki ásamt venjulegri mynd af viðkomandi íhlut þannig að hægt sé, fljótt og auðveldlega, að staðsetja verulega leka lífrænna efnasambanda. Virk kerfi skapa mynd með afturtvístruðu innrauðu leysigeislaljósi sem endurspeglast af íhlutnum og umhverfi hans. Hlutlaus kerfi byggjast á náttúrulegri innrauðri geislun frá búnaðinum og umhverfi hans.

Mæling á dreifðri losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda	Rokgjörn, lífræn efnasambönd	Gasstyrksmælingum og ljósmyndrænum gasmælingaraðferðum er lýst í áætlun um lekagreiningu og viðgerðir. Hægt er að framkvæma fulla skimun og magnákvörðun á losun stöðvar með viðeigandi samsetningu viðbótaraðferða, t.d. mæliröðum sólhulustraums (SOF) eða mæliröðum mismunar-ljósgleypni og miðunar (DIAL). Hægt er að nota þessar niðurstöður til að gera leitnimat með tímanum, samanburð og uppfærslu/ fullgildingu á viðvarandi lekagreiningar- og viðhaldsáætlun (LDAR). **Sólhulustraumur (SOF):** Tæknin byggist á upptöku og Fourier-ummyndunarlitrófsgreiningu á breiðbandslitrófi sólarljóss með innrauðu eða útfjólublá/sýnilegu ljósi eftir tiltekinni, landfræðilegri leið þvert á vindátt og þvert á slóða rokgjarnra, lífrænna efnasambanda. **Mismunarljósgleypni og miðun (DIAL):** Þetta er tækni sem byggir á leysigeisla þar sem notuð er ljósgreining og miðun (LIDAR) sem er ljósfræðileg hliðstæða ratsjár sem byggir á hátíðnihljóðbylgjum. Tæknin byggir á afturtvístrun leysigeislapúlsa af úða í andrúmslofti og greiningu á rófbundnum eiginleikum ljóss, sem skilar sér til baka, sem safnað er með sjónauka.

6.3. **Losun í vatn**

Tækni	Dæmigerð markmengunarefni	Lýsing
Seyrublöndunaraðferð	Lífbrjótanleg lífræn efnasambönd	Líffræðileg oxun uppleystra lífrænna mengunarefna með súrefni með því að nota efnaskipti örvera. Lífrænir efnisþættir breytast í koltvísýring, vatn eða önnur umbrotsefni og lífmassa (þ.e. virk seyra), með aðstoð uppleysts súrefnis (dælt inn sem lofti eða hreinu súrefni). Örverurnar eru hafðar í sviflausn í skólpinu og öll blandan er loftblönduð með vélrænum hætti. Virka seyrublandan er send í aðskilnaðarbúnað og þaðan er seyran endurunnin í loftunarþróna.
Ásog	Áseyg, uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni, t.d. vetniskolefni, kvikasilfur, áseyg lífræn halógensambönd (AOX)	Aðskilnaðaraðferð þar sem efnasamböndum (þ.e. mengunarefnum) í vökva (t.d. skólpi) er haldið eftir á gegnheilu yfirborði (alla jafna virku kolefni).

Tækni	Dæmigerð markmengunarefni	Lýsing
Efnafræðileg oxun	Oxanleg, uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni, t.d. nítrít, sýaníð	Lífræn efnasambönd eru oxuð yfir í efnasambönd sem eru skaðlausari og lífbrjótanlegri. Tæknin tekur til oxandi vothreinsunar eða oxunar með ósoni eða vetnisperoxíði, mögulega stutt með hvötum eða geislun með útfjólublá ljósi. Efnafræðileg oxun er einnig notuð til að brjóta niður lífræn efnasambönd sem valda sterkri lykt, bragði og lit og til sótthreinsunar.
Efnafræðileg afoxun	Smækkanleg, uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni, t.d. sexgilt króm (Cr(VI))	Efnafræðileg afoxun er umbreyting mengunarefna með efnafræðilegum afoxunarefnum yfir í svipuð en skaðlausari eða hættulausari efnasambönd.
Storknun og hnatfelling	Svifagnir og agnabundnir málmar	Storknun og hnatfelling eru notaðar til að aðskilja svifagnir frá skólpvatni og eru yfirleitt framkvæmdar í röð af þrepum. Storknun er framkvæmd með því að bæta við storkuefnum með gagnstæða hleðslu við svifagnirnar. Hnatfelling er framkvæmd með því að bæta við fjölliðum þannig að árekstur milli örflygsna veldur því að þær tengjast og mynda stærri flygsur. Flygsurnar sem myndast eru síðan aðskildar með botnfellingu, fleytingu með lofti eða síun.
Eiming/eimhreinsun	Uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni sem hægt er að eima, t.d. nokkrir leysar	Eiming er tækni til að aðskilja efnasambönd með mismunandi suðumark með uppgufun að hluta til og endurþéttingu. Skólpeiming er fjarlæging aðskotaefna með lágt suðumark úr skólpi með því að flytja þau yfir í gufufasann. Eiming fer fram í súlum, sem eru búnar plötum eða pökkunarefni, og þétti á síðari stigum.
Jöfnun	Öll mengunarefni	Jafnvægisstilling strauma og mengunarefnaálags með því að nota tanka eða aðrar stjórnunar-aðferðir.
Uppgufun	Uppleysanleg mengunarefni	Eiming er notuð (sjá hér að framan) til að þykkja vatnslausnir efna með hátt suðumark til frekari notkunar, vinnslu eða förgunar (t.d. skólpbrennslu) með því að flytja vatn yfir í gufufasann. Hún fer alla jafna fram í þrepskiptum einingum með sívaxandi lofttæmi til að draga úr orkuþörf. Vatnsgufan er þétt til endurnotkunar eða henni sleppt sem skólpi.

Tækni	Dæmigerð markmengunarefni	Lýsing
Síun	Svifagnir og agnabundnir málmar	Föst efni eru aðskilin frá skólpi með því að sía þau gegnum gropið efni, t.d. sandsíun, smásíun og örsíun.
Fleyting		Aðskilnaður á föstum eða fljótandi ögnum úr skólpi með því að festa þær við litlar gasbólur, yfirleitt loft. Fleytnar agnir safnast saman við vatnsyfirborðið og er safnað saman með skúmsleifum.
Jónaskipti	Jónuð, uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni, t.d. málmar	Óæskilegum eða hættulegum jónuðum innihaldsefnum úr skólpi er haldið eftir og þeim er skipt út fyrir ásættanlegri jónir með notkun jónaskiptaresíns. Mengunarefnunum er haldið tímabundið og eftir það eru þau losuð í endurnýjunar- eða bakskolunarvökva.
Lífhvarftankur með himnu (e. *bioreactor*)	Lífbrjótanleg lífræn efnasambönd	Sambland af meðhöndlun með virkri seyru og himnusíun. Tvö afbrigði eru notuð: a) ytra hringrásarkerfi milli tanksins með virku seyrunni og himnueiningarinnar og b) himnueiningunni er dýft ofan í loftblöndunartankinn með virku seyrunni þar sem frárennslið er síað í gegnum hola trefjahimnu og lífmassinn verður eftir í tanknum.
Himnusíun	Svifagnir og agnabundnir málmar	Smásíun og örsíun eru himnusíunarferli sem halda eftir mengunarefnum öðru megin á himnunni og þétta þau, s.s. svifögnum og ögnum sem mynda sviflausn sem eru í skólpinu.
Hlutleysing	Sýrur, alkalímálmar	Sýrustilling skólps í hlutlaust gildi (pH-gildi u.þ.b. 7) með því að bæta við íðefnum. Nota má natríumhýdroxíð (NaOH) eða kalsíumhýdroxíð ($Ca(OH)_2$) til að hækka sýrustigið en á hinn bóginn má nota brennisteinssýru (H_2SO_4), saltsýru (HCl) eða koltvísýring (CO_2) til að lækka sýrustigið. Útfelling einhverra mengunarefna getur átt sér stað meðan hlutleysing stendur yfir.
Nítrun/afnítrun	Heildarmagn köfnunarefnis, ammoníaks	Tveggja þrepa ferli sem venjulega er fellt inn í stöðvar með líffræðilegri skólphreinsun. Fyrra þrepið er loftháð nítrun með örverum sem oxa ammóníum (NH_4^+) yfir í milliefnið nítrít (NO_2^-) sem er síðan oxað enn frekar í nítrat (NO_3^-). Í súrefnissnauða afnítrunarþrepinu, sem á eftir fylgir, afoxa örverur nítrat efnafræðilega í köfnunarefnisgas.

Tækni	Dæmigerð markmengunarefni	Lýsing
Olíuskiljun	Olía/feiti	Aðskilnaður olíu og vatns og þar á eftir fjarlæging olíu með efnisþyngdaraðskilnaði óbundinnar olíu með því að nota búnað til aðskilnaðar eða skilja ýrulausnina frá (með því að nota íðefni til að skilja ýrulausnina frá s.s. málmsölt, ólífrænar sýrur, áseyg efni og lífrænar fjölliður).
Botnfelling	Svifagnir og agnabundnir málmar	Aðskilnaður á svifögnum með botnfellingu vegna þyngdaraflsins.
Útfelling	Fellanleg (e. *precipitable*), uppleyst, ólífbrjótanleg eða hamlandi mengunarefni, t.d. málmar, fosfór	Umbreyting uppleystra mengunarefna í óleysanleg efnasambönd með því að bæta við felliefnum. Fastar útfellingar sem myndast eru síðan aðskildar með botnfellingu, fleytingu með lofti eða síun.
Strípun	Hreinsanleg mengunarefni, t.d. brennisteinsvetni (H_2S), ammoníak (NH_3), nokkur áseyg, lífræn halógensambönd (AOX), vetniskolefni	Fjarlæging hreinsanlegra mengunarefna úr vatnsfasanum með loftfasanum (t.d. gufa, köfnunarefni eða loft) sem fer í gegnum vökvann. Þau eru síðan endurheimt (t.d. með þéttingu) til frekari notkunar eða förgunar. Hægt er að auka skilvirkni fjarlægingar með því að hækka hitann eða minnka þrýstinginn.

6.4. **Flokkunartækni**

Tækni	Lýsing
Aðgreining með loftstraumi	Aðgreining með loftstraumi (eða loftaðgreining eða loftstraumsaðgreining (e. *aeraulic separation*) er ferli þar sem þurrar blöndur agna af mismunandi stærðum eru flokkaðar í svipaða stærðarhópa eða -flokka við lokunarpunkta á bilinu frá möskvastærð 10 niður í minni möskvastærðir. Loftstraumsaðgreinar (einnig kallaðir vindsíur (e. *windsifter*)) eru viðbót við síur í búnaði sem útheimtir minni lokunarpunkta en í síum af sölustærð og eru viðbót við síur og sigti fyrir grófari afskurð þegar sérstakir kostir aðgreiningar með loftstraumi gefa tilefni til þess.
Skiljur fyrir alla málma	Málmar (járnríkir og járnlausir) eru flokkaðir með greiningarkefli (e. *detection coil*) þar sem segulsviðið verður fyrir áhrifum af málmögnum sem tengjast vinnslutæki sem stjórnar loftstútum til að þeyta út efnum sem hafa greinst.
Rafsegulaðskilnaður járnlausra málma	Járnlausir málmar eru flokkaðir með hvirfilstraumsskiljum. Hvirfilstraumur er framkallaður með röð segulmagnaðra snúða úr lantaníði eða snúða úr keramík á enda færibands sem snúast á miklum hraða óháð færibandinu. Þetta ferli framkallar tímabundna segulkrafta í ósegulmögnuðum málmum með sömu skautun og snúðurinn sem veldur því að málmunum er hrint frá og þeir síðan aðskildir frá öðru hráefni.

Tækni	Lýsing
Handvirk sundurgreining	Starfsfólk aðskilur efniviði sjónrænt með handvirkri sundurgreiningu á vinnslulínu eða á gólfi, annaðhvort til að fjarlægja sérstaklega markefnivið úr almennum úrgangsstraumi eða til að fjarlægja mengun úr frálagsstraumi til að auka hreinleika. Þessi tækni miðast alla jafna við endurvinnanleg efni (gler, plast o.s.frv.) og öll aðskotaefni, hættuleg efni og efniviði í yfirstærð s.s. raf- og rafeindabúnaðarúrgang.
Segulaðskilnaður	Járnríkir málmar eru flokkaðir með segli sem dregur til sín járnrík málmefni. Þetta er t.d. hægt að gera með segulskilju sem er yfir færibandinu eða segultromlu.
Nær-innrauð litrófsgreining (NIRS)	Efniviðir eru flokkaðir með nær-innrauðum skynjara sem skannar heildarbreidd færibandsins og sendir einkennandi litróf mismunandi efniviða í gagnavinnslutæki sem stjórnar loftstútum til að þeyta út efnum sem hafa greinst. Nær-innrauð litrófsgreining hentar alla jafna ekki til að flokka svartan efnivið.
Botnfellingartankar	Föst efni eru aðskilin í tvo strauma með því að nýta mismunandi þéttleika efniviðanna.
Sundurgreining eftir stærð	Efniviður er flokkaður samkvæmt agnastærð. Þetta er hægt að gera með tromlusigtum, línulegum og hringlaga sigtum sem sveiflast, vippusigtum (e. *flip-flop screen*), flötum sigtum, snúningssigtum (e. *tumbler screen*) og ristum sem hreyfast.
Hristiborð	Efniviðir eru aðskildir samkvæmt eðlismassa þeirra og stærð þegar þeir færast (í grugglausn ef um er að ræða vot borð eða eðlismassavotskiljur (e. *wet density separator*)) yfir hallandi borð sem sveiflast fram og aftur.
Röntgentæki	Samsettir efniviðir eru flokkaðir samkvæmt mismunandi eðlismassa efniviðanna, halógenefnisþáttum eða lífrænum efnisþáttum með því að nota röntgengeisla. Eiginleikar mismunandi efniviða eru sendir í gagnavinnslutæki sem stjórnar loftstútum til að þeyta út efnum sem hafa greinst.

6.5. **Stjórnunaraðferðir**

Slysavarnaráætlun	Slysavarnaráætlunin er hluti af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá bestu, aðgengilegu tækni 1) og þar er greind sú hætta sem stafar af stöðinni og tengd áhætta og skilgreindar ráðstafanir til að fást við þessa áhættu. Í henni er tekið tillit til skrár yfir mengunarefni sem eru fyrir hendi eða sem líklegt er að séu fyrir hendi sem gætu haft umhverfislegar afleiðingar ef þau losna.
Áætlun um stjórnun leifa	Áætlun um stjórnun leifa er hluti af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá bestu, aðgengilegu tækni 1) og er röð ráðstafana sem miða að því að 1) lágmarka myndun leifa sem stafa af meðhöndlun úrgangs, 2) hámarka endurnotkun, endurnýjun, endurvinnslu og/eða endurheimt orku úr leifunum og 3) tryggja að leifum sé fargað á tilhlýðilegan hátt.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/701 **2021/EES/7/02**

frá 5. apríl 2019

um að koma á skrá yfir almenn heiti innihaldsefna til að nota við merkingar á snyrtivörum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum fyrstu málsgrein 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í g-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er þess krafist að í merkingarupplýsingum á snyrtivörum sé skrá yfir innihaldsefni. Þessi innihaldsefni á að gefa upp með því að nota almenn heiti innihaldsefna sem eru sett fram í skrá sem framkvæmdastjórnin á að taka saman og uppfæra skv. 33. gr. þeirrar reglugerðar. Þess er krafist að í skránni sé höfð hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum nafnakerfum, þ.m.t. alþjóðlega nafnakerfinu fyrir innihaldsefni snyrtivara.

2) Reglugerð (EB) nr. 1223/2009 felldi úr gildi og kom í staðinn fyrir reglugerð ráðsins 76/768/EBE ([2]). Skránni yfir innihaldsefni sem eru notuð í snyrtivörur og sameiginlega nafnakerfinu yfir innihaldsefni, sem um getur í 5. gr. a og 2. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar, var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB ([3]) og uppfærð 2006 með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/257/EB ([4]). Skráin og nafnakerfið eru nú orðin úrelt vegna mikils fjölda nýrra innihaldsefna sem koma inn á markaðinn á hverju ári. Enn fremur ganga kröfurnar sem settar eru fram í 5. gr. a í tilskipun 76/768/EBE um efni skrárinnar lengra en kröfurnar sem settar eru fram í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 um efni skrár yfir almenn heiti innihaldsefna. Þess vegna ætti að skipta skránni yfir innihaldsefni, sem er að finna í ákvörðun 96/335/EB, út og aðlaga hana til að hún nái yfir ný innihaldsefni sem hafa komið inn á markaðinn og til að afmarka efni hennar við kröfurnar í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.

3) Í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er kveðið á um að fyrir litgjafa, aðra en þá sem eru ætlaðir til hárlitunar, skuli, eftir atvikum, nota flokkunarkerfið samkvæmt litaskránni til að merkja snyrtivörur. Þess vegna ætti að skrá litaskrárnúmerið sem almennt heiti innihaldsefnis fyrir litgjafa, aðra en þá sem eru ætlaðir til hárlitunar.

4) Sum innihaldsefni, sem eru notuð í ilmefni og arómatískar samsetningar, eru ekki með INCI-heiti. Svokölluð „ilmefnaheiti“ hafa verið notuð í Sambandinu til að merkja snyrtivörur sem innihalda þessi innihaldsefni. Að því er varðar þessi innihaldsefni ætti því að skrá ilmefnaheitin í skrána sem hafa áður verið notuð fyrir þau í Sambandinu.

26203	WASABIA JAPONICA LEAF EXTRACT
26204	WASABIA JAPONICA ROOT EXTRACT
26205	WASABIA JAPONICA ROOT POWDER

Entry	Common Ingredient Name
26206	WASABIA JAPONICA ROOT/BRASSICA (JUNCEA/ OLERACEA CAPITATA/OLERACEA ITALICA/ OLERACEA BOTRYTIS/OLERACEA ACEPHALA) SPROUT EXTRACT
26207	WATANABEA RENIFORMIS OIL
26208	WATER BUFFALO HORN EXTRACT
26209	WATERMELON SEED OIL PEG-8 ESTERS
26210	WATERMELON SEED OIL POLYGLYCERYL-10 ESTERS
26211	WATERMELON SEED OIL POLYGLYCERYL-6 ESTERS
26212	WEDELIA CALENDULACEA EXTRACT
26213	WELAN GUM
26214	WHALE OIL
26215	WHEAT AMINO ACIDS
26216	WHEAT GERM ACID
26217	WHEAT GERM GLYCERIDES
26218	WHEAT GERM OIL GLYCERETH-8 ESTERS
26219	WHEAT GERM OIL PEG-40 BUTYLOCTANOL ESTERS
26220	WHEAT GERM OIL PEG-8 ESTERS
26221	WHEAT GERM OIL/PALM OIL AMINOPROPANEDIOL ESTERS
26222	WHEAT GERMAMIDE DEA
26223	WHEAT GERMAMIDOPROPALKONIUM CHLORIDE
26224	WHEAT GERMAMIDOPROPYL BETAINE
26225	WHEAT GERMAMIDOPROPYL DIMETHYLAMINE
26226	WHEAT GERMAMIDOPROPYL DIMETHYLAMINE LACTATE
26227	WHEAT GERMAMIDOPROPYL EPOXYPROPYLDIMONI-UM CHLORIDE
26228	WHEAT GERMAMIDOPROPYLAMINE OXIDE
26229	WHEAT GERMAMIDOPROPYLDIMONIUM HYDROXYPROPYL HYDROLYZED OAT PROTEIN
26230	WHEAT GERMAMIDOPROPYLDIMONIUM HYDROXYPROPYL HYDROLYZED WHEAT PROTEIN
26231	WHEATGERMAMIDOPROPYL DIMETHYLAMINE HYDROLYZED COLLAGEN
26232	WHEATGERMAMIDOPROPYL DIMETHYLAMINE HYDROLYZED WHEAT PROTEIN
26233	WHEATGERMAMIDOPROPYL ETHYLDIMONIUM ETHOSULFATE
26234	WHEY
26235	WHEY FERMENT
26236	WHEY FILTRATE
26237	WHEY PROTEIN
26238	WHOLE DRY GOAT MILK
26239	WIDDROL
26240	WILD BOAR PLATELET EXTRACT
26241	WINE
26242	WINE EXTRACT
26243	WISTERIA BRACHYBOTRYS LEAF EXTRACT
26244	WISTERIA SINENSIS EXTRACT
26245	WITHANIA SOMNIFERA FLOWER EXTRACT
26246	WITHANIA SOMNIFERA LEAF EXTRACT
26247	WITHANIA SOMNIFERA LEAF POWDER
26248	WITHANIA SOMNIFERA LEAF/ROOT EXTRACT
26249	WITHANIA SOMNIFERA ROOT EXTRACT
26250	WITHANIA SOMNIFERA ROOT POWDER
26251	WOGONIN
26252	WOLLASTONITE
26253	WOOD POWDER
26254	WOODFORDIA FRUTICOSA FLOWER EXTRACT
26255	WOOL CUTICLE AMINO ACIDS
26256	WOOL POWDER
26257	WRIGHTIA TINCTORIA LEAF OIL
26258	XANTHAN GUM
26259	XANTHAN GUM CROSSPOLYMER
26260	XANTHAN HYDROXYPROPYLTRIMONIUM CHLORIDE
26261	XANTHINE
26262	XANTHIUM SIBIRICUM FRUIT EXTRACT
26263	XANTHIUM STRUMARIUM FRUIT EXTRACT
26264	XANTHOCERAS SORBIFOLIUM SEED OIL
26265	XANTHOHUMOL
26266	XANTHOPHYLLS
26267	XANTHORRHIZOL
26268	XANTHORRHOEA PREISSII LEAF OIL
26269	XENOTIME
26270	XEROCHRYSUM BRACTEATUM EXTRACT
26271	XEROCHRYSUM BRACTEATUM FLOWER
26272	XEROCHRYSUM BRACTEATUM FLOWER EXTRACT
26273	XEROCHRYSUM BRACTEATUM FLOWER/LEAF/STEM
26274	XIMENIA AMERICANA BARK EXTRACT
26275	XIMENIA AMERICANA SEED OIL
26276	XIMENIA AMERICANA SEED OIL PEG-8 ESTERS
26277	XIMENIA AMERICANA SEED OIL POLYGLYCERYL-6 ESTERS
26278	XIMENIA AMERICANA SEED POWDER

Entry	Common Ingredient Name
26279	XYLARIA NIGRIPES FERMENT FILTRATE
26280	XYLENE
26281	XYLENE SULFONIC ACID
26282	XYLITAN CAPRYLATE
26283	XYLITAN SESQUICAPRYLATE
26284	XYLITOL
26285	XYLITYL CAPRATE/CAPRYLATE
26286	XYLITYL CAPRYLATE
26287	XYLITYL COCOATE
26288	XYLITYL PHOSPHATE
26289	XYLITYL SESQUICAPRYLATE
26290	XYLITYL UNDECYLENATE
26291	XYLITYLGLUCOSIDE
26292	XYLOBIOSE
26293	XYLOGLUCAN
26294	XYLOPIA AETHIOPICA FRUIT EXTRACT
26295	XYLOSE
26296	XYLYL DIBUTYLBENZOFURANONE
26297	XYLYL PHENYLETHANE
26298	XYMENYNIC ACID
26299	YAK MILK
26300	YARROWIA LIPOLYTICA EXTRACT
26301	YARROWIA LIPOLYTICA OIL
26302	YEAST
26303	YEAST AMINO ACIDS
26304	YEAST BETA-GLUCAN
26305	YEAST FERMENT EXTRACT
26306	YEAST PALMITATE
26307	YEAST POLYSACCHARIDES
26308	YELLOW 11
26309	YOGURT
26310	YOGURT EXTRACT
26311	YOGURT FILTRATE
26312	YOGURT POWDER
26313	YOUNGIA SONCHIFOLIA CALLUS CULTURE CONDITIONED MEDIA
26314	YOUNGIA SONCHIFOLIA CALLUS CULTURE EXTRACT
26315	YTTRIUM OXIDE
26316	YUCCA ALOIFOLIA LEAF/ROOT EXTRACT
26317	YUCCA BREVIFOLIA POWDER
26318	YUCCA BREVIFOLIA ROOT EXTRACT
26319	YUCCA FILAMENTOSA EXTRACT
26320	YUCCA FILAMENTOSA ROOT
26321	YUCCA FILAMENTOSA ROOT EXTRACT
26322	YUCCA GLAUCA ROOT EXTRACT
26323	YUCCA SCHIDIGERA FRUIT
26324	YUCCA SCHIDIGERA FRUIT JUICE
26325	YUCCA SCHIDIGERA LEAF/ROOT/STEM EXTRACT
26326	YUCCA SCHIDIGERA ROOT EXTRACT
26327	YUCCA SCHIDIGERA STEM EXTRACT
26328	YUCCA VERA LEAF/ROOT EXTRACT
26329	ZANTEDESCHIA AETHIOPICA CALLUS EXTRACT
26330	ZANTEDESCHIA AETHIOPICA FLOWER EXTRACT
26331	ZANTEDESCHIA AETHIOPICA FLOWER/STEM EXTRACT
26332	ZANTEDESCHIA ELLIOTTIANA FLOWER EXTRACT
26333	ZANTHOXYLUM ACANTHOPODIUM FRUIT OIL
26334	ZANTHOXYLUM ALATUM BARK EXTRACT
26335	ZANTHOXYLUM ALATUM FRUIT EXTRACT
26336	ZANTHOXYLUM ALATUM FRUIT OIL
26337	ZANTHOXYLUM AMERICANUM BARK EXTRACT
26338	ZANTHOXYLUM AMERICANUM/CLAVA-HERCULES BARK EXTRACT
26339	ZANTHOXYLUM AVICENNAE BARK EXTRACT
26340	ZANTHOXYLUM BUNGEANUM BARK/FRUIT/FLOWER/STALK EXTRACT
26341	ZANTHOXYLUM BUNGEANUM FRUIT EXTRACT
26342	ZANTHOXYLUM BUNGEANUM FRUIT OIL
26343	ZANTHOXYLUM BUNGEANUM PERICARP EXTRACT
26344	ZANTHOXYLUM COREANUM BRANCH/LEAF EXTRACT
26345	ZANTHOXYLUM PIPERITUM BRANCH/LEAF EXTRACT
26346	ZANTHOXYLUM PIPERITUM FRUIT EXTRACT
26347	ZANTHOXYLUM PIPERITUM OIL
26348	ZANTHOXYLUM PIPERITUM PEEL EXTRACT
26349	ZANTHOXYLUM RHETSA FRUIT EXTRACT
26350	ZANTHOXYLUM SCHINIFOLIUM LEAF EXTRACT
26351	ZANTHOXYLUM ZANTHOXYLOIDES BARK EXTRACT
26352	ZANTHOXYLUM ZANTHOXYLOIDES BRANCH/LEAF EXTRACT
26353	ZEA MAYS BRAN EXTRACT
26354	ZEA MAYS BUD/SEED EXTRACT

Entry	Common Ingredient Name
26355	ZEA MAYS COB MEAL
26356	ZEA MAYS COB POWDER
26357	ZEA MAYS FRUIT
26358	ZEA MAYS GERM EXTRACT
26359	ZEA MAYS GERM OIL
26360	ZEA MAYS GLUTEN PROTEIN
26361	ZEA MAYS KERNEL EXTRACT
26362	ZEA MAYS KERNEL MEAL
26363	ZEA MAYS LEAF EXTRACT
26364	ZEA MAYS OIL
26365	ZEA MAYS OIL UNSAPONIFIABLES
26366	ZEA MAYS SEED FLOUR
26367	ZEA MAYS SILK EXTRACT
26368	ZEA MAYS STALK EXTRACT
26369	ZEA MAYS STARCH
26370	ZEATIN
26371	ZEAXANTHIN
26372	ZEDERONE
26373	ZEIN
26374	ZEOLITE
26375	ZINC
26376	ZINC ACETATE
26377	ZINC ACETYLMETHIONATE
26378	ZINC ADENOSINE TRIPHOSPHATE
26379	ZINC ADENOSINE TRIPHOSPHATE HYDROXIDE
26380	ZINC ASCORBATE
26381	ZINC ASCORBATE HYDROXIDE
26382	ZINC ASPARTATE
26383	ZINC AZELATE HYDROXIDE
26384	ZINC BIS-(METHYL PALMITOYL ASPARTATE)
26385	ZINC BORATE
26386	ZINC BOROSILICATE
26387	ZINC CARBONATE
26388	ZINC CARBONATE HYDROXIDE
26389	ZINC CARBOXYDECYL TRISILOXANE
26390	ZINC CERIUM OXIDE
26391	ZINC CHLORIDE
26392	ZINC CHLORIDE HYDROXIDE
26393	ZINC CITRATE
26394	ZINC COCETH SULFATE
26395	ZINC COCO-SULFATE
26396	ZINC CYSTEINATE
26397	ZINC DIBUTYLDITHIOCARBAMATE
26398	ZINC DIMETHICONE PEG-25 PHTHALATE
26399	ZINC DIMETHICONE PEG-8 SUCCINATE
26400	ZINC DNA
26401	ZINC DOCOSAHEXAENOATE HYDROXIDE
26402	ZINC EICOSAPENTAENOATE HYDROXIDE
26403	ZINC ETHYLHEXANOATE
26404	ZINC FORMALDEHYDE SULFOXYLATE
26405	ZINC FRUCTOSE DIPHOSPHATE
26406	ZINC GLUCOHEPTONATE
26407	ZINC GLUCONATE
26408	ZINC GLUTAMATE
26409	ZINC GLYCINATE
26410	ZINC GLYCINATE SALICYLATE
26411	ZINC GLYCYRRHETINATE
26412	ZINC HEXAMETAPHOSPHATE
26413	ZINC HEXAPEPTIDE-11
26414	ZINC HYDROLYZED COLLAGEN
26415	ZINC HYDROLYZED HYALURONATE
26416	ZINC HYDROXIDE
26417	ZINC HYDROXYAPATITE
26418	ZINC INDOLEACETATE HYDROXIDE
26419	ZINC ISOMERIZED LINOLEATE HYDROXIDE
26420	ZINC LACTATE
26421	ZINC LAURATE
26422	ZINC LAUROYL ASPARTATE
26423	ZINC LINOLEATE HYDROXIDE
26424	ZINC LINOLENATE HYDROXIDE
26425	ZINC MAGNESIUM ASPARTATE
26426	ZINC MYRISTATE
26427	ZINC NEODECANOATE
26428	ZINC NITRATE
26429	ZINC OXIDE
26430	ZINC PALMITATE
26431	ZINC PALMITOYL NONAPEPTIDE-14
26432	ZINC PCA

Entry	Common Ingredient Name
26433	ZINC PENTADECENE TRICARBOXYLATE
26434	ZINC PEROXIDE
26435	ZINC PHENOLSULFONATE
26436	ZINC PHOSPHATE
26437	ZINC PICOLINATE
26438	ZINC PYRIDOXAL 5-PHOSPHATE
26439	ZINC PYRITHIONE
26440	ZINC RETINOATE HYDROXIDE
26441	ZINC RICINOLEATE
26442	ZINC ROSINATE
26443	ZINC SALICYLATE
26444	ZINC S-ALLOFERON-1
26445	ZINC SILICATE
26446	ZINC STEARATE
26447	ZINC SULFATE
26448	ZINC SULFIDE
26449	ZINC THIOSALICYLATE
26450	ZINC UNDECYLENATE
26451	ZINC UNDECYLENOYL HYDROLYZED WHEAT PROTEIN
26452	ZINC ZEOLITE
26453	ZINC/STRONTIUM FLUORIDE HYDROXYAPATITE
26454	ZINGERONE
26455	ZINGIBER AROMATICUS EXTRACT
26456	ZINGIBER CASSUMUNAR EXTRACT
26457	ZINGIBER CASSUMUNAR RHIZOME EXTRACT
26458	ZINGIBER CASSUMUNAR ROOT EXTRACT
26459	ZINGIBER CASSUMUNAR ROOT OIL
26460	ZINGIBER CASSUMUNAR ROOT POWDER
26461	ZINGIBER MIOGA EXTRACT
26462	ZINGIBER OFFICINALE EXTRACT
26463	ZINGIBER OFFICINALE LEAF CELL EXTRACT
26464	ZINGIBER OFFICINALE RHIZOME EXTRACT
26465	ZINGIBER OFFICINALE ROOT
26466	ZINGIBER OFFICINALE ROOT EXTRACT
26467	ZINGIBER OFFICINALE ROOT JUICE
26468	ZINGIBER OFFICINALE ROOT OIL
26469	ZINGIBER OFFICINALE ROOT POWDER
26470	ZINGIBER OFFICINALE WATER
26471	ZINGIBER ZERUMBET EXTRACT
26472	ZINGIBER ZERUMBET JUICE
26473	ZINNIA ELEGANS CALLUS CULTURE EXTRACT
26474	ZIRCONIUM DIOXIDE
26475	ZIYU GLYCOSIDE I
26476	ZIYU GLYCOSIDE II
26477	ZIYU GLYCOSIDE III
26478	ZIZANIA AQUATICA EXTRACT
26479	ZIZANIA LATIFOLIA STEM EXTRACT
26480	ZIZIPHUS JOAZEIRO BARK EXTRACT
26481	ZIZIPHUS JUJUBA FRUIT EXTRACT
26482	ZIZIPHUS JUJUBA LEAF EXTRACT
26483	ZIZIPHUS JUJUBA SEED EXTRACT
26484	ZIZIPHUS SATIVA EXTRACT
26485	ZIZIPHUS SPINA-CHRISTI LEAF
26486	ZOSTERA MARINA CALLUS EXTRACT
26487	ZOSTERA MARINA EXTRACT
26488	ZYGOSACCHAROMYCES MICROELLIPSOIDES FERMENT
26489	ZYGOSACCHAROMYCES/APPLE FRUIT/PAPAYA FRUIT/PINEAPPLE FRUIT/ACEROLA FRUIT/AVERRHOA CARAMBOLA FRUIT/MUSA ACUMINATA FRUIT/ CARROT ROOT/RADISH ROOT/TOMATO FRUIT/ CUCUMBER FRUIT/SPINACH LEAF/PERILLA FRUTESCENS LEAF/ALOE ARBORESCENS LEAF/ LAMINARIA DIGITATA FERMENT EXTRACT FILTRATE
26490	ZYMOMONAS FERMENT EXTRACT
26491	ZYMOMONAS FERMENT FILTRATE

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2013/50/ESB **2021/EES/7/03**

frá 22. október 2013

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB um nákvæmar reglur til framkvæmdar tilteknum ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 50. gr. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 33. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ([4]) skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um hvernig til hefur tekist með framkvæmd þeirrar tilskipunar, þ.m.t. hvort rétt sé að aflétta undanþágu sem gildir um gildandi skuldabréf að loknu 10 ára tímabili eins og kveðið er á um í 4. mgr. 30. gr. í þeirri tilskipun, og möguleg áhrif af framkvæmd þeirrar tilskipunar á evrópska fjármálamarkaði.

2) Framkvæmdastjórnin samþykkti 27. maí 2010 skýrslu um framkvæmd tilskipunar 2004/109/EB þar sem bent var á svið þar sem bæta mátti fyrirkomulagið sem sú tilskipun mælir fyrir um. Skýrslan sýnir einkum fram á þörf fyrir að kveða á um einföldun á skyldum tiltekinna útgefenda til að gera skipulega markaði meira aðlaðandi fyrir litla og meðalstóra útgefendur sem afla fjármagns í Sambandinu. Auk þess þarf að auka skilvirkni gildandi gagnsæisreglna einkum að því er varðar birtingu upplýsinga um eignarhald félaga.

3) Þessu til viðbótar greindi framkvæmdastjórnin í orðsendingu sinni frá 13. apríl 2011, undir yfirskriftinni „Lög um innri markað: Tólf lyftistangir til að stuðla að hagvexti og efla traust, Vinnum saman í þágu hagvaxtar“, þörf fyrir að endurskoða tilskipun 2004/109/EB til að hafa skyldurnar sem gilda um lítil og meðalstór fyrirtæki hóflegri, á sama tíma og sambærileg vernd fjárfesta er tryggð.

4) Samkvæmt skýrslu og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar ætti að draga úr stjórnsýslubyrði lítilla og meðalstórra útgefenda í tengslum við skyldur vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði til að auka aðgengi þeirra að fjármagni. Skyldan til að birta greinargerðir frá stjórn eða ársfjórðungsleg reikningsskil er umtalsverð byrði fyrir marga litla og meðalstóra útgefendur, ef verðbréf þeirra hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum mörkuðum, án þess að það sé nauðsynlegt vegna verndar fjárfesta. Þessar skyldur hvetja einnig til skammtímaárangurs og draga úr langtímafjárfestingu. Til að hvetja til sjálfbærrar verðmætasköpunar og fjárfestingaráætlunar til langs tíma er mikilvægt að draga úr skammtímaþrýstingi á útgefendur og hvetja fjárfesta til að innleiða langtímasýn. Því ætti að fella niður kröfuna um að birta greinargerðir frá stjórn.

5) Aðildarríkjunum ætti ekki að vera heimilt að leggja þá kröfu á í landslöggjöf sinni að reglulegar fjárhagsupplýsingar verði birtar oftar en í árlegum reikningsskilum og hálfsársreikningsskilum. Aðildarríki ættu þó að geta krafist þess að útgefendur birti frekari, reglulegar fjárhagsupplýsingar ef slík krafa veldur ekki umtalsverðri fjárhagslegri byrði og ef viðbótarupplýsingarnar sem krafist er eru hóflegar miðað við þættina sem hafa áhrif á fjárfestingarákvarðanir. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á neinar viðbótarupplýsingar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 294, 6.11.2013, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 93, 30.3.2012, bls. 2.

([2]) Stjtíð. ESB C 143, 22.5.2012, bls. 78.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 12. júní 2013 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 17. október 2013.

([4]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

sem krafist er í löggjöf Sambandsins um einstakar atvinnugreinar og einkum geta aðildarríki krafist þess að fjármálastofnanir birti frekari reglulegar fjárhagsupplýsingar. Auk þess getur skipulegur markaður krafist þess að útgefendur, sem hafa fengið verðbréf sín tekin til viðskipta á þeim markaði, birti frekari, reglulegar fjárhagsupplýsingar í öllum eða hluta af þeim markaðssvæðum.

6) Til að veita aukinn sveigjanleika og þar með draga úr stjórnsýslubyrði ætti að framlengja frestinn til að birta hálfsársreikningsskil upp í þrjá mánuði eftir lok reikningsskilatímabilsins. Með framlengingu tímabilsins sem útgefendur hafa til að birta hálfsársreikningsskil munu skýrslur lítilla og meðalstórra útgefenda líklega fá meiri athygli markaðsaðila og þar með munu þeir útgefendur verða sýnilegri.

7) Til að auka gagnsæi greiðslna til hins opinbera ættu útgefendur verðbréfa, sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði og eru með starfsemi í námuiðnaði eða við skógarhögg í frumskógum, að birta árlega, í sérstakri skýrslu, greiðslur til stjórnvalda í þeim löndum þar sem þeir starfa. Skýrslan ætti að taka til þeirra tegunda greiðslna sem eru sambærilegar við þær sem birtar eru samkvæmt gagnsæisverkefninu um námuiðnað (e. *Extractive Industries Transparency Initiative (EITI)*). Birting greiðslna til stjórnvalda ætti að veita borgaralega samfélaginu og fjárfestum upplýsingar til að láta stjórnvöld í löndum þar sem miklar auðlindir er að finna, bera ábyrgð á tekjum af nýtingu náttúruauðlinda. Verkefnið er einnig viðbót við aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um löggæslu, góða stjórnunarhætti og viðskipti á skógræktarsvæðum (e. *EU FLEGT*) og ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 frá 20. október 2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað ([1]), þar sem krafist er að kaupmenn timburvara sýni áreiðanleika til þess að koma í veg fyrir að ólöglegur viður komi á markað í Sambandinu. Aðildarríki ættu að tryggja að stjórnarmenn stjórna, sem fara með ábyrgð í fyrirtæki, sem starfa innan þess valdsviðs sem þeim er falið í landslögum, beri ábyrgð á að tryggja að skýrslan um greiðslur til stjórnvalda sé tekin saman í samræmi við kröfurnar í þessari tilskipun samkvæmt þeirra bestu vitund og getu. Ítarlegu kröfurnar eru skilgreindar í 10. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja ([2]).

8) Í gagnsæisskyni og til verndar fjárfestum ættu aðildarríki að krefjast þess að eftirfarandi meginreglur gildi um skýrslugjöf um greiðslur til stjórnvalda í samræmi við 10. kafla tilskipunar 2013/34/ESB: Mikilvægi (ekki þarf að taka tillit til allra greiðslna við gerð skýrslunnar, hvort sem það eru stakar greiðslur eða röð tengdra greiðslna, ef þær eru undir 100 000 evrum innan fjárhagsárs); skýrslugjöf til stjórnvalda og um hvert verkefni fyrir sig (skýrslur um greiðslur til stjórnvalda skulu gerðar á grundvelli stjórnvalds og verkefnis); einsleitni (ekki skal veita undanþágur, t.d. fyrir útgefendur sem eru virkir í tilteknum löndum, sem hafa áhrif til röskunar og gera útgefendum kleift að hagnast á slökum kröfum um gagnsæi); ítarleiki (gefa skal skýrslu um allar viðeigandi greiðslur til stjórnvalda, í samræmi við 10. kafla í tilskipun 2013/34/ESB og viðeigandi forsendur).

9) Nýsköpun á fjármálasviði hefur leitt til sköpunar nýrra tegunda fjármálagerninga sem valda efnahagslegri áhættu fjárfesta gagnvart félögum og sem ekki falla undir birtingarskylduna sem kveðið er á um í tilskipun 2004/109/EB. Þessa gerninga væri mögulegt að nota til að yfirtaka með leynd hlutabréf í félögum, sem gæti leitt til markaðssvika og gefið falska og misvísandi mynd af efnahagslegu eignarhaldi á skráðum félögum. Til að tryggja að útgefendur og fjárfestar hafi fulla vitneskju um fyrirkomulag eignarhalds á félagi ætti skilgreiningin á fjármálagerningum í þeirri tilskipun að taka til allra gerninga sem hafa sambærileg efnahagsleg áhrif og eignarhald á hlutabréfum og réttindi til að kaupa hlutabréf.

10) Fjármálagerninga, sem hafa sambærileg efnahagsleg áhrif og eignarhald á hlutabréfum og réttindi til að kaupa hlutabréf, sem kveða á um uppgjör með reiðufé, ætti að reikna út á „delta-leiðréttum“ grunni, með því að margfalda nafnverð undirliggjandi hlutabréfa með deltastuðli gerningsins. Deltastuðull gefur til kynna hversu mikið fræðilegt virði fjármálagernings myndi breytast ef um er að ræða breytingu á verði undirliggjandi gernings og veitir nákvæma mynd af áhættu eigandans gagnvart undirliggjandi gerningi. Þessari nálgun er beitt til að tryggja að upplýsingar um heildaratkvæðisrétt fjárfestis séu eins nákvæmar og mögulegt er.

11) Til að tryggja fullnægjandi gagnsæi um verulega eignarhluti ætti þar að auki að þurfa nýja tilkynningu til að birta upplýsingar um breytingu á eignarhaldi ef eigandi fjármálagerninga nýtir rétt sinn til að kaupa hlutabréf og heildareignarhlutdeild atkvæðisréttar í tengslum við undirliggjandi hlutabréf er umfram tilkynningarmörkin, þó það hafi ekki áhrif á heildarhlutfall áður tilkynntrar eignarhlutdeildar.

([1]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 23.
([2]) Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19.

12) Samræmdar reglur um tilkynningu verulegrar eignarhlutdeildar í atkvæðisrétti, einkum að því er varðar samsöfnun eignarhlutdeildar hluta með eignarhlutdeild í fjármálagerningum, ætti að auka réttarvissu, auka gagnsæi og draga úr stjórnsýslubyrði aðila sem fjárfesta yfir landamæri. Því ætti aðildarríkjum ekki að vera heimilt að samþykkja strangari reglur en þær sem kveðið er á um í tilskipun 2004/109/EB um útreikning á tilkynningarmörkum, samsöfnun á eignarhlutum með atkvæðisrétti í tengslum við hlutabréf með eignarhlutum í atkvæðisrétti í tengslum við fjármálagerninga, og undanþágur frá tilkynningarskyldu. Með tilliti til þess munar sem er á samþjöppun eignarhalds í Sambandinu og þess munar sem er á félagarétti í Sambandinu, sem veldur því að heildarfjöldi hlutabréfa er annar en heildarmagn atkvæðisréttar, að því er varðar suma útgefendur, ættu aðildarríkin þó áfram að hafa leyfi til að setja bæði lægri mörk og viðbótarmörk um tilkynningu á eignarhaldi atkvæðisréttar og til að krefjast jafngildra tilkynninga í tengslum við viðmiðunarmörk á grundvelli eignarhlutdeildar í eigin fé. Aðildarríki ættu auk þess áfram að geta gert strangari kröfur en þær sem kveðið er á um í tilskipun 2004/109/EB að því er varðar innihald (s.s. birting upplýsinga um fyrirætlanir hluthafa), ferli og tímasetningu tilkynningar, og geta krafist viðbótarupplýsinga um verulega eignarhlutdeild sem ekki er kveðið á um í tilskipun 2004/109/EB. Einkum ættu aðildarríki einnig að geta áfram beitt lögum og stjórnsýslufyrirmælum, sem samþykkt voru í tengslum við yfirtökutilboð, samruna og önnur viðskipti sem hafa áhrif á eignarhald eða yfirráð yfir félögum sem falla undir eftirlit yfirvalda sem aðildarríki hafa tilnefnt skv. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð ([1]), sem leggja á strangari kröfur um upplýsingagjöf en þær sem kveðið er á um í tilskipun 2004/109/EB.

13) Tæknilegir staðlar ættu að tryggja samræmda samhæfingu reglnanna um tilkynningu á verulegri eignarhlutdeild og fullnægjandi gagnsæi. Það væri skilvirkt og viðeigandi að fela evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni) (e. *ESMA*), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]), að útfæra drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem ekki fela í sér stefnumótandi ákvarðanir, og leggja fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semur til að tilgreina skilyrðin fyrir beitingu gildandi undanþága frá tilkynningarskyldunni um verulegt eignarhald á atkvæðisrétti. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti einkum, með því að nota sérfræðiþekkingu sína, að ákvarða undanþágur að teknu tilliti til mögulegrar misnotkunar þeirra til að komast hjá tilkynningarskyldu.

14) Með hliðsjón af tækniþróun skal framkvæmdastjórninni falið umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að tilgreina innihald tilkynninga um verulegt eignarhald á fjármálagerningum. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

15) Til að auðvelda fjárfestingar yfir landamæri ættu fjárfestar að hafa auðveldan aðgang að upplýsingum, sem reglur kveða á um, að því er varðar öll skráð félög í Sambandinu. Núverandi netkerfi opinberra landsbundinna kerfa til miðlægrar geymslu upplýsinga, sem reglur kveða á um, tryggir þó ekki að auðvelt sé að leita að slíkum upplýsingum um gervallt Sambandið. Til að tryggja aðgang að upplýsingum þvert á landamæri og með hliðsjón af tækniþróun á fjármálamörkuðum og fjarskiptatækni ætti framkvæmdastjórnin að hafa umboð til þess að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að tilgreina lágmarkskröfur um miðlun upplýsinga, sem reglur kveða á um, aðgang að upplýsingum, sem reglur gilda um, á vettvangi Sambandsins og fyrirkomulag við miðlæga geymslu upplýsinga, sem reglur kveða á um. Einnig ætti að veita framkvæmdastjórninni, með aðstoð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, umboð til að bæta starfsemi netkerfis opinberra landsbundinna kerfa til geymslu og þróa tæknilegar viðmiðanir fyrir aðgang að upplýsingum, sem reglur kveða á um, á vettvangi Sambandsins, einkum, að því er varðar starfsemi miðlægrar aðgangsstöðvar fyrir leit að upplýsingum, sem reglur kveða á um, á vettvangi Sambandsins. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að þróa og reka vefgátt sem starfar sem evrópsk rafræn aðgangsstöð („aðgangsstöðin“).

16) Til að kröfum tilskipunar 2004/109/EB sé betur fylgt og í kjölfar orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 9. desember 2010 sem ber yfirskriftina „Efling fyrirkomulags um viðurlög innan fjármálageirans“ ætti að efla heimildir til að setja viðurlög og þær ættu að fullnægja tilteknum grunnkröfum í tengslum við viðtakendur, viðmiðanir sem skal taka tillit til við beitingu stjórnsýsluviðurlaga eða -ráðstafana, helstu stjórnsýsluviðurlög og umfang fjárhagslegra stjórnsýsluviðurlaga. Það ætti a.m.k. að vera mögulegt að beita þessum heimildum til viðurlaga þegar brotið er í bága við lykilákvæði tilskipunar 2004/109/EB. Aðildarríki ættu einnig að geta beitt þeim við aðrar aðstæður. Einkum ættu aðildarríki að tryggja að stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir, sem mögulegt er að beita, innihaldi möguleikann á að beita fjárhagslegum viðurlögum sem eru nægilega há til að vera letjandi. Ef um er að ræða brot lögaðila ættu

([1]) Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12.
([2]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

aðildarríki að geta kveðið á um beitingu viðurlaga gegn stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hlutaðeigandi lögaðila eða öðrum einstaklingum sem draga má til ábyrgðar á þessum brotum samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í landslögum. Aðildarríki ættu einnig að geta kveðið á um tímabundna niðurfellingu, eða möguleika á tímabundinni niðurfellingu, atkvæðisréttar eigenda hlutabréfa og fjármálagerninga sem uppfylla ekki skilyrði um tilkynningarskyldu. Aðildarríki ættu að geta kveðið á um að tímabundin niðurfelling atkvæðisréttar skuli aðeins gilda um alvarlegustu brotin. Tilskipun 2004/109/EB ætti að vísa bæði til stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstafana til þess að ná yfir öll tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, án tillits til þess hvort þau flokkist sem viðurlög eða ráðstöfun samkvæmt landslögum, og ættu ekki að hafa áhrif á lög aðildarríkis um viðurlög á sviði refsiréttar.

Aðildarríki ættu að geta kveðið á um viðbótarviðurlög eða -ráðstafanir og um hærri fjárhagsleg stjórnsýsluviðurlög en þau sem kveðið er á um í tilskipun 2004/109/EB með tilliti til þess að nauðsynlegt er að hafa nægilega letjandi viðurlög til að stuðla að skýrum og gagnsæjum mörkuðum. Ákvæðin um viðurlög, og þau sem varða birtingu stjórnsýsluviðurlaga, skapa ekki fordæmi fyrir aðra löggjöf Sambandsins, einkum um alvarlegri brot á reglum.

17) Almennt ætti að birta ákvarðanir um álagningu stjórnsýsluráðstöfunar eða -viðurlaga til að tryggja að þær hafi letjandi áhrif á allan almenning. Birting ákvarðana er einnig mikilvægt tæki til að upplýsa markaðsaðila um hvaða háttalag telst vera brot á tilskipun 2004/109/EB og til að stuðla að víðtækari góðu háttalagi meðal markaðsaðila. Ef birting ákvörðunar myndi stofna stöðugleika fjármálakerfisins eða yfirstandandi opinberri rannsókn í alvarlega hættu eða myndi, að því marki sem mögulegt er að ákvarða það, valda hlutaðeigandi stofnunum eða einstaklingum óhóflegu og alvarlegu tjóni eða ef birting persónuupplýsinga, þegar um er að ræða viðurlög gegn einstaklingi, telst ekki vera í réttu hlutfalli við brotið samkvæmt skyldubundnu fyrirframmati á meðalhófi slíkrar birtingar, ætti lögbæra yfirvaldið að geta ákveðið um að fresta slíkri birtingu eða birta upplýsingarnar undir nafnleynd.

18) Til að skýra hvernig óskráð verðbréf, sem heimildarskírteini, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, fela í sér, eru meðhöndluð og til að koma í veg fyrir gloppur í gagnsæi ætti skilgreina „útgefanda“ frekar svo að hann nái yfir útgefendur óskráðra verðbréfa sem heimildarskírteini, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, fela í sér. Einnig þykir rétt að breyta skilgreiningunni á „útgefanda“ með tilliti til þess að útgefendur verðbréfa sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði geta í sumum aðildarríkjum verið einstaklingar.

19) Samkvæmt tilskipun 2004/109/EB er heimaaðildarríki útgefandans aðildarríkið sem um getur í iii. lið m-liðar 1. liðar 2. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB ([1]), ef um er að ræða skuldabréfaútgefanda frá þriðja landi og nafnverð hverrar einingar skuldabréfsins er lægra en 1 000 evrur eða útgefanda hlutabréfa. Til að skýra og einfalda ákvörðun á heimaaðildarríki þess háttar útgefenda frá þriðja landi, ætti að breyta skilgreiningunni á því hugtaki til að ákvarða að heimaaðildarríkið eigi að vera aðildarríki sem útgefandinn velur úr hópi þeirra aðildarríkja þar sem verðbréf hans hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

20) Allir útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði innan Sambandsins ættu að vera undir eftirliti lögbærs yfirvalds aðildarríkis til að tryggja að þau uppfylli skyldur sínar. Útgefendur sem samkvæmt tilskipun 2004/109/EB þurfa að velja heimaaðildarríki sitt en hafa ekki gert það geta komist hjá því að lúta eftirliti lögbærs yfirvalds í Sambandinu. Því ætti að breyta tilskipun 2004/109/EB til að ákvarða heimaaðildarríki fyrir útgefendur sem hafa ekki upplýst lögbær yfirvöld um val sitt á heimaaðildarríki innan þriggja mánaða tímabils. Í slíkum tilvikum ætti heimaaðildarríkið að vera aðildarríkið þar sem verðbréf útgefandans eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Ef verðbréfin eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði í fleiri en einu aðildarríki verða öll þau aðildarríki heimaaðildarríki þar til útgefandinn velur eitt heimaaðildarríki og tilkynnir um það. Þetta gæti orðið hvati fyrir slíka útgefendur að velja og tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum um val sitt á heimaaðildarríki og á sama tíma myndi lögbær yfirvöld ekki lengur skorta nauðsynlegt vald til að grípa inn í þar til útgefandi hefur tilkynnt um val sitt á heimaaðildarríki.

21) Samkvæmt tilskipun 2004/109/EB gildir val útgefanda á heimaaðildarríki í þrjú ár þegar um er að ræða útgefanda skuldabréfa sem eru að nafnverði 1 000 evrur eða meira hver eining. Ef verðbréf útgefanda eru ekki lengur tekin til viðskipta á skipulegum markaði í heimaaðildarríki útgefandans og eru áfram tekin til viðskipta í einu eða fleiri gistiaðildarríkjum hefur slíkur útgefandi þó ekki nein tengsl við heimaaðildarríkið sem hann valdi upphaflega ef skráð skrifstofa hans er ekki í því

([1]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

aðildarríki. Slíkur útgefandi ætti að geta valið eitt af gistiaðildarríkjum sínum eða aðildarríkið þar sem hann hefur skráða skrifstofu sem nýtt heimaaðildarríki fyrir lok þriggja ára tímabilsins. Sami möguleikinn á að velja nýtt heimaaðildarríki myndi einnig gilda um útgefanda skuldabréfa í þriðja landi, þar sem nafnverð hverrar einingar er lægra en 1 000 evrur, eða útgefanda hluta ef verðbréf útgefanda eru ekki lengur tekin til viðskipta á skipulegum markaði í heimaaðildarríki útgefandans en eru áfram tekin til viðskipta í einu eða fleiri gistiaðildarríkjum.

22) Það ætti að vera samræmi milli tilskipana 2004/109/EB og 2003/71/EB að því er varðar skilgreininguna á heimaaðildarríki. Til að tryggja eftirlit þess aðildarríkis sem best á við ætti í þessu sambandi að breyta tilskipun 2003/71/EB til að kveða á um meiri sveigjanleika við aðstæður þar sem verðbréf útgefanda, sem hefur réttarstöðu lögaðila í þriðja landi, eru ekki lengur tekin til viðskipta á skipulegum markaði í heimaaðildarríki hans en eru þess í stað tekin til viðskipta í einu eða fleiri öðrum aðildarríkjum.

23) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB ([1]) inniheldur einkum reglur um tilkynningu útgefanda um val á heimaaðildarríki. Þessar reglur skulu teknar upp í tilskipun 2004/109/EB. Til að tryggja að lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins eða heimaaðildarríkjanna og aðildarríkisins þar sem útgefandinn hefur skráða skrifstofu, ef viðkomandi aðildarríki er hvorki heima- né gistiaðildarríki, sé tilkynnt um val útgefanda á heimaaðildarríki ætti að gera þá kröfu til allra útgefenda að þeir tilkynni lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis síns, lögbærum yfirvöldum allra gistiaðildarríkja og lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem þeir hafa skráða skrifstofu, ef það er annað en heimaaðildarríki þeirra, um val sitt á heimaaðildarríki. Því ætti að breyta reglunum um tilkynningu um val á heimaaðildarríki til samræmis við það.

24) Krafan samkvæmt tilskipun 2004/109/EB um tilkynningu um útgáfu nýrra lána hefur leitt til ýmissa vandamála við framkvæmd í raun og beiting hennar er álitin flókin. Enn fremur skarast þessi krafa að hluta til við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/71/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([2]) og hún veitir markaðnum ekki miklar viðbótarupplýsingar. Af þeim sökum, og til að draga úr óþarfa stjórnsýslubyrði á útgefendur, skal falla frá þeirri kröfu.

25) Krafan um að tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins um allar breytingar á stofnsamningum eða stofnsamþykktum útgefanda skarast við sambærilega kröfu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum ([3]) og getur valdið ruglingi að því er varðar hlutverk lögbæra yfirvaldsins. Af þeim sökum, og til að draga úr óþarfa stjórnsýslubyrði á útgefendur, skal falla frá þeirri kröfu.

26) Samræmd rafræn framsetning við skýrslugjöf væri til hagsbóta fyrir útgefendur, fjárfesta og lögbær yfirvöld þar sem hún myndi auðvelda skýrslugjöf og auðvelda aðgengi, greiningu og samanburð árlegra reikningsskila. Því skal gerð árlegra reikningsskila á sameiginlegu rafrænu skýrslusniði vera skyldubundin frá og með 1. janúar 2020 að því tilskildu að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafi framkvæmt kostnaðar- og ábatagreiningu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja, til að tilgreina rafræna skýrslusniðið, með hliðsjón af núverandi og síðari tæknilegum valkostum, s.s. XBRL-staðallinn (e. *eXtensible Business Reporting Language (XBRL)*). Við gerð draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að hafa opið samráð við almenning og alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila, framkvæma ítarlegt mat á mögulegum áhrifum af samþykkt á mismunandi tæknilegum valkostum og framkvæma viðeigandi prófanir í aðildarríkjum sem hún skal gefa skýrslu um til framkvæmdastjórnarinnar er hún leggur fram drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum. Við útfærslu á drögunum að tæknilegu eftirlitsstöðlunum um þá framsetningu sem gildir um banka og fjármálamilliliði og um vátryggingafélög ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að hafa reglulegt og náið samstarf við evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([4]) og evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([5]) til að taka tillit til sérstakra eiginleika þessara geira, tryggja samræmi í starfsemi þvert á geira og ná sameiginlegum stöðum. Evrópuþingið og ráðið ættu að geta andmælt tæknilegu eftirlitsstöðlunum skv. 3. mgr. 13. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 en í þeim tilvikum ættu þeir staðlar ekki að öðlast gildi.

([1]) Stjtíð. ESB L 69, 9.3.2007, bls. 27.
([2]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.
([3]) Stjtíð. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 17.
([4]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.
([5]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48.

27) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]) ættu að gilda að fullu við vinnslu persónuupplýsinga að því er varðar þessa tilskipun.

28) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og settar eru fram í sáttmálanum og þarf að framkvæma í samræmi við þau réttindi og meginreglur.

29) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að samræma kröfur um gagnsæi að því er varðar upplýsingar um útgefendur ef verðbréf þeirra eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðanna er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

30) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([3]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta lands-bundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

31) Því ber að breyta tilskipunum 2004/109/EB, 2003/71/EB og 2007/14/EB til samræmis við það,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2004/109/EB

Tilskipun 2004/109/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) „útgefandi“: einstaklingur eða lögaðili sem heyrir undir einkarétt eða opinberan rétt, þ.m.t. ríki, og verðbréf hans eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Ef um er að ræða heimildarskírteini sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði er útgefandinn útgefandi þeirra verðbréfa sem skírteinin standa fyrir, hvort sem þau verðbréf eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði eða ekki,“,

ii. ákvæðum i-liðar er breytt sem hér segir:

i. í stað annars undirliðar í i. lið kemur eftirfarandi:

„— þegar útgefandinn er með réttarstöðu lögaðila í þriðja landi, aðildarríkið sem útgefandinn velur meðal þeirra aðildarríkja þar sem verðbréf hans tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Valið á heimaaðildarríki skal gilda áfram nema útgefandinn hafi valið nýtt heimaaðildarríki skv. iii. lið og hafi tilkynnt um valið í samræmi við aðra málsgrein í þessum i-lið,“,

ii. í stað ii. liðar kemur eftirfarandi:

„ii. að því er varðar hvern útgefanda sem fellur ekki undir i. lið, aðildarríkið sem útgefandinn velur meðal aðildarríkja þar sem útgefandinn hefur skráða skrifstofu, eftir atvikum, og aðildarríkja þar sem verðbréf hans eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Útgefandinn má einungis velja eitt aðildarríki sem sitt heimaaðildarríki. Val hans skal gilda í a.m.k. þrjú ár nema ef verðbréf hans eru ekki lengur tekin til viðskipta á neinum skipulegum markaði í Sambandinu eða ef útgefandinn fellur undir i. eða iii. lið á þriggja ára tímabilinu,“,

iii. eftirfarandi liður bætist við:

„iii. að því er varðar útgefanda verðbréfa sem eru ekki lengur tekin til viðskipta á skipulegum markaði í heimaaðildarríki hans, eins og skilgreint er í öðrum undirlið i. eða ii. liðar, en eru þess í stað tekin til viðskipta í einu eða fleiri öðrum aðildarríkjum, slíkt nýtt heimaaðildarríki, sem útgefandinn getur valið úr þeim aðildarríkjum þar sem verðbréf hans eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði og, eftir atvikum, aðildarríkinu þar sem skráð skrifstofa útgefandans er,“,

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([2]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

iv. eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„Útgefandi skal tilkynna um heimaaðildarríki sitt eins og um getur í i., ii. eða iii. lið í samræmi við 20. gr. og 21. gr. Auk þess skal útgefandi tilkynna um heimaaðildarríki sitt til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu þar sem hann hefur skráða skrifstofu, eftir atvikum, til lögbæra yfirvaldsins í heimaaðildarríkinu og til lögbæru yfirvaldanna í öllum gistiaðildarríkjum.

Ef útgefandinn hefur ekki tilkynnt um heimaaðildarríki sitt í skilningi annars undirliðar i. liðar eða ii. liðar innan þriggja mánaða frá þeim degi sem verðbréf útgefandans eru fyrst tekin til viðskipta á skipulegum markaði skal heimaaðildarríkið vera aðildarríkið þar sem verðbréf útgefandans eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Ef verðbréf útgefandans eru tekin til viðskipta á skipulegum mörkuðum sem eru staðsettir eða starfræktir í fleiri en einu aðildarríki skulu viðkomandi aðildarríki vera heimaaðildarríki útgefandans þar til síðara val á einu heimaaðildarríki hefur farið fram og útgefandinn hefur tilkynnt um það.

Ef verðbréf útgefanda hafa þegar verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði og val hans á heimaaðildarríki, eins og um getur í öðrum undirlið i. liðar eða ii. lið, hefur ekki verið tilkynnt fyrir 27. nóvember 2015 skal þriggja mánaða tímabilið hefjast þann 27. nóvember 2015.

Útgefandi sem hefur valið heimaaðildarríki, eins og um getur í öðrum undirlið i. liðar eða í ii. lið eða iii. lið, og tilkynnt um valið til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu fyrir 27. nóvember 2015 skal undanþeginn frá kröfunni sem sett er fram í annarri málsgrein þessa i-liðar, nema slíkur útgefandi velji annað heimaaðildarríki eftir 27. nóvember 2015“,

iii. eftirfarandi liður bætist við:

„q) „formlegt samkomulag“: samkomulag sem er bindandi samkvæmt gildandi lögum.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Líta ber á allar tilvísanir í lögaðila í þessari tilskipun þannig að þær nái yfir skráð viðskiptasamtök án réttarstöðu lögaðila og sjóði.“

2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Heimaaðildarríkið getur sett strangari kröfur en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun sem skulu gilda um útgefanda, nema það getur ekki krafist þess að útgefandur birti reglulegar fjárhagsupplýsingar oftar en árlegu reikningsskilin sem um getur í 4. gr. og hálfsársreikningsskilin sem um getur í 5. gr.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Þrátt fyrir 1. mgr. getur heimaaðildarríkið krafist þess að útgefendur birti frekari reglulegar fjárhagsupplýsingar oftar en árlegu reikningsskilin sem um getur í 4. gr. og hálfsársreikningsskilin sem um getur í 5. gr. ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

— frekari reglulegar fjárhagsupplýsingar fela ekki í sér of mikla fjárhagslega byrði í hlutaðeigandi aðildarríkjum, einkum á hlutaðeigandi litla og meðalstóra útgefendur, og

— innihald frekari reglulegra fjárhagsupplýsinga sem er krafist er í réttu hlutfalli við þættina sem hafa áhrif á fjárfestingarákvarðanir fjárfesta í hlutaðeigandi aðildarríki.

Áður en aðildarríki taka ákvörðun um að krefja útgefendur um að birta frekari reglulegar fjárhagsupplýsingar skulu þau meta bæði hvort slíkar viðbótarkröfur gætu leitt til þess að of mikil áhersla yrði lögð á skammtímaárangur og -frammistöðu útgefanda og hvort þær gætu haft neikvæð áhrif á getu lítilla og meðalstórra útgefenda til að hafa aðgang að skipulegum mörkuðum.

Þetta hefur ekki áhrif á heimild aðildarríkja til að krefjast þess að útgefendur sem eru fjármálastofnanir birti frekari reglulegar fjárhagsupplýsingar.

Heimaaðildarríki getur ekki sett strangari kröfur sem skulu gilda um eigendur hluta eða einstaklinga eða lögaðila, sem um getur í 10. gr. eða 13. gr., en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun nema ef:

i. sett eru lægri viðmiðunarmörk eða tilkynningarmörk til viðbótar við þau sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. og krafist jafngildra tilkynninga í tengslum við mörk sem byggjast á eignarhlutdeild í eigin fé,

ii. gerðar eru strangari kröfur en þær sem um getur í 12. gr. eða

iii. beitt er lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem samþykkt hafa verið í tengslum við yfirtökutilboð, samruna og önnur viðskipti sem hafa áhrif á eignarhald eða yfirráð yfir félögum sem falla undir eftirlit yfirvalda sem aðildarríki hafa

tilnefnt skv. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð (*).

(*) Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12.“

3) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Útgefandinn skal birta árleg reikningsskil í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok hvers reikningsárs og skal hann tryggja að þau séu aðgengileg opinberlega í a.m.k. tíu ár.“,

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Frá og með 1. janúar 2020 skulu öll árleg reikningsskil gerð á sameiginlegu rafrænu skýrslusniði að því tilskildu að evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 (*), hafi gert kostnaðar- og ábatagreiningu.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina rafræna skýrslusniðið, með hliðsjón af núverandi og síðari tæknilegum valkostum. Áður en drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum eru samþykkt skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæma fullnægjandi mat á mögulegum rafrænum skýrslusniðum og gera viðeigandi vettvangsprófanir. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum eigi síðar en 31. desember 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.,“

4) Í stað 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Útgefandi hluta eða skuldabréfa skal birta opinberlega, eins fljótt og auðið er eftir að viðkomandi tímabili lýkur, en eigi síðar en þremur mánuðum þar á eftir, hálfsársreikningsskil sem tekur til fyrstu sex mánaða fjárhagsársins. Útgefandinn skal tryggja að hálfsársreikningsskilin verði aðgengileg opinberlega í a.m.k. tíu ár.“

5) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Skýrsla um greiðslur til stjórnvalda

Aðildarríki skulu gera kröfu um að útgefendur með starfsemi í námuiðnaði eða við skógarhögg í frumskógum, eins og það er skilgreint í 1. og 2. mgr. 41. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (*), semji árlega skýrslu um greiðslur til stjórnvalda í samræmi við 10. kafla þeirrar tilskipunar. Birta skal skýrsluna í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok hvers fjárhagsárs og skal hún vera aðgengileg opinberlega í a.m.k. tíu ár. Gera skal grein fyrir greiðslum til stjórnvalda á samstæðugrundvelli.

(*) Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19.,“

6) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Ákvæði 4. gr. og 5. gr. gilda ekki um eftirfarandi útgefendur:

a) ríki, svæðis- eða staðaryfirvald ríkis, opinbera alþjóðlega stofnun, sem a.m.k. eitt aðildarríki er aðili að, Seðlabanka Evrópu, Evrópska fjármálastöðugleikasjóðinn, sem komið er á fót með rammasamningi Evrópska fjármálastöðugleikasjóðsins og annað fyrirkomulag sem komið var á með það markmið að vernda fjármálastöðugleika Myntbandalags Evrópu með því að veita aðildarríkjum, sem hafa evru sem gjaldmiðil, og seðlabönkum aðildarríkjanna tímabundna fjárhagsaðstoð, hvort sem þeir gefa út hluti eða önnur verðbréf, og

b) útgefanda sem gefur eingöngu út skuldabréf sem eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði og nafnverð hverrar einingar er a.m.k. 100 000 evrur, eða, ef skuldabréfin eru í öðrum gjaldmiðli en evru, nafnverð hverrar einingar á útgáfudegi jafngildir a.m.k. 100 000 evrum.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. í þessari grein, skulu 4. gr. og 5. gr. ekki gilda um útgefendur sem gefa eingöngu út skuldabréf, þar sem nafnverð einingar er a.m.k. 50 000 evrur eða, ef skuldabréfin eru í öðrum gjaldmiðli en evru, nafnverð hverrar einingar á útgáfudegi jafngildir a.m.k. 50 000 evrum, sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði í Sambandinu fyrir 31. desember 2010, svo framarlega sem slík skuldabréf eru útistandandi.“

7) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Þessi grein gildir ekki um atkvæðisrétt í veltubók lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis, eins og hún er skilgreind í 11. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (*), að því tilskildu að:

a) atkvæðisrétturinn í veltubókinni fari ekki yfir 5% og

b) atkvæðisréttur sem fylgir hlutum í veltubókinni sé hvorki nýttur né notaður á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans.“

(*) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.,

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„6a. Þessi grein gildir ekki um atkvæðisrétt sem fylgir hlutabréfum sem keypt eru til verðjöfnunar í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga (*), að því tilskildu að atkvæðisrétturinn sem fylgir þessum hlutabréfum sé ekki nýttur eða notaður á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans.

6b. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina aðferðina við að reikna út 5% viðmiðunarmörkin sem um getur í 5. mgr. og 6. mgr., þ.m.t. ef um er að ræða samstæðu fyrirtækja, með tilliti til 4. mgr. og 5. mgr. 12. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 27. nóvember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

(*) Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 33.,“

8) Í stað inngangsorða 2. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„Tilkynning til útgefanda skal eiga sér stað án tafar en eigi síðar en fjórum viðskiptadögum eftir daginn sem hluthafinn, einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem um getur í 10. gr.,“

9) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Tilkynningarskyldan sem mælt er fyrir um í 9. gr. gildir einnig um einstakling eða lögaðila sem á, beint eða óbeint:

a) fjármálagerninga, sem á lokadegi, samkvæmt formlegu samkomulagi veita eiganda annað hvort skilyrðislausan rétt til að kaupa eða heimild til að nýta rétt til að kaupa áðurútgefin hlutabréf sem atkvæðisréttur fylgir af útgefanda sem á hlutabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði,

b) fjármálagerninga sem falla ekki undir a-lið en vísa til hlutabréfa sem um getur í þeim lið og hafa sambærileg efnahagsleg áhrif og fjármálagerningarnir sem um getur í þeim lið, hvort sem þeir fela í sér rétt til raunuppgjörs eða ekki.

Tilkynningin sem krafist er skal innihalda sundurliðun á tegundum fjármálagerninga sem eru í eigu viðkomandi í samræmi við a-lið og fjármálagerninga sem eru í eigu viðkomandi í samræmi við b-lið þeirrar undirgreinar, þar sem gerður er greinarmunur á fjármálagerningum sem veita rétt til raunuppgjörs og fjármálagerninga sem veita rétt til uppgjörs með reiðufé.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„1a. Reikna skal út magn atkvæðisréttar með tilvísun í heildarnafnvirði hlutabréfa sem liggja til grundvallar fjármálagerningnum nema ef fjármálagerningurinn kveður sérstaklega á um uppgjör í peningum, en þá skal magn atkvæðisréttar reiknaður á „delta-leiðréttum“ grunni með því að margfalda nafnverð undirliggjandi hluta með deltastuðli gerningsins. Í þessum tilgangi skal eigandinn leggja saman og tilkynna um alla fjármálagerninga í tengslum við sama undirliggjandi útgefanda. Aðeins skal taka tillit til gnóttstaðna við útreikning á atkvæðisrétti. Ekki skal jafna gnóttstöður við skortstöður sem tengjast sama undirliggjandi útgefanda.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum með það fyrir augum að tilgreina:

a) aðferðina við að reikna út magn atkvæðisréttar sem um getur í fyrstu undirgrein þegar um er að ræða fjármálagerninga sem vísa til körfu hlutabréfa eða vísitölu og

b) aðferðina við að ákvarða deltastuðul til útreiknings á atkvæðisrétti í tengslum við fjármálagerninga sem kveða sérstaklega á um uppgjör í peningum eins og krafist er í fyrstu undirgrein.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þetta frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 27. nóvember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

1b. Að því er varðar 1. mgr. teljast eftirfarandi vera fjármálagerningar, að því tilskildu að þeir uppfylli öll skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.:

a) framseljanleg verðbréf,

b) valréttarsamningar,

c) framtíðarsamningar,

d) skiptasamningar,

e) framvirkir vaxtasamningar,

f) mismunasamningar og

g) annars konar samningar eða samkomulag með sambærileg efnahagsleg áhrif sem gera má upp efnislega eða í peningum.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal koma á fót og uppfæra reglulega viðmiðunarskrá yfir fjármálagerninga sem falla undir tilkynningarskyldu skv. 1. mgr., með tilliti til tækniþróunar á fjármálamörkuðum.“

c) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. a, 2. mgr. b og 2. mgr. c í 27. gr., og með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir til að tilgreina innihald tilkynningarinnar sem skal samin, frestinn til tilkynningar og hverjum skal senda tilkynninguna eins og um getur í 1. mgr.“,

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Undanþágurnar sem mælt er fyrir um í 4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. 9. gr. og 3. mgr., 4. mgr. og 5. mgr. 12. gr. gilda að breyttu breytanda um tilkynningarskylduna samkvæmt þessari grein.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina í hvaða tilvikum undanþágurnar sem um getur í fyrstu undirgrein gilda um fjármálagerninga í eigu einstaklings eða lögaðila sem uppfyllir fyrirmæli frá viðskiptavinum eða svarar beiðnum viðskiptavinar um að eiga viðskipti á öðrum grundvelli en eignarhaldi, eða áhættuver stöður sem leiða af slíkum viðskiptum.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 27. nóvember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

10) Eftirfarandi grein bætist við:

„*Grein 13a*

Samsöfnun

1. Tilkynningaskyldan, sem mælt er fyrir um í 9. gr., 10. gr. og 13. gr., skal einnig gilda um einstakling eða lögaðila þegar magn atkvæðisréttar í beinni eða óbeinni eigu viðkomandi aðila eða einingar skv. 9. gr. og 10. gr. ásamt magni atkvæðisréttar í tengslum við fjármálagerninga í beinni eða óbeinni eigu skv. 13. gr. nær, fer yfir eða fer undir viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 1. mgr. 9. gr.

Tilkynningin sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal innihalda sundurliðun á magni atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum í samræmi við 9. gr. og 10. gr. og atkvæðisrétt í tengslum við fjármálagerninga í skilningi 13. gr.

2. Tilkynna skal aftur um atkvæðisrétt í tengslum við fjármálagerninga sem þegar hefur verið tilkynnt um í samræmi við 13. gr. þegar einstaklingurinn eða lögaðilinn hefur keypt undirliggjandi hlutabréfin og slík kaup leiða til þess að heildarmagn atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum, útgefnum af sama útgefanda, nær eða fer yfir viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr.“

11) Ákvæði 3. mgr. 16. gr. falla brott.

12) Í 1. mgr. 19. gr. fellur önnur undirgrein brott.

13) Eftirfarandi kemur í stað 4. mgr. 21. gr.:

„4. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. a, 2. mgr. b og 2. mgr. c í 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir til að tilgreina eftirfarandi:

a) lágmarksstaðla um miðlun upplýsinga, sem reglur kveða á um, eins og um getur í 1. mgr.,

b) lágmarksstaðla um miðlæg geymslukerfi eins og um getur í 2. mgr.,

c) reglur til að tryggja rekstrarsamhæfi upplýsinga- og fjarskiptatækni sem notuð er í kerfunum sem um getur í 2. mgr. og aðgang að upplýsingum, sem reglur kveða á um, á vettvangi Sambandsins, sem þar er um getið.

Framkvæmdastjórnin getur einnig tilgreint og uppfært skrá yfir miðla til að dreifa upplýsingum til almennings.“

14) Eftirfarandi grein bætist við:

„*21. gr. a*

Evrópska rafræna aðgangsstöðin

1. Koma skal á fót vefgátt sem starfar sem evrópsk rafræn aðgangsstöð („aðgangsstöðin“) eigi síðar en 1. janúar 2018. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal þróa og starfrækja aðgangsstöðina.

2. Samtengingarkerfi opinberlega tilnefndra kerfa skal samanstanda af:

— kerfunum sem um getur í 2. mgr. 21. gr.,

— vefgáttinni sem starfar sem evrópska rafræna aðgangsstöðin.

3. Aðildarríki skulu tryggja aðgang að miðlægu geymslukerfi sínu í gegnum aðgangsstöðina.“

15) Eftirfarandi kemur í stað 22. gr.:

„*22. gr.*

Aðgangur að upplýsingum, sem reglur kveða á um, á vettvangi Sambandsins

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum um tæknilegar kröfur varðandi aðgang að upplýsingum, sem reglur kveða á um, á vettvangi Sambandsins til að tilgreina eftirfarandi:

a) tæknilegu kröfurnar um fjarskiptatækni sem kerfin sem um getur í 2. mgr. 21. gr. nota,

b) tæknilegu kröfurnar um rekstur miðlægu aðgangsstöðvarinnar vegna leitar að upplýsingum, sem reglur kveða á um, á vettvangi Sambandsins,

c) tæknilegu kröfurnar um notkun kerfisins, sem um getur í 2. mgr. 21. gr., á einkvæmu auðkenni fyrir hvern útgefanda,

d) sameiginlegt snið fyrir afhendingu kerfanna, sem um getur í 2. mgr. 21. gr., á upplýsingum, sem reglur kveða á um,

e) sameiginlega flokkun kerfanna, sem um getur í 2. mgr. 21. gr., á upplýsingum, sem reglur kveða á um, og sameignlega skrá yfir tegundir upplýsinga sem reglur hafa verið settar um.

2. Við útfærslu á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til tæknilegra krafna um kerfi samtengingar fyrirtækjaskráa sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB (*).

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 27. nóvember 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

(*) Stjtíð. ESB L 156, 16.6.2012, bls. 1.,“

16) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 23. gr.:

„Upplýsingarnar sem fjallað er um í kröfunum sem mælt er fyrir um í þriðja landi skulu lagðar fram í samræmi við 19. gr. og birtar í samræmi við 20. gr. og 21. gr.“

17) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 24. gr.:

„4a. Með fyrirvara um 4. mgr. skulu lögbærum yfirvöldum veittar allar rannsóknarheimildir sem nauðsynlegar eru til að sinna hlutverki sínu. Þetta vald skal nýtt í samræmi við landslög.

4b. Lögbær yfirvöld skulu beita heimildum sínum til að beita viðurlögum, í samræmi við þessa tilskipun og landslög, með einhverjum eftirfarandi hætti:

— beint,

— í samstarfi við önnur yfirvöld,

— á ábyrgð þeirra með framsali til slíkra yfirvalda,

— með því að leita til lögbærra dómsyfirvalda.“

18) Eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr. 25. gr.:

„Við beitingu heimilda sinna til að beita viðurlögum og til rannsókna skulu lögbær yfirvöld hafa samstarf til að tryggja að viðurlög eða ráðstafanir beri tilætlaðan árangur og samræma aðgerðir sínar þegar tekið er á málum sem ná yfir landamæri.“

19) Eftirfarandi fyrirsögn er bætt við á eftir 27. gr. b:

„VI. KAFLI A

VIÐURLÖG OG RÁÐSTAFANIR“

20) Eftirfarandi kemur í stað 28. gr.:

„28. gr.

Stjórnsýsluráðstafanir og -viðurlög

1. Með fyrirvara um rétt lögbærra yfirvalda skv. 24. gr. og rétt aðildarríkja til að kveða á um og beita viðurlögum á sviði refsiréttar skulu aðildarríkin mæla fyrir um reglur um stjórnsýsluráðstafanir og -viðurlög gegn brotum á innlendum ákvæðum sem samþykkt eru við lögleiðingu á þessari tilskipun og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Þessar stjórnsýsluráðstafanir og -viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

2. Með fyrirvara um 7. gr. skulu aðildarríki tryggja að þegar um er að ræða brot á skyldum lögaðila megi beita viðurlögum, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í landslögum, gegn aðilum að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hlutaðeigandi lögaðila, og gegn öðrum einstaklingum sem bera ábyrgð á brotinu samkvæmt landslögum.“

21) Eftirfarandi greinar bætast við:

„28. gr. a

Brot

Ákvæði 28. gr. b gilda a.m.k. um eftirfarandi brot:

a) ef útgefandi birtir ekki, innan þeirra tímamarka sem sett eru, upplýsingar sem krafist er samkvæmt innlendum ákvæðum sem samþykkt eru með lögleiðingu 4., 5., 6., 14. og 16. gr.,

b) ef einstaklingur eða lögaðili tilkynnir ekki, innan þeirra tímamarka sem sett eru, um kaup eða sölu á verulegri eignarhlutdeild í samræmi við innlendu ákvæðin sem samþykkt eru með lögleiðingu 9., 10., 12., 13. og 13. gr. a.

28. gr. b

Heimildir til að beita viðurlögum

1. Ef um er að ræða brot sem um getur í 28. gr. a skulu lögbær yfirvöld hafa vald til að beita a.m.k. eftirfarandi stjórnsýsluráðstöfunum og -viðurlögum:

a) opinberri yfirlýsingu sem gefur til kynna hvaða einstaklingur eða lögaðili ber ábyrgð á brotinu og eðli brotsins,

b) skipun til þess einstaklings eða lögaðila sem ber ábyrgð á brotinu um að hætta framferðinu sem veldur brotinu og um að endurtaka ekki framferðið,

c) fjárhagslegum stjórnsýsluviðurlögum,

i. ef um er að ræða lögaðila,

— allt að 10 000 000 evra eða allt að 5% af heildarveltu á ári samkvæmt síðasta ársreikningi sem samþykktur er af stjórn; ef lögaðili er móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags sem á að gera samstæðu-reikningsskil samkvæmt tilskipun 2013/34/ESB, skal viðkomandi heildarvelta vera heildarvelta ársins eða samsvarandi tegund tekna samkvæmt viðeigandi reikningsskilatilskipunum samkvæmt síðustu árlegu samstæðureikningsskilum sem stjórn endanlega móðurfélagsins hefur samþykkt, eða

— allt að tvöföld fjárhæð hagnaðar eða taps, sem komist er hjá vegna brotsins, ef mögulegt er að ákvarða það,

eftir því hvert er hærra,

ii. ef um er að ræða einstakling:

— allt að 2 000 000 evra eða

— allt að tvöföld fjárhæð hagnaðar eða taps, sem komist er hjá vegna brotsins, ef mögulegt er að ákvarða það,

eftir því hvert er hærra.

Í aðildarríkjum þar sem evran er ekki opinber gjaldmiðill, skal reikna út samsvarandi virði evru í innlendum gjaldmiðli með tilliti til opinbera gengisins á gildistökudegi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/50/ESB frá 22. október 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB um nákvæmar reglur til framkvæmdar tilteknum ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB (*).

2. Án þess að hafa áhrif á valdsvið lögbærra yfirvalda skv. 24. gr. og rétt aðildarríkja til að beita viðurlögum á sviði refsiréttar skulu aðildarríki tryggja að lög og stjórnsýslufyrirmæli þeirra kveði á um möguleikann á að fella tímabundið niður atkvæðisrétt sem fylgir hlutabréfum ef um er að ræða brot eins og um getur í b-lið 28. gr. a. Aðildarríki geta kveðið á um að tímabundin niðurfelling atkvæðisréttar gildi aðeins um alvarlegustu brotin.

3. Aðildarríki geta kveðið á um frekari viðurlög eða ráðstafanir og um hærri fjárhagsleg stjórnsýsluviðurlög en þau sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

28. gr. c

Beiting heimilda til að grípa til viðurlaga

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld taki tillit til allra viðeigandi aðstæðna þegar ákvörðun er tekin um tegund og umfang stjórnsýsluráðstafana eða -viðurlaga, þ.m.t. eftir því sem við á:

a) hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist,

b) umfang ábyrgðar einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu,

c) fjárhagslegs styrks einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð, t.d. eins og tilgreint er með heildarveltu lögaðilans sem ber ábyrgð eða árstekjum einstaklingsins sem ber ábyrgð,

d) mikilvægis hagnaðar ábyrga einstaklingsins eða lögaðilans eða taps sem hann kemst hjá, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,

e) taps þriðju aðila vegna brotsins, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,

f) samstarfsvilja einstaklingsins eða lögaðilans, sem ber ábyrgð á brotinu, við lögbæra yfirvaldið,

g) fyrri brota einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu.

2. Vinnsla persónuupplýsinga, sem safnað er vegna beitingar valdheimilda til eftirlits og rannsóknar í samræmi við þessa tilskipun, skal fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB og reglugerð (EB) nr. 45/2001 ef við á.

(*) Stjtíð. ESB L 294, 6.11.2013, bls. 13.,“

22) Eftirfarandi fyrirsögn kemur á undan 29. gr.:

„VI. KAFLI B

BIRTING ÁKVARÐANA“

23) Í stað 29. gr. kemur eftirfarandi:

„29. gr.

Birting ákvarðana

1. Aðildarríki skulu kveða á um að lögbær yfirvöld skuli birta allar ákvarðanir um viðurlög og ráðstafanir vegna brots á þessari tilskipun án ástæðulausrar tafar, þ.m.t. að lágmarki upplýsingar um tegund og eðli brotsins og deili á einstaklingunum eða lögaðilunum sem eru ábyrgir.

Lögbær yfirvöld geta þó frestað birtingu ákvörðunar, eða birt ákvörðunina undir nafnleynd með hætti sem er í samræmi við landslög, við einhverjar eftirfarandi aðstæðna:

a) ef birting persónuupplýsinga, þegar viðurlögum er beitt gegn einstaklingi, telst, við skyldubundið fyrirframmat á meðalhófi slíkrar birtingar, ekki vera í réttu hlutfalli við brotið,

b) ef birtingin myndi stofna stöðugleika fjármálakerfisins eða yfirstandandi opinberri rannsókn í alvarlega hættu,

c) ef birtingin myndi, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það, valda hlutaðeigandi stofnunum eða einstaklingum óhóflegum og alvarlegum skaða.

2. Ef áfrýjað er ákvörðun, sem birt er skv. 1. mgr., er lögbæra yfirvaldinu skylt að láta annaðhvort upplýsingar um það fylgja með við birtinguna eða breyta birtingunni ef áfrýjunin er lögð fram eftir upphaflegu birtinguna.“

24) Í stað 2. mgr. 31. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanir skv. 3. gr. (1. mgr.), 8. gr. (2. mgr. eða 3. mgr.) eða 30. gr. skulu þau tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um það.“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/71/EB

Í stað iii. liðar m-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/71/EB kemur eftirfarandi:

„iii) að því er varðar alla útgefendur verðbréfa sem hafa réttarstöðu lögaðila í þriðja landi og eru ekki tilgreindir í ii. lið, aðildarríkið þar sem ætlunin er að láta fara fram almennt útboð verðbréfa í fyrsta sinn eftir gildistökudag tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/50/ESB fra´22. október 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB um nákvæmar reglur til framkvæmdar tilteknum ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB (*) eða þar sem fyrsta umsókn um töku til viðskipta á skipulegum markaði er lögð fram, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem óskar eftir töku til viðskipta, eftir því sem við á, með fyrirvara um síðari tíma val útgefenda, sem skráðir eru í þriðja landi við eftirfarandi aðstæður:

— ef heimaaðildarríkið var ekki ákvarðað samkvæmt þeirra vali, eða

— í samræmi við iii. lið i-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (**).

(*) Stjtíð. ESB L 294, 6.11.2013, bls. 13.
(**) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.“

3. gr.

Breytingar á tilskipun 2007/14/EB

Tilskipun 2007/14/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 2. gr. falla brott.

2) Í 11. gr. falla ákvæði 1. mgr. og 2. mgr. brott.

3) Ákvæði 16. gr. falla brott.

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan 24 mánaða frá gildistökudegi hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Endurskoðun

Eigi síðar en 27. nóvember 2018 skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar, þ.m.t. áhrif hennar á litla og meðalstóra útgefendur og um beitingu viðurlaga, einkum hvort þau séu skilvirk, hófleg og letjandi, og endurskoða framkvæmdina og meta skilvirkni aðferðarinnar við útreikning á magni atkvæðisréttar í tengslum við fjármálagerninginn sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. a í 13. gr. Tilskipunar 2004/109/EB.

Skýrslan skal lögð fram ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.

6. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 22. október 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	V. LEŠKEVIČIUS
forseti.	*forseti.*

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 2015/761 **2021/EES/7/04**

frá 17. desember 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tiltekna tæknilega eftirlitsstaðla um verulega eignarhluta (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]), einkum 9. gr. (þriðju undirgrein 6. mgr. b), 13. gr. (fjórðu undirgrein 1. mgr. a) og 13. gr (fjórðu undirgrein 4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2004/109/EB er kveðið á um kröfur um gagnsæi sem varða upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði. Í þeirri tilskipun er einnig gerð krafa um þróun tæknilegra eftirlitsstaðla til að tryggja samræmda beitingu fyrirkomulagsins um tilkynningu um kaup eða sölu verulegra eignarhluta og tengdra undanþága.

2) Viðmiðunarmörk undanþága fyrir viðskiptavakt og veltubók ætti að reikna út með því að leggja atkvæðisrétt sem fylgir hlutum við atkvæðisrétt sem fylgir fjármálagerningum (þ.e. réttindi til að kaupa hlutabréf og fjármálagerninga sem taldir eru efnahagslega jafngildir hlutabréfum) til að tryggja samræmda beitingu meginreglunnar um samsöfnun eignarhlutdeilda í fjármálagerningum sem falla undir tilkynningarskyldu og til að koma í veg fyrir villandi framsetningu á því hve margir fjármálagerningar, tengdir útgefanda, eru í eigu aðila sem nýtur ávinnings af þessum undanþágum.

3) Til að tryggja nægilegt gagnsæi ef um er að ræða samstæðu fyrirtækja, og svo tekið sé tillit til þess að móðurfélag kann að hafa áhrif á stjórnun dótturfélaga sinna ef það hefur yfirráð yfir þeim, ætti að reikna út viðmiðunarmörkin á samstæðustigi. Því ætti að birta upplýsingar um alla eignarhluti í eigu móðurfélags lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis og dótturfélaga þegar heildarsumma eignarhlutanna nær tilkynningarmörkunum.

4) Fyrirkomulag upplýsingagjafar vegna fjármálagerninga sem hafa svipuð efnahagsleg áhrif og hlutabréf ætti að vera skýrt. Kröfur um að veita tæmandi upplýsingar um uppbyggingu eignarhalds í félögum ættu að vera í réttu hlutfalli við þörfina fyrir fullnægjandi gagnsæi í verulegum eignarhlutum, stjórnsýslubyrðina sem þessar kröfur leggja á eigendur atkvæðisréttar og sveigjanleikann í samsetningu körfu hlutabréfa eða vísitölu. Því ætti aðeins að leggja fjármálagerninga sem vísa til körfu hlutabréfa eða vísitölu saman við aðra eignarhluta í sama útgefanda ef eignarhlutdeild atkvæðisréttar gegnum slíka gerninga er veruleg, eða ef fjármálagerningurinn er ekki fyrst og fremst notaður til að auka fjölbreytni fjárfestinga.

5) Ekki væri kostnaðarhagkvæmt fyrir fjárfesti að byggja stöðu í útgefanda með eignarhlut í fjármálagerningi sem vísar til mismunandi karfa eða vísitalna. Því ætti ekki að taka saman eignarhlutdeild á atkvæðisrétti í gegnum fjármálagerning sem vísar til nokkurra karfa hlutabréfa eða vísitalna sem hver um sig er í samræmi við gildandi viðmiðunarmörk.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 120, 13.5.2015, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

6) Gera ætti grein fyrir fjármálagerningum, sem kveða sérstaklega á um uppgjör í peningum, með delta-leiðréttum hætti þar sem staða reiðufjár er deltastuðull 1 ef um er að ræða fjármálagerninga með línulegt, samhverft endurgreiðslusnið í samræmi við undirliggjandi hlut, og nota almennt viðurkennt verðlagningarlíkan ef um er að ræða fjármálagerninga sem eru ekki með línulegt, samhverft endurgreiðslusnið í samræmi við undirliggjandi hlut.

7) Til að tryggja að upplýsingar um heildarmagn atkvæðisréttar, sem aðgengilegar eru fjárfestinum, séu eins nákvæmar og mögulegt er ætti að reikna deltastuðulinn út daglega og taka tillit til síðasta lokaverðs hins undirliggjandi hlutar.

8) Til að draga úr fjölda þýðingarlausra tilkynninga til markaðarins ætti undanþága frá veltubók að gilda um fjármálagerninga í eigu einstaklings eða lögaðila sem uppfyllir fyrirmæli frá viðskiptavinum, svarar beiðni viðskiptavinar um að eiga viðskipti á öðrum grundvelli en eignarhaldi, eða áhættuver stöður sem leiða af slíkum viðskiptum.

9) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem þau fjalla um kröfurnar sem varða tilkynningu á verulegum eignarhluta í skráðum félögum. Til að tryggja samfellu milli þessara ákvæða sem ættu að öðlast gildi á sama tíma, og til að auðvelda ítarlega yfirsýn og þægilegt aðgengi að þeim fyrir aðila sem falla undir þessar skyldur, þ.m.t. fjárfesta sem eru ekki með aðsetur í Sambandinu, er æskilegt að hafa vissa tæknilega eftirlitsstaðla, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2004/109/EB, í einni reglugerð.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti Hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 ([1]).

12) Fresta ætti beitingu þessarar reglugerðar til að samræma gildistökudag hennar við dagsetninguna sem mælt er fyrir um til lögleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/50/ESB í 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari framseldu reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd 9. gr. (6. mgr. b), 13. gr. (a- og b-lið 1. mgr. a) og 13. gr. (4. mgr.) tilskipunar 2004/109/EB.

2. gr.

Samsöfnun eignarhluta

Við útreikning á 5% viðmiðunarmörkunum sem um getur í 9. gr. (5. og 6. mgr.) tilskipunar 2004/109/EB skulu eignarhlutir skv. 9., 10. og 13. gr. þeirrar tilskipunar teknir saman.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/50/ESB frá 22. október 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB um nákvæmar reglur til framkvæmdar tilteknum ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB (Stjtíð. EB L 294, 6.11.2013, bls. 13).

3. gr.

Samsöfnun eignarhluta ef um samstæðu er að ræða

Við útreikning á 5% viðmiðunarmörkunum sem um getur í 5. og 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, ef um samstæðu er að ræða, skulu eignarhlutir teknir saman í samræmi við meginregluna sem mælt er fyrir um í e-lið 10. gr. þeirrar tilskipunar.

4. gr.

Fjármálagerningar sem vísa til körfu hlutabréfa eða vísitölu

1. Ef um er að ræða fjármálagerning sem vísar til körfu hlutabréfa eða vísitölu skal atkvæðisréttur, sem um getur í a-lið 1. mgr. a í 13. gr. tilskipunar 2004/109/EB, reiknaður út á grundvelli vægis hlutabréfsins í körfunni af hlutabréfum eða vísitölunni ef eitthvert eftirtalinna skilyrða eiga við:

a) atkvæðisréttur í tilteknum útgefanda, sem eignarhald er á gegnum fjármálagerninga sem vísa til körfunnar eða vísitölunnar, stendur fyrir 1% eða meira af atkvæðisréttinum sem tengist hlutabréfum þess útgefanda,

b) hlutabréfin í körfunni eða vísitalan standa fyrir 20% eða meira af virði verðbréfanna í körfunni eða vísitölunnar.

2. Ef fjármálagerningur vísar til nokkurra karfa hlutabréfa eða vísitalna skal atkvæðisréttinum, sem eignarhald er á gegnum stakar körfur hlutabréfa eða vísitalna, ekki safnað saman að því er varðar viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 1. mgr.

5. gr.

Fjármálagerningar sem kveða sérstaklega á um uppgjör í peningum

1. Magn atkvæðisréttar sem um getur í b-lið 1. mgr. a í 13. gr. tilskipunar 2004/109/EB sem varðar fjármálagerninga sem kveða sérstaklega á um uppgjör í peningum, með línulegt samhverft endurgreiðslusnið með undirliggjandi hlut, skal reiknað út með delta-leiðréttum hætti þar sem staða reiðufjár er jöfn einum.

2. Magn atkvæðisréttar að því er varðar fjármálagerning sem er einungis gerður upp í peningum, án línulegs, samhverfs endurgreiðslusniðs með undirliggjandi hlut, skal reiknað út með delta-leiðréttum hætti og notað til þess almennt viðurkennt staðlað verðlagningarlíkan.

3. Almennt viðurkennt staðlað verðlagningarlíkan skal vera líkan sem yfirleitt er beitt í fjármálageiranum hvað varðar þennan fjármálagerning, og sem er nægjanlega traust til að taka tillit til þeirra þátta sem skipta máli fyrir mat á gerningnum. Þættirnir sem skipta máli fyrir matið skulu a.m.k. innihalda allt eftirtalið:

a) vexti,

b) arðgreiðslur,

c) tíma til gjalddaga,

d) óstöðugleika,

e) verð undirliggjandi hlutar.

4. Þegar deltastuðull er ákvarðaður skal eigandi fjármálagerningsins tryggja allt eftirfarandi:

a) að líkanið sem beitt er taki til þess hve flókinn hver fjármálagerningur er og áhættunnar sem honum tengist,

b) að sama líkani sé beitt með samræmdum hætti við útreikning á magni atkvæðisréttar í tilteknum fjármálagerningi.

5. Upplýsingatæknikerfi sem beitt er til að reikna út deltastuðul skal tryggja samræmda, nákvæma og tímanlega skýrslugjöf um atkvæðisrétt.

6. Magn atkvæðisréttar skal reiknað út daglega að teknu tilliti til síðasta lokaverðs hins undirliggjandi hlutar. Eigandi fjármálagerningsins skal tilkynna útgefanda hvenær sá eigandi nær, fer yfir eða fellur undir viðmiðunarmörkin sem kveðið er á um 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

6. gr.

Viðskipti í þágu viðskiptavina

Undanþágan sem um getur í 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB skal gilda um fjármálagerninga í eigu einstaklings eða lögaðila sem uppfyllir fyrirmæli frá viðskiptavinum, svarar beiðni viðskiptavinar um að eiga viðskipti á öðrum grundvelli en eignarhaldi eða áhættuver stöður sem leiða af slíkum viðskiptum.

7. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. nóvember 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2014

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1437 **2021/EES/7/05**

frá 19. maí 2016

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgengi að upplýsingum sem reglur kveða á um á vettvangi Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]), einkum 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja aðgengi að upplýsingum, sem reglur kveða á um, án mismununar og gera þær upplýsingar aðgengilegar endanlegum notendum er Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) skuldbundin til þess að þróa og starfrækja evrópska rafræna aðgangsstöð (EEAP). Útfæra ætti evrópsku rafrænu aðgangstöðina sem vefgátt sem er aðgengileg í gegnum vefsetur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og í ljósi miðstýringarhlutverks hennar ætti hún ekki að gegna hlutverki miðlægra geymslukerfa (e. *official appointed mechanisms* (OAMs)) að því er varðar geymslu upplýsinga, sem reglur kveða á um. Evrópska rafræna aðgangsstöðin ætti að veita aðgang að upplýsingum, sem reglur kveða á um, sem öll miðlæg geymslukerfi eru með í geymslu, forðast tvíverknað við geymslu gagna og lágmarka áhættuna fyrir örugg upplýsingaskipti.

2) Til að auðvelda leitina að upplýsingum, sem reglur kveða á um, og tryggja skjótan aðgang að þeim upplýsingum, ætti evrópska rafræna aðgangsstöðin að bjóða endanlegum notendum upp á þann möguleika að leita eftir tilvísun í auðkenni útgefanda, heimaaðildarríkið eða tegund upplýsinga, sem reglur kveða á um. Á sama tíma ætti evrópska rafræna aðgangsstöðin að gera endanlegum notendum kleift að fá aðgang að upplýsingunum, sem reglur kveða á um, sem þeir æskja í gegnum tengla á vefsetur miðlægra geymslukerfa þar sem þær upplýsingar eru geymdar.

3) Eðlileg starfsemi evrópsku rafrænu aðgangsstöðvarinnar og tenging hennar við miðlæg geymslukerfi er háð öryggi, skilvirkni, notagildi og aðlögunarhæfni þeirrar fjarskiptatækni sem notuð er. Evrópska rafræna aðgangsstöðin og miðlægu geymslukerfin ættu að nota HTTPS-samskiptareglur til að tengjast hverri annarri. Í ljósi samfelldrar þróunar í fjarskiptatækni og þörfinni fyrir að tryggja heilindi og öryggi í skiptum á lýsigögnum um upplýsingar sem reglur kveða á um ættu evrópska rafræna aðgangsstöðin og miðlægu geymslukerfin þó að vinna saman við að tilgreina og innleiða aðra fjarskiptatækni í framtíðinni. Enn fremur, ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin telur, í samræmi við hlutlæg tæknileg viðmið, að samvinnan sem þörf er á í þeim tilgangi sé óskilvirk, ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að geta vísað á aðra fjarskiptatækni sem evrópska rafræna aðgangsstöðin og miðlægu geymslukerfin eiga að nota.

4) Til að gera leitir yfir landamæri og nákvæmar leitarniðurstöður mögulegar ætti miðlægt geymslukerfi að nota einkvæmt auðkenni fyrir hvern útgefanda verðbréfa sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði. Samræming einkvæmu auðkennanna sem miðlægu geymslukerfin nota ætti að auðvelda endanlegum notendum evrópsku rafrænu aðgangsstöðvarinnar að auðkenna útgefendurna sem endanlegu notendurnir eru að leita eftir upplýsingum um. Enn fremur, í ljósi samþættingar fjármálamarkaða á alþjóðavísu, ættu einkvæmu auðkennin sem miðlægu geymslukerfin eiga að nota að vera alþjóðlega viðurkennd, hentug til úthlutunar til hvaða útgefanda sem er, samkvæm yfir tíma, hafa

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 234, 31.8.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

takmörkuð fjárhagsleg áhrif á útgefendur og miðlægu geymslukerfin og taka tillit til framtíðarþróunar á þessu sviði. Þess vegna ættu miðlægu geymslukerfin að nota auðkenni lögaðila sem einkvæmt auðkenni fyrir útgefendur verðbréfa sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði.

5) Nauðsynlegt er að samræma sniðið sem notað er fyrir upplýsingaskipti milli evrópsku rafrænu aðgangsstöðvarinnar og miðlægu geymslukerfanna til að tryggja skilvirka starfsemi evrópsku rafrænu aðgangsstöðvarinnar. Til samræmis við það ætti tilgreiningin á viðeigandi sniði fyrir upplýsingaskipti að taka tillit til einkenna er varða öryggi við skipti og sannreyningu í algengustu stöðluðu sniðunum sem notuð eru á markaðnum. Þar sem evrópska rafræna aðgangsstöðin ætti ekki að taka að sér hlutverk miðlægra geymslukerfa að því er varðar geymslu upplýsinga, sem reglur kveða á um, ætti sniðið fyrir skipti á upplýsingum, sem reglur kveða á um, að ákvarða hvaða lýsigögn um upplýsingar, sem reglur kveða á um, miðlægt geymslukerfi virkjar til að tryggja markvissa leit og skjótan aðgang endanlegra notenda að upplýsingum, sem reglur kveða á um.

6) Það að setja fram sameiginlega skrá yfir tegundir upplýsinga, sem reglur kveða á um, ætti að gera fjárfestum kleift að öðlast betri skilning á upplýsingunum frá útgefendum sem falla undir kröfurnar um nákvæmni, heildstæðni og tímanlega miðlun samkvæmt tilskipun 2004/109/EB. Sameiginleg merking og flokkun miðlægu geymslukerfanna á upplýsingum, sem reglur kveða á um, í þágu endanlegra notenda sem leita eftir aðgangi að upplýsingum, sem reglur kveða á um, í gegnum evrópsku rafrænu aðgangsstöðin, ætti að gera endanlegum notendum kleift að miða leitarbeiðnir sínar við þær tegundir upplýsinga sem þeir óska og ætti að leiða til skilvirkni fyrir fjárfesta í ákvörðunartökuferli þeirra.

7) Það að endanlegir notendur kalli fram eða hali niður skjölum sem innihalda upplýsingar, sem reglur kveða á um, fellur undir verðlagningarstefnu miðlægu geymslukerfanna í samræmi við landslög hvers aðildarríkis. Miðlægu geymslukerfin ættu þó ekki að krefja evrópsku rafrænu aðgangsstöðina um greiðslu fyrir afhendingu lýsigagna um upplýsingar, sem reglur kveða á um.

8) Nauðsynlegt er að veita miðlægu geymslukerfunum og útgefendum nægjanlegan tíma til að innleiða breytingarnar á sviði löggjafar og tækni sem krafist er til að tryggja notkun á auðkennum lögaðila sem einkvæmu auðkenni fyrir útgefendur verðbréfa sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði. Einnig er nauðsynlegt að veita miðlægu geymslukerfunum og útgefendum nægjanlegan tíma til að innleiða breytingarnar á sviði löggjafar og tækni sem nauðsynlegar eru fyrir geymslu og merkingu upplýsinga í þeim tilgangi að flokka upplýsingar, sem reglur kveða á um.

9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. þeirrar reglugerðar. Á sama tíma hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekið tillit til tæknilegra krafna um kerfi samtengingar aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Evrópska rafræna aðgangsstöðin

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal koma upp vefgátt, evrópsku rafrænu aðgangsstöðinni, fyrir upplýsingar, sem reglur kveða á um, til að gera endanlegum notendum kleift að leita eftir upplýsingum, sem reglur kveða á um, sem miðlæg geymslukerfi eru með í geymslu. Vefgáttin skal vera aðgengileg í gegnum vefsetur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB frá 13. júní 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/666/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB og 2009/101/EB að því er varðar samtengingu aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa (Stjtíð. ESB L 156 16.6.2012, bls. 1).

2. gr.

Fjarskiptatækni, aðgengileiki og stuðningur evrópsku rafrænu aðgangsstöðvarinnar

1. Tryggja skal öryggi og heilleika lýsigagna um upplýsingar, sem reglur kveða á um, sem miðlæga geymslukerfið og evrópska rafræna aðgangsstöðin skiptast á. Evrópska rafræna aðgangsstöðin og hvert miðlægt geymslukerfi skal nota HTTPS-samskiptareglur til að tengjast hverju öðru.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal vinna með miðlægu geymslukerfunum við að tilgreina og innleiða aðra fjarskiptatækni sem nota á í stað HTTPS-samskiptareglna og við að skilgreina tímalínuna fyrir innleiðingu hennar.

3. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin telur, í samræmi við hlutlæg tæknileg viðmið, að samvinnan sem krafist er skv. 2. mgr. gagnist ekki við að tryggja öryggi og heilleika við skipti á lýsigögnum um upplýsingar, sem reglur kveða á um, getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilgreint fjarskiptatækni sem nota á í stað HTTPS-samskiptareglna.

4. Auðvelt skal vera að skala evrópsku rafrænu aðgangsstöðina og aðlaga hana að breytingum í fjölda leitarbeiðna og lýsigagna sem miðlægu geymslukerfin eiga að afhenda.

5. Evrópska rafræna aðgangsstöðin skal vera aðgengileg endanlegum notendum a.m.k. 95% mánaðarins.

6. Kerfi evrópsku rafrænu aðgangsstöðvarinnar skal afritað daglega.

7. Stuðningsþjónusta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar við endanlega notendur evrópsku rafrænu aðgangsstöðvarinnar og við miðlægu geymslukerfin skal veitt á venjulegum vinnutíma Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunarinnar, eins og hann er ákveðinn af framkvæmdastjóra Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og birtur á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

3. gr.

Leitarskipanir

1. Evrópska rafræna aðgangsstöðin skal bjóða upp á eftirfarandi leitarforsendur:

a) nöfn útgefendanna þaðan sem upplýsingarnar, sem reglur kveða á um, eiga upptök sín,

b) einkvæmt auðkenni útgefenda eins og sett er fram í 7. gr.,

c) heimaaðildarríki útgefandans eins og skilgreint er í i-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB,

d) flokkun upplýsinga, sem reglur kveða á um, eins og sett er fram í 2. mgr. 9. gr.

2. Evrópska rafræna aðgangsstöðin skal gera endanlegum notendum kleift að leita eftir nöfnum útgefenda í öllum tiltækum tungumálaútgáfum af nöfnum útgefendanna sem miðlæg geymslukerfi eru með í geymslu.

3. Evrópska rafræna aðgangsstöðin skal veita leitarniðurstöður í samræmi við leitarforsendurnar sem endanlegur notandi hefur valið. Leitarniðurstöðurnar skulu vera á formi lýsigagnaskrár eins og mælt er fyrir um í þætti A í viðaukanum.

4. gr.

Veiting aðgangs í gegnum evrópsku rafrænu aðgangsstöðina

1. Lýsigögnin um upplýsingarnar, sem reglur kveða á um, sem um getur í þætti A í viðaukanum skulu innihalda tengla á sérstaka vefsíðu á vefsetri miðlægra geymslukerfa þar sem endanlegir notendur geta kallað fram og halað niður skjölum sem innihalda upplýsingar sem reglur kveða á um. Þessar vefsíður skulu innihalda tengla á allar tungumálaútgáfur skjalanna sem innihalda upplýsingar, sem reglur kveða á um, eins og þeim hefur verið dreift af útgefendum og miðlæg geymslukerfi eru með í geymslu í samræmi við 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

2. Evrópska rafræna aðgangsstöðin skal, að svo miklu leyti sem er framkvæmanlegt, veita aðgang að leitarbúnaði sínum til endanlegra notenda sem nota vefvafra, þ.m.t. vefvafra í farsímatækjum.

5. gr.

Fjarskiptatækni, stuðningur og viðhald miðlægra geymslukerfa

1. Hvert miðlægt geymslukerfi skal tryggja að a.m.k. 95% mánaðarins sé tenging þess við evrópsku rafrænu aðgangsstöðina aðgengileg.

2. Hvert miðlægt geymslukerfi skal, á venjulegum vinnutíma sínum, veita evrópsku rafrænu aðgangsstöðinni stuðningsþjónustu til að viðhalda tengingum þess við evrópsku rafrænu aðgangsstöðina, og til að koma á eðlilegu ástandi eftir bilun. Þessa stuðningsþjónustu skal veita á venjubundnu tungumáli fyrir rafræn fjarskipti.

6. gr.

Veiting aðgangs hjá miðlægum geymslukerfum

1. Hvert miðlægt geymslukerfi skal tryggja að evrópska rafræna aðgangsstöðin geti endurheimt lýsigögn um upplýsingar, sem reglur kveða á um.

2. Hvert miðlægt geymslukerfi skal afhenda evrópsku rafrænu aðgangsstöðinni lýsigögnin um upplýsingar, sem reglur kveða á um, sem þau eru með í geymslu í samræmi við 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

3. Lýsigögnin skulu innihalda tengla á vefsíður miðlæga geymslukerfisins þar sem endanlegir notendur geta kallað fram og halað niður skjölum sem innihalda upplýsingar sem reglur kveða á um. Hvert miðlægt geymslukerfi skal gera aðgengilegar allar tungumálaútgáfur slíkra skjala sem dreift hefur verið af útgefendum og miðlæg geymslukerfi eru með í geymslu í samræmi við 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

4. Ef einhverju skjali sem inniheldur upplýsingar, sem reglur kveða á um, er breytt, skal hlutaðeigandi miðlægt geymslukerfi samstundis uppfæra lýsigögnin um það skjal.

5. Miðlægu geymslukerfin skulu ekki krefja evrópsku rafrænu aðgangsstöðina um greiðslu fyrir afhendingu lýsigagna um upplýsingar, sem reglur kveða á um.

7. gr.

Einkvæmt auðkenni sem miðlæg geymslukerfi nota

Öll miðlæg geymslukerfi skulu nota auðkenni lögaðila (LEI) sem einkvæmt auðkenni fyrir alla útgefendur.

8. gr.

Sameiginlegt snið fyrir afhendingu lýsigagna

1. Öll miðlæg geymslukerfi skulu nota snið sem byggist á XML-ívafsmáli til að afhenda lýsigögn um upplýsingar, sem reglur kveða á um, til evrópsku rafrænu aðgangsstöðvarinnar.

2. Öll miðlæg geymslukerfi skulu afhenda lýsigögn um upplýsingar, sem reglur kveða á um, til evrópsku rafrænu aðgangsstöðvarinnar á því sniði sem mælt er fyrir um í þætti A í viðaukanum.

9. gr.

Sameiginleg skrá og flokkun upplýsinga sem reglur kveða á um

1. Sameiginlega skráin yfir tegundir upplýsinga, sem reglur kveða á um, skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) árleg reikningsskil og endurskoðunarskýrslur, sem innihalda allar upplýsingar sem krafist er að birtar séu skv. 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB,

b) hálfsársreikningsskil og endurskoðunarskýrslur eða takmarkaðar endurskoðanir, þ.m.t. allar upplýsingar sem krafist er að birtar séu skv. 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB,

c) greiðslur til stjórnvalda, sem innihalda allar upplýsingar sem krafist er að birtar séu skv. 6. gr. tilskipunar 2004/109/EB,

d) val á heimaaðildarríki, sem inniheldur upplýsingarnar sem krafist er að birtar séu skv. i-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB,

e) innherjaupplýsingar sem krafist er að birtar séu skv. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB ([1]),

f) tilkynningar sem varða atkvæðisrétt, sem innihalda allar upplýsingar sem krafist er að birtar séu skv. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB,

g) kaup eða sölu á eigin hlutabréfum útgefandans, sem innihalda allar upplýsingar sem krafist er að birtar séu skv. 14. gr. tilskipunar 2004/109/EB,

h) heildarmagn atkvæðisréttar og hlutafjár, sem innihalda allar upplýsingar sem krafist er að birtar séu skv. 15. gr. tilskipunar 2004/109/EB,

i) breytingar á réttindum tengdum flokkum hlutabréfa eða verðbréfa, sem innihalda allar upplýsingar sem krafist er að birtar séu skv. 16. gr. tilskipunar 2004/109/EB,

j) allar upplýsingar sem ekki falla undir a- til i-liðar, en sem útgefandinn, eða sérhver annar einstaklingur sem hefur sótt um að verðbréf verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði án samþykkis útgefandans, á að birta samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis sem samþykkt hafa verið skv. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

2. Öll miðlæg geymslukerfi skulu flokka allar upplýsingar, sem reglur kveða á um, í samræmi við þátt B í viðaukanum.

10. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skulu ákvæði 7. og 9. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) (Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16).

VIÐAUKI

ÞÁTTUR A

Upplýsingaskipti — Snið lýsigagnanna sem afhenda á

Lýsigagnareitur	Einkenni lýsigagnareits
Nafn útgefanda (á öllum tungumálum sem útgefandinn notar)	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða, UTF-8 kóðun
Heimaaðildarríki útgefanda	Tveggja stafa landskóði, ISO 3166-1
Einkvæmt auðkenni	LEI-kóði, ISO 17442:2012, reitur fyrir alstafakóða, 20 stafir
Tegund upplýsinga, sem reglur kveða á um	Flokkunarkerfi í samræmi við sameiginlegu skrána yfir upplýsingar, sem reglur kveða á um, eins og sett er fram í þætti B í þessum viðauka
Veffang (URL)	Alstafakóðareitur. Tengillinn verður að gefa aðgang að öllum skjölum sem innihalda upplýsingar, sem reglur kveða á um, í samræmi við 1. mgr. 4. gr., samkvæmt leitarforsendum.

ÞÁTTUR B

Flokkar og undirflokkar upplýsinga, sem reglur kveða á um

Flokkun upplýsinga, sem reglur kveða á um	Lagagrundvöllur
1. *Reglubundnar upplýsingar, sem reglur kveða á um*	
1.1. Árleg reikningsskil og endurskoðunarskýrslur	allar upplýsingar sem birtar eru skv. 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB
1.2. Hálfsársreikningsskil og endurskoðunarskýrslur/takmarkaðar endurskoðanir	allar upplýsingar sem birtar eru skv. 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB
1.3. Greiðslur til stjórnvalda	allar upplýsingar sem birtar eru skv. 6. gr. tilskipunar 2004/109/EB
2. *Yfirstandandi upplýsingar, sem reglur kveða á um*	
2.1. Heimaaðildarríki	allar upplýsingar sem birtar eru skv. i-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB
2.2. Innherjaupplýsingar	allar upplýsingar sem birtar eru skv. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB
2.3. Tilkynningar um stóra hlutafjáreign	allar upplýsingar sem birtar eru skv. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB,
2.4. Kaup og sala á eigin hlutabréfum útgefandans	allar upplýsingar sem birtar eru skv. 14. gr. tilskipunar 2004/109/EB
2.5. Heildarmagn atkvæðisréttar og hlutafjár	allar upplýsingar sem birtar eru skv. 15. gr. tilskipunar 2004/109/EB
2.6. Breytingar á réttindum tengdar flokkum hlutabréfa eða verðbréfa	allar upplýsingar sem birtar eru skv. 16. gr. tilskipunar 2004/109/EB

Flokkun upplýsinga, sem reglur kveða á um	Lagagrundvöllur
3. *Viðbótarupplýsingar, sem reglur kveða á um, sem krafist er að birtar séu samkvæmt lögum aðildarríkis*	
3.1. Viðbótarupplýsingar, sem reglur kveða á um, sem krafist er að birtar séu samkvæmt lögum aðildarríkis	allar upplýsingar sem ekki falla innan undirflokkanna sem settir eru fram í liðum 1.1, 1.2 og 1.3 og í liðum 2.1 til 2.6, en sem útgefandinn, eða einhver annar einstaklingur sem hefur sótt um að verðbréf verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði án samþykkis útgefandans, hefur birt í samræmi við kröfu samkvæmt lögum, reglugerðum eða stjórnsýsluákvæðum aðildarríkis sem samþykkt voru skv. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/109/EB

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2294 **2021/EES/7/06**

frá 28. ágúst 2017

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 að því er varðar nánari útlistun á skilgreiningunni á innmiðlurum með tilliti til tilskipunar 2014/65/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja enn frekar hlutlæga og skilvirka beitingu á skilgreiningunni á innmiðlurum í Sambandinu, eins og mælt er fyrir um í 20. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, ætti að skilgreina nánar nýjustu tækniþróun á verðbréfamörkuðum varðandi fyrirkomulag pörunar sem verðbréfafyrirtæki mega taka þátt í.

2) Tækniþróun á verðbréfamörkuðum hefur leitt til þess að rafræn samskiptanet hafa orðið til sem gera kleift að tengja saman mörg verðbréfafyrirtæki sem hafa í huga að starfa undir auðkenni innmiðlara ásamt öðrum viðskiptvökum sem stunda hátíðniviðskipti með notkun algríms. Hætta er á að þessi þróun grafi undan skýrum aðskilnaði tvíhliða viðskipta fyrir eigin reikning við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina og marghliða viðskipta sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 ([2]). Vegna þessarar tækni- og markaðsþróunar er því nauðsynlegt að tilgreina sérstaklega að innmiðlara sé ekki heimilt að annast, með reglubundnum hætti, innri eða ytri pörun viðskipta með pöruðum miðlaraviðskiptum eða öðrum tegundum samtengdra viðskipta, sem í reynd eru áhættulaus, með tiltekinn fjármálagerning utan viðskiptavettvangs.

3) Að því marki sem miðlæg áhættustýring innan samstæðu felur alla jafnan í sér yfirfærslu á uppsafnaðri áhættu verðbréfafyrirtækis í kjölfar viðskipta við þriðju aðila til aðila innan sömu samstæðu sem ekki getur gert verðtilboð, veitt aðrar upplýsingar um viðskiptahagsmuni eða hafnað eða breytt slíkum viðskiptum, þá ætti áfram að líta á slíkar yfirfærslur sem viðskipti fyrir eigin reikning þegar þau fara eingöngu fram í þeim tilgangi að gera áhættustýringu samstæðunnar miðlæga.

4) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti orðalagið um dagsetningu framkvæmdar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 að vera í samræmi við orðalagið um dagsetningu framkvæmdar tilskipunar 2014/65/ESB.

5) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og auðið er.

6) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit sérfræðingahóps evrópsku verðbréfanefndarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 329, 13.12.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 1.)

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 16. gr. a bætist við:

„16. gr. a

Þátttaka í pörunarfyrirkomulagi

Verðbréfafyrirtæki telst ekki eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning í skilningi 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB þegar það tekur þátt í pörunarfyrirkomulagi ásamt aðilum utan eigin samstæðu í þeim tilgangi, eða með þeim afleiðingum, að framkvæma samtengd viðskipti, sem í reynd eru áhættulaus, með fjármálagerning utan viðskiptavettvangs.“

2) Í stað annarrar málsgreinar 91. gr. kemur eftirfarandi:

„Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1011 **2021/EES/7/07**

frá 13. desember 2018

um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 að því er varðar tiltekin skráningarskilyrði til að stuðla að notkun vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja með tilliti til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr. og 8. mgr. 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framtaksverkefni sambands fjármagnsmarkaða miðar að því að minnka þörf allra lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrir bankalán og veita þeim aðgang að öðrum fjármögnunarleiðum á markaði og jafnframt stuðla að útgáfu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á hlutabréfum og skuldabréfum á almennum mörkuðum. Fyrirtæki með staðfestu í Sambandinu sem leitast við að afla fjár á viðskiptavettvöngum standa frammi fyrir háum stökum og viðvarandi kostnaði vegna upplýsingagjafar og hlítingar sem getur latt þá frá því að sækja yfirleitt um töku til viðskipta á viðskiptavettvöngum Sambandsins. Auk þess hafa hlutabréf sem lítil og meðalstór fyrirtæki gefa út á viðskiptavettvöngum Sambandsins tilhneigingu til bíða tjón af minni seljanleika og meira flökti sem eykur fjármagnskostnaðinn þannig að sú fjármögnunarleið verður of íþyngjandi.

2) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB er komið á fót nýrri tegund viðskiptavettvanga, vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem er undirflokkur markaðstorga fjármálagerninga, til að auðvelda aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni og til að greiða fyrir frekari þróun sérhæfðra markaða sem miða að því að sjá fyrir þörfum útgefenda sem eru lítil og meðalstór fyrirtæki. Í tilskipun 2014/65/ESB er einnig séð fyrir að beina ætti athyglinni að því hvernig hlúa mætti að og efla notkun slíks markaðar með framtíðarlagasetningu, þannig að hann laðaði að sér fjárfesta og veitti möguleika á minna rekstrarlegu álagi, jafnframt því að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að fara inn á fjármagnsmarkaði í gegnum vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

3) Til að tryggja seljanleika og arðsemi vaktarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja er í a-lið 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB gerð krafa um að a.m.k. 50% útgefanda með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á vaxtamarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja séu lítil og meðalstór fyrirtæki sem gefa út hlutabréf og/eða skuldabréf. Í tilskipun 2014/65/ESB er lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem gefur út hlutabréf skilgreint sem fyrirtæki með meðalmarkaðsvirði undir 200 milljónum evra á grundvelli uppgefinna tilboða í árslok síðustu þrjú almanaksár. Hins vegar kveður framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 ([2]) á um að lítið og meðalstórt fyrirtæki sem gefur út aðra fjármálagerninga en hlutabréf (eingöngu skuldabréf) skuli uppfylla a.m.k tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum um: i. fjölda starfsmanna (færri en 250) ii. niðurstöðutölu efnahagsreiknings (ekki hærri en 43 milljónir evra) og iii. hreina ársveltu (ekki meira en 50 milljónir evra). Þessi krafa sem útgefendur annarra fjármálagerninga en hlutabréfa verða að uppfylla til að teljast vera lítið eða meðalstórt fyrirtæki telst of takmarkandi vegna þess að slíkir útgefendur hafa tilhneigingu til að vera stærri en hefðbundin lítil og meðalstór fyrirtæki. Þar af leiðandi geta margir útgefendur annarra fjármálagerninga en hlutabréfa ekki talist vera lítið eða meðalstórt fyrirtæki samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 þrátt fyrir að vera tiltölulega lítil. Mörg markaðstorg fjármálagerninga sem sérhæfa sig í útgáfu skuldabréfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eða sem leyfa bæði útgáfu skuldabréfa og hlutabréfa, geta ekki skráð sig sem vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja þar sem þau ná ekki 50% viðmiðunarmarkinu fyrir útgefendur sem teljast til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja. Að sama skapi ef rekstraraðilar markaðstorga fjármálagerninga geta ekki

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6. 2014, bls. 349.

([2]) Ákvæði 2. mgr. 77. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 1).

nýtt sér lagaramma vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja þá geta útgefendur á þessum markaðstorgum fjármálagerninga ekki notið góðs af rýmri reglugerðarkröfum sem ætlað er að stuðla að skráningu og útgáfu á þessum vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Til að gera fleiri markaðstorgum fjármálagerninga kleift að skrá sig sem vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja ætti nafnvirði skuldabréfaútgáfu útgefenda (að undanskildum lánum) á næstliðnu almanaksári því að vera eina viðmiðið til að útgefendur annarra fjármálagerninga en hlutabréfa geti talist vera lítil eða meðalstór fyrirtæki með tilliti til vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Framkvæmdastjórnin mun vakta hvort nýja skilgreiningin á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem gefa út aðra fjármálagerninga en hlutabréf hentar til að gera markaðstorgum fjármálagerninga kleift að skrá sig sem vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja og jafnframt vakta áhrifin af þessu á markaðsþróun og tiltrú fjárfesta.

4) Samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 ætti vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja ekki að hafa neinar reglur sem leggja meiri byrðar á útgefendur en þær sem gilda um útgefendur á skipulegum mörkuðum. Hins vegar er í g-lið 2. mgr. 78. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565 gerð sú krafa til útgefenda á vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja að þeir birti hálfsársreikningsskil sín. Útgefendur annarra fjármálagerninga en hlutabréfa sem hafa fagfjárfesta á skipulegum mörkuðum sem markhóp eru aftur á móti ekki háðir sömu skuldbindingu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ([3]). Komið hefur í ljós að krafan um að útgefendur annarra fjármálagerninga en hlutabréfa á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja þurfi að leggja fram hálfsársreikningsskil sín sé óhófleg krafa. Þar sem mörg markaðstorg fjármálagerninga sem líta til vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja krefjast ekki hálfsársreikningsskila fyrir útgefendur annarra fjármálagerninga en hlutabréfa virðast slíkar lögboðnar kröfur í framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 stuðla að því að letja rekstraraðila markaðstorga fjármálagerninga frá því að sækja um skráningu sem vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Rekstraraðili vaxtarmarkaðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja ætti því að hafa svigrúm til að ákveða hvort hann krefjist þess að útgefendur annarra fjármálagerninga en hlutabréfa birti hálfsársreikningsskil sín eða ekki.

5) Komið hefur í ljós að sumir útgefendur á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja setja ekki nema takmarkaðan hluta af útgefnum hlutabréfum sínum á almennan markað sem gerir þessi viðskipti áhættusamari fyrir fjárfesta og hefur neikvæð áhrif á seljanleika. Þetta hefur síðan letjandi áhrif á fjárfesta til að fjárfesta í skráðum hlutabréfum á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Til að tryggja seljanleika hlutabréfa og efla tiltrú fjárfesta ættu rekstraraðilar vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja að setja sem skilyrði fyrir töku til viðskipta í fyrsta skiptið að lágmarksfjöldi hlutabréfa sé settur í umferð til viðskipta („skilyrðið um flot“ (e. *free-float condition*)). Rekstraraðilar vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja ættu því að hafa svigrúm til að fastsetja viðeigandi lágmarksfjölda með tilliti til sérstakra aðstæðna markaðarins þ.m.t. hvort eigi að setja hann fram sem algildi eða sem hundraðshluta af samanlögðu útgefnu hlutafé.

6) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 til samræmis við það.

7) Veita ætti starfandi rekstraraðilum vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja lágmarkstíma eftir gildistöku þessarar reglugerðar þannig að þeir geti aðlagað skráningarskilyrði sín. Því ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda þremur mánuðum eftir gildistöku hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 77. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Útgefandi sem ekki er með neina hlutabréfagerninga (e. *equity instruments*) í viðskiptum á viðskiptavettvangi skal teljast til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að því er varðar 13. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, ef nafnvirði skuldabréfaútgáfu hans á næstliðnu almanaksári á öllum viðskiptavettvöngum í Sambandinu fer ekki yfir 50 milljónir evra.“

2) Ákvæðum 2. mgr. 78. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi j-liður bætist við:

„j) geri þá kröfu til útgefenda sem sækja um töku hlutabréfa sinna til viðskipta á vettvangi þess í fyrsta sinn að þeir ráðstafi lágmarksfjölda af útgefnum hlutabréfum til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga í samræmi við það lágmark sem rekstraraðili markaðstorgs fjármálagerninga setur og er gefið upp sem algildi eða sem hundraðshluti af samanlögðu útgefnu hlutafé.“

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Rekstraraðili markaðstorgs fjármálagerninga getur undanþegið útgefendur sem eru ekki með neina hlutabréfagerninga í viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga frá kröfunni um að birta hálfsársreikningsskil sem um getur í g-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar. Þegar rekstraraðili markaðstorgs fjármálagerninga nýtir sér valkostinn samkvæmt fyrsta málslið þessarar undirgreinar skal lögbært yfirvald ekki krefjast þess, að því er varðar g-lið fyrstu undirgreinar, að útgefendur sem ekki eru með neina hlutabréfagerninga í viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga verði skyldugir til að birta hálfsársreikningsskil sín.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 11. október 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/207 **2021/EES/7/08**

frá 14. febrúar 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning á gæludýrafóðri frá Sádi-Arabíu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]), einkum 4. mgr. 41. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([2]) er mælt fyrir um reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna vegna innflutnings á gæludýrafóðri.

2) Kröfur vegna innflutnings til Sambandsins og umflutnings í gegnum það á gæludýrafóðri, þ.m.t. nagbein, eru settar fram í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, þ.m.t. skrá yfir þriðju lönd í línu 12 og töflu 2.

3) Lögbær yfirvöld í Konungsríkinu Sádi-Arabíu hafa veitt framkvæmdastjórninni tryggingu fyrir því að Konungsríkið Sádi-Arabía geti uppfyllt viðeigandi heilbrigðisskilyrði og fullnægjandi ábyrgðir fyrir eftirlitið sem þar er haft með framleiðslu gæludýrafóðurs sem fengið er úr alifuglum. Því þykir réttlætanlegt að bæta Sádi-Arabíu á skrána yfir þriðju lönd þaðan sem flytja má unnið gæludýrafóður úr alifuglum inn til Sambandsins og umflytja gegnum það.

4) Því ætti að breyta töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 kemur eftirfarandi:

„12	Gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein	a) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður og nagbein: efni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 35. gr. b) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: efni sem um getur í iii. lið a-liðar 35. gr.	Gæludýrafóðrið og nagbeinin skulu hafa verið framleidd í samræmi við II. kafla XIII. viðauka.	a) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB. b) Ef um er að ræða nagbein og gæludýrafóður, þó ekki hrátt: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (JP) Japan (EC) Ekvador (LK) Srí Lanka (TW) Taívan (SA) Sádi-Arabía (eingöngu unnið gæludýrafóður úr alifuglum) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður úr efnum úr fiski: þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	a) Ef um er að ræða gæludýrafóður í dósum: A-liður 3. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum: B-liður 3. kafla XV. viðauka. c) Ef um er að ræða nagbein: C-liður 3. kafla XV. viðauka. d) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: D-liður 3. kafla XV. viðauka.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/735 **2021/EES/7/09**

frá 2. júní 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar notkun kjöt- og beinamjöls sem eldsneyti í brennsluverum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]), einkum e-lið 1. mgr. 15. gr. og i. lið fyrstu undirgreinar 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([2]) er mælt fyrir um framkvæmdarráðstafanir vegna reglna um heilbrigði dýra og manna í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. kröfur varðandi notkun á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem eldsneyti í brennsluverum.

2) Kjöt- og beinamjöl er dýraprótín sem er fengið úr vinnslu á efnum í 1. eða 2. flokki. Á undanförnum áratugum hefur kjöt- og beinamjöli verið fargað sem úrgangi með brennslu eða sambrennslu í samræmi við a- eða b-lið 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Í því skyni að nota orkugjafa á sjálfbæran hátt þróaði iðnaðurinn tækni til að nota kjöt- og beinamjöl sem eldsneyti í brennslubúnað, í samræmi við e-lið 12. gr. þeirrar reglugerðar, til að nota varmann sem myndast við brennsluna.

3) Í 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um reglur varðandi samþykki fyrir brennsluverum sem nota húsdýraáburð úr alidýrum sem eldsneyti til brennslu. Nauðsynlegt er að breyta þeirri grein til að fella inn reglur varðandi notkun kjöt- og beinamjöls sem eldsneytis til brennslu.

4) Í V. kafla III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram reglur um tegundir stöðva og eldsneytis sem nota má til brennslu og sértækar kröfur sem varða tilteknar tegundir stöðva. Rétt þykir að kveða á um reglur varðandi brennsluver þar sem kjöt- og beinamjöl er notað sem eldsneyti til brennslu, þ.m.t. losunarmörk og kröfur um vöktun. Losunarmörk og kröfur um vöktun, sem gilda um brennsluver sem nota alifuglaáburð sem eldsneyti, ættu einnig að gilda um brennsluver með heildarnafnvarmaafl sem fer ekki yfir 50 MW, sem nota kjöt- og beinamjöl sem eldsneyti, til að uppfylla viðeigandi umhverfisstaðla.

5) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ([3]) þar sem kveðið er á um ítarlegan bálk reglna um samþættar mengunarvarnir og stjórnun mengunar frá iðnaðarstarfsemi. Í þeirri tilskipun er einnig mælt fyrir um reglur ætlaðar til að fyrirbyggja eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og land og að fyrirbyggja myndun úrgangs til að ná háu verndarstigi fyrir umhverfið sem heild. Stöðvar sem meðhöndla aukaafurðir úr dýrum falla undir gildissvið þeirrar tilskipunar að því tilskildu að þær geti meðhöndlað meira en 10 tonn á dag. Með tilskipuninni eru allar stöðvar, sem falla undir gildissvið hennar, skyldugar til að vera með leyfi sem skal byggjast á bestu, aðgengilegu tækni [áður: besta, fáanlega tækni]. Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni, sem eru hluti af tilvísunarskjali um bestu aðgengilegu tækni sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins birtir, eru viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 172, 3.6.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

([4]) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti tilvísunarskjalið um bestu, aðgengilegu tækni í sláturhúsum og iðnaði með aukaafurðir úr dýrum 15. apríl 2005. https://eippcb.jrc.ec.europa.eu/reference/
Það inniheldur ákvæði um brennslu kjöt- og beinamjöls.

6) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193 ([5]) voru innleidd viðmiðunarmörk fyrir losun tiltekinna mengunarefna út í andrúmsloftið frá meðalstórum brennsluverum, með heildarnafnvarmaafl sem fer ekki yfir 50 MW, sem ná yfir allar tegundir eldsneytis í föstu formi. Með reglugerð (ESB) nr. 142/2011 voru þar að auki fastsettar ítarlegar ráðstafanir og skilyrði fyrir brennslu tiltekinna aukaafurða úr dýrum í slíkum stöðvum. Á þeim tíma voru þó ekki fastsettar ráðstafanir og skilyrði fyrir notkun aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða, annarra en alifuglaáburðar, sem eldsneyti í brennsluver á búum. Þess vegna er nauðsynlegt að setja fram reglur og kröfur, þ.m.t. um sértæk viðmiðunarmörk fyrir losun, um notkun kjöt- og beinamjöls sem eldsneytis í brennsluver með heildarnafnvarmaafl sem fer ekki yfir 50 MW innan ramma löggjafarinnar um aukaafurðir úr dýrum.

7) Kröfurnar, sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ættu að vera nægilega strangar til að samrýmast losunarmörkunum fyrir annað eldsneyti í föstu formi í tilskipun (ESB) 2015/2193. Með þessari reglugerð er einnig tryggt að möguleg neikvæð áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið, sem stafa af brennslu kjöt- og beinamjöls, séu ekki meiri en þau sem leiða af brennslu úrgangs.

8) Í tilskipun 2010/75/ESB er mælt fyrir um viðmiðunarmörk fyrir losun vegna notkunar á mismunandi efnum sem eldsneyti í brennsluver með heildarnafnvarmaafl sem fer yfir 50 MW sem gilda um notkun á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, þ.m.t. kjöt- og beinamjöl, sem eldsneyti í slíkum brennsluverum.

9) Þess vegna ætti að breyta 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 og III. viðauka við hana til samræmis við það.

10) Þessi reglugerð ætti að gera lögbærum yfirvöldum kleift að veita núverandi brennsluverum umbreytingarfrest til að fara að kröfum um stýrða aukningu á hitastigi útblásturslofts, að því tilskildu að losunin skapi ekki áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða umhverfið á þessu umbreytingartímabili. Löggjöfin um aukaafurðir úr dýrum kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin beiti viðeigandi reiknireglum um viðmiðunarmörk fyrir losun, sem settar eru fram í tilskipun (ESB) 2015/2193, þegar kjöt- og beinamjöl er brennt ásamt öðru eldsneyti eða úrgangi.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 8. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 kemur eftirfarandi:

„8. Að því er varðar notkun húsdýraáburðar úr alidýrum eða kjöt- og beinamjöls sem eldsneyti til brennslu, eins og sett er fram í V. kafla III. viðauka, skulu eftirfarandi reglur gilda til viðbótar þeim sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar:

a) umsókn um samþykki, sem rekstraraðili leggur fyrir lögbært yfirvald í samræmi við d-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, verður að innihalda gögn sem lögbært yfirvald eða fagfélag, sem hefur fengið leyfi frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins, staðfestir um að brennsluverið, þar sem húsdýraáburður úr alidýrum eða kjöt- og beinamjöl er notað sem eldsneyti, uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í 3. lið B-liðar, að því er varðar húsdýraáburð, og D-lið, að því er varðar kjöt- og beinamjöl, sem og þær kröfur sem settar eru fram fyrir báðar eldsneytistegundirnar í 4. og 5. lið B-liðar í V. kafla III. viðauka við þessa reglugerð, með fyrirvara um þann möguleika lögbærra yfirvalda aðildarríkis að veita undanþágu frá fylgni við tiltekin ákvæði í samræmi við 4. lið C-liðar í V. kafla III. viðauka,

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193 frá 25. nóvember 2015 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá meðalstórum brennsluverum út í andrúmsloftið (Stjtíð ESB L 313, 28.11.2015, bls. 1).

b) málsmeðferð vegna samþykkis, sem kveðið er á um í 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal ekki lokið fyrr en lögbært yfirvald eða fagfélag, sem hefur fengið leyfi frá því yfirvaldi, hefur framkvæmt a.m.k. tvær skoðanir í röð, þar af aðra án fyrirvara, á fyrstu sex mánuðunum sem brennsluverið er starfrækt, þ.m.t. nauðsynlegar mælingar á hitastigi og losun. Eftir að niðurstöður úr þessum skoðunum hafa sýnt að farið er eftir kröfunum sem settar eru fram í 3., 4. og 5. lið B-liðar, að því er varðar húsdýraáburð, og í D-lið, að því er varðar kjöt- og beinamjöl, og, eftir atvikum, í 4. lið C-liðar eða 5-lið D-liðar í V. kafla III. viðauka við þessa reglugerð má veita fullt samþykki,

c) brennsla á kjöt- og beinamjöli í brennsluverum, sem um getur í A-, B- og C-lið í V. kafla III. viðauka við þessa reglugerð, skal ekki heimiluð.“

2. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í V. kafla III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er eftirfarandi D-lið bætt við:

„D. Brennsluver þar sem kjöt- og beinamjöl er notað sem eldsneyti til brennslu

1. Tegund stöðvar:

   Brennsluver með heildarnafnvarmaafl sem fer ekki yfir 50 MW.

2. Upphafsefni:

   Kjöt- og beinamjöl úr efnum í 1. og 2. flokki, sem á að nota sem eldsneyti til brennslu í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 3. lið, eitt og sér eða í blöndu af kjöt- og beinamjöli, bræddri fitu og húsdýraáburði.

3. Sértækar kröfur um kjöt- og beinamjöl sem er notað sem eldsneyti til brennslu:

   a) kjöt- og beinamjöl skal geymt með öruggum hætti í lokaðri geymslu í brennsluverinu og varið gegn aðgangi dýra og skal ekki sent á annan ákvörðunarstað nema með leyfi lögbærs yfirvalds ef um er að ræða bilun eða óeðlileg rekstrarskilyrði,

   b) brennsluver skal búið:

      i. sjálfvirku eða samfelldu eldsneytisstjórnunarkerfi sem flytur eldsneytið beint í brunahólfið án frekari meðhöndlunar,

      ii. aukabrennara sem verður að nota við ræsingu og stöðvun vinnslu í stöðinni í því skyni að tryggja að kröfur um hitastig, sem settar eru fram í 2. lið í 2. þætti IV. kafla, séu ávallt uppfylltar meðan þessi starfsemi fer fram og svo lengi sem óbrunnið efni er í brunahólfinu.

4. Aðferðir:

   Brennsluver, þar sem kjöt- og beinamjöl úr efnum í 1. eða 2. flokki er notað sem eldsneyti, skulu uppfylla almennu kröfurnar sem settar eru fram í IV. kafla og sértæku kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. lið B-liðar í þessum kafla.

5. Undanþága og umbreytingartímabil:

   Þrátt fyrir ii. lið b-liðar í 3. lið er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis, sem ber ábyrgð á umhverfismálefnum, heimilt að veita brennsluverum, sem eru starfandi 3. júní 2020, viðbótartímabil sem nemur að hámarki 4 árum til að fara að ákvæðum annarrar undirgreinar 2. liðar í 2. þætti IV. kafla.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/757 **2021/EES/7/10**

frá 8. júní 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar rekjanleika tiltekinna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]), einkum d-lið 6. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([2]) er mælt fyrir um framkvæmdarreglur fyrir reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. kröfur varðandi rekjanleika aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða.

2) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eru afleiddar afurðir áfram flokkaðar í sama flokk og þær aukaafurðir úr dýrum sem þær eru úr. Við tiltekin skilyrði geta þó fisklýsi og fiskimjöl innihaldið tilteknar efnaleifar í meira magni en fiskur eða lagarafurðir, sem eru hæfar til manneldis, sem þau eru fengin úr og þurfa þess vegna afeitrunarmeðferð áður en þau eru notuð í fóður fyrir dýr.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/786 ([3]) eru skilgreindar viðmiðanir við að samþykkja afeitrunarmeðferðir sem notaðar eru á afurðir sem eru ætlaðar sem fóður. Kröfur og viðmiðanir við að samþykkja afeitrunarmeðferðir fyrir fisklýsi og fiskimjöl úr efnum í 3. flokki, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2015/786, ættu að tryggja að afeitruð fisklýsi og fiskimjöl úr efnum í 3. flokki í fóðri stofni ekki heilbrigði dýra og manna og umhverfinu í hættu og að eiginleikar fóðursins breytist ekki á neikvæðan hátt við afeitrunarmeðferðina. Þess vegna er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa afeitrunarmeðferð innan yfirráðasvæðis síns aðildarríkis meðan það eru engar samræmdar reglur um sendingu þessara efna til afeitrunar í öðru aðildarríki.

4) Til þess að heimila afeitrun tiltekins fisklýsis og fiskimjöls, sem eru ætluð til að fóðra alidýr, ætti að fastsetja kröfur um sendingu fisklýsis og fiskimjöls, sem innihalda of mikið magn af efnaleifum, til afeitrunar í öðru aðildarríki í stöðvum sem eru samþykktar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 ([4]). Þess vegna ættu aðildarríki að heimila, ef nauðsyn krefur í kjölfar áhættumats, flutning á fisklýsi og fiskimjöli sem eru ætluð til framleiðslu á fóðurefnum og innihalda of mikið magn af díoxínum og/eða fjölklóruðum bífenýlum (PCB), í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB ([5]), frá öðrum aðildarríkjum til stöðva sem eru skráðar eða samþykktar til afeitrunar á yfirráðasvæði þeirra.

5) Fisklýsi og fiskimjöl úr efnum í 3. flokki, sem þegar hafa verið sett á markað og greinst jákvæð m.t.t. of mikils magns af díoxínum og/eða fjölklóruðum bífenýlum (PCB) við opinbert eftirlit, ættu þó ekki að falla undir afeitrunina sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 179, 9.6.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/786 frá 19. maí 2015 um skilgreiningu viðmiðana við að samþykkja afeitrunarmeðferðir sem notaðar eru á afurðir sem eru ætlaðar sem fóður eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB (Stjtíð. ESB L 125, 21.5.2015, bls. 10).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður (Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri – yfirlýsing ráðsins (Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10).

6) Breyta ætti 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 og VIII. viðauka við hana til samræmis við kröfur sem varða sendingu afleiddra afurða sem eru ætlaðar til afeitrunar í öðru aðildarríki.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í 21. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„3. Flutningur á fisklýsi og fiskimjöli úr efnum í 3. flokki til framleiðslu á fóðri, öðrum en þeim sem eru flutt inn frá þriðja landi, frá vinnslustöð sem er samþykkt til framleiðslu á fisklýsi og fiskimjöli til fóðurstöðvar sem er skráð eða samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og samþykkt í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005, í öðru aðildarríki til afeitrunar í samræmi við meðferðirnar sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/786 (*) skal fara fram í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í VII. kafla VIII. viðauka.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/786 frá 19. maí 2015 um skilgreiningu viðmiðana við að samþykkja afeitrunarmeðferðir sem notaðar eru á afurðir sem eru ætlaðar sem fóður eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB (Stjtíð. ESB L 125, 21.5.2015, bls. 10).“

2) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi er bætt við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

„VII. kafli

FLUTNINGUR Á FISKLÝSI OG FISKIMJÖLI, SEM ERU ÆTLUÐ TIL FRAMLEIÐSLU Á FÓÐUREFNI, TIL AFEITRUNARSTÖÐVAR

1. Rekstraraðilar sem ætla sér að flytja fisklýsi og fiskimjöl úr efnum í 3. flokki, sem eru ætluð til framleiðslu á fóðri, frá vinnslustöð sem er samþykkt til framleiðslu á fisklýsi og fiskimjöli til fóðurstöðvar, sem er skráð eða samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og samþykkt í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005, í öðru aðildarríki til afeitrunar í samræmi við meðferðirnar sem um getur í reglugerð (ESB) 2015/786 skulu sækja um samþykki fyrir sendingunni hjá lögbæru yfirvaldi á viðtökustaðnum.

   Umsóknin skal vera á stöðluðu sniði fyrir umsóknir og leyfi sem sett er fram í 10. þætti III. kafla XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011

2. Lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins, sem um getur í 1. lið, skal upplýsa rekstraraðilann um ákvörðun sína varðandi sendinguna með því að endursenda umsóknina, sem um getur í öðrum undirlið 1. liðar, útfyllta til samræmis við það.

3. Lögbært yfirvald upprunaaðildarríkisins skal, í gegnum Traces-kerfið í samræmi við ákvörðun 2004/292/EB, tilkynna lögbæru yfirvaldi viðtökuaðildarríkisins um afgreiðslu hverrar sendingar.

4. Ákvæði 1. til 3. liðar í þessum kafla skulu ekki gilda um fisklýsi og fiskimjöl úr efnum í 3. flokki, sem eru sett á markað til framleiðslu á fóðri, sem of mikið magn af díoxínum og/eða fjölklóruðum bífenýlum (PCB) greindist í við opinbert eftirlit.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/762 **2021/EES/7/11**

frá 9. júní 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar örverufræðilega staðla fyrir hrátt gæludýrafóður, kröfur varðandi samþykkt fyrirtæki, tæknilegar vinnslubreytur sem gilda um staðgönguaðferðina Brookes-gösun og vatnsrof bræddrar fitu og útflutning á unnum húsdýraáburði og tilteknum tegundum blóðs, blóðafurða og millistigsafurða (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]), einkum 7. gr. (2. mgr.), 20. gr. (11. mgr.), 21. gr. (d-liður 6. mgr.), 27. gr. (b- og c-liður), 31. gr. (2. mgr.), 40. gr. (b-, d- og e-liður), 41. gr. (önnur undirgrein 1. mgr. og fyrsta undirgrein 3. mgr.), 42. gr. (a-, b- og c-liður 2. mgr.) og 43. gr. (fyrsta undirgrein 3. mgr),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([2]) er mælt fyrir um reglur um heilbrigði manna og dýra sem varða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir í því skyni að koma í veg fyrir og draga sem mest úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða. Þessar reglur ná einnig yfir örverufræðilega staðla fyrir hrátt gæludýrafóður, kröfur varðandi tiltekin samþykkt fyrirtæki, skilyrði fyrir innflutningi á hornum og hornafurðum, hófum og klaufum og afurðum úr hófum og klaufum og reglur um útflutning á unnum húsdýraáburði, tilteknum tegundum blóðs, blóðafurða og millistigsafurða.

2) Í samræmi við 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er stöðvum, sem eru samþykktar eða skráðar í samræmi við 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([3]) eða í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 ([4]), heimilt, við tiltekin skilyrði, að meðhöndla, vinna eða geyma aukaafurðir úr dýrum sem eru framleiddar á staðnum. Því þykir rétt að samþykkt sláturhús megi beita tilteknum efnafræðilegum aðferðum, öðrum en þeim sem eru tilgreindar sem staðlaðar vinnsluaðferðir eða aðrar vinnsluaðferðir, til að varðveita tiltekin efni í 3. flokki, sem eru framleidd á staðnum, til að fá fram vökvarúmmál sem er auðveldara að geyma og flytja.

3) Efnafræðileg vinnsla til að auka geymsluþol, önnur en sú sem er leyfð sem önnur vinnsluaðferð, er ekki ferli þar sem hráefni verða að afleiddum afurðum. Í þágu réttarvissu er nauðsynlegt að kveða á um reglur um geymslu, flutning og síðari förgun eða notkun þessara efna. Því ætti að breyta 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 og IX. viðauka við hana til samræmis við það.

4) Í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um skilgreiningu á ræktunarefni. Ræktunarefni er víða notað við framleiðslu á ætisveppum. Í skilgreiningu á ræktunarefni ætti að taka á notkun ræktunarefnis við sveppaframleiðslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 182, 10.6.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

5) Í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 ætti að innleiða skilgreiningu á „viðmiðun um hollustuhætti í framleiðsluferlinu“ til að koma í staðinn fyrir núverandi framleiðslustaðal í 6. lið í II. kafla XIII. viðauka við hana sem byggist á ákvörðun á iðrabakteríum ásamt gildum fyrir tiltekinn fjölda sýna og mörkum fyrir iðrabakteríur sem viðmiðun til að tilgreina ásættanlega virkni framleiðsluferlisins.

6) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

7) Í ljósi nýrrar vísinda- og tækniþekkingar ætti að laga hitamæliþættina fyrir Brookes-gösun að núverandi stöðlum fyrir brennslu aukaafurða úr dýrum. Því ætti að breyta IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

8) Í II. kafla VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram kröfur er varða auðkenningu á aukaafurðum úr dýrum, þ.m.t. merkingar. Merkja ætti hrátt gæludýrafóður til samræmis við það til að koma í veg fyrir mengun matvæla eða sýkingar í mönnum.

9) Því ætti að breyta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

10) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 ([5]) voru innleiddar viðmiðanir um hollustuhætti í framleiðsluferlinu til að tryggja öryggi matvæla á grundvelli vísindalegs áhættumats. Með því að fylgja sömu meginreglum er hægt að viðhalda því að hrátt gæludýrafóður sé öruggt ef ákvæðin um fylgni við viðmiðanir um hollustuhætti í framleiðsluferlinu, sem komið var á fyrir unnar kjötvörur, þ.e. óunnið kjöt til manneldis, sem mælt er fyrir um í lið 2.1.8 í 2. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005, koma í staðinn fyrir núverandi örverufræðilega staðla fyrir iðrabakteríur í vörunni. Því ætti að breyta II. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

11) Til að efla vísindi ætti að veita undanþágu fyrir tiltekna muni í náttúrufræðisöfnum. Breyta ætti kröfunum um veiðiminjagripi og annað sem er búið til úr dýrum, eins og sett er fram í VI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, til samræmis við það.

12) Í XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram sértækar kröfur sem varða fituafleiður. Það ætti að skýra nánar að í vinnslunni ætti að ná a.m.k. því hitastigi sem þar er gerð krafa um. Því ætti að breyta XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

13) Kröfur sem varða innflutning á tilteknum afurðum úr beinum, hornum og hófum og klaufum, sem settar eru fram í d-lið 2. liðar í 7. lið II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, er hægt að skilja þannig að það séu stigvaxandi kröfur. Endurskoða ætti d-lið í 2. lið til að skýra nánar að þessar kröfur gilda á víxl.

14) Í V. kafla XIV. viðauka eru settar fram reglur um útflutning á unnum húsdýraáburði. Í kjölfar endurskoðunar á kröfunum um útflutning á lífrænum áburði og jarðvegsbætum úr efnum í 3. flokki, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([6]), er nauðsynlegt að laga reglur um útflutning á unnum húsdýraáburði að áðurnefndu nýju kröfunum.

15) Í 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um að einungis sé heimilt að leyfa útflutning á tilteknum efnum í 1. og 2. flokki samkvæmt samræmdum reglum. Í XII. viðauka sem og í 2. og 3. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um við hvaða skilyrði sé heimilt að flytja inn tilteknar tegundir blóðs, blóðafurða og millistigsafurða til að framleiða fullunnin lyf eða til að þær falli undir tiltekið framleiðsluþrep í lyfjaframleiðsluferlinu. Útflutningur á blóði, blóðafurðum og millistigsafurðum, sem eru í samræmi við kröfurnar um innflutning eða setningu á markað, ætti því að vera leyfður og reglur um útflutning fastsettar í V. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

16) Því ætti að breyta V. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar (Stjtíð. EB L 147. 31.5.2001 bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við í b-lið:

„xi. fasa umbreytingarferla fyrir efni í 3. flokki, s.s.:

— hitahleyping blóðs,

— skiljun blóðs,

— afmörkun eins og sett er fram í V. kafla IX. viðauka,

— vatnsrof á hófum og klaufum, svínsburstum, fjöðrum og hárum

sem ætlunin er að vinna með vinnsluaðferðum sem settar eru fram í þessari reglugerð.“

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) V. kafla þegar um er að ræða geymslu á búinu á aukaafurðum úr dýrum, eins og um getur í h- eða i-lið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar, að því tilskildu að óunnum aukaafurðum úr dýrum sé síðan fargað eins og um getur í 4. gr. þeirrar reglugerðar.“

c) Eftirfarandi lið er bætt við:

„e) Ef starfsemin, sem um getur í i. til vii. lið og xi. lið í b-lið, fer fram hjá samþykktu fyrirtæki eða stöð, sem um getur í 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem framleiðir þessi efni er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa starfsemina án skráningar í samræmi við 23. gr. eða viðurkenningar í samræmi við h-lið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar að því tilskildu að aukaafurðirnar úr dýrum séu geymdar, fluttar og þeim fargað eða þær notaðar eins og óunnar aukaafurðir úr dýrum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009.“

2) Ákvæðum I., IV., VIII., IX., XIII. og XIV. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., IV., VIII., IX., XIII. og XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 59. liðar í I. viðauka kemur eftirfarandi og 60. lið er bætt við:

„59. „**ræktunarefni**“: efni, þ.m.t. pottamold, annað en jarðvegur á staðnum, sem plöntur eða sveppir eru ræktaðir í og er notað óháð jarðvegi á staðnum,

60. „**viðmiðun um hollustuhætti í framleiðsluferlinu**“: viðmiðun sem tilgreinir viðunandi fyrirkomulag framleiðsluferlisins. Slík viðmiðun gildir ekki um afurðir sem settar eru á markað. Þar eru sett fram leiðbeinandi gildi fyrir mengun og ef farið er yfir þau er gerð krafa um aðgerðir til úrbóta til að halda hollustuháttum við vinnsluna í samræmi við almennar kröfur um öryggi fóðurs.“

2) Í stað d-liðar í lið E.2 í 2. þætti IV. kafla IV. viðauka kemur eftirfarandi:

„d) Í hverri vinnslueiningu skulu vera tveir brennarar og tvær aukaviftur til vara ef bilun verður í brennara eða viftum. Aukahólfið verður að vera hannað til að veita a.m.k. tveggja sekúndna dvalartíma við a.m.k. 850 °C við öll brennsluskilyrði.“

3) Ákvæðum b-liðar í 2. lið II. kafla VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

i. Í stað vii. liðar kemur eftirfarandi:

„vii. ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: „Notist eingöngu sem gæludýrafóður. Geymist aðskilið frá matvælum. Þvoið hendur og hreinsið verkfæri, áhöld og yfirborð eftir að hafa meðhöndlað þessa afurð“.

ii. Nýjum lið (xxi) er bætt við sem hér segir:

„xxi. ef um er að ræða efni til afeitrunar sem um getur í VII. kafla VIII. viðauka: „efni sem er ætlað til afeitrunar. Óhæft til setningar á markað“.

4) Í II. kafla IX. viðauka er j-lið skipt út og nýjum k-lið bætt við sem hér segir:

„j) sigtun,

k) fasa umbreytingarferla fyrir efni í 3. flokki, s.s. hitahleyping blóðs, skiljun blóðs, afmörkun eins og sett er fram í V. kafla IX. viðauka, vatnsrof á hófum og klaufum, svínsburstum, fjöðrum og hárum sem ætlunin er að vinna með vinnsluaðferðum sem settar eru fram í þessari reglugerð.“

5) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. liðar II. kafla kemur eftirfarandi:

„6. Slembisýni skulu tekin úr hráu gæludýrafóðri á meðan á framleiðslu og/eða geymslu stendur (fyrir afgreiðslu) til að sannprófa að eftirfarandi staðlar séu uppfylltir:

Salmonella: finnst ekki í 25 g, n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

Ferli við framleiðslu á hráu gæludýrafóðri skal uppfylla eftirfarandi viðmiðun um hollustuhætti:

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 500 í 1 g, M = 5 000 í 1 g

Þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar skulu teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar skulu teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu sýni eða fleirum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið skal engu að síður teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

Rekstraraðilar skulu gera ráðstafanir, sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum um greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS), til að tryggja að afhending, meðhöndlun og vinnsla á hráefnum og hráu gæludýrafóðri undir þeirra stjórn fari þannig fram að framangreindum öryggisstöðlum og viðmiðun um hollustuhætti í framleiðsluferlinu sé fylgt. Ef öryggisstöðlum og viðmiðun um hollustuhætti í framleiðsluferlinu er ekki fylgt skal rekstraraðilinn gera aðgerðir til úrbóta, í réttu hlutfalli við brotið, í samræmi við skriflegu málsmeðferðina sem um getur í inngangsmálslið 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og verklagsreglur sem byggjast á meginreglum GáHMSS-kerfisins eins og sett er fram í e- og f-lið 2. mgr. 29. gr. þeirrar reglugerðar.

Tilkynna skal lögbæru yfirvaldi um tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og, ef það liggur fyrir, um orsök þess, aðgerðir sem gerðar eru til úrbóta og niðurstöður eftirlitsráðstafana. Ef lögbært yfirvald telur ekki sýnt að nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta hafi verið gerðar getur yfirvaldið lagt aukaaðgerðir á rekstraraðilann, þ.m.t. merkingar fyrir meðhöndlun, og getur krafist þess að rekstraraðilinn taki frekari sýni til örverufræðilegrar rannsóknar.“

b) Í stað e-liðar í lið C.1 í VI. kafla kemur eftirfarandi:

„e) um sé að ræða muni í náttúrufræðisöfnum eða til eflingar vísinda sem er(u):

i. varðveittir í lausn, s.s. vínanda eða formaldehýði, sem gera það að verkum að hægt er að sýna þá,

ii. komið fullkomlega fyrir í örskyggnum eða

iii. samsettir úr heilum beinagrindum eða hlutum þeirra, beinum eða tönnum, eingöngu til þess að söfn og menntastofnanir skiptist á um þá“.

c) Í stað a-liðar í 1. lið XI. kafla kemur eftirfarandi:

„a) transestrun eða vatnsrof við hitastig sem nemur a.m.k. 200 °C, við samsvarandi, viðeigandi þrýsting í a.m.k. 20 mínútur (glýseról, fitusýrur og esterar)“.

6) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar í 2. lið 7. þáttar II. kafla kemur eftirfarandi:

„d) staðfesting á að ekki sé á neinu stigi fyrirhugað að taka afurðina til hliðar til notkunar í framleiðslu á matvælum, fóðurefni, lífrænum áburði eða jarðvegsbætum og

i. hafi komið af heilbrigðum dýrum sem var slátrað í sláturhúsi og

ii. hafi annaðhvort verið þurrkuð í 42 daga við meðalhita sem er a.m.k. 20 °C og/eða

iii. hafi verið hituð í eina klukkustund þannig að kjarnahitinn nái a.m.k. 80 °C og/eða

iv. hafi verið brennd til ösku í eina klukkustund þannig að kjarnahitinn nái a.m.k. 800 °C og/eða

v. hafi farið í gegnum sýrandi ferli þannig að pH-gildi í kjarna hafi haldist undir pH-gildinu 6 í a.m.k. eina klukkustund.“

b) Í stað i. liðar í a-lið 9. þáttar II. kafla kemur eftirfarandi:

„i. aukaafurðum úr dýrum, sem um getur í 8., 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ef um er að ræða efni sem eru ætluð til framleiðslu á lífdísilolíu, líffituefnum eða til að framleiða endurnýjanlegt eldsneyti, sem hafa fengið meðhöndlunina sem um getur í L-lið í 2. þætti IV. kafla IV. viðauka“.

c) Í stað töflunnar í V. kafla kemur eftirfarandi:

	„Afleiddar afurðir	Reglur um útflutning
1	— Unninn húsdýraáburður — Lífrænn áburður, molta eða meltunarleifar frá ummyndun lífgass sem innihalda engar aðrar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir en unninn húsdýraáburð — Unnið dýraprótín sem inniheldur unninn húsdýraáburð sem efnisblöndunarþátt	Eftirtaldar afleiddar afurðir verða a.m.k. að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-, b-, d- og e-lið í 2. þætti I. kafla í XI. viðauka: — Unninn húsdýraáburður — Lífrænn áburður, molta eða meltunarleifar frá ummyndun lífgass sem innihalda engar aðrar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir en unninn húsdýraáburð — Unninn húsdýraáburður sem efnisblöndunarþáttur í unnu dýraprótíni
2	Blóðafurðir og millistigsafurðir	Blóð, blóðafurðir og millistigsafurðir, sem eru framleidd í ESB eða flutt inn í ESB í samræmi við heilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í XII. viðauka eða í 2. og 3. þætti II. kafla þessa viðauka til notkunar utan fóðurferlis alidýra, að því tilskildu að þau séu í samræmi við innflutningskröfur í þriðja landinu sem er viðtökuland.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/797 **2021/EES/7/12**

frá 17. júní 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar kröfur vegna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]), einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 41. gr. og a-lið 2. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([2]) er mælt fyrir um ráðstafanir til að koma reglunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, í framkvæmd, þ.m.t. reglur um heilbrigði dýra og manna sem varða innflutning eða umflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem eru fluttar inn í Sambandið eða umfluttar um það, í því skyni að koma í veg fyrir og draga sem mest úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða.

2) Í 15. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB ([3]) er mælt fyrir um reglur sem varða heilbrigðiseftirlit með dýraafurðum sem á að inna af hendi í þeim tilgangi að heimila endurinnflutning sendinga af afurðum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([4]) fellir úr gildi og kemur í staðinn fyrir tilskipun 97/78/EB frá og með 14. desember 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 18.6.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

3) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2074 ([5]) eru settar reglur um framkvæmd sértæks opinbers eftirlits með sendingum af dýrum og vörum, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, þ.m.t. aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir.

4) Í samræmi við 41. og 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 ætti að fastsetja kröfur varðandi heilbrigði dýra og manna vegna komu aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, inn í Sambandið.

5) Þar eð kröfur varðandi heilbrigði dýra og manna, sem eiga við um endurkomu sendinga af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem synjað hefur verið um komu, eru ekki fyrir hendi falla þessar sendingar undir almennar innflutningsreglur, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, og vörusértækar kröfur varðandi innflutning, sem settar eru fram í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, sem gætu komið í veg fyrir að tilteknar sendingar, sem eru upprunnar í ESB, fari aftur til Sambandsins eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, t.d. vegna þess að vörusértækt viðskiptaskjal eða heilbrigðisvottorð, sem krafist er vegna komu, er ekki fyrir hendi.

6) Þó er sú áhætta sem heilbrigði dýra og manna stafar af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem eru upprunnar í Sambandinu, öðruvísi en sú áhætta sem stafar af þessum vörum sem eru upprunnar í þriðju löndum. Þess vegna þarf viðskiptaskjal, heilbrigðisvottorð eða, eftir því sem við á, yfirlýsing, sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er sem stendur mælt fyrir um skv. d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ekki að fylgja með sendingu af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, eins og krafist er varðandi sendingar sem eru upprunnar í þriðju löndum.

7) Fyrrnefnd sending ætti að fá heimild til komu inn í Sambandið og til sendingar til hvaða fyrirtækis eða stöðvar sem er sem er samþykkt í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 fyrir þann flokk og tegund aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða að því tilskildu að lögbært yfirvald á viðtökustaðnum í Sambandinu hafi samþykkt að taka við sendingunni.

8) Tilteknar sendingar af aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem eru ætlaðar til útflutnings til þriðja lands, kunna að falla undir eftirlit annars lögbærs yfirvalds í Sambandinu en þess lögbæra yfirvalds sem ber ábyrgð á aukaafurðunum úr dýrum eða afleiddu afurðunum. Ef skipt hefur verið um upprunalegt innsigli við þetta eftirlit ætti að tilgreina númerið á nýja innsiglinu í meðfylgjandi skjölum.

9) Til að tryggja viðeigandi áhættustjórnun m.t.t. heilbrigðis dýra og manna og réttarvissu er því nauðsynlegt að kveða á um skilyrði fyrir því þegar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru upprunnar í Sambandinu, fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning.

10) Til að tryggja rekjanleika sendinga af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem koma aftur ætti að vakta flutning þeirra frá landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð í Sambandinu, til fyrirtækisins sem er ákvörðunarstaður þeirra í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 ([6]).

11) Því ætti að breyta XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

12) Þar eð framseld reglugerð (ESB) 2019/2074 gildir frá og með 14. desember 2019 ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2074 frá 23. september 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt opinbert eftirlit með sendingum af tilteknum dýrum og vörum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (Stjtíð. ESB L 316, 6.12.2019, bls. 6).

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu (Stjtíð. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í 3. mgr. 25. gr. er eftirfarandi lið bætt við:

„c) sértæku kröfunum um aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, sem settar eru fram í VI. kafla í þeim viðauka.“

2) Í 26. gr. er eftirfarandi lið bætt við:

„e) efni sem eru upprunnin í aðildarríki og fara aftur til sama aðildarríkis eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning skulu uppfylla sértæku kröfurnar sem settar eru fram í VI. kafla XIV. viðauka.“

3) Í 31. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Þrátt fyrir fyrstu málsgrein skulu aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, uppfylla sértæku kröfurnar sem settar eru fram í VI. kafla XIV. viðauka.“

4) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er eftirfarandi VI. kafla bætt við:

„VI. KAFLI

KRÖFUR VEGNA KOMU SENDINGA AF AUKAAFURÐUM ÚR DÝRUM OG AFLEIDDUM AFURÐUM SEM ERU UPPRUNNAR Í SAMBANDINU OG FARA ÞANGAÐ AFTUR EFTIR AÐ ÞRIÐJA LAND HEFUR SYNJAÐ UM INNFLUTNING

1. þáttur

Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru ekki í umbúðum eða eru í lausri vigt, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land, annaðhvort allt yfirráðasvæðið eða hluti þess, sem er ekki tilgreint í XIV. viðauka hefur synjað um innflutning

1. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð skal einungis heimila komu sendinga inn í Sambandið af aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem eru ekki í umbúðum eða eru í lausri vigt, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land, annaðhvort allt yfirráðasvæðið eða hluti þess, sem er ekki tilgreint í XIV. viðauka hefur synjað um innflutning á þessari tegund afurðar ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   a) sendingunni fylgir opinbert vottorð eða skjal, annaðhvort frumrit eða staðfest afrit eða rafrænt jafngildi slíks vottorðs eða skjal, sem er búið til með því að nota upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit ([1]), sem lögbært yfirvald í útflutningsaðildarríkinu gefur út,

   b) sendingunni fylgir yfirlýsing frá lögbæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríkinu þar sem yfirvaldið samþykkir að taka við sendingunni og tilgreinir viðtökustaðinn,

   c) sendingin uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði:

      i. ef getið var um það í upprunalega vottorðinu, sem um getur í a-lið 1. liðar, eða í öðru opinberu skjali, sem yfirvald í Sambandinu gaf út, að innsigli hafi verið sett á fyrir brottför frá Sambandinu er hún ennþá innsigluð með ósköddduðu upprunalegu innsigli,

      ii. henni fylgir opinber yfirlýsing lögbærs yfirvalds eða annars opinbers yfirvalds í þriðja landinu sem synjaði um komu sendingarinnar þar sem ástæðurnar fyrir synjuninni eru tilgreindar.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. liðar, ef sendingin var flutt út án meðfylgjandi opinbers vottorðs eða skjals, skal staðfesta uppruna sendingarinnar á annan hátt á grundvelli skriflegra sönnunargagna sem rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, leggur fram.

3. Flutningur sendinga af afurðum, sem um getur í 1. lið, frá landamæraeftirlitsstöðinni til viðtökustaðarins skal vaktaður í samræmi við 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666.

2. þáttur

Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru ekki í umbúðum eða eru í lausri vigt, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land, annaðhvort allt yfirráðasvæðið eða hluti þess, sem er tilgreint í XIV. viðauka hefur synjað um innflutning

1. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð skal einungis heimila komu sendinga inn í Sambandið af aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem eru ekki í umbúðum eða eru í lausri vigt, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land, annaðhvort allt yfirráðasvæðið eða hluti þess, sem er tilgreint í XIV. viðauka hefur synjað um innflutning á þessari tegund afurða ef kröfurnar, sem settar eru fram í a- og b-lið og ii. lið c-liðar 1. liðar, 2. lið og 3. lið 1. þáttar, eru uppfylltar.

2. Ef afurðirnar, sem um getur í 1. lið, hafa verið affermdar, geymdar eða endurfermdar eða ef upprunalega innsiglinu hefur verið skipt út í eða við komu til þriðja landsins eða hluta af yfirráðasvæði þess, sem er tilgreint í XIV. viðauka, skal opinber yfirlýsing lögbærs yfirvalds eða annars opinbers yfirvalds viðkomandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis fylgja sendingunni:

   a) þar sem staður og dagsetning affermingar, geymslu og endurfermingar eru tilgreind svo og númer innsiglis sem er sett á gáminn eftir endurfermingu,

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsinga-stjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtíð. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

b) þar sem staðfest er að:

i. innsiglið á ökutækinu eða gámnum með sendingunni var einungis rofið vegna opinbers eftirlits,

ii. afurðirnar voru einungis meðhöndlaðar eftir því sem þurfa þykir og einkum

— við viðeigandi hitastig sem krafist er fyrir viðkomandi tegundir aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða og

— á þann hátt að komið sé í veg fyrir víxlmengun afurðanna meðan eftirlitið stendur yfir,

iii. ökutækið eða gámurinn var endurinnsiglaður um leið og opinberu eftirliti lauk

c) þar sem ástæðurnar fyrir affermingu og geymslu eru tilgreindar.

3. þáttur

Innpakkaðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning

1. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð skal einungis heimila komu sendinga inn í Sambandið af innpökkuðum aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, ef kröfurnar, sem settar eru fram í 1. þætti, eru uppfylltar og aðskildar pakkningar með afurðum eru óskaddaðar miðað við ástand þeirra fyrir útflutning.

2. Ef afurðirnar, sem um getur í 1. lið, voru affermdar í þriðja landi fylgir sendingunni opinber yfirlýsing lögbærs yfirvalds eða annars opinbers yfirvalds í þriðja landinu þar sem staðfest er að afurðirnar:

a) hafi ekki verið meðhöndlaðar á annan hátt en með affermingu, geymslu og endurfermingu,

b) voru meðhöndlaðar við það hitastig sem krafist er fyrir viðkomandi tegundir aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/376 **2021/EES/7/13**

frá 5. mars 2020

um leyfi fyrir norbixíni (annattó F) sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Norbixín (annattó F) var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“, fyrir hunda og ketti undir fyrirsögninni „litunarefni sem leyfð hafa verið til litunar matvæla samkvæmt reglum Bandalagsins önnur en patentblátt V, súrskærgrænt BS og kantaxantín“. Litgjafinn var ekki sérstaklega leyfður en færður í þessa almennu færslu. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á norbixíni (annattó F) sem fóðuraukefni fyrir hunda og ketti. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „litgjafar“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 22. mars 2017 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi norbixín (annattó F) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að efnið sé sterk basísk lausn sem gerir það ætandi og þar með hættulegt fyrir notandann. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 ([4]) var í I. áfanga mats á umhverfisáhættu ákveðið að norbixín (annattó F), sem aukefni sem er ætlað fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, sé undanþegið frekara mati vegna þess að ólíklegt er að umhverfið verði fyrir verulegum áhrifum, þar eð Matvælaöryggisstofnunin hefur í framangreindu áliti sínu ekki tilgreint nein vísindaleg gögn sem gefa tilefni til áhyggna. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að viðkomandi aukefni sé áhrifaríkur litgjafi fyrir fóður. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram. Í skýrslu tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni kom fram að umsækjandinn hafði ekki lagt fram nein tilraunagögn um magnákvörðun á norbixíni (annattó F) í fóðri. Farið var þess á leit við umsækjandann að hann legði fram slík gögn og var aðferðin fullgilt og færð inn í viðbót við skýrslu tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 69, 6.3.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(4), 4764.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

5) Mat á norbixíni (annattó F) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. september 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. mars 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem innihalda efnið sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. mars 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. mars 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Litgjafar. i. efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit								
2a160b	Norbixín (annattó F)	**Samsetning aukefnis:** Efnablanda í fljótandi formi með annattó F sem inniheldur 2,3–2,7% norbixínkalíumsalt **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** Norbixín unnið með basa með útfellingu í sýru (annattó F) er lýst sem kalíumsalti norbixíns (díkalíum 6,6'-díapó-psí, psí-karótendíóat), Það er afleiða karótenóíðs, framleidd með því að fjarlægja hýði fræs annattótrésins (*Bixa orellana* L.) og með frekari efnavinnslu. Fast form Efnaformúla: C24H26K2O4 CAS-númer 33261-80-2 **Greiningaraðferð** (1) Til að magnákvarða norbixínkalíum í fóðuraukefninu: — Litrófsmæling við 482 nm (sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar um aukefni í matvælum, lýsing fyrir annattóútdrætti (norbixín unnið með basa með útfellingu í sýru) Til að magnákvarða norbixínkalíum í fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með díóðufjölnema (RP-HPLC-DAD)	Kettir Hundar	-	-	13 16	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn- og húðvörn.	26.3.2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/377 **2021/EES/7/14**

frá 5. mars 2020

um leyfi fyrir natríumselenati sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir natríumselenati sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr.

3) Umsækjandinn óskaði eftir að natríumselenat yrði sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 3. júlí 2019 ([2]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi natríumselenat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist húð- og augnertandi og húð- og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkur gjafi selens fyrir jórturdýr. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslurnar um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á natríumselenati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 69, 6.3.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(7), 5788.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Selen í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b803		Natríumselenat	*Lýsing á eiginleikum aukefnisins* Natríumselenat, sem duft, með a.m.k. 41% seleninnihaldi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Dínatríumselenat Efnaformúla: Na_2SeO_4 CAS-númer 13410-01-0 *Greiningaraðferð* (1) Til að magnákvarða heildarinnihald selens í fóðuraukefninu: — Títrun Til að magnákvarða heildarinnihald natríums í natríumselenati: — Frumeindagleypnimæling (AAS) – EN ISO 6869:2000 eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) – EN 15510:2007 Til að magnákvarða heildarinnihald selens í forblöndum, fóðurefnum og fóður-blöndum: — Hýdríðfrumeindagleypnimæling (HGAAS) eftir örbylgjusundrun – EN 16159:2012	Jórturdýr	—		0,50 (samtals)	1. Setja má natríumselenat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni.	26. mars 2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/378 **2021/EES/7/15**

frá 5. mars 2020

um leyfi fyrir L-levsíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-levsíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02351, sem næringarfóðuraukefni til notkunar í fóður og drykkjarvatn og sem skynrænt fóðuraukefni til notkunar í fóður fyrir allar dýrategundir. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-levsíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02351 í aukefnaflokknum „næringaraukefni“ (virkur hópur „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“) og í aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ (virkur hópur „bragðefni“), sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. apríl 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-levsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02351, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Hún tók einnig fram að L-levsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02351, gæti skapað áhættu við innöndun fyrir notendur aukefnisins. Því ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að það sé áhrifaríkur gjafi amínósýrunnar L-levsíns fyrir allar dýrategundir. Til þess að viðbætt L-levsín hafi full áhrif í jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin lét í fyrri yfirlýsingu í ljós áhyggjur vegna hugsanlegs næringarójafnvægis varðandi amínósýrur þegar þær eru gefnar með drykkjarvatni. Matvælaöryggisstofnunin lagði þó ekki til hámarksinnihald fyrir L-levsín. Því þykir rétt að tilgreina á merkimiða aukefnisins og forblandna sem innihalda það aðvörun um að taka tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum, einkum ef L-levsíni er bætt við sem amínósýru með því að setja það í drykkjarvatn.

6) Að því er varðar notkun L-levsíns sem bragðefnis tekur Matvælaöryggisstofnunin fram að ekki sé þörf á því að sýna frekar fram á verkun efnisins þegar það er notað í ráðlagðri skammtastærð. Notkun L-levsíns sem bragðefnis í drykkjarvatn er ekki leyfð. Í ráðlögðum skammti er ólíklegt að L-levsín sem bragðefni skapi áhyggjuefni varðandi fæðutengda viðbót af öllum nauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum.

7) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslur um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 69, 6.3.2020, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5689.

8) Mat á L-levsíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Sú staðreynd að notkun L-levsíns er ekki leyfð í drykkjarvatn sem bragðefni kemur ekki í veg fyrir notkun þess í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

L-levsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02351, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæður“ og aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c382	-	L-levsín	**Samsetning aukefnis:** Duft með a.m.k. 98% L-levsíninnihaldi (miðað við þurrt efni) og 1,5% hámarksvatnsinnihaldi **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-levsín sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* NITE BP-02351. Efnaformúla: C6H13NO2 CAS-númer: 61-90-5 **Greiningaraðferð** (1): Til að sanngreina L-levsín í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-leucine monohydrochloride monograph“ Til að magnákvarða levsín í fóðuraukefninu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) Til að magnákvarða levsín í forblöndum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) – reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009.	Allar dýrategundir				1. Setja má L-levsín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið má einnig nota í drykkjarvatn. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði, stöðugleika við hitameðhöndlun og stöðugleika í drykkjarvatni. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndu skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni, þ.m.t. öndunarvörn. 5. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1600 IU af inneitri/m^3 andrúmslofts (2).	26.3.2030

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða levsín í fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) – reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009. Til að magnákvarða levsín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS)					6. Nauðsynleg yfirlýsing: „Þegar L-levsíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
3c382	-	L-levsín	**Samsetning aukefnis:** Duft með a.m.k. 98% L-levsíninnihaldi (miðað við þurrt efni) og 1,5% hámarksvatnsinnihaldi **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-levsín sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* NITE BP-02351 Efnaformúla: C6H13NO2 CAS-númer: 61-90-5 FLAVIS-nr. 17.012	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Setja má L-levsín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg“.	26.3.2030

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferð ([1]): Til að sanngreina L-levsín í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-leucine monohydrochloride monograph“ Til að magnákvarða levsín í fóðuraukefninu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) Til að magnákvarða levsín í forblöndum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) – reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009.					5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndu skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni, þ.m.t. öndunarvörn. 7. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1600 IU af inneitri/m^3 andrúmslofts ([2]).	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

([2]) Váhrif eru reiknuð út á grundvelli inneitursinnihalds og tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar samkvæmt aðferðinni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5689), greiningaraðferð: Evrópska lyfjaskráin 2.6.14 (bakteríuinneitur).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/354 **2021/EES/7/16**

frá 4. mars 2020

um að taka saman skrá um fyrirhugaða notkun fóðurs sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota og um niðurfellingu á tilskipun 2008/38/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ([1]), einkum 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Settar voru reglur um setningu á markað og notkun fóðurs í reglugerð (EB) nr. 767/2009. Í samræmi við 9. gr. þeirrar reglugerðar má aðeins setja fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota á markað ef fyrirhuguð notkun þess er á skrá yfir fyrirhugaða notkun sem tekin er saman í samræmi við 10. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

2) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/38/EB ([2]) er tekin saman skrá yfir fyrirhugaða notkun fóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga.

3) Í A-hluta I. viðauka við tilskipun 2008/38/EB var komið á almennum ákvæðum um fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota. Að teknu tilliti til þróunar á sviði vísinda og tækni og krafna um merkingar sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 767/2009 skal endurskoða þessi almennu ákvæði.

4) Með 11. til 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 var komið á nýjum meginreglum og reglum um setningu fóðurs á markað, þ.m.t. merkingar. Þess vegna urðu nokkrar færslur á skránni yfir fyrirhugaða notkun fóðurs sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota í B-hluta I. viðauka við tilskipun 2008/38/EB úreltar, einkum vegna lélegra og of almennra lýsinga í dálkinum „Mikilvægir eiginleikar næringarefna“. Að því er varðar slíkar færslur hefur verið mjög erfitt fyrir eftirlitsyfirvöld að sannreyna að farið sé að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 767/2009, þ.m.t. hvort hin tiltekna samsetning viðkomandi fóðurs þjóni þeim sérstöku næringarmarkmiðum sem stefnt er að.

5) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 hefur framkvæmdastjórninni borist fjöldi umsókna um að breyta skilyrðunum í tengslum við fyrirhugaða notkun fóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga sem hafa orðið úrelt. Fjarlægja ætti úreltar færslur hafi engin umsókn verið lögð fram að því er þær varðar eða hafi umsóknin verið afturkölluð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/38/EB frá 5. mars 2008 um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun fóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga (Stjtíð. ESB L 62, 6.3.2008, bls. 9).

6) Að því er varðar aðra fyrirhugaða notkun fóðurs sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota og er skráð í B-hluta I. viðauka við tilskipun 2008/38/EB er nauðsynlegt að breyta ákvæðum varðandi mikilvæga eiginleika næringarefna og upplýsingum á merkimiðum til að laga þau að þróun á sviði vísinda og tækni og til að bæta framfylgd og skýrleika ákvæðanna.

7) Auk þess bárust framkvæmdastjórninni, í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, umsóknir um að bæta sérstökum, næringarmarkmiðum, „stuðningur við orkuefnaskipti og vöðvastarfsemi ef um er að ræða rákvöðvaleysingu“ og „stuðningur í streituvaldandi aðstæðum sem dregur úr tengdu atferli“, á skrána yfir fyrirhugaða notkun fóðurs sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota.

8) Framkvæmdastjórnin kom öllum umsóknunum, þ.m.t. málsskjölunum, á framfæri við aðildarríkin.

9) Í kjölfar mats á málsskjölunum, sem eru með umsóknunum, staðfesti fastanefndin um plöntur, dýr, matvæli og fóður (hér á eftir nefnd nefndin) að hin tiltekna samsetning viðkomandi fóðurs þjóni viðkomandi sérstaka næringar-markmiðinu sem stefnt er að og að fóðrið hafi engin skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna, á umhverfið eða velferð dýra.

10) Á grundvelli fyrrnefndra atriða ætti að uppfæra skrána yfir fyrirhugaða notkun fóðurs til sérstakra næringarlegra nota.

11) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu nýju almennu ákvæðanna og uppfærðu skrárinnar yfir fyrirhugaða notkun fóðurs til sérstakra, næringarlegra nota af öryggisástæðum er rétt að kveða á um umbreytingarráðstafanir til að forðast óþarfa röskun á viðskiptaháttum og til að skapa ekki óþarfa stjórnsýsluálag á rekstraraðilana.

12) Til glöggvunar og hagræðingar ætti að fella tilskipun 2008/38/EB úr gildi og í hennar stað koma reglugerð sem inniheldur ekki þætti sem aðildarríki þyrftu að leiða í landslög. Síðustu breytingar á þeirri tilskipun hafa þegar verið gerðar með reglugerðum vegna þess að ekki þarf að leiða viðkomandi ákvæði í landslög. Auk þess er kveðið á um almennar kröfur um að setja á markað og nota fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota í reglugerð (EB) nr. 767/2009.

13) Til að gera aðildarríkjum kleift að gera nauðsynlegar breytingar ætti að veita viðeigandi frest áður en þessi reglugerð tekur gildi.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota í skilningi reglugerðar (EB) nr. 767/2009 má einungis setja á markað ef:

— farið er að almennu ákvæðunum um fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota og mælt er fyrir um í A-hluta viðaukans við þessa reglugerð og

— fyrirhuguð notkun þess er skráð í B-hluta viðaukans við þessa reglugerð og farið er að ákvæðunum í viðkomandi færslu.

2. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. má setja fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota sem uppfyllir ákvæði tilskipunar 2008/38/EB áfram á markað, að því tilskildu að umsókn um fyrirhugaða notkun, sem er tilgreind í þeirri tilskipun, hafi verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 767/2009 fyrir 25. mars 2021 og þangað til framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun varðandi viðkomandi umsókn.

3. gr.

Fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota, sem er merkt fyrir 25. mars 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 25. mars 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Tilskipun 2008/38/EB er felld úr gildi.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. desember 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

Almenn ákvæði um fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota

1. Ef tilgreindur er fleiri en einn hópur mikilvægra eiginleika næringarefna í 2. dálki B-hluta með athugasemdinni „og/eða“ fyrir sama sérstaka næringarmarkmiðið er framleiðanda frjálst að nota annan eða báða hópa mikilvægra eiginleika vegna þess sérstaka næringarmarkmiðs sem er skilgreint í 1. dálki B-hluta. Fyrir hvorn valkost eru viðeigandi upplýsingar á merkimiðum gefnar í 4. dálki B-hluta.

2. Ef mikilvægur eiginleiki næringarefna sem getið er í 2. dálki B-hluta er megindlega tilgreindur gilda ákvæði 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 og leyfð vikmörk eins og þau eru fastsett í IV. viðauka við þá reglugerð. Ef vikmörk fyrir viðkomandi upplýsingar í merkingum eru ekki fastsett í þeim viðauka skal leyfa tæknileg frávik sem nema +/- 15%.

3. Ef fóðuraukefni er tilgreint í 2. eða 4. dálki B-hluta gilda ákvæði um leyfi fyrir fóðuraukefni eða fóðuraukefnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ([1]) og skal notkun þeirra vera í samræmi við tilgreindan mikilvægan eiginleika næringarefna.

4. Ef upplýsinga um efni, sem einnig er leyft sem fóðuraukefni, er krafist í 4. dálki B-hluta og forskeytið „heildar-“ eða orðið „samtals“ fylgir upplýsingunum skal heildarmagn efnisins gefið upp undir fyrirsögninni „greiningarþættir“.

5. Upplýsingarnar, sem veita skal í samræmi við 4. dálk B-hluta, skulu vera megindlegar með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/48/EB ([2]).

6. Ráðlagður notkunartími, sem er tilgreindur í 5. dálki í B-hluta, er sá tími sem að jafnaði er nauðsynlegur til að uppfylla næringarmarkmið. Framleiðendur geta gefið upp nákvæmari notkunartíma innan fastsettra marka.

7. Ef fóðri sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota er ætlað að uppfylla fleiri en eitt sérstakt næringarmarkmið skal það samrýmast hverri viðkomandi færslu í B-hluta.

8. Ef um er að ræða fóðurbæti sem er ætlaður til sérstakra, næringarlegra nota skulu upplýsingar um samsetningu daglegs skammts koma fram í leiðbeiningum fyrir rétta notkun.

9. Ef fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota er ætlað til inngjafar um munn með forðastaut skal fastsetja það í dálkinum „önnur ákvæði“ fyrir viðkomandi fóður. Slíkt fóður skal eingöngu innihalda, þ.m.t. hugsanlegt húðunarefni, fóðurefni og fóðuraukefni, nema annað sé tilgreint í viðkomandi færslu. Mælt er með því að dýralæknir eða annar þar til bær aðili gefi fóður sem er ætlað til inngjafar um munn.

10. Þegar fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota er sett á markað í formi forðastauts, hvort sem um er að ræða fóðurefni eða fóðurbæti sem er ætlaður til inngjafar um munn með seinkaðri losun efnasambandanna, þ.e. meira en 24 klukkustundir, skal á merkingum slíks fóðurs, ef við á, koma fram hámarkstími stöðugrar losunar úr fóðurstautnum og daglegt losunarmagn fyrir hvert fóðuraukefni sem hámarksinnihald í heilfóðri hefur verið ákveðið fyrir. Stjórnandi fóðurfyrirtækis, sem setur forðastaut á markað, skal leggja fram sönnun fyrir því að það magn fóðuraukefnis sem er daglega tiltækt í meltingarvegi fari ekki, ef við á, yfir það hámarksinnihald sem fastsett hefur verið fyrir aukefnið á hvert kg heilfóðurs meðan á heildarfóðrunartíma stendur (áhrif seinkaðrar losunar). Slík sönnun ætti að byggjast á jafningjarýni eða innanhússgreiningu.

11. Ef um er að ræða fyrirhugaða notkun þar sem fyrir tiltekin fóðuraukefni er í 2. dálki leyfður meiri styrkur en hundraðfalt viðeigandi hámarksinnihald, sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður, skal heilfóðrið ekki innihalda meira af þeim fóðuraukefnum en sem nemur fimmhundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi, sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður, nema ef um er að ræða forðastauta eins og um getur í 10. lið. Viðbót slíks fóðurbætis í fæðu dýrsins skal tryggja að upptakan hjá dýrinu sé í samræmi við hámarksinnihald sem fastsett hefur verið fyrir heilfóður.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/48/EB frá 29. apríl 2004 um framfylgd hugverkaréttinda (Stjtíð. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 45).

B-HLUTI

Skrá yfir fyrirhugaða notkun

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
1		2	3	4	5	6
10	Stuðningur við nýrnastarfsemi vegna langvinnrar nýrnabilunar (1)	Hágæðaprótín og fosfór ≤ 5 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2) og hráprótín ≤ 220 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2).	Hundar	— Prótíngjafi (prótíngjafar) — Kalsíum — Fosfór — Kalíum — Natríum — Lífsnauðsynlegar fitusýrur (sé þeim bætt við)	Allt að 6 mánuðum til að byrja með (3)	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Ráðlagður meltanleiki prótíns: að lágmarki 85%. 3. Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“ 4. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“
		Minnkuð upptaka fosfórs með notkun lantankarbónatoktahýdrats	Fullorðnir hundar	— Prótíngjafi (prótíngjafar) — Kalsíum — Fosfór — Kalíum — Natríum — Lífsnauðsynlegar fitusýrur (sé þeim bætt við) — Lantankarbón-atoktahýdrat	Allt að 6 mánuðum til að byrja með (3)	1. Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“ 2. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“
		Hágæðaprótín og fosfór ≤ 6,5 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2) og hráprótín ≤ 320 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2).	Kettir	— Prótíngjafi (prótíngjafar) — Kalsíum — Fosfór — Kalíum — Natríum — Lífsnauðsynlegar fitusýrur (sé þeim bætt við)	Allt að 6 mánuðum til að byrja með (3)	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Ráðlagður meltanleiki prótíns: að lágmarki 85%. 3. Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“ 4. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“
		Minnkuð upptaka fosfórs með notkun lantankarbónatoktahýdrats	Fullorðnir kettir	— Prótíngjafi (prótíngjafar) — Kalsíum — Fosfór — Kalíum — Natríum	Allt að 6 mánuðum til að byrja með (3)	1. Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“ 2. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
1		2	3	4	5	6
				— Lífsnauðsynlegar fitusýrur (sé þeim bætt við) — Lantankarbónatokta-hýdrat		
		Mikið orkuinnihald með meira en 8,8 MJ/kg fóðurs með 12% rakainnihald. Auðmeltanlegar og bragðgóðar uppsprettur sterkju. Takmarkað prótíninnihald: ≤ 106 g hráprótín/kg fóðurs með 12% rakainnihald. Natríuminnihald: 2 g/100 kg líkamsþyngdar á dag. Mikið innihald eikósapentensýru og dókósahexensýru, summa ≥ 0,2 g á kg líkamsþyngdar^{0,75} á dag	Dýr af hestaætt	— Prótín- og orkugjafi (-gjafar) — Kalsíum — Fosfór — Kalíum — Magnesíum — Natríum — Summa eikósapentensýru og dókósahexensýru	Allt að 6 mánuðum til að byrja með. Til langs tíma eða þangað til vandamálið er leyst	1. Setja skal fóðrið á markað í formi fóðurbætis. 2. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ — Ekki ætti að nota fóðurbætinn ef um er að ræða natríumdreyra og klóríðdreyra. — Fóðurbætirinn ætti að veita minnst 10–20% af daglegum orkuforða (u.þ.b. 0,05–0,1 MJ/kg líkamsþyngdar^{0,75} á dag). 3. Skammturinn ætti að tryggja orkuforða sem nemur > 0,62 MJ/kg líkamsþyngdar^{0,75} á dag. 4. Skammturinn ætti ekki að fara yfir 50 mg kalsíum/kg þurrefnis/dag. 5. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“
11	Að draga úr myndun oxalatsteina	Lítið kalsíuminnihald, lítið innihald D-vítamíns og efna sem gera þvag basískt	Hundar og kettir	— Fosfór — Kalsíum — Natríum — Magnesíum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn — D-vítamín (heildarinnihald) — Hýdroxýprólín — Efni sem gera þvag basískt	Allt að 6 mánuðum	Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
12	Stjórnun á glúkósaforða (sykursýki)	Heildarsykurinnihald (ein- og tvísykrur) ≤ 62 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Hundar og kettir	— Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar) — Meðhöndlun kolvetna, ef við á — Sterkja — Heildarsykurinnihald — Frúktósi (sé honum bætt við) — Lífsnauðsynlegar fitusýrur (sé þeim bætt við) — Gjafi (gjafar) fitusýrna sem eru með stuttri og miðlungslangri kolefnakeðju (sé þeim bætt við)	Allt að 6 mánuðum til að byrja með	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Á merkimiða komi fram: — „Lítið innihald ein- og tvísykra“ — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“
13	Að draga úr óþoli gegn innihalds- og næringarefnum (4)	Valinn og takmarkaður fjöldi prótíngjafa Og/eða vatnsrofinn prótíngjafi (prótíngjafar) Og/eða valinn kolvetnisgjafi (valdir kolvetnisgjafar)	Hundar og kettir	— Prótíngjafar, þ.m.t. meðhöndlun þeirra, ef við á (sé þeim bætt við). — Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar), þ.m.t. meðhöndlun þeirra, ef við á (sé þeim bætt við). — Lífsnauðsynlegar fitusýrur (sé þeim bætt við)	3 til 8 vikur: ef merki um óþol hverfa má nota þetta fóður í allt að eitt ár til að byrja með.	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Ráðlagt er að takmarka fjölda helsta prótíngjafa við þrjá. 3. Á merkimiða komi fram: — Viðeigandi samsetning mikilvægra eiginleika næringarefnis, eftir því sem við á — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“
14	Að draga úr myndun systínsteina	Eiginleikar sem gera þvag basískt og hráprótín ≤ 160 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2) Eða Prótín sem eru valin vegna takmarkaðs sýstín- og sýsteíninnihalds (t.d. kasein, ertuprótín, sojaprótín) og hráprótín ≤ 220 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Hundar	— Brennisteinsamínósýrur (heildarinnihald) — Prótíngjafar — Natríum — Kalíum — Klóríð — Efni sem gera þvag basískt (sé þeim bætt við)	Allt að 6 mánuðum til að byrja með	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni“ 3. Á merkimiða komi fram: — „Eiginleikar sem gera þvag basískt og lítið prótíninnihald“ eða „Lítið innihald valinna prótína“, eftir því sem við á. — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
						4. Til athugunar fyrir dýralækna eða næringarfræðinga: Vegna eiginleika sem gera þvag basískt skal fæðan samsett þannig að pH-gildi þvags sé ≥ 7.
15	Næringarleg uppbygging, afturbati ([5])	Auðmeltanleg innihaldsefni með orkuinnihald ≥ 3 520 kkal og hráprótín ≥ 250 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald ([2])	Hundar	— Auðmeltanlegir innihaldsefnagjafar, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á — Orkugildi	Þar til dýrið hefur náð sér	1. Ráðlagður sýnilegur meltanleiki þurrefnis ≥ 80% eða lífræns efnis ≥ 85%. 2. Þegar sérstaklega er tekið fram að fóður skuli gefið með slöngu komi eftirfarandi fram á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Gefið undir eftirliti dýralæknis.“ 3. Á merkimiða mega koma fram þær sérstöku aðstæður sem sérfóðrið er ætlað fyrir. 4. Á merkimiða komi fram: „Mikið orkuinnihald, mikill styrkleiki mikilvægra næringarefna og auðmeltanleg innihaldsefni“
		Auðmeltanleg innihaldsefni með orkuinnihald ≥ 3520 kkal og hráprótín ≥ 270 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald ([2])	Kettir			
16	Að draga úr myndun úratsteina	Hráprótín ≤ 130 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald ([2]) Eða Hráprótín ≤ 220 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald ([2]) og valdir prótíngjafar	Hundar	— Prótíngjafi (prótíngjafar)	Allt að 6 mánuðum; lífstíðarnotkun ef varanleg röskun er á þvagsýruefnaskiptum	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Við val á prótíngjafa skal taka tillit til gæða prótíns og púríninnihalds. Dæmi um valda hágæða-prótíngjafa með lítið púríninnihald eru egg, kasein, sojaprótín og maísglúten. 3. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ 4. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ — „Lítið prótíninnihald“ eða „Takmarkað prótíninnihald og valdir prótíngjafar“, eins og við á.

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
		Hráprótín ≤ 317 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Kettir			1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Við val á prótíngjafa skal taka tillit til gæða prótíns og púríninnihalds. Dæmi um valda hágæða-prótíngjafa með lítið púríninnihald eru egg, kasein, sojaprótín og maísglúten. 3. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ — „Takmarkað prótíninnihald“ 4. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“
17	Uppleysing strúvítsteina (6)	Þvagundirmettandi eiginleikar með tilliti til strúvíts (7) Og/eða Þvagsýrandi eiginleikar (8) Og Magnesíum ≤ 1,8 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Hundar og kettir	— Fosfór — Kalsíum — Natríum — Magnesíum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn	5 til 12 vikur	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“ — „Þvagundirmettandi eiginleikar með tilliti til strúvíts og/eða þvagsýrandi eiginleikar.“ 3. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ 4. Sé þess óskað skal samræmisyfirlýsing sem styður undirmettandi og/eða sýrandi eiginleika fæðunnar gerð aðgengileg viðkomandi lögbærum yfirvöldum.
18	Að draga úr hættu á að strúvítsteinar myndist aftur (6)	Heilfóður með þvagundirmettandi (7) eða þvaghálfstöðgandi eiginleika (9) með tilliti til strúvíts Og/eða Fæða með þvagsýrandi eiginleika (8) Og	Hundar og kettir	— Fosfór — Kalsíum — Natríum — Magnesíum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn	Allt að 6 mánuðum til að byrja með	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“ — „Þvagundirmettandi eða hálfstöðgandi eiginleikar með tilliti til strúvíts og/eða þvagsýrandi eiginleikar“

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
		Magnesíum ≤ 1,8 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)				3. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ 4. Sé þess óskað skal samræmisyfirlýsing sem styður undirmettandi eða hálfstöðgandi og/eða sýrandi eiginleika fæðunnar gerð aðgengileg viðkomandi lögbærum yfirvöldum.
19	Mótvægi við meltingar-truflanir (10)	Auðmeltanleg fæða: Sýnilegur meltanleiki — trefjalítið fóður (hrátrefjar ≤ 44 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)): Hráprótín ≥ 85% Hráfita ≥ 90% Eða — trefjabætt fóður (hrátrefjar > 44 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)): Hráprótín ≥ 80 % Hráfita ≥ 80 %	Hundar og kettir	— Auðmeltanlegir innihaldsefnagjafar, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á	Til að byrja með allt að 12 vikum og lífstíðarnotkun ef um langvinna briskirtilbilun er að ræða	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Á merkimiða komi fram: — „Auðmeltanlegt fóður“ — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
20	Að draga úr hættu á truflunum á uppsogi í þörmum	Auðmeltanleg fæða: Sýnilegur meltanleiki — trefjalítið fóður (hrátrefjar ≤ 44 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)): Hráprótín ≥ 85% Hráfita ≥ 90% Eða — trefjabætt fóður (hrátrefjar > 44 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)): Hráprótín ≥ 80 % Hráfita ≥ 80 %	Hundar og kettir	— Auðmeltanlegir innihaldsefnagjafar, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á — Natríum — Kalíum	Allt að 12 vikum	Á merkimiða komi fram: — „Auðmeltanlegt fóður með auknu natríumi og kalíumi“ — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
		Og Natríum ≥ 1,8 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2) Og Kalíum ≥ 5 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)				
21	Að draga úr hættu á bráðum truflunum á uppsogi í þörmum	Aukið innihald rafkleyfra efna: — Natríum ≥ 1,8% — Kalíum ≥ 0,6% Og Auðmeltanleg kolvetni: — ≥ 32%	Hundar og kettir	— Natríum — Kalíum — Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar)	1 til 7 dagar	1. Setja skal fóðrið á markað í formi fóðurbætis. 2. Á merkimiða komi fram: — „Við bráðum niðurgangi og þar til bata er náð“ — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ 3. Ef um er að ræða fast fóður ætti að reikna ráðlagt innihald rafkleyfra efna á grundvelli eðlilegrar daglegrar vatnsinntöku.
22	Stuðningur við fituefnaskipti ef um of mikla blóðfitu er að ræða	Fita (11) ≤ 110 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (12)	Hundar og kettir	— Hráfita	Allt að 2 mánuðum til að byrja með	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ — „Lítið fituinnihald“
23	Stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvinnrar lifrarbilunar	Miðlungi mikið prótíninnihald Hráprótín ≤ 279 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2) fyrir hunda Hráprótín ≤ 370 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2) fyrir ketti Og Valdir prótíngjafar Og Ráðlagður meltanleiki prótíns í fæðu ≥ 85%	Hundar og kettir	— Prótíngjafi (prótíngjafar) — Kopar (heildarinnihald) — Natríum	Allt að 4 mánuðum til að byrja með	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Dæmi um valda prótíngjafa á grundvelli auðmeltanleika: mjólkurprótín (mysa, kasein, mjólk, kotasæla), önnur dýraprótín (egg, alifuglar) og jurtaprótín (soja). 3. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ 4. Á merkimiða komi fram: — „Miðlungi mikið prótíninnihald, valið og auðmeltanlegt“ — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
1		2	3	4	5	6
		Lítið prótíninnihald en í háum gæðaflokki og auðmeltanleg kolvetni	Dýr af hestaætt	— Prótín- og trefjagjafar — Auðmeltanleg kolvetni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra, ef við á — Meþíónín — Kólín — Innihald n-3-fitusýrna (sé þeim bætt við)	Allt að 6 mánuðum til að byrja með	1. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ 2. Veita skal leiðbeiningar um hvernig fóðrið skal gefið, þ.m.t. margir litlir skammtar á dag.
24	Stuðningur við hjartastarfsemi vegna langvinnrar hjartabilunar	Takmarkað natríuminnihald: Natríum ≤ 2,6 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Hundar og kettir	— Magnesíum — Kalíum — Natríum	Allt að 6 mánuðum til að byrja með	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“
25	Að draga úr ofþyngd	Efnaskiptanleg orka < 3060 kkal/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (13) Eða Efnaskiptanleg orka < 560 kkal/kg heilfóðurs með 85% rakainnihald (13)	Hundar	— Orkugildi	Þangað til æskilegri líkamsþyngd er náð og eftir það ef þörf krefur til að viðhalda æskilegri líkamsþyngd	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Til að tryggja að lágmarkskröfur séu uppfylltar skal auka næringargildi fæðu til að draga úr ofþyngd til samræmis við það til að bæta upp takmarkaða daglega orkuinntöku (14) 3. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ — „Mælt er með umbreytingartímabili fyrir ketti þegar byrjað er á þessari fæðu.“ — „Til áhrifaríks þyngdartaps eða ákjósanlegrar þyngdarstjórnunar skal ekki fara yfir ráðlagða daglega orkuinntöku“.
		Efnaskiptanleg orka < 3190 kkal/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (13) Eða Efnaskiptanleg orka < 580 kkal/kg heilfóðurs með 85% rakainnihald (13)	Kettir			

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
1		2	3	4	5	6
26	Stuðningur við starfsemi húðar vegna húðsjúkdóms og mikils hármissis	Línólsýra ≥ 12,3 g á hvert kg og summa eikósapentensýru og dókósahexensýru ≥ 2,9 g heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Hundar og kettir	— Línólsýra — Summa eikósapentensýru og dókósahexensýru	Allt að 2 mánuðum til að byrja með	Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ — „Mikið línólsýruinnihald (LA) og mikið heildarinnihald eikósapentensýru (EPA) og dókóhexensýru (DHA)“
		Línólsýra ≥ 18,5 g á hvert kg og summa eikósapentensýru og dókósahexensýru ≥ 0,39 g heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Hundar			
		Línólsýra ≥ 18,5 g á hvert kg og summa eikósapentensýru og dókósahexensýru ≥ 0,09 g heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Kettir			
27	Stuðningur við efnaskipti í liðamótum ef um er að ræða slitgigt	Heildarinnihald ómega-3-fitusýrna ≥ 29 g á hvert kg og eikósapentensýra ≥ 3,3 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2) Og Fullnægjandi innihald E-vítamíns	Hundar	— Ómega-3-fitusýrur (heildarinnihald) — Eikósapentensýra (heildarinnihald) — E-vítamín (heildarinnihald)	Allt að 3 mánuðum til að byrja með	Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“
		Heildarinnihald ómega-3-fitusýrna ≥ 10,6 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2) og dókósahexensýra ≥ 2,5 g á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2) Og Aukið innihald meþíóníns og mangans Fullnægjandi innihald E-vítamíns.	Kettir	— Ómega-3-fitusýrur (heildarinnihald) — Dókósahexensýra (heildarinnihald) — Meþíónín (heildarinnihald) — Mangan (heildarinnihald) — E-vítamín (heildarinnihald)		

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
28	Að draga úr uppsöfnun kopars í lifur	Takmarkað koparinnihald: kopar ≤ 8,8 mg á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Hundar	Kopar (heildarinnihald)	Allt að 6 mánuðum til að byrja með	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“
29	Minnkun á joðinnihaldi í fóðri ef um er að ræða ofvirkni skjaldkirtils	Takmarkað joðinnihald: joð ≤ 0,26 mg á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Kettir	Joð (heildarinnihald)	Allt að 3 mánuðum til að byrja með	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“
30	Stuðningur í streituvaldandi aðstæðum sem dregur úr tengdu atferli	1–3 g trýpsínvatnsrofið kasein úr kúamjólk á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald (2)	Hundar	Trýpsínvatnsrofið kasein úr kúamjólk	Allt að 2 mánuðum til að byrja með	1. Setja skal fóðrið á markað í formi heilfóðurs. 2. Á merkimiða komi fram: — „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“
50	Stuðningur við undirbúning fyrir gangmál og æxlun	— Mikið seleninnihald og lágmarksinnihald E-vítamíns sem nemur 50 mg á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir svín, 35 mg fyrir kanínur, 88 mg fyrir hunda, ketti og minka; lágmarks-innihald E-vítamíns fyrir hvert dýr á dag sem nemur 100 mg fyrir sauðfé, 300 mg fyrir nautgripi, 1 100 mg fyrir hesta Eða — Mikið innihald A- og/eða D-vítamíns og/eða lágmarksinnihald betakarótíns sem nemur 300 mg á dag fyrir hvert dýr.	Spendýr	Heiti og heildarmagn hvers viðbætts snefilefnis og vítamíns	— Kýr: 2 vikur fyrir lok meðgöngu þar til næsta þungun er staðfest. — Gyltur: 7 dagar fyrir þar til 3 dögum eftir got og 7 dagar fyrir þar til 3 dögum eftir pörun. — Önnur kvenspendýr: frá síðasta hluta meðgöngu þar til næsta þungun er staðfest.	1. Notkun í formi forðastauts er leyfileg. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann. 2. Leiðbeiningar fyrir rétta notkun fóðursins skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald fyrir heilfóður sé virt, eftir því sem við á. 3. Á merkimiða fóðurs komi fram leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður.

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
		Fóðurbætirinn má innihalda selen, A- og D-vítamín í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.			— Karldýr: á æxlunartímabilum.	
		— Mikið innihald A- og/eða D-vítamíns Eða — Mikið innihald selens og/eða sinks og/eða lágmarksinnihald E-vítamíns nemur 40 mg/kg heilfóðurs með 12 % rakainnihald. Fóðurbætirinn má innihalda selen, sink, A- og D-vítamín í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Fuglar	Heiti og heildarmagn hvers viðbætts snefilefnis og vítamíns	— Fyrir kvendýr: við gangmál — Fyrir karldýr: á æxlunartímabilum	
51	Stuðningur við endurmyndun hófa, klaufa og húðar	Mikið innihald sinks. Fóðurbætirinn má innihalda sink í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Hestar, jórturdýr og svín	— Sink (heildarinnihald) — Meþíónín (heildarinnihald) — Bíótín (sé því bætt við)	Allt að 8 vikum	1. Leiðbeiningar um rétta notkun fóðursins skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald sinks fyrir heilfóður sé virt. 2. Notkun í formi forðastauts er leyfileg fyrir jórturdýr. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann.
52	Stuðningur við næringarójafnvægi þegar skipt er um fæðu	Lágmarksforði úr sérfóðri af: — Seleni: 0,1 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald Og/eða — Sinki: 15 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald Og/eða — Kopar: 2 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir sauðfé og 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir aðrar tegundir Og/eða	Jórturdýr Svín Kanínur Alifuglar	Heiti og heildarinnihald næringaraukefnanna, ef við á	2 til 15 dagar	1. Notkun í formi forðastauts er leyfileg fyrir jórturdýr og svín. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann. 2. Leiðbeiningar fyrir rétta notkun fóðursins skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald fyrir heilfóður sé virt, eftir því sem við á.

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
1		2	3	4	5	6
		— A-vítamíni: 2 000 IU/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald Og/eða — D-vítamíni: 400 IU/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald Og/eða — E-vítamíni: 35 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir alifugla, 10 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir jórturdýr, 40 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir kanínur og 20 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir svín Fóðurbætirinn má innihalda selen, sink, kopar, A- og D-vítamín í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.				3. Á merkimiða fóðurs komi fram leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður.
53	Stuðningur við fráfærur	Lágmarksforði úr sérfóðri af: — Seleni: 0,1 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald	Spendýr	Heiti og heildarinnihald næringaraukefnanna, ef við á	Allt að 4 vikum í kringum fráfærur	1. Leiðbeiningar fyrir rétta notkun fóðursins skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald fyrir heilfóður sé virt, eftir því sem við á. 2. Á merkimiða fóðurs komi fram leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður.

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
		Og/eða — Sinki: 15 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald Og/eða — Kopar: 2 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir sauðfé og 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir aðrar tegundir Og/eða — Joði: 0,2 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald Og/eða — Mangani: 20 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald Og/eða — A-vítamíni: 1500 IU/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald Og/eða — D-vítamíni: 400 IU/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald Og/eða — E-vítamíni: 100 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir kálfa og 50 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir lömb, kiðlinga og spenagrísi. Fóðurbætirinn má innihalda selen, sink, kopar, joð, mangan, A- og D-vítamín í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.				

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
54	Stuðningur við endurmyndun húðar ásamt tilheyrandi vef	— Lágmarksforði sinksambanda í gegnum sérfóður samsvarar 20 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald Og — Mikið innihald kopars og/eða joðs og/eða selens og/eða B6-vítamíns og/eða E-vítamíns og/eða A-vítamíns og/eða meþíóníns og/eða systíns og/eða lágmarksforði 0,4 mg bíótín/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir jórturdýr. Fóðurbætirinn má innihalda sink, kopar, joð, selen og A-vítamín í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Spendýr og alifuglar	Heiti og heildarinnihald næringaraukefnanna, ef við á	— Allt að 8 vikum — Fóðurbætir fyrir jórturdýr sem inniheldur bíótín: Allt að 6 mánuðum	1. Leiðbeiningar fyrir rétta notkun fóðursins skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald fyrir heilfóður sé virt, eftir því sem við á. 2. Á merkimiða fóðurs komi fram leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður.
55	Að koma á vökvajafnvægi og jafnvægi rafkleyfra efna til að styðja við lífeðlisfræðilega meltingu	— Að mestu rafkleyf efni: natríum, kalíum og klóríð — Jafnarýmd ([19]) ef um er að ræða fljótandi fóður: minnst 60 mmól á hvern lítra drykkjar sem er tilreiddur til gjafar — Auðmeltanleg kolvetni	Kálfar, svín, lömb, kiðlingar og folöld	— Natríum — Kalíum — Klóríð — Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar) — Bíkarbónöt og/eða sítröt (sé þeim bætt við)	1 til 7 dagar	1. Tillagt styrkbil rafkleyfra efna á hvern lítra drykkjar sem er tilreiddur til gjafar: Natríum: 1,7 g–3,5 g Kalíum: 0,4 g–2 g Klóríð: 1 g–2,8 g 2. Ef um er að ræða fast fóður ætti að reikna ráðlagt innihald rafkleyfra efna á grundvelli eðlilegrar daglegrar vatnsinntöku.

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
						3. Á merkimiða komi fram: — „Þegar hætta er á meltingartruflunum, ef meltingartruflanir koma upp og meðan dýrið er að ná sér eftir slíkan kvilla (niðurgangur).“ — „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“ 4. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: — Ráðlögð inntaka tilbúins hrærðs drykkjar og mjólkur, ef við á — Ef innihald bíkarbónata og/eða sítrata er yfir 400 mmól á hvern lítra drykkjar sem er tilreiddur til gjafar fyrir jórturdýr: „Forðast skal samhliða mjólkurgjöf hjá dýrum með vinstur“
56	Að draga úr hættu á kalkkirtlakrampa (graskrampa)	Mikið magnesíuminnihald, kolvetni sem eru auðaðgengileg, miðlungi mikið prótíninnihald og lítið kalsíuminnihald	Jórturdýr	— Sterkja — Sykrur (heildarinnihald) — Magnesíum — Natríum — Kalíum	3 til 10 vikur á þeim tíma sem grasvöxtur er mikill	1. Notkun í formi forðastauts er leyfileg. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann. 2. Í leiðbeiningum um rétta notkun skulu vera upplýsingar um dagskammt, að því er varðar viðbót trefjaefna og orkugjafa sem eru auðaðgengilegir. 3. Þegar fóðrið er ætlað sauðfé komi eftirfarandi fram á merkingum: „Einkum fyrir mjólkandi ær.“
57	Að draga úr hættu á blóðsýringu	Lítið innihald auðgerjanlegra (auðmeltanlegra) kolvetna og mikil jafnarýmd	Jórturdýr	— Sterkja — Sykrur (heildarinnihald)	Allt að 2 mánuðum ([15])	1. Notkun í formi forðastauts er leyfileg. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann. 2. Í leiðbeiningum um rétta notkun skulu vera upplýsingar um dagskammt, að því er varðar viðbót trefjaefna og auðgerjanlega kolvetnisgjafa. 3. Þegar fóðrið er ætlað mjólkurkúm komi eftirfarandi fram á merkingu: „Einkum fyrir nythára kýr.“ 4. Þegar fóðrið er ætlað jórturdýrum til eldis komi eftirfarandi fram á merkingu: „Einkum fyrir stríðalin dýr ([16]).“

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
58	Að draga úr hættu á myndun þvagfærasteina	Lítið innihald fosfórs, magnesíums og þvagsýrandi efna	Jórturdýr	— Kalsíum — Fosfór — Natríum — Magnesíum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn — Þvagsýrandi efni	Allt að 6 vikum	1. Á merkimiða komi fram: „Einkum fyrir ung, stríðalin dýr.“ 2. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“
59	Seinleystur snefilefna- og/eða vítamínforði fyrir dýr á beit	Mikið innihald — Snefilefna Og/eða — Vítamína, forvítamína og efnafræðilega vel skilgreindra efna með áþekka verkun. Fóðurbætirinn má innihalda fóðuraukefni í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður	Jórturdýr með virka vömb	— Heiti og heildarmagn hvers viðbætts snefilefnis, vítamíns, forvítamíns og efnafræðilega vel skilgreinds efnis með áþekka verkun — Daglegt losunarmagn fyrir hvert snefilefni og/eða vítamín ef forðastautur er notaður — Hámarkstími stöðugrar losunar snefilefnis eða vítamíns ef forðastautur er notaður	Allt að 12 mánuðum	1. Notkun í formi forðastauts er leyfileg. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann. 2. Á merkingu fóðursins komi fram: — „Forðast skal að gefa samtímis aukefni með hámarksinnihald, sem koma frá öðrum gjöfum en þau sem forðastauturinn inniheldur, ef við á. — Fyrir notkun er mælt með því að fá ráðgjöf frá dýralækni eða næringarfræðingi að því er varðar: a) jafnvægi snefilefna í daglegum skammti, b) snefilefnastöðu hjarðarinnar“
60	Að draga úr hættu á doða og forklíniskri blóðkalsíum-lækkun	Lágt hlutfall plús-/mínusjóna Fyrir skammtinn í heild: — Lágmarkssýring í gegnum fóður með sérstök næringarmarkmið í huga: 100 meq/kg þurrefnis — Markmið: 0 < DCAD ([17]) (meq/kg þurrefnis) < 100	Mjólkurkýr	— Kalsíum — Fosfór — Magnesíum — Natríum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn	Frá þremur vikum fyrir burð til burðar	Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Hættið gjöf eftir burð“

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
1		2	3	4	5	6
		Eða				
		Seólít (natríumálsílíkat): 250–500 g/dag		Natríumálsílíkat	Frá þremur vikum fyrir burð til burðar	Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: — „Takmarka skal magn fóðurs svo að dagleg inntaka af natríumálsílíkati fari ekki yfir 500 g á hvert dýr.“ — Notkunartími skal vera að hámarki 2 vikur. — „Hættið gjöf eftir burð“
		Eða Forði fóðurefna sem eru varin gegn niðurbroti í vömb, eru fýtínsýrurík (> 6%) og eru með kalsíuminnihald sem nemur < 0,2% til að ná að lágmarki 28 g og að hámarki 32 g af aðgengilegu kalsíumi fyrir hverja kú á dag. Eða		— Kalsíum	Frá fjórum vikum fyrir burð til burðar	Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram: „Hættið gjöf eftir burð“
		Mikið magn kalsíums í formi auðaðgengilegra kalsíumgjafa: kalsíumklóríð og/eða kalsíumsúlfat og/eða tvíkalsíumfosfat og/eða kalsíumkarbónat og/eða kalsíumprópíónat og/eða kalsíumformat og/eða „annar kalsíumgjafi með áþekka verkun“ Kalsíum úr einum þessara gjafa eða samsetningu þeirra með a.m.k. 50 g fyrir hverja kú á dag Eða		— Kalsíum — Kalsíumgjafar	Frá því að fyrstu merki sjást um burð þar til tveimur dögum eftir burð	1. Notkun í formi forðastauts er leyfileg. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann. 2. Í leiðbeiningum um rétta notkun komi fram hversu oft það er notað og tími fyrir og eftir burð. 3. Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita álits næringarfræðings fyrir notkun.“
		Kalsíumpídólat í magni sem nemur a.m.k. 5,5 g fyrir hverja kú á dag Eða		— Kalsíum — Kalsíumpídólat	Frá því að fyrstu merki sjást um burð þar til tveimur dögum eftir burð	1. Notkun í formi forðastauts er leyfileg. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann.

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
						2. Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita álits næringarfræðings fyrir notkun.“
		Mjöl úr *Solanum glaucophyllum* gerir daglega losun af 38–46 µg af 1,25-díhýdroxýkólekalsíferólglýkósíði mögulega		— Mjöl úr *Solanum glaucophyllum* — Innihald 1,25-díhýdroxýkólekalsíferólglykósíðs — Hrátrefjar — Magnesíum — Hráfita — Sterkja — D3-vítamín (heildarinnihald) sem kólekalsíferól	Frá tveimur dögum fyrir burð eða fyrstu merkjum um burð þar til 10 dögum eftir burð	1. Notkun í formi forðastauts er leyfileg. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann. 2. Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita álits næringarfræðings fyrir notkun.“
61	Að draga úr hættu á súrdoða ([18])	— Lágmarksforði própan-1,2-díóls eða própýlenglýkóls: 250 g/dag fyrir mjólkurkýr 50 g/dag fyrir ær eða geitur Eða — Lágmarksforði própíónata (kalsíum- eða natríumsalta): 110 g/dag fyrir mjólkurkýr 22 g/dag fyrir ær eða geitur Eða — Samanlagður lágmarksforði própan-1,2-díóls og própíónata (natríum- eða kalsíumsalta) ef eftirfarandi á við: — Samsetning própan-1,2-díóls og própíónata fyrir mjólkurkýr er þannig að própíónöt + 0,44 x própan-1,2-díól > 110 g/dag	Mjólkurkýr, ær og geitur	— Própan-1,2-díól, sé því bætt við — Própíónöt í formi natríum- eða kalsíumsalta, sé þeim bætt við	Á bilinu þremur vikum fyrir burð til sex vikum eftir burð fyrir mjólkurkýr Á bilinu sex vikum fyrir burð til þremur vikum eftir burð fyrir ær og geitur	1. Notkun í formi forðastauts er leyfileg. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann. 2. Á merkimiða komi fram: „Mat á steinefnajafnvægi í tengslum við áhættu á blóðkalsíumlækkun eftir burð er nauðsynlegt meðan á gjöf kalsíum- eða natríumpróníónata stendur við lok meðgöngu.“

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
		— Samsetning própan-1,2-díóls og própíónata fyrir ær eða geitur er þannig að própíónöt + 0,44 x própan-1,2-díól > 22 g/dag				
62	Að draga úr streituviðbrögðum	— Mikið magnesíuminnihald Og/eða — Auðmeltanleg innihaldsefni	Svín	— Magnesíum — Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á — Innihald n-3-fitusýrna (sé þeim bætt við)	1 til 7 dagar	Veita skal leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður.
63	Að draga úr hættu á hægðatregðu	Innihaldsefni sem örva þarmahreyfingar	Gyltur	Innihaldsefni sem örva þarmahreyfingar	10 til 14 dagar fyrir got og 10 til 14 dagar eftir got	
64	Mótvægi við ónógan járnforða eftir fæðingu	Mikið innihald járnsambanda sem eru leyfð í virka hópnum „snefilefnasambönd“ í flokknum „viðbætt næringarefni“ eins og um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Fóðurbætirinn má innihalda járn í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Mjólkurgrísir og kálfar	Járn (heildarinnihald)	Eftir fæðingu í allt að 3 vikur	Leiðbeiningar um rétta notkun skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald járns fyrir heilfóður sé virt.

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
65	Mótvægi við vanfrásogi	Lítið innihald mettaðra fitusýrna og hátt hlutfall fituleysanlegra vítamína	Alifuglar, þó ekki gæsir eða dúfur	— Hlutfall mettaðra fitusýrna á móti fitusýrum alls — A-vítamín (heildarinnihald) — D-vítamín (heildarinnihald) — E-vítamín (heildarinnihald) — K-vítamín (heildarinnihald)	Tvær fyrstu vikurnar eftir klak	
66	Að draga úr hættu á fitulifur-heilkenni	Lítið orkuinnihald og hátt hlutfall orku úr lípíðum sem nýtist í efnaskipti með mikið innihald fjölómettaðra fitusýrna	Varphænur	— Orkugildi (reiknað út samkvæmt aðferðum EB) — Hlutfall orku úr lípíðum sem nýtist í efnaskipti — Innihald fjölómettaðra fitusýrna	Allt að 12 vikum	
67	Stuðningur við undirbúning fyrir og afturbata eftir íþrótta-áreynslu	Mikið innihald selens og lágmarksinnihald E-vítamíns sem nemur 50 mg á hvert kg heilfóðurs með 12 % rakainnihald. Fóðurbætirinn má innihalda selensambönd í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Dýr af hestaætt	— E-vítamín (heildarinnihald) — Selen (heildarinnihald)	Allt að 8 vikum fyrir íþróttaáreynslu — Allt að 4 vikum eftir íþróttaáreynslu	Leiðbeiningar um rétta notkun fóðursins skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald selens fyrir heilfóður sé virt.
68	Mótvægi við tap á rafkleyfum efnum við mikla svitnun	Verður að innihalda natríumklóríð og ætti að innihalda kalíumklóríð. Lítið innihald magnesíums, kalsíums og fosfórs. Viðbót annarra rafkleyfra salta er valkvæð.	Dýr af hestaætt	— Natríum — Klóríð — Kalíum — Kalsíum — Magnesíum — Fosfór	Einn til þrír dagar eftir mikla svitnun.	1. Veita skal leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður. 2. Leiðbeiningar um rétta notkun verða að innihalda upplýsingar um gjöf á grundvelli lengdar og ákefðar hreyfingarinnar sem er stunduð og skipta máli fyrir samsetningu og framsetningu fóðursins.

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
						3. Á merkimiða komi fram: — „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ — Ef rafkleyf efni eru gefin án þess að þau séu blönduð vatni (t.d. í formi fóðurs eða sprautu): „Dýrið verður að hafa aðgang að vatni í a.m.k. 20 mínútur eða helst í klukkustund eftir gjöf.“ 4. Auk þess þarf leiðbeiningar um að fylgjast með vatnsdrykkju í kjölfarið og leita skal ráða dýralæknis ef ónógrar vatnsinntöku verður vart. 5. Valkvætt er að gefa leiðbeiningar um hversu mikið vatn (í lítrum) eigi að gefa gegnum fóður eða rafkleyf efni í sprautuformi.
69	Stuðningur við orkuefnaskipti og vöðva-starfsemi ef um er að ræða rákvöðvaleysingu	Sterkja og sykur mynda ekki meira en 20% af aðgengilegri orku. Hráfita myndar meira en 20% af aðgengilegri orku Að lágmarki 350 IU E-vítamín/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald	Dýr af hestaætt	— Sterkja — Sykur — Hráfita — E-vítamín (heildarinnihald)	Að lágmarki 3 mánuðir til að byrja með	1. Veita skal leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður. 2. Í leiðbeiningum um rétta notkun skulu vera upplýsingar um jafnvægi í daglegum skömmtum og viðeigandi daglega inntöku. 3. Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
70	Mótvægi við langvinnar meltingar-truflanir í digurgirni	— Sterkjuinnihald til að veita < 1 g/kg líkamsþyngdar/máltíð (< 0,5 g/kg líkamsþyngdar/máltíð ef niðurgangur er til staðar) — Korn sem eru unnin með vatnshitameðhöndlun eins og útpressun, míkrómölun, þenslu eða flöguframleiðslu til að bæta meltingu sterkju í smáþörmum	Dýr af hestaætt	— Sterkja — Hráfita	Til langs tíma eða þangað til vandamálið er leyst	1. Gefa skal leiðbeiningar — um við nákvæmlega hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður, einkum hvort hægt er að nota vöruna fyrir dýr sem eru samtímis með niðurgang eða ekki. — um skammtastærð og inntöku fóðurjurta. 2. Í leiðbeiningum um rétta notkun skal vísa í hugsanlega stigvaxandi notkun, með hliðsjón af olíuinnihaldi, og leggja til vöktun vegna niðurgangs.

Færslu-númer	Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna (GP1)	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum (GP2)	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
	1	2	3	4	5	6
		— Viðbótarforði af vatnsleysanlegum vítamínum og viðeigandi magni steinefna/rafkleyfra efna — Viðbótarforði af olíu ef enginn niðurgangur er fyrir hendi				3. Á merkimiða skal tilgreina vinnsluaðferðina sem er notuð fyrir kornin.
71	Mótvægi við langvinna starfsbilun í smáþörmum	— Auðmeltanlegar trefjar — Hágæðaprótín- og lýsíngjafar > 4,3% hráprótíns — Heildarinnihald sykurs og sterkju í magni allt að 0,5 g/kg líkamsþyngdar/máltíð — Korn sem eru unnin með vatnshitameðhöndlun eins og útpressun, míkrómölun, þenslu eða flöguframleiðslu til að bæta meltingu á undan botnristli	Dýr af hestaætt	— Auðmeltanleg fóðurefni ásamt vinnslu þeirra, ef við á. — Heildarinnihald sykurs og sterkju — Prótíngjafar	Til langs tíma eða þangað til vandamálið er leyst	1. Gefa skal leiðbeiningar um — við nákvæmlega hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður — skammtastærð og inntöku fóðurjurta. 2. Í leiðbeiningum um rétta notkun skal vísa í hugsanlega stigvaxandi notkun, með hliðsjón af olíuinnihaldi, og leggja til vöktun vegna niðurgangs.
72	Að koma hinni lífeðlisfræðilegu meltingu í jafnvægi	Fóðuraukefni í virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“, eins og um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003, eða, á meðan beðið er eftir málsmeðferð um endurnýjun leyfis eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, fóðuraukefni í flokknum „örverur“	Dýrategundir sem þarmaflórustöðgarinn eða örveran er leyfð fyrir	Heiti og viðbætt magn þarmaflórustöðgarans eða örverunnar	Allt að 4 vikum	1. Á merkimiða komi fram: „Þegar hætta er á meltingartruflunum, ef meltingartruflanir koma upp og meðan dýrið er að ná sér eftir slíkan kvilla.“ 2. Leiðbeiningar um rétta notkun fóðursins skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald þarmaflórustöðgarans eða örverunnar fyrir heilfóður sé virt.

(GP1) Að því er varðar eftirlit með magnmerkingum gilda vikmörkin eins og þau eru fastsett í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009.
(GP2) Þessar upplýsingar á merkimiðum gilda til viðbótar við almennar kröfur um merkingar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 767/2009
([1]) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við tímabundna nýrnabilun, ef við á.
([2]) á grundvelli fæðu með orkuinnihald þurrefnis sem nemur 4000 kkal efnaskiptanlegrar orku/kg, reiknað með jöfnunni sem lýst er í næringarleiðbeiningum FEDIAF (http://www.fediaf.org/self-regulation/nutrition.html). Gildin skulu aðlöguð ef orkuinnihald víkur frá 4000 kkal efnaskiptanlegrar orku/kg.
([3]) Ef mælt er með fóðrinu í tengslum við tímabundna nýrnabilun skal tímabil notkunar vera tvær til fjórar vikur.
([4]) Þegar um er að ræða fóður í tengslum við tiltekið óþol má tilvísun til tiltekins óþols koma í stað orðanna „innihalds- og næringarefna“.
([5]) Að því er varðar ketti má bæta við vísun í „fitulifur í köttum“.
([6]) Að því er varðar ketti má bæta við „þvagrásarsjúkdómur katta“ eða „þvagrásarheilkenni katta“.
([7]) Undirmettandi eiginleikar: þvag í tengslum við eiginleika til uppleysingar kristalla og steina og/eða eiginleika sem koma í veg fyrir útfellingu og vöxt kristalla.
([8]) pH-gildi þvags ≤ 6,5.
([9]) Hálfstöðgandi eiginleikar: þvag í tengslum við eiginleika sem koma í veg fyrir útfellingu kristalla.
([10]) Bæta má við „skortur á framleiðslu brissafa“ .

(11) Lágmarksráðleggingum samkvæmt næringarleiðbeiningum FEDIAF (http://www.fediaf.org/self-regulation/nutrition.html) varðandi allar lífsnauðsynlegar fitusýrur skal fylgt í daglegum skammti.

(12) á grundvelli fæðu með orkuinnihald þurrefnis sem nemur 3500 kkal efnaskiptanlegrar orku/kg, reiknað með jöfnunni sem lýst er í næringarleiðbeiningum FEDIAF (http://www.fediaf.org/self-regulation/nutrition.html). Gildin skulu aðlöguð ef orkuinnihald víkur frá 3500 kkal efnaskiptanlegrar orku/kg.

(13) Efnaskiptanleg orka/kg reiknuð út með jöfnunni sem er lýst í næringarleiðbeiningum FEDIAF frá 2019 um heilfóður og fóðurbæti fyrir ketti og hunda (FEDIAF (2019) Nutritional Guidelines for Complete and Complementary Pet Food for Cats and Dogs).

(14) „FEDIAF (2019) Nutritional Guidelines for Complete and Complementary Pet Food for Cats and Dogs“.

(15) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkýr: „Hámark tveir mánuðir frá því að mjólkurskeið hefst“.

(16) Tilgreinið flokk viðkomandi jórturdýra.

(17) DCAD (meq/kg þurrefnis) = (Na + K) – (Cl + S).

(18) Heitið „ketónblæði“ má koma í stað heitisins „súrdoði“ og einstaklingurinn sem ber ábyrgð á merkingu getur einnig mælt með notkun fóðursins í tengslum við bata eftir súrdoða.

(19) Reiknað með Strong Ion Difference-aðferðinni (SID-gildi): SID er mismunurinn milli summa styrkleika sterkra plúsjóna og sterkra mínusjóna; [SID] = [mmól Na^+/l] + [mmól K^+/l] + [mmól Ca^{++}/l] + [mmól Mg^{++}/l] – [mmól Cl^-/l] – [mmól aðrar sterkar mínusjónir/l].

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/993 **2021/EES/7/17**

frá 9. júlí 2020

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir til eldis aðrar en eldiskjúklinga og skrautfugla, allar tegundir svína eftir fráfærur nema fráfærugrísi og allar tegundir svína til eldis nema eldissvín (leyfishafi er Berg und Schmidt GmbH Co. KG) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), var leyfð til 10 ára með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/130 ([2]) fyrir eldissvín og með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/929 ([3]) fyrir eldiskjúklinga og fráfærugrísi.

3) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir aðrar fuglategundir til eldis, skrautfugla og allar aðrar tegundir svína eftir fráfærur og til eldis.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. júlí 2019 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast hugsanlegur húðnæmir og öndunarfæranæmir. Því ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í fyrri álitum sínum ([5]) að aukefnið geti bætt árangur í dýrarækt hjá eldiskjúklingum, fráfærugrísum og eldissvínum og að yfirfæra megi þessar niðurstöður á alla eldisfugla og skrautfugla og á allar tegundir svína eftir fráfærur og allar tegundir svína til eldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 76. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 120.

([3]) Stjtíð. ESB L 148, 6.6.2019, bls. 25.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(7), 5781.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(2), 4707 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(10), 5457.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a26	Berg and Schmidt GmbH Co. KG	Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8)	***Samsetning aukefnis*** Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), með virkni að lágmarki 15 000 EPU (1)/g Fast form ***Lýsing á eiginleikum virka efnisins*** Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755) ***Greiningaraðferð*** (2) Til að magnákvarða virkni endó-1,4-betaxýlanasa í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðri: — Litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabínoxýlani, sem er vixltengt leysilitnum.	Allar tegundir fugla til eldis nema eldiskjúklingar Skrautfuglar Allar tegundir svína eftir fráfærur nema fráfærugrísir Allar tegundir svína til eldis nema eldissvín	-	1 500 EPU	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	30.7.2030

(1) Ein eining endópentósanasa (EPU) samsvarar því magni ensíms sem leysir 0,0083 µmól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 4,7 og 50 °C.
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/994 **2021/EES/7/18**

frá 9. júlí 2020

um leyfi fyrir mónensíni og níkarbasíni (Monimax) sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna, eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Huvepharma NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir mónensíni og níkarbasíni (Monimax). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir mónensíni og níkarbasíni (Monimax), í aukefnaflokknum „hníslalyf og vefsvipungalyf“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna, eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 29. nóvember 2017 ([2]), 2. október 2018 ([3]) og 7. október 2019 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi mónensín og níkarbasín (Monimax) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að hætta stafi af aukefninu við innöndun og að það geti valdið eitrun gegnum húð. Engin gögn liggja fyrir um augnertingarmátt. Því ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist áhrifaríkt til að verjast hníslasótt hjá eldiskalkúnum, eldiskjúklingum og kjúklingum sem eru aldir til að verða varphænur. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að framkvæma ætti vöktunaráætlun að lokinni setningu á markað til að hafa eftirlit með þoli gegn *Eimeria* spp. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á mónensíni og níkarbasíni (Monimax) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „hníslalyf og vefsvipungalyf“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2017 15(12), 5094.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2018 16(11), 5459.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2019 17(11), 5888.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskipta-heiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
Hnískalyf og vefsvipungalyf										
51776	Huvepharma NV.	Mónensín 80 g/kg Níkarbasín 80 g/kg (Monimax)	**Samsetning aukefnis:** Blanda af: Mónensíni (sem mónensínnatríum) 80 g/kg (mónensín A ≥ 90%, mónensín A+B ≥ 95%, mónensín C 0,2–0,3%) Níkarbasíni 80 g/kg (Hlutfall 1:1) Sterkja: 15 g/kg. Hveitimjöl: 580 g/kg. Kalsíumkarbónat: eftir þörfum 1000 g Kyrnaform **Lýsing á eiginleikum virka efnisins: Mónensín sem mónensínnatríum, af tæknilegum gæðum** (virkni ≥ 27%) CAS-númer 22373-78-0, framleitt með *Streptomyces cinnamonensis* (28682 BCCM/LMG S-19095) sem samanstendur af: — mónensín-A-natríumi: natríum-(2-[5-etýltetrahýdró-5-[tetrahýdró-3-metýl-5-[tetrahýdró-6-hýdroxý-6-(hýdroxýmetýl)-3,5-dímetýl-2H-pýran-2-ýl]-2-fúrýl]-2-fúrýl]-9-hýdroxý-β-metoxý-α,γ,2,8-tetrametýl-1,6-díoxaspíró-[4.5]dekan-7-smjörsýra, $C_{36}H_{61}NaO_{11}$,	Eldiskjúk-lingar		40 mg mónens-ínnatríum 40 mg níkarbasín	50 mg mónens-ínnatríum 50 mg níkarbasín	1. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. 2. Ekki má blanda aukefninu við önnur hnískalyf. 3. Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Hættulegt dýrum af hestaætt. Þetta fóður inniheldur jónabera: óráðlegt er að nota það samtímis tíamúlíni og fylgjast skal með hugsanlegum aukaverkunum þegar það er notað samhliða öðrum lyfjum“. 4. Leyfishafinn skal framkvæma vöktunaráætlanir að lokinni setningu á markað varðandi: — þol gegn bakteríum og *Eimeria* spp.	30.7.2030	25 µg mónensínnatríum/kg af húð og fitu (blautvigt), 8 µg mónensínnatríum/kg af lifur, nýrum og vöðvum (blautvigt). 15 000 µg DNC/kg af lifur (blautvigt), 6 000 µg DNC/kg af nýrum (blautvigt), 4 000 µg DNC/kg fyrir vöðva (blautvigt) og húð/fitu (blautvigt).
				Eldiskalk-únar	16 vikna					
				Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur	16 vikna					

			— mónensín-B-natríumi: natríum-4-(9-hýdroxý-2-(5'-hýdroxý-6-(hýdroxýmetýl)-3,5-dímetýltetrahýdró-2H-pýran-2-ýl)-2,3'-dímetýloktahýdró-[2,2'-bífúran]-5-ýl)-2,8-dímetýl-1,6-díoxaspíró[4.5]dekan-7-ýl)-3-metoxý-2-metýlpentanóat, $C_{35}H_{59}NaO_{11}$, — mónensín-C-natríumi: natríum-2-etýl-4-(2-(2-etýl-5'(6-hýdroxý-6-(hýdroxýmetýl)-3,5-dímetýltetrahýdró-2H-pýran-2-ýl)-3'-metýloktahýdró-[2,2'-bífúran]-5-ýl)-9-hýdroxý-2,8-dímetýl-1,6-díoxaspíró[4.5]dekan-7-ýl)-3-metoxýpentanóat, $C_{37}H_{63}NaO_{11}$ **Níkarbasín** $C_{19}H_{18}N_6O_6$. CAS-númer: 330-95-0 samsett efni með jöfnum mólekúlhlutföllum: — 4,4-dínítrókarbanilíð (DNC) (67,4-73%) $C_{13}H_{10}N_4O_5$, — 2-hýdroxý-4,6-dímetýlpýrimidín (HDP) (27–30%) — óbundið HDP ≤ 2,5% $C_6H_8N_2O$ Skyld óhreinindi: — p-nítró-anilín (PNA): ≤ 0,1% — metýl(4-nítrófenýl)karbamat (M4NPC): ≤ 0,4%					5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.		
			Greiningaraðferð (1) Magnákvörðun á mónensíni í fóðuraukefninu: Háþrýstivökvaskiljun með afleiðumyndun eftir súlu og sýnilegri greiningu (HPLC-VIS)							

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

			Magnákvörðun á mónensíni í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með afleiðumyndun eftir súlu og sýnilegri greiningu (HPLC-VIS) – EN ISO 14183 Magnákvörðun á níkarbasíni í fóðuraukefninu: Háþrýstivökvaskiljun með afleiðumyndun eftir súlu og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV) Magnákvörðun á níkarbasíni í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með afleiðumyndun eftir súlu og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV) – EN ISO 15782 Magnákvörðun á mónensínnatríumi og níkarbasíni í vef: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa í tengslum við þrefaldan fjórskauta massagreini (RP-HPLC-MS/MS) eða jafngildar aðferðir sem uppfylla kröfurnar sem settar eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB							

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/995 **2021/EES/7/19**

frá 9. júlí 2020

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), sem fóðuraukefni fyrir mjólkandi gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir mjólkandi gyltur.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 3. júlí 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé hugsanlega öndunarfæranæmir og að ekki hafi verið hægt að komast að niðurstöðu um hvort aukefnið sé næmandi fyrir húð. Því ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), hafi áhrif á bætingu á sýnilegri niðurbrotshæfni orku í saur hjá mjólkandi gyltum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður eins og fram kemur í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(8), 5790.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a1607i	DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8)	*Samsetning aukefnis:* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), með virkni að lágmarki: Fast form: 1 000 FXU (1)/g Vökvaform: 650 FXU/ml *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372) *Greiningaraðferð* (2): Til að magnákvarða endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), í fóðuraukefni: — litmæling sem mælir litað efnasamband sem er framleitt með dínítrósalisýlsýru (DNSA) og xýlósýlhlutum sem xýlanasi leysir úr arabínoxýlani. Til að magnákvarða endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), í forblöndum og fóðri: — litmæling, sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem xýlanasi leysir úr litamerktu hafrahismisasóxýlani.	Mjólkandi gyltur	-	200 FXU	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	30.7.2020

(1) 1 FXU er það magn ensíms sem leysir 7,8 µmól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani úr asóhveiti við pH-gildið 6,0 og 50 °C.
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/996 **2021/EES/7/20**

frá 9. júlí 2020

um leyfi fyrir blöndu af karvakróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps (leyfishafi er Biomin GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu af karvakróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu af karvakróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 15. maí 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda af karvakróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að váhrif á notendur við innöndun séu ólíkleg og að ekki hafi verið unnt að komast að niðurstöðu um húð- eða augnnæmingu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti bætt árangur í dýrarækt hjá eldiskjúklingum og að yfirfæra megi þessar niðurstöður á kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og á aukategundir alifugla sem eru aldar til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu af karvakróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 87. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5724.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)									
4d20	Biomin GmbH	Blanda af karvakróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli	**Samsetning aukefnis** Blanda af: — karvakról (120–160 mg/g) — þýmól (1–3 mg/g) — d-karvón (3–6 mg/g) — metýlsalisýlat (10–35 mg/g) — L-mentól (30–55 mg/g) — myndlaus kísl (að hámarki 100 mg/g) — hert jurtaolía (að hámarki 700 mg/g) Fast hjúpað form **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** Karvakról (CAS-númer: 499-75-2) Þýmól (CAS-númer: 89-83-8) d-karvón (CAS-númer: 2244-16-8) Metýlsalisýlat (CAS-númer: 119-36-8) — L-mentól (CAS-númer: 2216-51-8) **Greiningaraðferð** ([1]) Til að magnákvarða virku efnin: Gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID).	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Aukategundir alifugla sem eru aldar til varps	— — —	65	105	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum gjöfum karvakróls, þýmóls, d-karvóns, metýlsalisýlats og L-mentóls. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og augnvörn.	30.7.2030

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/997 **2021/EES/7/21**

frá 9. júlí 2020

um leyfi fyrir fljótandi L-lýsínbasa, L-lýsínsúlfati og tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir fljótandi L-lýsínbasa og tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* NRRL-B-67439 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-67535 og L-lýsínsúlfati og tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 7.266, sem fóðuraukefni með næringarfræðilega eiginleika til notkunar í fóður og drykkjarvatn fyrir allar dýrategundir. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Þessar umsóknir varða leyfi fyrir fljótandi L-lýsínbasa og tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* NRRL-B-67439 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-67535, og L-lýsínsúlfati og tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 7.266, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 7. október 2019 ([2]) og 28. janúar 2020 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi fljótandi L-lýsínbasi og tæknilega hreint L-lýsínmónóhýdróklóríð, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* NRRL-B-67439 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-67535, og L-lýsínsúlfat og tæknilega hreint L-lýsínmónóhýdróklóríð, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 7.266, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða neytenda eða á umhverfið. Hún gat ekki komist að niðurstöðu um hugsanleg eiturhrif tæknilega hreins L-lýsínmónóhýdróklóríðs, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* NRRL-B-67439 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-67535, við innöndun og sá fyrir að fljótandi L-lýsínbasi, sem er framleiddur með *Corynebacterium glutamicum* NRRL-B-67439 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-67535 væri ætandi fyrir húð og augu og skapaði áhættu við innöndun. Að því er varðar L-lýsínsúlfat og tæknilega hreint L-lýsínmónóhýdróklóríð, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 7.266, gat Matvælaöryggisstofnunin ekki útilokað að aukefnin væru eitruð við innöndun, ertandi fyrir húð og augu eða hugsanlegir húðnæmar. Því ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að fljótandi L-lýsínbasi og tæknilega hreint L-lýsínmónóhýdróklóríð, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* NRRL-B-67439 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-67535, og L-lýsínsúlfat og tæknilega hreint L-lýsínmónóhýdróklóríð, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 7.266, væru áhrifaríkir gjafar lífsnauðsynlegu amínósýrunnar L-lýsíns fyrir allar dýrategundir. Til þess að viðbætt L-lýsín hafi full áhrif í jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Í ofangreindum álitum sínum vísaði Matvælaöryggisstofnunin til fyrri yfirlýsingar um hugsanlegt næringarójafnvægi varðandi amínósýrur þegar þær eru gefnar með drykkjarvatni. Matvælaöryggisstofnunin lagði þó ekki til hámarksinnihald fyrir viðbót L-lýsíns. Því þykir rétt að tilgreina á merkimiða aukefnisins og forblandna sem innihalda það aðvörun um að taka tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum, einkum ef L-lýsíni er bætt við sem amínósýru með því að setja það í drykkjarvatn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 90. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(10), 5886.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6019.

5) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslur um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á fljótandi L-lýsínbasa og tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* NRRL-B-67439 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-67535, og L-lýsínsúlfati og tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 7.266, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni.									
3c320	-	Fljótandi L-lýsínbasi	**Samsetning aukefnis:** Vatnslausn með L-lýsíni með að lágmarki 50% L-lýsín. **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-lýsín sem er framleitt með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* NRRL-B-67439 eða *Corynebacterium glutamicum NRRL B-67535*. Efnaformúla: NH_2-$(CH_2)_4$-CH(NH_2)-COOH CAS-númer: 56-87-1 **Greiningaraðferðir** ([1]): Til að magnákvarða lýsín í fóðuraukefninu og forblöndum sem innihalda meira en 10% lýsín: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) – EN ISO 17180.	Allar tegundir	-	-	-	1. Tilgreina skal lýsíninnihald á merkimiðum fyrir aukefnið. 2. Setja má fljótandi L-lýsínbasa á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun og áhættu fyrir húð og augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunar-, húð- og augnvörn. 4. Aukefnið má einnig nota í drykkjarvatn.	30.7.2030

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

			Til að magnákvarða lýsín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka) Til að magnákvarða lýsín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD)					5. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblöndurnar: „Þegar L-lýsíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	
3c322		Tæknilega hreint L-lýsínmónó-hýdróklóríð	**Samsetning aukefnis:** Duft með L-lýsínmónóhýdróklóríði með að lágmarki 78% L-lýsín og 1,5% hámarks-rakainnihald. **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-lýsínmónóhýdróklóríð sem er framleitt með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* NRRL-B-67439 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-67535 eða *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 7.266. Efnaformúla: NH_2-$(CH_2)_4$-$CH(NH_2)$-COOH CAS-númer: 657-27-2 **Greiningaraðferðir[1]:** Til að magnákvarða L-lýsínmónó-hýdróklóríð í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-lysine monohydrochloride monograph“ Til að magnákvarða lýsín í fóðuraukefninu og forblöndum sem innihalda meira en 10% lýsín:	Allar tegundir	-	-	-	1. Tilgreina skal lýsíninnihald á merkimiðum fyrir aukefnið. 2. Setja má tæknilega hreint L-lýsínmónóhýdróklóríð á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	30.7.2030

			— jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) — EN ISO 17180. Til að magnákvarða lýsín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka). Til að magnákvarða lýsín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS).					4. Aukefnið má einnig nota í drykkjarvatn. 5. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblöndurnar: „Þegar L-lýsíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	
3c325		L-lýsínsúlfat	**Samsetning aukefnis:** Kornótt með a.m.k. 52% L-lýsíninnihald og að hámarki 24% súlfatinnihald. **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-lýsínsúlfat sem er framleitt með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 7.266 Efnaformúla: $C_{12}H_{28}N_4O_4 \cdot H_2SO_4/[NH_2-(CH_2)_4-CH(NH_2)-COOH]_2SO_4$ CAS-númer: 60343-69-3 **Greiningaraðferðir[1]:** Til að magnákvarða lýsín í fóðuraukefninu og forblöndum sem innihalda meira en 10% lýsín:	Allar tegundir	-	-	10 000	1. Tilgreina skal L-lýsíninnihald á merkimiðum fyrir aukefnið. 2. Setja má L-lýsínsúlfat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	30.7.2030

			— jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) – EN ISO 17180. Til að sanngreina súlfat í fóðuraukefninu: — Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 20301 Til að magnákvarða lýsín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka) Til að magnákvarða lýsín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD)					4. Aukefnið má einnig nota í drykkjarvatn. 5. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblöndurnar: „Þegar L-lýsíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/998 **2021/EES/7/22**

frá 9. júlí 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir astaxantíndímetýldísúksínati sem fóðuraukefni fyrir fiska og krabbadýr og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 393/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa og endurnýjun á leyfi fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Astaxantíndímetýldísúksínat var leyft til 10 ára með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 393/2008 ([2]) sem fóðuraukefni fyrir lax og silung.

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir astaxantíndímetýldísúksínati (heiti aukefnisins var breytt úr astaxantíndímetýldísúksínati í gildandi leyfi fyrir astaxantíndímetýldísúksínati í umsókninni og er það rétt heiti þegar vísað er til þessa aukefnis [breytingin á ekki við um íslensku útgáfuna]) sem fóðuraukefni fyrir lax og silung, um nýja notkun sem rýmkar gildissvið leyfisins fyrir astaxantíndímetýldísúksínati sem fóðuraukefni þannig að það nái yfir alla fiska og krabbadýr í samræmi við 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar og um breytingu á gildandi skilyrðum leyfisins fyrir astaxantíndímetýldísúksínati sem fóðuraukefni til að heimila notkun aukefnisins án takmarkana varðandi aldur og þyngd.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 13. nóvember 2019 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi astaxantíndímetýldísúksínat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að engar vísbendingar væru fyrir hendi sem gætu leitt til endurskoðunar á fyrri niðurstöðum að því er varðar notendur aukefnisins. Við raunhæfar aðstæður er áhætta fyrir húð eða augu notenda ólíkleg. Þar eð rannsókn um eiturhrif liggur ekki fyrir er ekki unnt að ákvarða áhættu á eiturhrifum við innöndun. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar heilbrigði notenda aukefnisins, þ.m.t. þegar það er notað í formi blöndu. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að astaxantíndímetýldísúksínat sé áhrifaríkur litgjafi fyrir matvæli úr dýraríkinu. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á astaxantíndímetýldísúksínati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu og breyta skilyrðum leyfisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir astaxantíndímetýldísúksínati sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 393/2008 úr gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 96. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 393/2008 frá 30. apríl 2008 um leyfi fyrir astaxantíndímetýldísúksínati sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 20).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5920.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar: ii) efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum“, og er tilgreint í viðaukanum, fyrir allar laxa- og silungategundir, er endurnýjað og skilyrðunum fyrir leyfinu er breytt að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 393/2008 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Litgjafar. ii) efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum								
2a165	Astaxantíndímetýl-dísúksínat	*Samsetning aukefnis:* Astaxantíndímetýldísúksínat Trífenýlfosfínoxíð (TPPO) ≤ 100 mg/kg Díklórómetan ≤ 600 mg/kg *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Astaxantíndímetýldísúksínat Efnaformúla: $C_{50}H_{64}O_{10}$ Fast form, framleitt með efnasmíði. CAS-númer 578006-46-9 Hreinleikaskilyrði Astaxantíndímetýldísúksínat (al-E-, 9-Z- og 13-Z-hverfur) ≥ 96% Önnur karótenóíð ≤ 4% *Greiningaraðferð* (1) Til að magnákvarða astaxantíndí-metýldísúksínat í fóðuraukefninu: — litrófsmæling við 486 nm. Til að magnákvarða astaxantíndímetýl-dísúksínat í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun með skautuðum stöðufasa og greiningu þar sem notað er útfjólublátt/sýnilegt ljós (HPLC-UV/VIS)	Fiskar og krabbadýr	-	-	138	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 2. Setja verður astaxantíndímetýldísúksínat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Ef astaxantíndímetýldísúksínat er blandað með kantaxantíni og öðrum astaxantíngjöfum skal heildarinnihald blöndunnar ekki fara yfir 100 mg astaxantínjafngildis (2)/kg í heilfóðri. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni, þ.m.t. áhættu vegna aukefnanna sem blandan inniheldur. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.	30.7.2030

(1) https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports
(2) 1,38 mg astaxantíndímetýldísúksínat jafngildir 1 mg af astaxantíni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1031 **2021/EES/7/23**

frá 15. júlí 2020

um leyfi fyrir bensósýru sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir bensósýru. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir bensósýru, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldissvín.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 15. maí 2019 ([2]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi bensósýra ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé húðertandi og alvarlega augnertandi. Því ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að bensósýra geti bætt árangur í dýrarækt hjá eldissvínum. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á bensósýru sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5727.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)									
4d210	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	Bensósýra	*Samsetning aukefnis* Bensósýra (≥ 99,9%) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Bensenkarboxýlsýra, fenýlkarboxýlsýra, $C_7H_6O_2$ CAS-númer 65-85-0 Hámarksgildi óhreininda: Þalsýra: ≤ 100 mg/kg Bífenýl: ≤ 100 mg/kg *Greiningaraðferð* (1) Til að magnákvarða bensósýru í fóðuraukefninu: — títrun með natríumhýdroxíði (Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 0066). Til að magnákvarða bensósýru í forblöndum og fóðri: – vökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (RP-HPLC/UV) – aðferð sem byggir á ISO9231:2008	Eldissvín	-	3 000	10 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum bensósýru- eða bensóatagjöfum. 3. Í notkunarleiðbeiningunum skal tilgreina eftirfarandi: „Ekki má gefa eldissvínum fóðurbæti sem inniheldur óblandaða bensósýru. Fóðurbæti sem inniheldur bensósýru skal blanda vel saman við önnur fóðurefni í daglegum skammti“. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og augnvörn.	5. ágúst 2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1032 **2021/EES/7/24**

frá 15. júlí 2020

um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 28343 sem fóðuraukefni fyrir kálfa til eldis og eldissvín (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co. KG) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram tvær umsóknir um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 28343. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 28343, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir kálfa til eldis og eldissvín.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 6. mars 2018 ([2]), 4. júlí 2019 ([3]) og 15. maí 2019 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Bacillus subtilis* (DSM 28343) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að líta ætti á aukefnið sem hugsanlegan öndunarfæranæmi og að ekki hafi verið hægt að komast að niðurstöðu um húðnæmingarmátt þess. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið hefði talsverð áhrif á vaxtareiginleika hjá kálfum til eldis og að það gæti bætt þyngdaraukningu í eldissvínum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 28343 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2018 16(3), 5220.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2019 17(7), 5793.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2019 17(5), 5725.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1825	Lactosan GmbH & Co. KG	*Bacillus subtilis* DSM 28343	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Bacillus subtilis* DSM 28343 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænleg gró *Bacillus subtilis* DSM 28343 *Greiningaraðferð* (1) Sanngreining á *Bacillus subtilis* DSM 28343 í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) Ákvörðun á heildarfjölda *Bacillus subtilis* DSM 28343 í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Dreifingaraðferð þar sem notaður er trýptónsojaagar – EN 15784	Kálfar til eldis Eldissvín	- -	1×10^9 2×10^8	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Notkun hjá kálfum til eldis skal takmarkast við staðgöngumjólk. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við notkun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum.	5. ágúst 2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1034 **2021/EES/7/25**

frá 15. júlí 2020

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), sem fóðuraukefni fyrir varphænur (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir varphænur.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 26. september 2017 ([2]) og 13. nóvember 2019 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé hugsanlega öndunarfæranæmir og að ekki hafi verið hægt að komast að niðurstöðu um hvort aukefnið sé næmandi fyrir húð. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið hafi sýnt áhrif varðandi bætta afurðasemi í varpi. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður eins og fram kemur í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2017 15(10), 5020.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2019 17(11), 5919.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a1607i	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8)	***Samsetning aukefnis*** Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), með virkni að lágmarki: Fast form: 1 000 FXU (1)/g Vökvaform: 650 FXU/ml ***Lýsing á eiginleikum virka efnisins*** Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372) *Greiningaraðferð* (2) Til að magnákvarða endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), í fóðuraukefni: — litmæling sem mælir litað efnasamband sem er framleitt með dínítrósalisýlsýru (DNSA) og xýlósýlhlutum sem xýlanasi leysir úr arabínoxýlani. Til að magnákvarða endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), í forblöndum og fóðri: — litmæling, sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem xýlanasi leysir úr litamerktu hafra-hismisasóxýlani.	Varphænur	-	100 FXU	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	5.8.2030

(1) 1 FXU er það magn ensíms sem leysir 7,8 µmól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani úr asóhveiti við pH-gildið 6,0 og 50 °C.
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/432 **2021/EES/7/26**

frá 23. mars 2020

um breytingu á tilskipun ráðsins 2002/55/EB að því er varðar skilgreiningu á grænmeti og skrána yfir ættkvíslir og tegundir í b-lið 1. mgr. 2. gr. (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ([1]), einkum 2. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/990 ([2]), sem breytti b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB, var skilgreiningin á „grænmeti“ á undan töflunni í þeirri grein ranglega felld brott. Því inniheldur b-liður 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB ekki lengur skilgreiningu á „grænmeti“, sem er nauðsynlegur hluti þeirrar tilskipunar.

2) Því ætti að leiðrétta tilskipun 2002/55/EB til samræmis við það.

3) Í þágu réttarvissu ætti lögleiðingardagurinn, sem settur er fram í þessari tilskipun, að vera sá sami og lögleiðingardagurinn sem er settur fram í framkvæmdartilskipun (ESB) 2019/990.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 2002/55/EB

Tilskipun 2002/55/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2020. Þau skulu þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæðin úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 88, 24.3.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

([2]) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/990 frá 17. júní 2019 um breytingu á skránni yfir ættkvíslir og tegundir í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í II. viðauka við tilskipun ráðsins 2008/72/EB og í viðaukanum við tilskipun ráðsins 93/61/EBE (Stjtíð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 14).

3. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað b-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB kemur eftirfarandi:

„b) „grænmeti“: plöntur eftirtalinna tegunda, ætlaðar til ræktunar í landbúnaði eða garðyrkju, þó ekki til skrauts:

„*Allium cepa* L.

— Cepa-hópur (laukur, bananaskalottlaukur)

— Aggregatum-hópur (skalottlaukur)

Allium fistulosum L. (pípulaukur)

— öll yrki

Allium porrum L. (blaðlaukur)

— öll yrki

Allium sativum L. (hvítlaukur)

— öll yrki

Allium schoenoprasum L. (graslaukur)

— öll yrki

Anthriscus cerefolium (L.) Hoffm. (Garðakerfill)

— öll yrki

Apium graveolens L.

— Selleríhópur

— Hnúðsilluhópur

Asparagus officinalis L. (sperglar)

— öll yrki

Beta vulgaris L.

— Rauðrófuhópur (rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur)

— Blaðbeðjuhópur (blaðbeðjur)

Brassica oleracea L.

— Grænkálshópur

— Blómkálshópur

— Höfuðkálshópur (rauðkál og hvítkál)

— Rósakálshópur

— Hnúðkálshópur

— Blöðrukálshópur

— Spergilkálshópur (sprotakál)

— Pálmakálshópur

— Tronchuda-hópur (portúgalskt hvítkál)

Brassica rapa L.

— Kínakálshópur

— Næpugrænmetishópur

Capsicum annuum L. (eldpipar eða paprikur)

— öll yrki

Cichorium endivia L. (salatfífill)

— öll yrki

Cichorium intybus L.

— Jólasalatshópur

— Kaffifífilshópur (stórblaða kaffifífill eða ítalskur kaffifífill)

— Kaffifílsrótarhópur

Citrullus lanatus (Thunb.) Matsum. et Nakai (vatnsmelónur)

— öll yrki

Cucumis melo L. (melónur)

— öll yrki

Cucumis sativus L.

— Gúrkuhópur

— Smágúrkuhópur

Cucurbita maxima Duchesne (tröllagrasker)

— öll yrki

Cucurbita pepo L. (grasker, þ.m.t. þroskuð rísagrasker og pattypan-grasker eða dvergbítar, þ.m.t. óþroskuð pattypan-grasker)

— öll yrki

Cynara cardunculus L.

— Ætiþistlahópur

— Salatþistlahópur

Daucus carota L. (gulrætur og fóðurgulrætur)

— öll yrki

Foeniculum vulgare Mill. (Fenníka)

— Azoricum-hópur

Lactuca sativa L. (salat)

— öll yrki

Solanum lycopersicum L. (tómatar)

— öll yrki

Petroselinum crispum (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)

— Steinseljublaðahópur

— Steinseljurótarhópur

Phaseolus coccineus L. (glæsibaunir)

— öll yrki

Phaseolus vulgaris L.

— Buskabaunahópur

— Stangarbaunahópur

Pisum sativum L.

— Hýðisertuhópur

— Mergertuhópur

— Sykurertuhópur

Raphanus sativus L.

— Radísuhópur

— Vetrarhreðkuhópur

Rheum rhabarbarum L. (rabarbari)

— öll yrki

Scorzonera hispanica L. (svartrætur)

— öll yrki

Solanum melongena L. (eggaldin)

— öll yrki

Spinacia oleracea L. (spínat)

— öll yrki

Valerianella locusta (L.) Laterr. (Vorsalat eða lambasalat)

— öll yrki

Vicia faba L. (breiðbaunir)

— öll yrki

Zea mays L.

— Sykurmaíshópur

— Poppmaíshópur

Öll yrki þeirra tegunda og hópa sem talin eru upp hér að framan.“

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1985 **2021/EES/7/27**

frá 28. nóvember 2019

um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði ([1]), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ([2]), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB ([3]) og 2003/91/EB ([4]) voru samþykktar til að tryggja að yrki, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim aðferðarlýsingum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett að því er varðar þá eiginleika sem athugun á hinum ýmsu tegundum skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á yrkjum, að svo miklu leyti sem slíkar aðferðarlýsingar hafa verið settar. Að því er varðar yrki, sem falla ekki undir aðferðarlýsingar yrkisskrifstofu Bandalagsins, er í þessum tilskipunum kveðið á um að viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) skuli gilda.

2) Frá því að síðasta breyting var gerð á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB með framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/114 ([5]) hefur yrkisskrifstofa Bandalagsins fastsett frekari aðferðarlýsingar og uppfært þær sem fyrir voru.

3) Því ætti að breyta tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB kemur textinn sem settur er fram í A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði (Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7).

([4]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda (Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11).

([5]) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/114 frá 24. janúar 2019 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði (Stjtíð. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 35).

2. gr.

Í stað viðaukanna við tilskipun 2003/91/EB kemur textinn sem settur er fram í B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Að því er varðar athuganir, sem hófust fyrir 1. júní 2020, er aðildarríkjunum heimilt að beita þeim útgáfum af tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB sem voru í gildi áður en þeim var breytt með þessari tilskipun.

4. gr.

Aðildarríki skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. maí 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júní 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja tæknilegum aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) [1]

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins**
Festuca arundinacea Schreb.	Tágavingull	TP 39/1 frá 1.10.2015
Festuca filiformis Pourr.	Þráðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Festuca ovina L.	Sauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Festuca pratensis Huds.	Hávingull	TP 39/1 frá 1.10.2015
Festuca rubra L.	Rauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Festuca trachyphylla (Hack.) Krajina	Skrápvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Lolium multiflorum Lam.	Slétturýgresi	TP 4/2 frá 19.3.2019
Lolium perenne L.	Vallarrýgresi	TP 4/2 frá 19.3.2019
Lolium x hybridum Hausskn.	Rýgresisblendingur	TP 4/2 frá 19.3.2019
Pisum sativum L. (partim)	Fóðurertur	TP 7/2, 2. endursk. frá 15.3.2017
Poa pratensis L.	Vallarsveifgras	TP 33/1 frá 15.3.2017
Vicia faba L.	Garðbaunir	TP/8/1 frá 19.3.2019
Vicia sativa L.	Fóðurflækja	TP 32/1 frá 19.4.2016
Brassica napus L. var. *napobrassica* (L.) Rchb.	Gulrófur	TP 89/1 frá 11.3.2015
Raphanus sativus L. var. *oleiformis* Pers.	Fóðurhreðkur	TP 178/1 frá 15.3.2017
Brassica napus L. (partim)	Fóðurrepjur	TP 36/2 frá 16.11.2011
Cannabis sativa L.	Hampur	TP 276/1 endursk. að hluta til frá 21.3.2018
Glycine max (L.) Merr.	Sojabaunir	TP 80/1 frá 15.3.2017
Gossypium spp.	Baðmull	TP 88/1 frá 19.4.2016
Helianthus annuus L.	Sólblóm	TP 81/1 frá 31.10.2002
Linum usitatissimum L.	Lín/spunalín	TP 57/2 frá 19.3.2014
Sinapis alba L.	Hvítur mustarður	TP 179/1 frá 15.3.2017
Avena nuda L.	Snoðhafrar	TP 20/2 frá 1.10.2015
Avena sativa L. (þ.m.t. A. *byzantina* K. Koch)	Hafrar	TP 20/2 frá 1.10.2015
Hordeum vulgare L.	Bygg	TP 19/5 frá 19.3.2019
Oryza sativa L.	Hrísgrjón	TP 16/3 frá 1.10.2015
Secale cereale L.	Rúgur	TP 58/1 frá 31.10.2002
Sorghum bicolor (L.) Moench	Dúrra	TP 122/1 frá 19.3.2019
Sorghum sudanense (Piper) Stapf.	Akurdúrra	TP 122/1 frá 19.3.2019
Sorghum bicolor (L.) Moench x *Sorghum sudanense* (Piper) Stapf	Blendingar sem koma fram við kynblöndun *Sorghum bicolor* og *Sorghum sudanense*	TP 122/1 frá 19.3.2019

[1] Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

xTriticosecale Wittm. ex A. Camus	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni *Triticum* og tegunda af ættkvíslinni *Secale*	TP 121/2, 1. endursk. frá 16.2.2011
Triticum aestivum L.	Hveiti	TP 3/5 frá 19.3.2019
Triticum durum Desf.	Harðhveiti	TP 120/3 frá 19.3.2014
Zea mays L. (partim)	Maís	TP 2/3 frá 11.3.2010
Solanum tuberosum L.	Kartöflur	TP 23/3 frá 15.3.2017

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja að því er varðar prófanir ([2])

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja**
Beta vulgaris L.	Fóðursykurrófur	TG/150/3 frá 4.11.1994
Agrostis canina L.	Týtulíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis gigantea Roth	Stórlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis stolonifera L.	Skriðlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis capillaris L.	Hálíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Bromus catharticus Vahl	Sólfax	TG/180/3 frá 4.4.2001
Bromus sitchensis Trin.	Sitkafax	TG/180/3 frá 4.4.2001
Dactylis glomerata L.	Axhnoðapuntur	TG/31/8 frá 17.4.2002
xFestulolium Asch. et Graebn.	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni *Festuca* og tegunda af ættkvíslinni *Lolium*	TG/243/1 frá 9.4.2008
Phleum nodosum L.	Hnúðfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
Phleum pratense L.	Vallarfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
Lotus corniculatus L.	Akurmaríuskór	TG 193/1 frá 9.4.2008
Lupinus albus L.	Ljósalúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
Lupinus angustifolius L.	Lensulúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
Lupinus luteus L.	Ilmlúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
Medicago doliata Carmign.	Broddrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago italica (Mill.) Fiori	Spælrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago littoralis Rohde ex Loisel.	Randrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago lupulina L.	Svartrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago murex Willd.	Hnattrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago polymorpha L.	Dvergrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago rugosa Desr.	Úfrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago sativa L.	Refasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
Medicago scutellata (L.) Mill.	Skjaldrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago truncatula Gaertn.	Þornrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago x *varia* T. Martyn	Sandrefasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
Trifolium pratense L.	Rauðsmári	TG/5/7 frá 4.4.2001
Trifolium repens L.	Hvítsmári	TG/38/7 frá 9.4.2003
Phacelia tanacetifolia Benth.	Hunangsjurt	TG/319/1 frá 5.4.2017
Arachis hypogaea L.	Jarðhnetur	TG/93/4 frá 9.4.2014
Brassica rapa L. var. *silvestris* (Lam.) Briggs	Nepjur	TG/185/3 frá 17.4.2002
Carthamus tinctorius L.	Litunarþistill	TG/134/3 frá 12.10.1990
Papaver somniferum L.	Valmúi	TG/166/4 frá 9.4.2014

([2]) Þessar viðmiðunarreglur eru á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (www.upov.int)

B-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja tæknilegum aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) ([3])

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins**
Allium cepa L. (Cepa-yrkishópur)	Laukar og bananaskalottlaukar (Echalion)	TP 46/2 frá 1.4.2009
Allium cepa L. (Aggregatum-yrkishópur)	Skalottlaukar	TP 46/2 frá 1.4.2009
Allium fistulosum L.	Pípulaukar	TP 161/1 frá 11.3.2010
Allium porrum L.	Blaðlaukar	TP 85/2 frá 1.4.2009
Allium sativum L.	Hvítlaukur	TP 162/1 frá 25.3.2004
Allium schoenoprasum L.	Graslaukur	TP 198/2 frá 11.3.2015
Apium graveolens L.	Sellerí	TP 82/1 frá 13.3.2008
Apium graveolens L.	Hnúðsilla	TP 74/1 frá 13.3.2008
Asparagus officinalis L.	Sperglar	TP 130/2 frá 16.2.2011
Beta vulgaris L.	Rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur	TP 60/1 frá 1.4.2009
Beta vulgaris L.	Blaðbeðja	TP 106/1 frá 11.3.2015
Brassica oleracea L.	Grænkál	TP 90/1 frá 16.2.2011
Brassica oleracea L.	Blómkál	TP 45/2, 2. endursk. frá 21.3.2018
Brassica oleracea L.	Spergilkál eða sprotakál	TP 151/2, endursk. frá 15.3.2017
Brassica oleracea L.	Rósakál	TP 54/2, endursk. frá 15.3.2017
Brassica oleracea L.	Hnúðkál	TP 65/1, endursk. frá 15.3.2017
Brassica oleracea L.	Blöðrukál, hvítkál og rauðkál	TP 48/3, endursk. frá 15.3.2017
Brassica rapa L.	Kínakál	TP 105/1 frá 13.3.2008
Capsicum annuum L.	Eldpipar eða paprika	TP 76/2, endursk. frá 15.3.2017
Cichorium endivia L.	Hrokkinblaðssalat og breiðblaða salatfíflar	TP 118/3 frá 19.3.2014
Cichorium intybus L.	Iðnaðarsikoríur	TP 172/2 frá 1.12.2005
Cichorium intybus L.	Kaffifíflar	TP 154/1 endursk. frá 19.3.2019
Cichorium intybus L.	Jólasalat	TP 173/2 frá 21.3.2018
Citrullus lanatus (Thunb.) Matsum. et Nakai	Vatnsmelónur	TP 142/2 frá 19.3.2014
Cucumis melo L.	Melónur	TP 104/2 frá 21.3.2007
Cucumis sativus L.	Gúrkur og smágúrkur	TP 61/2, 2. endursk. frá 19.3.2019
Cucurbita maxima Duchesne	Tröllagrasker	TP 155/1 frá 11.3.2015
Cucurbita pepo L.	Grasker eða dvergbítar	TP 119/1 endursk. frá 19.3.2014
Cynara cardunculus L.	Ætiþistlar og salatþistlar	TP 184/2 frá 27.2.2013
Daucus carota L.	Gulrætur og fóðurgulrætur	TP 49/3 frá 13.3.2008
Foeniculum vulgare Mill.	Fenníkur	TP 183/1 frá 25.3.2004
Lactuca sativa L.	Salat	TP 13/6 endursk. frá 15.2.2019

([3]) Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

Solanum lycopersicum L.	Tómatar	TP 44/4, 3. endursk. frá 21.3.2018
Petroselinum crispum (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)	Steinselja	TP 136/1 frá 21.3.2007
Phaseolus coccineus L.	Glæsibaunir	TP 9/1 frá 21.3.2007
Phaseolus vulgaris L.	Buskabaunir og stangarbaunir	TP 12/4 frá 27.2.2013
Pisum sativum L. (partim)	Hýðisertur, mergertur og sykurertur	TP 7/2, 2. endursk. frá 15.3.2017
Raphanus sativus L.	Hreðkur, vetrarhreðkur	TP 64/2 endursk. frá 11.3.2015
Rheum rhabarbarum L	Rabarbarar	TP 62/1 frá 19.4.2016
Scorzonera hispanica L.	Svartrætur	TP 116/1 frá 11.3.2015
Solanum melongena L.	Eggaldin	TP 117/1 frá 13.3.2008
Spinacia oleracea L.	Spínat	TP 55/5, 2. endursk. frá 15.3.2017
Valerianella locusta (L.) Laterr.	Vorsalat eða lambasalat	TP 75/2 frá 21.3.2007
Vicia faba L. (partim)	Breiðbaunir	TP Broadbean/1 frá 25.3.2004
Zea mays L. (partim)	Sykurmaís og poppmaís	TP 2/3 frá 11.3.2010
Solanum habrochaites S. Knapp & D.M. Spooner*; Solanum lycopersicum* L. x *Solanum habrochaites* S. Knapp & D.M. Spooner*; Solanum lycopersicum* L. x *Solanum peruvianum* (L.) Mill.*; Solanum lycopersicum* L. x *Solanum cheesmaniae* (L. Ridley) Fosberg*; Solanum pimpinellifolium* L. x *Solanum habrochaites* S. Knapp & D.M. Spooner	Grunnstofnar tómata	TP 294/1, 3. endursk. frá 21.3.2018
Cucurmaxima Duchesne x Cucurbita moschata Duchesne	Tegundablandaðir blendingar *Cucurbita maxima* Duchesne x. *Cucurbita moschata* Duchesne til notkunar sem grunnstofnar	TP 311/1 frá 15.3.2017

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja að því er varðar prófanir ([4])

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja**
Brassica rapa L.	Næpur	TG/37/10 frá 4.4.2001

([4]) Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (www.upov.int).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/192 **2021/EES/7/28**

frá 12. febrúar 2020

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir próklóras í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir próklóras.

2) Að því er varðar þetta virka efni lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([2]). Matvælaöryggisstofnunin lagði til að skilgreiningu á leifum yrði breytt í summu próklórass, BTS 44595 (M201-04) og BTS 44596 (M201-03), gefið upp sem próklóras. Matvælaöryggisstofnunin greindi frá áhættu fyrir neytendur varðandi hámarksgildi leifa fyrir sítrusávexti, kíví, banana, mangó, ananas og lifur úr nautgripum. Því er rétt að lækka þessi hámarksgildi leifa í magngreiningarmörk eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir hvítlauk, skalottlauka, salat og salatplöntur, súpugull, kryddjurtir og æt blóm, ertur, hörfræ, sólblómafræ, repjufræ, bygg, hafra, hrísgrjón, rúg, hveiti, kaffibaunir, jurtate úr blómum, blöðum og kryddjurtum og fyrir rætur, krydd, syrkurrófurætur, nautgripi (fitu, nýru), fitu úr hestum og alifuglalifur. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um CXL-hámarksgildi fyrir gullapelsínur, litkaber, píslaraldin, kaktusfíkjur, stjörnuepli, persímónur, lárperur, papæjualdin, granatepli, morgunberkjur, gvövur, brauðaldin, dáraaldin og nónberkjur í tengslum við nýju skilgreininguna á leifum og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi CXL-hámarksgildi. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

3) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvara er ekki heimiluð og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CXL-hámarksgildi ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

4) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa að því er varðar nokkur efni voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett séu sérstök magngreiningarmörk fyrir tilteknar vörur.

5) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

6) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 40, 13.2.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels for prochloraz according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(8), 5401.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

8) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.

9) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

b) Í stað línanna sem varða Armeníu, Dóminíska lýðveldið, Ekvador, Georgíu, Gvatemala, Hondúras, Paragvæ, Perú, Serbíu, Tadsíkistan, Tyrkland, Úsbekistan og Zambiu kemur eftirfarandi:

„AM-BIO-141	Armenía	x	x	—	x	—	—
DO-BIO-141	Dóminíska lýðveldið	x	—	—	x	—	x
EC-BIO-141	Ekvador	x	x	x	x	x	x
GE-BIO-141	Georgía	x	x	—	x	x	—
GT-BIO-141	Gvatemala	x	x	x	x	x	x
HN-BIO-141	Hondúras	x	—	—	x	x	x
PE-BIO-141	Perú	x	x	—	x	x	x
PY-BIO-141	Paragvæ	x	x	—	x	x	x
RS-BIO-141	Serbía	x	—	—	x	—	x
TJ-BIO-141	Tadsíkistan	x	x	—	x	—	—
TR-BIO-141	Tyrkland	x	x	—	x	x	x
UZ-BIO-141	Úsbekistan	x	x	—	x	—	—
ZM-BIO-141	Zambia	x	x	—	x	—	—“

16) Í færslunni sem varðar „**Mayacert**“ í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„LK-BIO-169	Srí Lanka	x	-	-	x	-	-
PA-BIO-169	Panama	x	-	-	x	-	–“

17) Í færslunni sem varðar „**OneCert International Pvt Ltd**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

EG-BIO-152	Egyptaland	x	-	-	x	-	-
JO-BIO-152	Jórdanía	x	-	-	x	-	-

MY-BIO-152	Malasía	x	-	-	x	-	-
QA-BIO-152	Katar	x	-	-	x	-	–“

b) Í stað línanna sem varða Sameinuðu arabísku furstadæmin, Eþíópíu, Indland, Mósambík, Tansaníu og Úganda kemur eftirfarandi:

„AE-BIO-152	Sameinuðu arabísku furstadæmin	x	-	-	x	-	-
ET-BIO-152	Eþíópía	x	-	-	x	x	-
IN-BIO-152	Indland	-	-	-	x	x	-
MZ-BIO-152	Mósambík	x	-	-	x	x	-
TZ-BIO-152	Tansanía	x	-	-	x	x	-
UG-BIO-152	Úganda	x	-	-	x	x	–“

18) Í færslunni sem varðar „**Organización International Agropecuaria**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línu er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„CO-BIO-110	Kólumbía	x	-	-	x	-	–“

b) Í stað línunnar sem varðar Chile (Síle) og Úrúgvæ kemur eftirfarandi:

„CL-BIO-110	Chile (Síle)	x	-	x	x	x	-
UY-BIO-110	Úrúgvæ	x	x	x	x	x	–“

19) Í færslunni sem varðar „**Servicio de Certificación CAAE S.L.U**“ í 3. lið er eftirfarandi færslum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„CO-BIO-178	Kólumbía	x	-	-	x	-	-
DO-BIO-178	Dóminíska lýðveldið	x	-	-	x	-	-
GT-BIO-178	Gvatemala	x	-	-	x	-	-
HN-BIO-178	Hondúras	x	-	-	x	-	-
NI-BIO-178	Níkaragva	x	-	-	x	-	-
PA-BIO-178	Panama	x	-	-	x	-	-
SV-BIO-178	El Salvador	x	-	-	x	-	–“

20) Í stað línunnar sem varðar Egyptaland í færslunni sem varðar „**Suolo e Salute srl**“ í 3. lið kemur eftirfarandi:

„EG-BIO-150	Egyptaland	x	-	-	x	-	–“

21) Í færslunni sem varðar „**Tse-Xin Organic Certification Corporation**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í röð eftir kenninúmeri:

„HK-BIO-174	Hong Kong	-	-	-	x	-	-
ID-BIO-174	Indónesía	x	-	-	x	-	-
KH-BIO-174	Kambódía	x	-	-	x	-	-

KR-BIO-174	Lýðveldið Kórea	x	-	-	-	-	-
LA-BIO-174	Laos	x	-	-	x	-	-
MM-BIO-174	Myanmar (Mjanmar)/ Búrma	x	-	-	x	-	-
MY-BIO-174	Malasía	x	-	-	x	-	-
PH-BIO-174	Filippseyjar	x	-	-	x	-	-
SG-BIO-174	Singapúr	-	-	-	x	-	-
TH-BIO-174	Taíland	x	-	-	x	-	-
VN-BIO-174	Víetnam	x	-	-	x	-	–“

22) Færslunni sem varðar „**Valsts SIA “Sertifikācijas un testēšanas centrs**“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað heitis eftirlitsaðilans kemur „**SIA “Sertifikācijas un testēšanas centrs**“.

b) Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi línum er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„KG-BIO-173	Kirgistan	x	x	—	x	x	—
KZ-BIO-173	Kasakstan	x	x	—	x	x	x
MD-BIO-173	Moldóva	x	x	—	x	x	x
TJ-BIO-173	Tadsíkistan	x	x	—	x	x	x“

ii. Í stað línanna sem varða Belarús (Hvíta-Rússland) og Úsbekistan kemur eftirfarandi:

„BY-BIO-173	Belarús (Hvíta-Rússland)	x	x	—	x	x	x
UZ-BIO-173	Úsbekistan	x	x	—	x	x	x“

III. VIÐAUKI

Í stað línunnar sem varðar Gíneu í 3. lið í færslunni sem varðar „**Agricert — Certificação de Produtos Alimentares lda**“ í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 kemur eftirfarandi:

„GW-BIO-172	Gínea Bissaú	x	—	—	x	—	—“

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1667 **2021/EES/7/31**

frá 10. nóvember 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977 að því er varðar gildistíma tímabundinna ráðstafana í tengslum við eftirlit með framleiðslu lífrænt ræktaðra vara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 28. gr. (6. mgr.), 30. gr. (þriðja undirgrein 2. mgr.) og 38. gr. (c-, d- og e-liður),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) COVID-19 heimsfaraldurinn og þær víðtæku flutningstakmarkanir sem komið var á í aðildarríkjum og í þriðju löndum í formi landsráðstafana eru óvenjuleg og fordæmalaus áskorun fyrir aðildarríki og rekstraraðila í tengslum við framkvæmd eftirlits eins og tilgreint er í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([2]) og (EB) nr. 1235/2008 ([3]).

2) Til að takast á við hinar sérstöku aðstæður vegna yfirstandandi hættuástands í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn gerir framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/977 ([4]) aðildarríkjum kleift að beita tímabundnum ráðstöfunum þar sem vikið er frá reglugerðum (EB) nr. 889/2008 og (EB) nr. 1235/2008 í tengslum við eftirlitskerfi með framleiðslu á lífrænt ræktuðum vörum og tilteknar málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um í Traces-kerfinu.

3) Aðildarríkin hafa upplýst framkvæmdastjórnina um að í ljósi hættuástandsins í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn haldi alvarleg röskun á starfsemi eftirlitskerfa þeirra í lífræna geiranum áfram fram yfir 30. september 2020. Til að takast á við þessa röskun ætti að framlengja gildistíma framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/977.

4) Að því er varðar opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([5]) gerir framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 ([6]) aðildarríkjum kleift að beita tímabundnum ráðstöfunum til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við sérstakar aðstæður, sem tengjast COVID-19, til 1. febrúar 2021. Undanþágurnar, sem veittar eru í

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 377, 11.11.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/977 frá 7. júlí 2020 um undanþágu frá reglugerðum (EB) nr. 889/2008 og (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar eftirlit með framleiðslu lífrænt ræktaðra vara vegna COVID-19 heimsfaraldursins (Stjtíð. ESB L 217, 8.7.2020, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 frá 30. mars 2020 um tímabundnar ráðstafanir til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við tiltekna alvarlega röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna vegna kórónaveirufaraldursins (COVID-19) (Stjtíð. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 30).

framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977, ættu því einnig að gilda áfram fram að þeim degi. Lágmarkshlutföll í tengslum við fjölda sýna, frekari eftirlitsheimsóknir af handahófi og fyrirvaralausar skoðanir og heimsóknir, eins og sett er fram í 3., 5. og 6. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/977, eru þó reiknuð út árlega. Þess vegna ætti ekki að breyta því hvenær þessar undanþágur falla úr gildi.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977 til samræmis við það.

6) Nauðsynlegt er að beiting ákvæðanna í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977, sem er framlengd með þessari reglugerð, raskist ekki. Því er viðeigandi að kveða á um afturvirka beitingu þessarar reglugerðar frá 1. október 2020.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2020“ í 7. mgr. 1. gr. kemur „1. febrúar 2021“.

2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2020“ í annarri og fimmtu málsgrein kemur „1. febrúar 2021“.

   b) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2020“ í þriðju málsgrein kemur „1. febrúar 2021“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/685 **2021/EES/7/32**

frá 20. maí 2020

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir perklórat í tilteknum matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ([2]) voru fastsett hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum.

2) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um aðskotaefni í matvælaferlinu (hér á eftir nefnd sérfræðinganefndin) samþykkti vísindalegt álit 30. september 2014 um áhættu fyrir lýðheilsu í tengslum við perklórat í matvælum ([3]). Sérfræðinganefndin fastsetti þolanlega, daglega inntöku sem nemur 0,3 míkrógrömmum á hvert kíló líkamsþyngdar á dag á grundvelli hömlunar á upptöku joðs hjá heilbrigðum fullorðnum einstaklingum. Sérfræðinefndin komst að þeirri niðurstöðu að núverandi áætluð langvinn fæðutengd váhrif af völdum perklórats séu hugsanlegt áhyggjuefni, einkum að því er varðar stórneytendur í yngri aldursflokkum með vægan eða miðlungs joðskort. Auk þess er mögulegt að núverandi áætluð skammvinn váhrif af völdum perklórats séu áhyggjuefni að því er varðar ungbörn á brjósti og smábörn þar sem joðinntaka er lítil.

3) Sérfræðinganefndin mælti með því að aðildarríkin afli viðbótargagna um tilvist perklórats í matvælum í Evrópu, einkum í tengslum við grænmeti, ungbarnablöndur, mjólk og mjólkurafurðir, til að draga frekar úr óvissu í áhættumatinu.

4) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/682 ([4]) voru samþykkt á grundvelli vísindalegrar skýrslu með því markmiði að vakta tilvist perklórats í matvælum, einkum í matvælum sem sýni voru tekin úr eftir 1. september 2013, þegar mildunarráðstöfunum var komið á.

5) Matvælaöryggisstofnunin framkvæmdi mat á váhrifum af völdum perklórats á menn með tilliti til gagna í gagnagrunni hennar um tilvist þess í sýnum sem voru tekin eftir 1. september 2013 og birti árið 2017 vísindalega skýrslu um mat á fæðutengdum váhrifum af völdum perklórats hjá Evrópubúum (e. *Dietary exposure assessment to perchlorate in the European population*) ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 160, 25.5.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

([3]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu, 2014. „Scientific Opinion on the risks to public health related to the presence of perchlorate in food, in particular fruits and vegetables.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(10),3869, 106 bls. doi:10.2903/j.efsa.2014.3869 http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/3869

([4]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/682 frá 29. apríl 2015 um vöktun á tilvist perklórats í matvælum (Stjtíð. ESB L 111, 30.4.2015, bls. 32).

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Arcella D., Binaglia M. og Vernazza F., 2017. „Scientific Report on the Dietary exposure assessment to perchlorate in the European population“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(10), 5043, 24 bls. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2017.5043.

6) Sérfræðinganefndin tók til athugunar niðurstöðurnar úr skýrslu um perklórat í matvælum á 87. allsherjarfundi sínum í nóvember 2017 ([6]) og greindi talsvert samræmi milli váhrifastigs sem áætlað er í þessari skýrslu og þess sem áætlað er í áliti sérfræðinganefndarinnar árið 2014. Í ljósi þolanlegrar, daglegrar inntöku sem nemur 0,3 µg/kg líkamsþyngdar á dag, sem áður var fastsett, staðfesti sérfræðinganefndin þær niðurstöður að núverandi langvinn og skammvinn váhrif af völdum perklórats skapi hugsanleg áhyggjuefni fyrir heilbrigði manna.

7) Því er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir perklórat í matvælum sem innihalda verulegt magn perklórats og sem eiga umtalsverðan þátt í váhrifum á menn sem og í matvælum sem skipta máli að því er varðar hugsanleg váhrif á viðkvæma hópa eins og ungbörn og smábörn.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.

9) Stjórnendur matvælafyrirtækja ættu að fá tíma til að aðlagast nýju kröfunum sem eru settar fram í þessari reglugerð. Af þeim sökum ætti að fresta gildistökudegi hámarksgilda fyrir perklórat varðandi þau matvæli.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Matvæli sem tilgreind eru í viðaukanum við þessa reglugerð, sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir 1. júlí 2020, má áfram setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([6]) http://www.efsa.europa.eu/sites/default/files/event/171121-m.pdf

VIÐAUKI

Eftirfarandi „9. þætti, perklórat“ er bætt við í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006:

„9. þáttur: *Perklórat*

Matvæli (1)		Hámarksgildi (mg/kg)
9.	**Perklórat**	
9.1.	Aldin og grænmeti að undanskildu:	0,05
	— aldinum plantna af graskersætt og grænkáli	0,10
	— blaðgrænmeti og kryddjurtum	0,50
9.2	Te (*Camellia sinensis*), þurrkað Jurta- og aldinseyði, þurrkað	0,75
9.3	Ungbarnablöndur, stoðblöndur, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi handa ungbörnum og smábörnum og smábarnablöndur (3)(4) (*)	0,01
	Barnamatur (3)(4)	0,02
	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu (3)(29)	0,01

(*) Smábarnablöndur eru drykkir sem eru að stofni til úr mjólk og svipaðar vörur, að stofni til úr prótíni, sem eru ætlaðar smábörnum. Þessar vörur falla utan gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 609/2013 (skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um smábarnablöndur (COM/2016/0169, lokaútgáfa) (https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52016DC0169&qid=1559628885154&from=EN).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/268 **2021/EES/7/33**

frá 26. febrúar 2020

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á sorbínsýru (E 200) í fljótandi litarefnablöndur til að skreyta eggjaskurn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Samkvæmt 2. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sorbínsýra (E 200) þegar leyfð sem matvælaaukefni í litarefnablöndur við hámarksgildið 1 500 mg/kg í blöndunni, eitt og sér eða í samsetningu með kalíumsorbati (E 202), bensósýru (E 210), natríumbensóati (E 211) og kalíumbensóati (E 212) og við hámarksgildið 15 mg/kg í lokaafurðinni, gefið upp sem óbundin sýra.

4) Hinn 27. apríl 2017 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á hærra hámarksgildi fyrir sorbínsýru (E 200), sem nemur 2 500 mg/kg, í fljótandi litarefnablöndur til sölu til lokaneytenda til að skreyta eggjaskurn. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina síðan aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Sorbínsýra (E 200) er notuð sem rotvarnarefni í litarefnablöndur. Umsækjandinn hefur sýnt fram á að hámarksgildi fyrir sorbínsýru (E 200) í litarefnablöndur, sem er leyft sem stendur og nemur 1 500 mg/kg, nægi ekki til að tryggja ávallt viðunandi rotvörn og þar með örverufræðilegt öryggi fljótandi litarefnablandna til að skreyta eggjaskurn. Þetta stafar af notkun matvælalitarefna af náttúrulegum uppruna í efnablöndurnar sem eru ekki dauðhreinsuð og nauðsynlegu geymsluþoli slíkrar árstíðabundinnar vöru. Umsóknin sýnir að það magn sorbínsýru (E 200) sem þarf til að ná fyrirhuguðum tæknilegum tilgangi var 2 500 mg/kg í litarefnablöndunum. Prófanir umsækjandans sýna að við venjulega notkun (litun óskemmdra til lítilsháttar skemmdra eggja) er flæði sorbínsýru (E 200) úr eggjaskurninni yfir í ætan hluta eggsins undir greiningarmörkunum sem eru 5 mg/kg. Samkvæmt umsókninni myndi því umbeðið hærra gildi sorbínsýru (E 200) í fljótandi litarefnablöndum til að skreyta eggjaskurn ekki leiða til aukinna váhrifa á neytendur af völdum sorbínsýru (E 200).

6) Hinn 30. júní 2015 gaf Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) út vísindalegt álit um endurmat á m.a. sorbínsýru (E 200) og kalíumsorbati (E 202) ([3]) sem leiddi til þess að hún fastsetti tímabundna nýja ásættanlega, daglega inntöku fyrir flokk efna fyrir sorbínsýru (E 200) og kalíumsorbat (E 202), gefin upp sem 3 mg sorbínsýru/kg líkamsþyngdar/dag. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að í einu landi fór inntekið magn verulega umfram þessa tímabundnu ásættanlegu, daglegu inntöku fyrir flokk efna fyrir sorbínsýru (E 200) og kalíumsorbat (E 202) hjá smábörnum og börnum. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að frekari rannsókn á eiturhrifum á æxlun færi fram í því skyni að endurmeta tímabundna ásættanlega, daglega inntöku fyrir flokk efna fyrir sorbínsýru (E 200) og kalíumsorbat (E 202).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 56, 27.2.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(6), 4144.

7) Hinn 10. júní 2016 auglýsti Matvælaöryggistofnunin opinberlega eftir vísindalegum og tæknilegum gögnum um m.a. sorbínsýru (E 200) og kalíumsorbat (E 202) ([4]) sem beint var að þeim gagnaþörfum sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi. Rekstraraðilar hafa framkvæmt rannsóknina á eiturhrifum á ærlun hjá rottum, sem Matvælaöryggisstofnunin mælti með fyrir sorbínsýru (E 200) og kalíumsorbat (E 202), og voru gögnin úr henni send til Matvælaöryggisstofnunarinnar til mats. Af þessu leiddi að Matvælaöryggisstofnunin birti vísindalegt álit 1. mars 2019 um eftirfylgni endurmatsins á sorbínsýru (E 200) og kalíumsorbati (E 202) sem matvælaaukefnum ([5]). Á grundvelli nýju gagnanna um eiturhrif á ærlun fastsetti Matvælaöryggisstofnunin ásættanlega, daglega inntöku fyrir flokk efna, gefin upp sem 11 mg sorbínsýru/kg líkamsþyngdar á dag fyrir sorbínsýru (E 200) og kalíumsorbat (E 202). Matvælaöryggisstofnunin bar þessa nýju ásættanlegu, daglegu inntöku fyrir flokk efna saman við raunverulegustu sviðsmynd fyrir váhrifamat sem var áætluð í vísindalegu áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 30. júní 2015 og tók hún fram að slík váhrif færu ekki yfir ásættanlega, daglega inntöku fyrir flokk efna hjá neinum þjóðfélagshópi, hvorki þegar inntekið magn er í meðallagi né mikið.

8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema uppfærslan, sem um er að ræða, sé ekki líkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna.

9) Rýmkuð notkun á sorbínsýru (E 200) í fljótandi litarefnablöndur til að skreyta eggjaskurn, sem umsækjandinn óskar eftir, útheimtir uppfærslu á skrá Sambandsins. Rýmkuð notkun á sorbínsýru (E 200) leiðir ekki til aukinna váhrifa af völdum sorbínsýru (E 200) og er ekki líkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna. Enn fremur skapa, samkvæmt Matvælaöryggisstofnuninni, váhrif af völdum sorbínsýru (E 200) og kalíumsorbats (E 202) við þá notkun og notkunarmagn sem nú eru leyfð ekki öryggisvanda þar eð þau leiða ekki til þess að farið sé yfir ásættanlega, daglega inntöku. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

10) Því er rétt að leyfa notkun á sorbínsýru (E 200) sem rotvarnarefni í fljótandi litarefnablöndur til sölu til lokaneytenda til að skreyta eggjaskurn við hámarksgildið 2 500 mg/kg í efnablöndunni.

11) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) http://ec.europa.eu/food/safety/food_improvement_agents/additives/re-evaluation_en

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5625.

VIÐAUKI

Í 2. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunum fyrir matvælaaukefnin „E 200–202 Sorbínsýra – kalíumsorbat“, „E 210 Bensósýra“, „E 211 Natríumbensóat“ og „E 212 Kalíumbensóat“:

„E 200	Sorbínsýra	2 500 mg/kg í efnablöndunni	Fljótandi litarefnablöndur til sölu til lokaneytenda til að skreyta eggjaskurn“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/279 **2021/EES/7/34**

frá 27. febrúar 2020

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun sojabaunahálfbeðmis (E 426) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sojabaunahálfbeðmi (E 426) sem stendur leyft til notkunar sem matvælaaukefni í margs konar matvæli við hámarksgildi á bilinu 1 500 til 30 000 mg/kg.

4) Hinn 16. ágúst 2017 var lögð fram umsókn um framlengingu á notkun á sojabaunahálfbeðmi (E 426) sem bindiefni í bragðbættar, gerjaðar mjólkurafurðir og bragðbættar drykkjarvörur. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Sojabaunahálfbeðmi (E 426) kemur í veg fyrir kekkjamyndun og útfellingu prótína og fasaskiljun við súr skilyrði þegar það er notað sem bindiefni í bragðbættar gerjaðar mjólkurafurðir og bragðbættar drykkjarvörur.

6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.

7) Hinn 14. mars 2017 birti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit um endurmat á öryggi sojabaunahálfbeðmis (E 426) sem matvælaaukefnis ([3]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að mjög ólíklegt væri að núverandi notkun sojabaunahálfbeðmis (E 426) sem matvælaaukefnis skapaði öryggisvanda og að ekki væri þörf á tölugildum fyrir ásættanlega, daglega inntöku. Slík niðurstaða á við um efni sem skapa mjög lítinn öryggisvanda og einungis ef fyrir hendi eru áreiðanlegar upplýsingar um bæði váhrif og eiturhrif og mjög ólíklegt er að efnið hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna í skömmtum sem valda ekki næringarójafnvægi hjá dýrum ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 59, 28.2.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4721.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014, 12(6), 3697, „Statement on a conceptual framework for the risk assessment of certain food additives re-evaluated under Commission Regulation (EU) No 257/2010“.

8) Í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru allir flokkar aukefna skilgreindir. Í I. flokki í C-hluta eru almennt skráð matvælaaukefni, að undanskildum litarefnum og sætuefnum, þar sem ekki er þörf á tölugildum fyrir ásættanlega, daglega inntöku og sem eru leyfð til notkunar í margs konar matvæli í samræmi við meginregluna um að notkun skuli vera eftir þörfum eins og skilgreint er í h-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

9) Niðurstöður úr öryggismati á sojabaunahálfbeðmi (E 426) heimila færslu þess í I. flokk í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Þar eð notkun aukefna í I. flokki er þegar leyfð í bragðbættar gerjaðar mjólkurafurðir og bragðbættar drykkjarvörur, í samræmi við E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, myndi færsla sojabaunahálfbeðmis (E 426) í I. flokk uppfylla umbeðna rýmkun á notkun. Færsla sojabaunahálfbeðmis (E 426) í I. flokk myndi einnig gera þær færslur fyrir sojabaunahálfbeðmi (E 426), sem fyrir eru í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, óþarfar þar eð notkun aukefna í I. flokki er leyfð í öllum viðkomandi matvælaflokkum og því ætti að fella þær brott. Á sama hátt ætti að fella brott núverandi tilvísun í hámarksgildi fyrir sojabaunahálfbeðmi (E 426) í inngangshlutanum fyrir matvælaflokk 17 (Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([5])) í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 þar eð sojabaunahálfbeðmi (E 426) verður leyft í I. flokki í samræmi við meginregluna um að notkun skuli vera eftir þörfum.

10) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í C-hluta er færslu um E 426 bætt við í I. flokki á eftir færslunni um E 425:

„E 426	Sojabaunahálfbeðmi	eftir þörfum“

2) Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

a) Færslurnar fyrir E 426 (Sojabaunahálfbeðmi) í flokkum 04.2.6 (Unnar kartöfluafurðir), 05.2 (Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt), 05.4 (Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4), 06.5 (Núðlur), 06.7 (Forsoðnar eða unnar kornvörur), 07.2 (Fínt kaffibrauð), 10.2 (Unnin egg og eggjaafurðir), 12.6 (Sósur), 14.1.4 (Bragðbættar drykkjarvörur), 17.1 (Fæðubótarefni gefin í föstu formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn) og 17.2 (Fæðubótarefni gefin í fljótandi formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn) eru felldar brott.

b) Inngangshluti færslu fyrir matvælaflokk 17. Í stað „Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB“ kemur eftirfarandi:

„17.	**Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB**
	INNGANGUR, GILDIR UM ALLA UNDIRFLOKKA
	Hámarksnotkunargildi, sem gefin eru upp fyrir litarefni, fjölalkóhól, sætuefni og E 200–213, E 338–452, E 405, E 416, E 432–436, E 459, E 468, E 473–475, E 491–495, E 551–553, E 901–904, E 961, E 1201–1204, E 1505 og E 1521, eiga við um fæðubótarefni sem eru tilbúin til neyslu og eru tilreidd samkvæmt notkunarleiðbeiningum frá framleiðanda. Þynningarstuðullinn fyrir þau fæðubótarefni sem verður að þynna eða leysa upp verður að koma fram ásamt notkunarleiðbeiningunum.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2165 **2021/EES/7/35**

frá 17. desember 2019

um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu kóríanderolíu úr fræi *Coriandrum sativum* samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/155/ESB ([3]) var leyft, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([4]), að setja á markað kóríanderolíu úr fræi *Coriandrum sativum* sem nýtt innihaldsefni í matvælum til notkunar í fæðubótarefni.

5) Hinn 2. júlí 2019 fór fyrirtækið Ovalie Innovation (hér á eftir nefnt umsækjandinn) þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta nákvæmri skilgreiningu á kóríanderolíu úr fræi *Coriandrum sativum* í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn óskaði eftir því að lágmarksgildi olíusýru yrði lækkað úr núverandi gildi sem nemur 8,0% í 7,0%.

6) Umsækjandinn rökstuddi beiðnina með því að benda á að breytingin sé nauðsynleg til að endurspegla náttúrulega sveiflu í gildum olíusýru sem finnast í plöntunni *Coriandrum sativum*.

7) Framkvæmdastjórnin taldi að ekki væri nauðsynlegt að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) gerði öryggismat á fyrirliggjandi umsókn í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Olíusýra er helsti náttúrulegi efnisþátturinn í ólífuolíu. Hún fyrirfinnst einnig frá náttúrunnar hendi í magni sem svipar til tillagðra gilda fyrir nýfæðið í fjölda annarra undirstöðumatvæla sem hafa lengi reynst örugg til neyslu.

8) Tillögð breyting á gildum olíusýru í kóríanderolíu úr fræi *Coriandrum sativum* breytir ekki niðurstöðum úr öryggismati, sem Matvælaöryggisstofnunin gerði ([5]), sem studdi leyfið fyrir henni með framkvæmdarákvörðun 2014/155/ESB. Því er rétt að breyta nákvæmu skilgreiningunni á nýfæðinu „kóríanderolía úr fræi *Coriandrum sativum*“ í tillagt gildi fyrir olíusýru.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 81. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/155/ESB frá 19. mars 2014 um leyfi til að setja kóríanderfræsolíu á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 85, 21.3.2014, bls. 13).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3422.

9) Upplýsingarnar í umsókninni gefa nægar forsendur til að ákvarða að tillagðar breytingar á nákvæmu skilgreiningunni á nýfæðinu „kóríanderolía úr fræi *Coriandrum sativum“* séu í samræmi við 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði, eins og kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og kemur fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470, þar sem vísað er til nýfæðisins „kóríanderolía úr fræi *Coriandrum sativum*“, er breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar „kóríanderolía úr fræi *Coriandrum sativum*“ í töflu 2 (Nákvæm skilgreining) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Kóríanderolía úr fræi *Coriandrum sativum*	**Lýsing/Skilgreining:** Kóríanderfræsolía er olía, sem inniheldur glýseríð úr fitusýrum, sem er framleidd úr fræjum kóríanderjurtarinnar *Coriandrum sativum* L. Eilítið gul á lit, bragðdauf CAS-nr.: 8008-52-4 Samsetning fitusýra: Palmitínsýra (C16:0): 2–5% Sterínsýra (C18:0): < 1,5% Steinseljusýra (cis-C18:1 (n-12)): 60–75% Olíusýra (cis-C18:1 (n-9)): 7–15 % Línólsýra (C18:2): 12–19 % α-línólensýra (C18:3): < 1,0% Transfitusýrur: ≤ 1,0% **Hreinleiki:** Brotstuðull (20 °C): 1.466–1.474 Sýrutala: ≤ 2,5 mg kalíumhýdroxíð/g Peroxíðtala (PV): ≤ 5,0 meq/kg Joðtala: 88–110 einingar Sápunartala: 179–200 mg kalíumhýdroxíð/g Ósápanlegt efni: ≤ 15 g/kg“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/16 **2021/EES/7/36**

frá 10. janúar 2020

um leyfi til að setja á markað nikótínamíðríbósíðklóríð sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að leggja fram drög að framkvæmdargerð sem heimilar setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 10. maí 2018 fór fyrirtækið ChromaDex Inc. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að setja nikótínamíðríbósíðklóríð á markað í Sambandinu sem nýfæði í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að fá að nota nikótínamíðríbósíðklóríð sem níasíngjafa í fæðubótarefni, sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk, í notkunarmagni sem nemur að hámarki 300 mg/dag. Enn fremur var í umsókninni farið fram á að nikótínamíðríbósíðklórið yrði einnig fært á skrána yfir níasínform sem eru tilgreind í II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([3]) sem níasíngjafar.

5) Umsækjandinn fór þess einnig á leit við framkvæmdastjórnina að gögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar í tengslum við nokkrar rannsóknir sem lagðar voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e. rannsókn *í glasi* til að meta efnaskipti nikótínamíðríbósíðs í blóði (nr. rannsóknar 160312) ([4]), 7 daga skammtastærðarannsókn á eiturhrifum um

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 7, 13.1.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([4]) Keystone Bioanalytical Inc., The Metabolism of Nicotinamide Riboside in Human Blood (nr. rannsóknar 160312), 10. janúar 2018, óbirt.

munn hjá ungum hundum (nr. rannsóknar 17-921) ([5]), hERG-skimunargreining (nr. rannsóknar 20151223) ([6]), 28 daga rannsókn á eiturhrifum hjá ungum hundum við endurtekna skammta um munn (nr. rannsóknar 17-940) ([7]), 90 daga rannsókn á eiturhrifum hjá Sprague-Dawley-rottum við endurtekna skammta um munn (nr. rannsóknar S14022) ([8]), rannsókn á eiturhrifum á æxlun (nr. rannsóknar G10959) ([9]) og rannsókn á eiturhrifum á þroskun hjá rottum (nr. rannsóknar G10957) ([10]).

6) Framkvæmdastjórnin ráðfærði sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 8. október 2018 og bað hana um að leggja fram vísindalegt álit um öryggi nikótínamíðríbósíðs sem nýfæði, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, og um mat á fyrirhugaðri notkun sem fæðubótarefni.

7) Hinn 4. júlí 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalega álitið „Safety of nicotinamide riboside chloride as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283 and bioavailability of nicotinamide from this source, in the context of Directive 2002/46/EC“ ([11]) Þetta vísindalega álit er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að nikótínamíðríbósíðklóríð sé öruggt þegar það er notað í fæðubótarefni fyrir fullorðið fólk í hámarksmagni sem nemur 300 mg/dag, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, og í hámarksmagni sem nemur 230 mg/dag fyrir þungaðar konur og konur með barn á brjósti.

9) Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar eru tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að nikótínamíðríbósíðklóríð, við metin notkunarskilyrði, sé í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að við vinnslu álits hennar á nikótínamíðríbósíðklóríði sem nýfæði hefðu gögn úr rannsókn í glasi til að meta efnaskipti nikótínamíðríbósíðs í blóði (nr. rannsóknar 160312) legið til grundvallar mati á lífaðgengi nikótínamíðs og að gögn úr fimm rannsóknum á eiturhrifum (7 daga skammtastærðarannsókn á eiturhrifum um munn hjá ungum hundum (nr. rannsóknar 17-921), 28 daga rannsókn á eiturhrifum hjá ungum hundum við endurtekna skammta um munn (nr. rannsóknar 17-940), 90 daga rannsókn á eiturhrifum hjá Sprague-Dawley-rottum við endurtekna skammta um munn (nr. rannsóknar S14022), rannsókn á eiturhrifum á æxlun (nr. rannsóknar G10959) og rannsókn á eiturhrifum á þroskun hjá rottum (nr. rannsóknar G10957) hefðu legið til grundvallar því að meta öryggi nikótínamíðríbósíðklóríðs. Því er talið að ekki hefði verið hægt að komast að niðurstöðu um öryggi nikótínamíðríbósíðklóríðs án gagnanna í óbirtu skýrslunum um þessar rannsóknir.

11) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna rannsóknarinnar *í glasi* til að meta efnaskipti nikótínamíðríbósíðs í blóði og rannsóknanna fimm á eiturhrifum og að hann skýrði nánar kröfu sína um einkarétt á að vísa til þessara rannsókna eins og um getur í b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

12) Umsækjandinn lýsti því yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft eignarhald og einkarétt varðandi tilvísanir í þessar rannsóknir og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessar rannsóknir með lögmætum hætti.

13) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Þess vegna ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota rannsóknina í glasi til að meta efnaskipti nikótínamíðríbósíðs í blóði og rannsóknirnar fimm á eiturhrifum, sem finna má í skrá umsækjandans, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Til samræmis við það ætti setning nikótínamíðríbósíðklóríðs á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í þennan tíma.

([5]) Experimur, Oral 7-Day Dose Range Finding Toxicity Study in Juvenile Dogs (nr. rannsóknar 17-921), 27. nóvember 2017, óbirt.
([6]) IPS Therapeutique, Inc., Evaluation of the effects of Nicotinamide Riboside Chloride on the human potassium channel using human embryonic kidney (HEK) 293 cells transfected with a human ether-a-go-go-related gene (hERG), 25. mars 2016, óbirt.
([7]) Experimur, Oral 28-Day Toxicity Study in Juvenile Dogs (nr. rannsóknar 17-940), 20. febrúar 2018, óbirt.
([8]) Syngene International Limited, Comparative 90-Day Oral Toxicity Study in Sprague Dawley Rats (nr. rannsóknar S14022), 12. maí 2015, óbirt.
([9]) Advinus Therapeutics Limited, Nicotinamide riboside chloride: one generation reproduction toxicity study through diet in Sprague-Dawley rats (nr. rannsóknar G10959), 21. nóvember 2016, óbirt.
([10]) Advinus Therapeutics Limited, Nicotinamide riboside chloride: embryo-fetal developmental toxicity study in Sprague-Dawley rats by oral route (nr. rannsóknar G10957), 30. september 2016.
([11]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(8), 5775.

14) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir nikótínamíðríbósíðklóríði, og á tilvísunum í rannsóknirnar sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings leyfinu samkvæmt þessari reglugerð.

15) Í tilskipun 2002/46/EB er mælt fyrir um kröfur um fæðubótarefni. Því ætti að leyfa notkun á nikótínamíðríbósíðklóríði með fyrirvara um kröfurnar í þeirri tilskipun.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Nikótínamíðríbósíðklóríð, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

— Fyrirtæki: ChromaDex Inc.,

— Heimilisfang: 10900 Wilshire Boulevard Suite 600, Los Angeles, CA 90024 USA,

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki ChromaDex Inc.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

4. Leyfið, sem kveðið er á um í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á ákvæði tilskipunar 2002/46/EB.

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknirnar í umsóknarskránni, sem voru grundvöllurinn fyrir mat Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn hefur krafist einkaleyfisverndar fyrir og sem var forsenda þess að nýfæðið var leyft, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema ChromaDex Inc. samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Nikótínamíðríbósíðklóríð	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „Nikótínamíðríbósíðklóríð“		Leyft 20. febrúar 2020. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: ChromaDex Inc., 10900 Wilshire Boulevard Suite 600, Los Angeles, CA 90024 USA. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis ChromaDex Inc. leyfilegt að setja nýfæðið á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki ChromaDex Inc.“ Lokadagur gagnaverndar: 20. febrúar 2025.”
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	300 mg/dag fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti 230 mg/dag fyrir þungaðar konur og konur með barn á brjósti			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Nikótínamíðríbósíðklóríð	**Lýsing/Skilgreining:** Nýfæðið er tilbúið form nikótínamíðríbósíðs. Nýfæðið inniheldur ≥ 90% nikótínamíðríbósíðklóríð, aðallega β-form þess, hinir efnisþættirnir eru leysiefnaleifar, aukaafurðir efnahvarfs og niðurbrotsefni. Nikótínamíðríbósíðklóríð: CAS-númer: 23111-00-4 EB-númer: 807-820-5 IUPAC-heiti: 1-[(2R,3R,4S,5R)-3,4-díhýdroxý-5-(hýdroxýmetýl)oxólan-2-ýl]pýrídín-1-íum-3-karboxamíð;klóríð Efnaformúla: $C_{11}H_{15}N_2O_5Cl$ Sameindaþyngd: 290,7 g/mól **Eiginleikar/samsetning:** Litur: Hvítur yfir í ljósbrúnn Form: Duft Auðkenning: Staðfest með kjarnsegulómun Nikótínamíðríbósíðklóríð: ≥ 90% Vatnsinnihald: ≤ 2% **Leysiefnaleifar:** Aseton: ≤ 5 000 mg/kg Metanól: ≤ 1 000 mg/kg Asetónítríl: ≤ 50 mg/kg Metýltertbútýleter: ≤ 500 mg/kg **Aukaafurðir efnahvarfs:** Metýlasetat: ≤ 1 000 mg/kg Asetamíð ≤ 27 mg/kg Ediksýra: ≤ 5 000 mg/kg **Þungmálmar:** Arsen: ≤ 1 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarlíftala: ≤ 1 000 CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g *Escherichia coli*: Finnst ekki í 10 g“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/24 **2021/EES/7/37**

frá 13. janúar 2020

um leyfi fyrir rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði og breytingu á skilyrðum fyrir notkun og sértækum kröfum um merkingu þess samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að leggja fram drög að framkvæmdargerð sem heimilar setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/827/EB ([3]) var leyft, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97, að setja chia-fræ (*Salvia hispanica*) á markað í Sambandinu sem nýfæði til notkunar í brauðvörur.

5) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/50/ESB ([4]) var leyfð, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97, rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði til notkunar í fleiri matvælaflokka sem hér segir: bakaðar vörur, morgunkorn, aldin-, hnetu- og fræblöndur og forpökkuð chia-fræ sem slík.

6) Hinn 18. september 2015 gaf lögbært yfirvald á Írlandi út skriflega heimild ([5]), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([6]), fyrir rýmkun á notkun nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*) í fleiri matvælaflokka, þ.e. aldinsafa og drykkjarvörur úr aldin-/grænmetisblöndu.

7) Hinn 17. október 2017 gaf lögbært yfirvald í Austurríki út skriflega heimild ([7]), í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97, fyrir rýmkun á notkun nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*) í einn matvælaflokk til viðbótar, þ.e. smurálegg úr aldinum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 8, 14.1.2020, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/827/EB frá 13. október 2009 um leyfi til að setja chia-fræ (*Salvia hispanica*) á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 294, 11.11.2009, bls. 14).

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/50/ESB frá 22. janúar 2013 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2017, bls. 34).

([5]) Bréf frá 18. september 2015 (https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/novel-food_authorisation_2015_auth-letter_chia-seeds-2_en.pdf).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([7]) Bréf frá 17. október 2017 (https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/novel-food_authorisation_2017_auth-letter_chia-seeds_en.pdf).

8) Hinn 2. nóvember 2017 gaf lögbært yfirvald á Spáni út skriflega heimild ([8]), í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97, fyrir rýmkun á notkun nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*) í fleiri matvælaflokka, þ.e. dauðhreinsaðar máltíðir, tilbúnar til neyslu, að stofni til úr korni, sýndarkorni og/eða belgjurtum.

9) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2354 ([9]) var veitt leyfi, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97, til rýmkunar á notkun nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*) í einn matvælaflokk til viðbótar, þ.e. jógúrt.

10) Hinn 13. apríl 2017 lagði fyrirtækið Zentis GmbH 6 Co. KG beiðni, í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, fyrir lögbært yfirvald í Þýskalandi um að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*). Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til fleiri matvælaflokka, þ.e. eftirréttir úr aldinum, blönduð aldin með kókósmjólk fyrir tvískipt ílát, ávaxtablöndur til að setja í botninn undir mjólkurvörur og ávaxtablöndur til að blanda í mjólkurvörur, og að auka hámarksnotkunarmagn chia-fræs (*Salvia hispanica*) í þegar leyfðan matvælaflokk, þ.e. smurálegg úr aldinum.

11) Hinn 12. september 2017 lagði fyrirtækið Sanchis Mira S.A. beiðni, í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, fyrir lögbært yfirvald á Spáni um rýmkun á notkun nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*) í súkkulaði. Lögbært yfirvald á Spáni gaf út skýrslu um frummat 25. september 2017. Í þeirri skýrslu komst það að þeirri niðurstöðu að rýmkun á notkun og tillagt hámarksnotkunarmagn chia-fræs (*Salvia hispanica*) uppfylli þær viðmiðanir um nýfæði sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97.

12) Framkvæmdastjórnin framsendi skýrsluna um frummatið til hinna aðildarríkjanna 17. október 2017. Eitt aðildarríki hreyfði andmælum og dró heildaröryggi nýfæðisins í efa í ljósi mats sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi frá 2009 ([10]) vegna aukins magns chia-fræs (*Salvia hispanica*) sem er tekið inn með fæðu vegna vaxandi fjölda leyfðra notkunarleiða. Aðildarríkið sem hreyfði andmælum lagði áherslu á að þó að einstök notkun, þ.m.t. tillögð notkun í súkkulaði sem nemur 3%, geti verið örugg sé þörf á að meta heildarmagn sem er tekið inn með fæðu vegna allrar notkunar sem hefur verið leyfð síðan 2009, þ.m.t. fyrirliggjandi beiðni um rýmkun á notkun, og, ef nauðsyn krefur, að endurskoða öryggismat sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi frá 2009.

13) Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 skal fara með allar beiðnir um að setja nýfæði á markað innan Sambandsins, sem lagðar eru fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 og endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um fyrir 1. janúar 2018, sem umsókn sem lögð er fram samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

14) Þó að beiðnir um að rýmka notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) hafi verið lögð fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 uppfylla umsóknirnar einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/2283.

15) Hinn 2. febrúar 2018 fór fyrirtækið Parry's Pots Limited (PPL) þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að hámarksnotkunarmagn chia-fræs (*Salvia hispanica*) yrði aukið í þegar leyfðum matvælaflokki, þ.e. smuráleggi úr aldinum.

16) Hinn 12. júní 2018 fór fyrirtækið Naturkost Übelhör GmbH & Co. KG þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til fleiri matvælaflokka, þ.e. súkkulaði og súkkulaðivörur.

([8]) Bréf frá 2. nóvember 2017 (https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/novel-food_authorisation_2017_auth-letter_chia-seeds-ext-steri_en.pdf).

([9]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2354 frá 14. desember 2017 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 336, 16.12.2017, bls. 49).

([10]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009 7(4), 996.

17) Hinn 15. júní 2018 fór fyrirtækið Majami Sp.zo.o.Sp.k. þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til eins matvælaflokks til viðbótar, þ.e. sælgæti.

18) Hinn 16. júlí 2018 fór fyrirtækið The Chia Co þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til fleiri matvælaflokka sem hér segir: sælgæti, að undanskildu tyggigúmmíi, mjólkurvörur og hliðstæður þeirra, ís til neyslu, afurðir úr aldinum og grænmeti, korn og kornafurðir, kaffibrauð, kryddjurtir, krydd, kryddblöndur, súpur og seyði, sósur, salöt og ósætt smurálegg og prótínafurðir, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, matvæli með yfirlýsingum um að glúten sé ekki fyrir hendi eða skert, óáfengir drykkir, kryddaðir smáréttir, tilbúnir til átu, og nasl og eftirréttir.

19) Hinn 3. ágúst 2018 fór fyrirtækið Materne SAS þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til fleiri matvælaflokka, þ.e. mauk úr aldinum og/eða grænmeti og/eða með kornvörum.

20) Hinn 9. janúar 2019 fór fyrirtækið RFH Produktion AB þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til eins matvælaflokks til viðbótar, þ.e. búðinga.

21) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og í ljósi vaxandi fjölda beiðna um leyfi fyrir rýmkun á notkun chia-fræs (*Salvia hispanica*), nýrrar leyfðrar notkunar á undanförnum árum og hugsanlegrar aukningar á innteknu magni chia-fræs (*Salvia hispanica*) með fæðu, sem af því leiðir, hafði framkvæmdastjórnin samráð við Matvælaöryggisstofnunina 16. júlí 2018 og bað hana um að framkvæma mat á fæðutengdum váhrifum í heild sinni vegna allrar hugsanlegrar rýmkunar á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði.

22) Hinn 14. mars 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalega álitið „Safety of chia seeds (*Salvia hispanica* L.) as a novel food for extended uses pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([11]). Álitið er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

23) Í því áliti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu, í svari sínu við beiðni framkvæmdastjórnarinnar um almennt mat á öryggi án takmarkana eða varúðarráðstafana varðandi notkunarmagn, að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) í matvæli sem þurfa ekki hitameðhöndlun við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu, þ.m.t. súkkulaði, smurálegg úr aldinum, eftirréttir úr aldinum, blönduð aldin með kókósmjólk í tvískiptu íláti, ávaxtablöndur til að setja í botninn undir mjólkurvörur, ávaxtablöndur til að blanda í mjólkurvörur, sælgæti (að undanskildu tyggigúmmíi), mjólkurvörur og hliðstæður þeirra, ís til neyslu, afurðir úr aldinum og grænmeti, óáfengir drykkir og mauk úr aldinum og/eða grænmeti og/eða með kornvörum, sé örugg án sértækra takmarkana og varúðarráðstafana varðandi notkunarmagn. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að ofangreind notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sé í samræmi við kröfurnar í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Því er rétt að breyta skilyrðunum fyrir notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*), eins og það er skráð í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði, með því að bæta við öllum ofangreindum matvælaflokkum og fjarlægja fastsett hámarksgildi og samsvarandi sértæka kröfu um merkingu sem varðar daglega hámarksinntöku. Þó að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) í búðinga hafi ekki verið tiltekin sérstaklega í mati Matvælaöryggisstofnunarinnar eru að auki tilgreindar nægar forsendur í álitinu til að leyfa einnig rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) í búðinga sem þurfa ekki hitameðhöndlun við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu Skilja ber „búðingar“ sem undirflokk vara, almennt þekktar sem eftirréttir, sem eru yfirleitt bragðbættar og sætar á bragðið.

([11]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5657.

24) Í sama álitinu tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til einnar rannsóknar, sem hún hafði sjálf aflað sér úr birtum vísindaskrifum sem eru aðgengileg öllum og sem voru ekki hluti af þeim gögnum sem umsækjendur lögðu fram til stuðnings tillagðri rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*), sem benti til að hugsanlega myndist akrýlamíð þegar chia-fræ (*Salvia hispanica*) er notað í matvæli sem þurfa hitameðhöndlun við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu.

25) Í því áliti taldi Matvælaöryggisstofnunin að viðbótarupplýsinga sé þörf frá umsækjendum og/eða frá almenningi til að fjalla um hugsanlega myndun akrýlamíðs þegar matvæli, sem innihalda chia-fræ (*Salvia hispanica*), eru hitameðhöndluð við eða yfir 120 °C. Í samræmi við 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi umsækjanda varðandi hugsanlega myndun vinnsluaðskotaefna sem geta myndast við vinnslu og framleiðslu matvæla (hjá framleiðanda) og/eða þegar matvæli með viðbættu chia-fræi (*Salvia hispanica*) eru elduð (hitameðhöndlun hjá neytanda). Fresturinn, sem var gefinn til framlagningar viðbótarupplýsinganna, rennur út í mars 2020. Þar eð slíkar upplýsingar voru ekki fyrir hendi í framlögðum umsóknum frestaði Matvælaöryggisstofnunin mati á því að rýmka notkunina á chia-fræi (*Salvia hispanica*) í matvæli sem þurfa hitameðhöndlun við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu (kaffibrauð, korn og kornafurðir, kryddjurtir, krydd, kryddblöndur, súpur og seyði, sósur, salöt og ósætt smurálegg og prótínafurðir, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og það er skilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([12]), matvæli með yfirlýsingum um að glúten sé ekki fyrir hendi eða skert í samræmi við kröfurnar í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014 ([13]), kryddaðir smáréttir, tilbúnir til átu, og nasl og eftirréttir) þangað til viðbótarupplýsingarnar verða tiltækar. Þar af leiðandi hefur framkvæmdastjórnin, á þessu stigi, ekki aðgang að áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar sem er nauðsynlegt, skv. a- og c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, m.t.t. samþykkis fyrir rýmkun á notkun í tengslum við meðhöndlun á chia-fræi (Salvia hispanica) við eða yfir 120 °C. Þess vegna verður frekari ákvörðun varðandi slíka notkun tekin eftir birtingu viðkomandi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

26) Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar eru einnig tilgreindar tvær ferilskýrslur úr fyrirliggjandi birtum vísindaskrifum þar sem neysla á chia-fræi (*Salvia hispanica*) er tengd ofnæmisviðbrögðum og komist var að þeirri niðurstöðu, á grundvelli þessara sönnunargagna, að ofnæmisviðbrögð geti átt sér stað eftir neyslu á chia-fræi (*Salvia hispanica*). Að teknu tilliti til þess að hingað til hefur einungis verið tilkynnt um þessi tvö ofnæmistilvik og í ljósi útbreiddrar neyslu á chia-fræi (*Salvia hispanica*) og tilvistar þess á markaði í Sambandinu og á heimsmarkaði í fjölda ára telur framkvæmdastjórnin að ekki ætti að bæta við neinum sértækum kröfum um merkingar er varða hugsanleg ofnæmisviðbrögð eftir neyslu á chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði fyrr en Matvælaöryggisstofnunin hefur fengið og metið frekari rannsóknaniðurstöður um chia-fræ (*Salvia hispanica*) sem hugsanlegan ofnæmisvald.

27) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Færslunni í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði, eins og kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og kemur fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470, þar sem vísað er til nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*), skal breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

([13]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014 frá 30. júlí 2014 um kröfur um miðlun upplýsinga til neytenda um að matvæli séu glútenlaus eða glútenskert (Stjtíð. ESB L 228, 31.7.2014, bls. 5).

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir „Chia-fræ (*Salvia hispanica*)“ í töflu 1 (Leyft nýfæði) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Chia-fræ (*Salvia hispanica*)	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „chia-fræ (*Salvia hispanica*)“	
	Brauðvörur	5% (heil eða möluð chia-fræ)		
	Bakaðar vörur	10% heil chia-fræ		
	Morgunkorn	10% heil chia-fræ		
	Dauðhreinsaðar máltíðir, tilbúnar til neyslu, að stofni til úr korni, sýndarkorni og/eða belgjurtum	5% heil chia-fræ		
	Aldin-, hnetu- og fræblöndur			
	Forpökkuð chia-fræ, sem slík			
	Sælgæti (þ.m.t. súkkulaði og súkkulaðivörur), að undanskildu tyggigúmmíi			
	Mjólkurvörur (þ.m.t. jógúrt) og hliðstæður þeirra			
	Ís til neyslu			
	Afurðir úr aldinum og grænmeti (þ.m.t. smurálegg úr aldinum, ávaxtamauk með/án kornvara, ávaxtablöndur til að setja í botninn eða til að blanda í mjólkurvörur, eftirréttir úr aldinum, blönduð aldin með kókósmjólk fyrir tvískipt ílát)			
	Óáfengir drykkir (þ.m.t. aldinsafi og drykkjarvörur úr aldin-/grænmetisblöndu)			
	Búðingar sem þarf ekki að hitameðhöndla við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu			

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/206 **2021/EES/7/38**

frá 14. febrúar 2020

um leyfi til að setja á markað aldinkjöt, safa úr aldinkjöti og þykktan safa úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu. Hefðbundin matvæli frá þriðja landi eru nýfæði eins og skilgreint er í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 ([2]) er mælt fyrir um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum.

3) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([3]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

4) Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu hefðbundinna matvæla frá þriðja landi á markað í Sambandinu.

5) Hinn 30. janúar 2019 og 28. mars 2019 lögðu fyrirtækin Nestec York Ltd. og Cabosse Naturals NV (hér á eftir nefnd umsækjendurnir) tilkynningu fyrir framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlun sína að setja aldinkjöt, safa úr aldinkjöti og þykktan safa úr aldinkjöti af*Theobroma cacao* L. (aldinkjöt af kakótré) á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í skilningi 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjendurnir fóru fram á að neysla almennings á aldinkjöti, safa úr aldinkjöti og þykktum safa úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. yrði sem slík eða sem innihaldsefni.

6) Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2468 óskaði framkvæmdastjórnin eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjendunum að því er varðar gildi tilkynningarinnar. Umbeðnar upplýsingar voru lagðar fram 12. apríl 2019 og 20. júní 2019.

7) Gögnin sem umsækjendurnir lögðu fram sýna fram á að aldinkjöt, safi úr aldinkjöti og þykktur safi úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. hafi reynst örugg til notkunar sem matvæli í Brasilíu.

8) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynningarnar til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 22. maí 2019 og 20. júní 2019.

9) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja aldinkjöt, safa úr aldinkjöti og þykktan safa úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan fjögurra mánaða tímabilsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 194/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 frá 20. desember 2017 um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 55).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

10) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu aldinkjöts, safa úr aldinkjöti og þykkts safa úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. á markað í Sambandinu og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði.

11) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Aldinkjöt, safi úr aldinkjöti og þykktur safi úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L., eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu færð á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Aldinkjöt, safi úr aldinkjöti, þykktur safi úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. (hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Ekki tilgreint	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „kjöt úr aldini af kakótré (*Theobroma cacao* L.)“, „safi úr aldinkjöti af kakótré (*Theobroma cacao* L.)“ eða „þykktur safi úr aldinkjöti af kakótré (*Theobroma cacao* L.)“ eftir því hvaða form er notað.“	

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Aldinkjöt, safi úr aldinkjöti, þykktur safi úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	**Lýsing/Skilgreining** Hefðbundnu matvælin eru aldinkjöt af kakóplöntunni (*Theobroma cacao* L.) sem er „vatnskennt, slímkennt og súrt efni sem fræin liggja í.“ Aldinkjöt af kakótré er fengið með því að kljúfa kakófræbelgina og skilja síðan hýði og baunir að; aldinkjötið er síðan gerilsneytt og fryst. Safi úr aldinkjöti af kakótré og/eða þykktur safi úr aldinkjöti af kakótré er framleiddur að undangenginni vinnslu (ensímmeðhöndlun, gerilsneyðing, síun og þykking). **Dæmigerð gögn um samsetningu aldinkjöts af kakótré, safa úr aldinkjöti, þykkts safa úr aldinkjöti** Prótín (g/100 g): 0,0 til 2,0 Heildarfituinnihald (g/100 g): 0,0 til 0,2 Heildarsykurinnihald (g/100 g): > 11,0 Brix-gráða (° Brix): ≥ 14 pH-gildi: 3,3 til 4,0 **Örverufræðilegar viðmiðanir** Heildarlíftala (loftháð): < 10 000 cfu ([1])/g Iðrabakteríur: ≤ 10 CFU/g Salmonella: Finnst ekki í 25 g

([1]) CFU: Þyrpingamyndandi eining.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/443 **2021/EES/7/39**

frá 25. mars 2020

um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu útdrætti úr hveitikími (*Triticum aestivum*) sem er auðugur af spermidíni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 6. desember 2017 upplýsti fyrirtækið TLL The Longevity Labs GmbH (hér á eftir nefnt umsækjandinn) framkvæmdastjórnina, í samræmi við 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]), um þá fyrirætlun sína að setja á markað útdrátt úr hveitikími (*Triticum aestivum*) sem er auðugur af spermidíni sem nýtt innihaldsefni í matvælum. Af þessum sökum var útdrætti úr hveitikími sem er auðugur af spermidíni bætt á skrá Sambandsins yfir nýfæði.

5) Hinn 6. ágúst 2019 fór umsækjandinn þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta nákvæmri skilgreiningu á útdrætti úr hveitikími sem er auðugur af spermidíni í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn óskaði eftir að fá að auka innihald kadaveríns úr núverandi < 0,1 μg/g í ≤ 16,0 μg/g.

6) Umsækjandinn rökstuddi beiðnina með því að breytingin sé nauðsynleg til að endurspegla náttúrulegt innihald kadaveríns sem nemur allt að ≤ 16,0 μg/g og er greinanlegt í hveitikími plöntunnar *Triticum aestivum*. Innihald kadaveríns sem nú er leyft, sem nemur < 0,1 μg/g í útdrætti úr hveitikími sem er auðugur af spermidíni, samsvarar greiningarmörkunum með greiningaraðferðinni sem umsækjandinn lét ranglega fylgja með upphaflegri tilkynningu sem mörkin í forskriftinni fyrir kadaverín og sem voru síðan færð inn í nákvæma skilgreiningu fyrir þetta nýfæði í skrá Sambandsins.

7) Kadaverín er díamín sem, ásamt histamíni, týramíni og pútreskíni, tilheyrir flokki amína af lífrænum uppruna sem myndast á náttúrulegan hátt eftir bakteríuefnaskipti prótína.

8) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) mat heilbrigðisáhættu vegna amína af lífrænum uppruna ([4]) á árinu 2011. Matvælaöryggisstofnunin tók fram í vísindalega álitinu að greiningarupplýsingar og gögn um fæðuneyslu frá aðildarríkjunum hafi sýnt að kadaverín sé fyrir hendi í fjölmörgum matvælum (áfengum drykkjum, bragðbætum, fiski og fiskafurðum, kjöti, mjólkurafurðum, grænmeti og vörum úr jurtaríkinu) í meðalinnihaldi sem nemur allt að 184 mg/kg matvæla og þar af leiðandi nemur inntekið magn kadaveríns allt að 116,1 mg á dag.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 92, 26.3.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum. Stjtíð. ESB L 43, 14.2.1997, bls. 1.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(10), 2393.

9) Að teknu tilliti til þess að tillagt hámarksinnihald kadaveríns í nýfæðinu og inntekið magn sem af því leiðir, á grundvelli samþykktra skilyrða fyrir notkun nýfæðisins, verður a.m.k. þremur stærðarþrepum minna en það magn kadaveríns sem er tekið inn með venjulegu mataræði telur framkvæmdastjórnin að tillagðar breytingar á magni kadaveríns í nákvæmu skilgreiningunni fyrir útdrátt úr hveitikími sem er auðugur af spermidíni breyti ekki öryggissjónarmiðunum sem studdu leyfið fyrir þessu nýfæði og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunarinnar á fyrirliggjandi umsókn, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Því er rétt að breyta nákvæmu skilgreiningunni á nýfæðinu útdráttur úr hveitikími sem er auðugur af spermidíni í þau gildi fyrir kadaverín sem umsækjandinn óskaði eftir.

10) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Færslunni í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði, eins og kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og kemur fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470, þar sem vísað er til nýfæðisins útdráttur úr hveitikími (*Triticum aestivum*) sem er auðugur af spermidíni, er breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar „útdráttur úr hveitikími (*Triticum aestivum*) sem er auðugur af spermidíni“ í töflu 2 (nákvæm skilgreining) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„**Útdráttur úr hveitikími (*Triticum aestivum*) sem er auðugur af spermidíni**	**Lýsing/Skilgreining:** Útdráttur úr hveitikími sem er auðugur af spermidíni fæst úr ógerjuðu, óspíruðu hveitikími (*Triticum aestivum*) með útdrætti fastra og fljótandi efna sem beinist aðallega, en þó ekki eingöngu, að pólýamíðum. Spermidín: (N-(3-amínópropýl)bútan-1,4-díamín): 0,8–2,4 mg/g Spermín: 0,4–1,2 mg/g Spermidíntríklóríð < 0,1 µg/g Pútreskín: < 0,3 mg/g Kadaverín: ≤ 16,0 µg/g **Sveppaeitur:** Aflatoxín (samtals): < 0,4 µg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Loftháðar bakteríur samtals: < 10 000 CFU/g Ger- og myglusveppir: < 100 CFU/g *Escherichia coli:* < 10 CFU/g *Salmonella:* Finnst ekki/25g *Listeria monocytogenes:* Finnst ekki/25g“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/478 **2021/EES/7/40**

frá 1. apríl 2020

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. janúar 2018, að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([2]).

2) Skrá Sambandsins yfir nýfæði, sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97, var komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([3]).

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1023 ([4]) var framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 leiðrétt og viðaukanum við hana skipt út í því skyni að fella inn heimilað eða tilkynnt nýfæði sem ekki er innifalið í upphaflegri skrá Sambandsins.

4) Eftir birtingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2470 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1023 fundu stjórnendur matvælafyrirtækja viðbótarvillu í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 og tilkynntu framkvæmdastjórninni um það.

5) Þörf er á leiðréttingu til að skapa skýrleika og réttarvissu fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld aðildarríkja og tryggja þannig rétta framkvæmd og notkun á skrá Sambandsins yfir nýfæði.

6) Olía úr *Schizochytrium* sp. (T18) var leyfð sem nýfæði með tilkynningaraðferð skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Í nákvæmri skilgreiningu á olíu úr *Schizochytrium* sp. (T18) er sýrutala ranglega tilgreind sem ≤ 0,5 mg kalíumhýdroxíð/g í stað réttu tölunnar ≤ 0,8 mg kalíumhýdroxíð/g. Í skrá Sambandsins yfir nýfæði, sem komið var á fót með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470, er sama ranga talan tilgreind.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 102, 2.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1023 frá 23. júlí 2018 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði (Stjtíð. ESB L 187, 24.7.2018, bls. 1).

7) Því ætti að leiðrétta nákvæmu skilgreininguna fyrir olíu úr *Schizochytrium* sp. (T18) sem varðar sýrutöluna í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er leiðréttur í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir olíu úr *Schizochytrium* sp. (T18) í töflu 2 (nákvæm skilgreining) í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Olía úr *Schizochytrium* sp. (T18)	Sýrutala: ≤ 0,8 mg kalíumhýdroxíð/g Peroxíðtala (PV): ≤ 5,0 meq/kg olíu Raki og rokgirni: ≤ 0,05% Ósápanlegir þættir: ≤ 3,5% Transfitusýrur: ≤ 2,0% Óbundnar fitusýrur: ≤ 0,4% Dókósahexensýruinnihald: ≥ 35%“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/484 **2021/EES/7/41**

frá 2. apríl 2020

um leyfi til að setja á markað laktó-*N*-tetraósa sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) samþykkt en í henni er skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót.

3) Hinn 16. júlí 2018 fór fyrirtækið Glycom A/S (hér á eftir nefnt umsækjandinn) þess á leit við framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, að fá að setja laktó-*N*-tetraósa, sem fæst með örverugerjun með erfðabreyttum stofni *Escherichia coli* K12 DH1, á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn fór þess á leit að laktó-*N*-tetraósi yrði notaður í óbragðbættar gerilsneyddar og óbragðbættar dauðhreinsaðar mjólkurafurðir, bragðbættar og óbragðbættar gerjaðar afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur, kornstangir, bragðbættar drykkjarvörur, ungbarnablöndur og stoðblöndur, unnin matvæli með korn sem uppistöðu, barnamat fyrir ungbörn og smábörn, drykki, að stofni til úr mjólk og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([3]) og í fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([4]) sem eru ætluð almenningi, að undanskildum ungbörnum. Umsækjandinn lagði einnig til að ekki ætti að nota fæðubótarefni sem innihalda laktó-*N*-tetraósa ef brjóstamjólkur, sem inniheldur laktó-*N*-tetraósa frá náttúrunnar hendi, og/eða annarra matvæla, sem innihalda viðbættan laktó-*N*-tetraósa, er neytt sama dag.

4) Hinn 16. júlí 2018 fór umsækjandinn þess einnig þess á leit við framkvæmdastjórnina að gögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar í tengslum við nokkrar rannsóknir sem lagðar voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e. greiningarskýrslur sem njóta einkaleyfisverndar um samanburð með kjarnsegulómun (NMR) á efnabyggingu laktó-*N*-tetraósa, sem er framleiddur með bakteríugerjun með laktó-*N*-tetraósa sem er í móðurmjólk frá náttúrunnar hendi ([5]), ítarleg gögn um lýsingu á eiginleikum bakteríustofna framleiðslunnar ([6]) og vottorð fyrir þá ([7]), nákvæm skilgreining á hráefnum og vinnsluhjálparefnum ([8]), vottorð um greiningar á hinum ýmsu framleiðslulotum laktó-*N*-tetraósa ([9]), greiningar aðferðir og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 103, 3.4.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([5]) Glycom 2018 (óbirt).

([6]) Glycom 2018 (óbirt).

([7]) Glycom/DSMZ 2018 (óbirt).

([8]) Glycom 2018 (óbirt).

([9]) Glycom 2018 (óbirt).

fullgildingarskýrslur ([10]), stöðugleikaskýrslur um laktó-*N*-tetraósa ([11]), ítarleg lýsing á framleiðsluferlinu ([12]), faggildingarvottorð rannsóknarstofa ([13]), skýrslur um mat á inntöku laktó-*N*-tetraósa ([14]), smákjarnaprófun *í glasi* á spendýrafrumum með laktó-*N*-tetraósa ([15]) og yfirlitstafla hennar fyrir tölfræðilega marktækar athuganir ([16]), önnur smákjarnaprófun *í glasi* á spendýrafrumum með laktó-*N*-tetraósa ([17]) og yfirlitstafla hennar fyrir tölfræðilega marktækar athuganir ([18]), tvær smákjarnaprófanir *í glasi* með tengda efnasambandinu laktó-*N*-neótetraósa ([19]), prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með laktó-*N*-tetraósa ([20]), 14 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með laktó-*N*-tetraósa ([21]), 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með laktó-*N*-tetraósa ([22]) og yfirlitstafla hennar fyrir tölfræðilega marktækar athuganir og 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með laktó-N-neótetraósa ([23]).

5) Hinn 30. ágúst 2018 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún framkvæmdi mat á laktó-*N*-tetraósa sem nýfæði í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

6) Hinn 30. október 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of lacto-*N*-tetraose (LNT) as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([24]) í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu að við tillögð notkunarskilyrði sé laktó-*N*-tetraósi öruggur fyrir tillagða markhópa. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að við notkun í óbragðbættar gerilsneyddar og óbragðbættar dauðhreinsaðar mjólkurafurðir, bragðbættar og óbragðbættar gerjaðar afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur, kornstangir, bragðbættar drykkjarvörur, ungbarnablöndur og stoðblöndur, unnin matvæli með korn sem uppistöðu, barnamat fyrir ungbörn og smábörn, drykki að stofni til úr mjólk og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og í fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir almenning, að undanskildum ungbörnum, sé laktó-*N*-tetraósi í samræmi við kröfurnar í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Matvælaöryggisstofnunin taldi í vísindalegu áliti sínu að hún hefði ekki komist að niðurstöðu sinni um öryggi laktó-*N*-tetraósa án gagna úr greiningarskýrslum sem njóta einkaleyfisverndar um samanburð með kjarnsegulómun á efnabyggingu laktó-*N*-tetraósa, sem er framleiddur með bakteríugerjun með laktó-*N*-tetraósa sem er í móðurmjólk frá náttúrunnar hendi, ítarlegra gagna um lýsingu á eiginleikum bakteríustofna framleiðslunnar og vottorða fyrir þá, nákvæmrar skilgreiningar á hráefnum og vinnsluhjálparefnum, vottorða um greiningar á hinum ýmsu framleiðslulotum laktó-*N*-tetraósa, greiningaraðferða og fullgildingarskýrslna, stöðugleikaskýrslna um laktó-*N*-tetraósa, ítarlegrar lýsingar á framleiðsluferlinu, faggildingarvottorða rannsóknarstofanna, smákjarnaprófunar *í glasi* á spendýrafrumum með laktó-*N*-tetraósa og yfirlitstöflu hennar fyrir tölfræðilega marktækar athuganir, annarrar smákjarnaprófunar *í glasi* á spendýrafrumum með laktó-*N*-tetraósa og yfirlitstöflu hennar fyrir tölfræðilega marktækar athuganir, prófunar á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með laktó-*N*-tetraósa, 14 daga rannsóknar á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með laktó-*N*-tetraósa og 90 daga rannsóknar á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með laktó-*N*-tetraósa og yfirlitstöflu hennar fyrir tölfræðilega marktækar athuganir.

9) Eftir viðtöku vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar greiningarskýrslur sínar sem njóta einkaleyfisverndar um samanburð með kjarnsegulómun á efnabyggingu laktó-*N*-tetraósa, sem er framleiddur með bakteríugerjun með laktó-*N*-tetraósa sem er í móðurmjólk frá náttúrunnar hendi, skýrslu um ítarleg gögn um lýsingu á eiginleikum bakteríustofna

([10]) Glycom 2018 (óbirt).
([11]) Glycom 2018 (óbirt).
([12]) Glycom 2018 (óbirt).
([13]) Glycom 2018 (óbirt).
([14]) Glycom 2018 (óbirt).
([15]) Gilby 2018 (óbirt).
([16]) Gilby 2018 (óbirt).
([17]) Gilby 2019 (óbirt).
([18]) Gilby 2019 (óbirt).
([19]) Verbaan 2015 (óbirt), Verbaan 2016 (óbirt).
([20]) Šoltésová, 2018 (óbirt).
([21]) Stannard 2018a (óbirt).
([22]) Stannard 2018b (óbirt).
([23]) Penard 2016 (óbirt).
([24]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um næringu, nýfæði og fæðuofnæmisvalda, „Scientific opinion on the safety of lacto-N-tetraose (LNT) as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5907, 27 bls., https://doi.org/10.2903/j.efsa.2018.5907.

framleiðslunnar og vottorð fyrir þá, skýrslu um nákvæmar skilgreiningar á hráefnum og vinnsluhjálparefnum, vottorð um greiningar á hinum ýmsu framleiðslulotum laktó-*N*-tetraósa, greiningaraðferðir og fullgildingarskýrslur, stöðugleikaskýrslur um laktó-*N*-tetraósa, ítarlega lýsingu á framleiðsluferlinu, faggildingarvottorð rannsóknarstofa, smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum með laktó-*N*-tetraósa og yfirlitstöflu hennar fyrir tölfræðilega marktækar athuganir, aðra smákjarnaprófun *í glasi* á spendýrafrumum með laktó-*N*-tetraósa og yfirlitstöflu hennar fyrir tölfræðilega marktækar athuganir , prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með laktó-*N*-tetraósa, 14 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með laktó-*N*-tetraósa og 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með laktó-*N*-tetraósa og yfirlitstöflu hennar fyrir tölfræðilega marktækar athuganir eins og um getur í b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Umsækjandinn lýsti því yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í rannsóknirnar samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessar rannsóknir með lögmætum hætti.

11) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Þess vegna ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota gögnin, sem er að finna í skrá umsækjandans sem var grundvöllurinn fyrir staðfestingu Matvælaöryggisstofnunarinnar á öryggi nýfæðisins og niðurstöðu hennar um öryggi laktó-*N*-tetraósa og án hennar hefði Matvælaöryggisstofnunin ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Til samræmis við það ætti setning laktó-*N*-tetraósa á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í þennan tíma.

12) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir laktó-*N*-tetraósa, og á tilvísunum í gögnin sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings slíku leyfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

13) Í samræmi við skilyrðin fyrir notkun fæðubótarefna sem innihalda laktó-*N*-tetraósa, eins og umsækjandinn lagði til og Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á, er nauðsynlegt að upplýsa neytendur um það með viðeigandi merkimiða að ekki ætti að nota fæðubótarefni sem innihalda laktó-*N*-tetraósa ef brjóstamjólkur, sem inniheldur laktó-*N*-tetraósa frá náttúrunnar hendi, og/eða annarra matvæla sem innihalda viðbættan laktó-*N*-tetraósa er neytt sama dag.

14) Því ætti að breyta viðaukanum við reglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Laktó-*N*-tetraósi, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal færður á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

Fyrirtæki: Glycom A/S,

Heimilisfang: Kogle Allé 4, DK-2970 Hørsholm, Danmörk,

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki Glycom A/S.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Ekki skal nota gögnin í umsóknarskránni, sem var grundvöllurinn fyrir mati Matvælaöryggisstofnunarinnar á laktó-N-tetraósa og sem umsækjandinn heldur fram að uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema umsækjandinn samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Laktó-*N*-tetraósi („LNT“) **(örverufræðilegur uppruni)**	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „laktó-*N*-tetraósi“. Á merkimiða fæðubótarefna sem innihalda laktó-*N*-tetraósa skal vera yfirlýsing þess efnis að ekki skuli nota þau ef brjóstamjólkur eða annarra matvæla sem innihalda viðbættan laktó-*N*-tetraósa er neytt sama dag.		Leyft 23.4.2020 Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Glycom A/S, Kogle Allé 4, DK-2970 Hørsholm, Danmörk. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Glycom A/S leyfilegt að setja nýfæðið laktó-*N*-tetraósa á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Glycom A/S. Lokadagur gagnaverndar: 23.4.2025.“
	Óbragðbættar gerilsneyddar og óbragðbættar dauðhreinsaðar (þ.m.t. leifturhitaðar) mjólkur-afurðir	1,0 g/l			
	Óbragðbættar gerjaðar afurðir, að stofni til úr mjólk	1,0 g/l (drykkjarvörur) 10 g/kg (aðrar vörur en drykkjar-vörur)			
	Bragðbættar gerjaðar afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur	1,0 g/l (drykkjarvörur) 10 g/kg (aðrar vörur en drykkjar-vörur)			
	Drykkjarvörur (bragðbættar drykkjarvörur)	1,0 g/l			
	Kornstangir	10 g/kg			
	Ungbarnablanda eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013	0,8 g/l í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda			
	Stoðblanda eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013	0,6 g/l í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda			
	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu, barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013	0,6 g/l (drykkjarvörur) í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð samkvæmt leið-beiningum framleiðanda			

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
		5 g/kg af öðrum vörum en drykkjarvörum			
	Drykkir, að stofni til úr mjólk og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn	0,6 g/l (drykkjarvörur) í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð samkvæmt leið-beiningum framleiðanda 5 g/kg af öðrum vörum en drykkjarvörum			
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013	2,0 g/l (drykkjarvörur) 20 g/kg (aðrar vörur en drykkjarvörur)			
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir			
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, að undanskildum ungbörnum	2,0 g/dag fyrir smábörn, börn, unglinga og fullorðna			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Laktó-*N*-tetraósi („LNT“) **(örverufræðilegur uppruni)**	**Skilgreining:** Efnaformúla: $C_{26}H_{45}O_{21}$ Efnaheiti: β-D-galaktópýranósýl-(1→3)-2-asetamíðó-2-deoxý-β-D-glúkópýranósýl-(1→3)-β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-D-glúkópýranósi Sameindamassi: 707,63 Da CAS-nr. 14116-68-8 **Lýsing:** Laktó-*N*-tetraósi er hreinsað, hvítt yfir í beinhvítt, myndlaust duft sem er framleitt með örveruferli. **Uppruni:** Erfðabreyttur stofn *Escherichia coli*, stofn K-12 DH1 **Eiginleikar/samsetning:** Útlit: Hvítt yfir í beinhvítt duft Summa laktó-*N*-tetraósa, D-laktósa og laktó-*N*-tetraósa II (% af þurrefni): ≥ 90,0% (massahlutfall) Laktó-*N*-tetraósi (% af þurrefni): ≥ 70,0% (massahlutfall) D-laktósi: ≤ 12,0% (massahlutfall) Laktó-*N*-tetraósi II: ≤ 10,0% (massahlutfall) *Para*laktó-*N*-hexaósi-2: ≤ 3,5% (massahlutfall) Hverfa laktó-*N*-tetraósafrúktósa: ≤ 1,0% (massahlutfall) Summa annarra kolvetna: ≤ 5,0% (massahlutfall) Raki: ≤ 6,0% (massahlutfall) Súlfataska ≤ 0,5% (massahlutfall) pH-gildi (20 °C, 5% lausn): 4,0–6,0 Prótínleifar: ≤ 0,01% (massahlutfall) **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarlíftala loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 1 000 CFU/g Iðrabakteríur: ≤ 10 CFU/g *Salmonella* sp.: Neikvætt/25 g Gersveppir: ≤ 100 CFU/g Myglusveppir: ≤ 100 CFU/g Inneiturleifar: ≤ 10 EU/mg

CFU: Þyrpingamyndandi einingar, EU: Inneitureiningar.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/500 **2021/EES/7/42**

frá 6. apríl 2020

um leyfi til að setja á markað duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að leggja fram drög að framkvæmdargerð sem heimilar setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 18. apríl 2018 lagði fyrirtækið Access Business Group International LLC (hér á eftir nefnt umsækjandinn) beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að fá að setja duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) á markað í Sambandinu sem nýfæði í samræmi við 1. mgr. 10 gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór þess á leit að duft úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði notað í nokkra matvælaflokka fyrir almenning sem hér segir: Óbragðbættar, gerjaðar mjólkurafurðir, þ.m.t. náttúrulegar óbragðbættar áfir (að undanskildum dauðhreinsuðum áfum) sem ekki eru hitameðhöndlaðar eftir gerjun, óbragðbættar gerjaðar mjólkurafurðir sem eru hitameðhöndlaðar eftir gerjun, bragðbættar, gerjaðar mjólkurvörur, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur, sælgæti, aldin- og grænmetissafar, aldin- og grænmetisnektar og svipaðar vörur, bragðbættar drykkjarvörur, fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([3]), að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn, og pasta.

5) Hinn 16. júlí 2018 lagði umsækjandinn fram beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að fá að setja annað duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) á markað í Sambandinu sem nýfæði í samræmi við 1. mgr. 10 gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór þess á leit að duft úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði notað í nokkra matvælaflokka fyrir almenning sem hér segir: sælgæti, aldin- og grænmetissafar, aldin- og grænmetisnektar og svipaðar vörur, bragðbættar drykkjarvörur, fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn, og pasta.

6) Umsóknirnar tvær til framkvæmdastjórnarinnar varða leyfi fyrir tveimur mismunandi tegundum af dufti, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*), sem nýfæði. Báðar dufttegundirnar úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) eru fitusneyddar að hluta til og fást með því að pressa og mylja heil chia-fræ (*Salvia hispanica*). Aðalmunurinn á dufttegundunum tveimur er kornastærðin og innihald nokkurra meginnæringarefna. Kornastærð dufts með hátt prótíninnihald er undir 130 μm og prótíninnihaldið nemur a.m.k. 40% en kornastærð dufts með hátt trefjainnihald er undir 400 μm og fæðutrefjainnihaldið nemur a.m.k. 50%. Tillögð notkun beggja dufttegundanna er einnig svipuð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 109, 7.4.2020, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

7) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), annars vegar 22. júní 2018 og hins vegar 22. október 2018, og bað hana að leggja fram vísindalegt álit með því að framkvæma mat á dufti úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði. Að teknu tilliti til þess hversu svipaðar þessar tvær tegundir dufts, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) eru voru öryggismöt Matvælaöryggisstofnunarinnar fyrir þær sameinuð í eitt.

8) Hinn 15. maí 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalega álitið „Safety of chia seeds (*Salvia hispanica* L.) powders, as novel foods, pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([4]). Álitið er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

9) Í því áliti komst Matvælaöryggistofnunin að þeirri niðurstöðu að duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) sé öruggt við metin notkunarskilyrði. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar eru því tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*), við metna notkun og notkunarmagn, þegar það er notað í óbragðbættar gerjaðar mjólkurafurðir, þ.m.t. náttúrulegar óbragðbættar áfir (að undanskildum dauðhreinsuðum áfum) sem ekki eru hitameðhöndlaðar eftir gerjun, óbragðbættar gerjaðar mjólkurafurðir sem eru hitameðhöndlaðar eftir gerjun, bragðbættar, gerjaðar mjólkurvörur, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur, sælgæti, aldin- og grænmetissafa, aldin- og grænmetisnektar og svipaðar vörur, bragðbættar drykkjarvörur og fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn, uppfylli ákvæði 1. mgr. 12 gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Í vísindalegu áliti sínu „Safety of chia seeds (*Salvia hispanica* L.) as a novel food for extended uses pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([5]) tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til einnar rannsóknar sem benti til að e.t.v. myndist akrýlamíð þegar chia-fræ (*Salvia hispanica*) er notað í matvæli sem þurfa hitameðhöndlun við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þessi rannsókn gilti einnig um mat á dufti úr chia-fræi *(Salvia hispanica*) þar eð eini munurinn á því og chia-fræi (*Salvia hispanica*), sem þegar er á skrá Sambandsins, sé að því er varðar fitusneyðingu, meðhöndlun sem er hlutlaus m.t.t. myndunar akrýlamíðs.

11) Matvælaöryggisstofnunin tók fram að matvælin „pasta“ verða e.t.v. hitameðhöndluð við hitastig sem er yfir 120 °C og geta hugsanlega verið veruleg uppspretta akrýlamíðs en aftur á móta skapa aðrir tillagðir matvælaflokkar engin öryggisvandamál í tengslum við mögulega myndun akrýlamíðs.

12) Í álitinu um öryggi dufts úr chia-fræi (*Salvia hispanica* L.) taldi Matvælaöryggisstofnunin að viðbótarupplýsinga sé þörf frá umsækjandanum og/eða frá almenningi til að fjalla um hugsanlega myndun akrýlamíðs þegar matvæli, sem innihalda duft úr chia-fræi (*Salvia hispanica)*, eru hitameðhöndluð við eða yfir 120 °C. Í samræmi við 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjanda varðandi hugsanlega myndun vinnsluaðskotaefna sem geta myndast við vinnslu og framleiðslu matvæla (hjá framleiðanda) og/eða þegar matvæli með viðbættu dufti úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) eru elduð (hitameðhöndlun hjá neytanda). Fresturinn sem gefinn var til framlagningar viðbótarupplýsinganna rann út 13. maí 2019. Þrátt fyrir að umsækjandinn hafi framvísað viðbótarupplýsingum áður en tilskilinn frestur rann út komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þær upplýsingar sem veittar voru séu ekki nægjanlegar til að bregðast við hugsanlegri myndun akrýlamíðs í pasta við hærra hitastig en 120 °C sem gæti hugsanlega orðið veruleg uppspretta akrýlamíðs hjá neytendum.

13) Í ljósi þess að upplýsingar vantar um hugsanlega myndun akrýlamíðs í „pasta“ ef það fær slíka hitameðhöndlun frestaði Matvælaöryggisstofnunin matinu á dufti úr chia-fræi í pasta þar til viðbótarupplýsingarnar verða aðgengilegar. Þar af leiðandi hefur framkvæmdastjórnin, á þessu stigi, ekki aðgang að áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar sem er nauðsynlegt, skv. a- og c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, m.t.t. samþykkis fyrir notkun á dufti úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) í pasta sem verður e.t.v. hitameðhöndlað við eða yfir 120 °C. Þess vegna verður frekari ákvörðun varðandi slíka notkun tekin eftir birtingu viðkomandi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5716.
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5657.

14) Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar eru einnig tilgreindar tvær ferilskýrslur úr fyrirliggjandi birtum vísindaskrifum þar sem neysla á chia-fræi (*Salvia hispanica*) er tengd ofnæmisviðbrögðum og komist var að þeirri niðurstöðu á þessum grundvelli að ofnæmisviðbrögð geti átt sér stað eftir neyslu á chia-fræi (*Salvia hispanica*). Jafnframt telur Matvælaöryggisstofnunin að máttur dufts úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) til að valda ofnæmi sé svipaður og hjá chia-fræi (*Salvia hispanica*) þar eð ekki er búist við því að framleiðsluþrepin, sem notuð eru í framleiðslunni á duftinu, breyti mætti chia-fræs (*Salvia hispanica*) til þess að valda ofnæmi. Að teknu tilliti til þess að hingað til hefur einungis verið tilkynnt um þessi tvö ofnæmistilvik og í ljósi útbreiddrar neyslu á chia-fræi (*Salvia hispanica*) og tilvistar þess á markaði í Sambandinu og á heimsmarkaði í fjölda ára ætti ekki að bæta við neinum sértækum kröfum um merkingar er varða hugsanleg ofnæmisviðbrögð eftir neyslu á dufti úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði fyrr en Matvælaöryggisstofnunin hefur fengið og metið frekari rannsóknaniðurstöður um chia-fræ (*Salvia hispanica*) sem hugsanlegan ofnæmisvald.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*), eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*)	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „Duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*)“	
	Duft með hátt prótíninnihald			
	Óbragðbættar, gerjaðar mjólkurafurðir, þ.m.t. náttúrulegar óbragðbættar áfir (að undanskildum dauðhreinsuðum áfum) sem ekki eru hitameðhöndlaðar eftir gerjun	0,7%		
	Óbragðbættar gerjaðar mjólkurafurðir sem eru hitameðhöndlaðar eftir gerjun	0,7%		
	Bragðbættar, gerjaðar mjólkurvörur, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur	0,7%		
	Sælgæti	10%		
	Aldinsafar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB (*) og grænmetissafar	2,5%		
	Aldinnektar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetisnektar og svipaðar vörur	2,5%		
	Bragðbættar drykkjarvörur	3%		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn	7,5 g/dag		
	Duft með hátt trefjainnihald			
	Sælgæti	4%		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Aldinsafar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetissafar	2,5%		
	Aldinnektar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetisnektar og svipaðar vörur	4%		
	Bragðbættar drykkjarvörur	4%		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn	12 g/dag		

(*) Tilskipun ráðsins 2001/112/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsafa og tilteknar álíka vörur til manneldis (Stjtíð. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58).“

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining		
„Duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*)	**Lýsing/Skilgreining:** Nýfæðið er duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem fæst með því að pressa og mylja heil fræ *Salvia hispanica* L. **Eðlisfræðilegir–skynrænir:** Aðskotaefni: 0,1%		
		Duft með hátt prótíninnihald	Duft með hátt trefjainnihald
	Kornastærð	≤ 130 μm	≤ 400 μm
	Efnasamsetning:		
		Duft úr *Salvia hispanica* með hátt prótíninnihald	Duft úr *Salvia hispanica* með hátt trefjainnihald
	Raki	≤ 9,0%	≤ 9,0%
	Prótín	≥ 40,0%	≥ 24,0%
	Fita	≤ 17%	≤ 12%
	Trefjar	≤ 30%	≥ 50%

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Örverufræðilegar viðmiðanir: Heildarlíftala: ≤ 10 000 CFU/g Gersveppir: ≤ 500 CFU/g Myglusveppir: ≤ 500 CFU/g *Staphylococcus aureus:* ≤ 10 CFU/g Kólígerlar: < 100 MPN/g Iðrabakteríur: ≤ 100 CFU/g *Bacillus cereus:* ≤ 50 CFU/g *Escherichia coli*: < 10 MPN/g *Listeria monocytogenes:* Ekki fyrir hendi/g *Salmonella* spp.: Finnst ekki í 25 g **Aðskotaefni:** Arsen: ≤ 0,1 milljónarhluti Kadmíum: ≤ 0,1 milljónarhluti Blý: ≤ 0,1 milljónarhluti Kvikasilfur: ≤ 0,1 milljónarhluti Heildarmagn aflatoxína: ≤ 4 milljarðshlutar Okratoxín A: ≤ 1 milljarðshluti“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/916 **2021/EES/7/43**

frá 1. júlí 2020

um leyfi fyrir rýmkun á notkun á xýló-fásykrum sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að leggja fram drög að framkvæmdargerð sem heimilar setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1648 ([3]) var leyft að setja xýló-fásykrur á markað í Sambandinu sem nýfæði samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283 til notkunar í nokkra matvælaflokka, þ.e. brauð, morgunkorn, kex, sojadrykki, jógúrt, smurálegg úr aldinum og súkkulaðisælgæti fyrir almenning.

5) Hinn 25. nóvember 2019 lagði fyrirtækið Shandong Longlive Biotechnology Co. Ltd fram umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu xýló-fásykrur skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun xýló-fásykra yrði rýmkuð þannig að hún nái til fæðubótarefna, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([4]), sem ætluð eru fyrir fullorðið fólk, í notkunarmagni sem nemur að hámarki 2 g á dag.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 209, 2.7.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1648 frá 29. október 2018 um leyfi til að setja á markað xýló-fásykrur sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 275, 6.11.2018, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

6) Framkvæmdastjórnin telur að ekki sé nauðsynlegt að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) framkvæmi öryggismat á fyrirliggjandi umsókn, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, þar eð tillagða rýmkunin á notkun xýló-fásykra fellur undir öryggismatið sem Matvælaöryggisstofnunin framkvæmdi ([5]) og liggur að baki leyfinu fyrir xýló-fásykrum með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1648.

7) Í því áliti framkvæmdi Matvælaöryggisstofnunin varfærið mat á váhrifum þar sem notuð var mesta fyrirsjáanlega daglega inntakan byggt á þeirri forsendu að einstaklingur neyti allra tillagðra matvæla sem innihalda hámarksmagn xýló-fásykra sem bætt er við. Á grundvelli þessa váhrifamats komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að mesta fyrirsjáanlega daglega inntakan sem af þessu leiðir, sem nemur 7,7 g af xýló-fásykrum á dag, sé ennþá mun minni en daglegt inntekið magn sem nemur 10–12 g af xýló-fásykrum, sem tengt var við bráð og skammvinn áhrif á meltingarveg í klínískum íhlutunarrannsóknum á mönnum, og minni en fæðutengda viðmiðunargildið, sem nemur 25 g af fæðutrefjum á dag fyrir fullorðið fólk, sem Matvælaöryggisstofnunin hafði áður fastsett ([6]).

8) Inntaka vegna tillagðrar rýmkunar á notkun xýló-fásykra í fæðubótarefni í magni sem nemur 2 g á dag, samtímis mestu inntöku xýló-fásykra, sem nemur 7,7 g, vegna þeirrar notkunar sem er sem stendur leyfð sem nýfæði, gæti leitt til samanlagðrar hámarksinntöku sem nemur 9,7 g af xýló-fásykrum á dag. Þetta samanlagða inntekna magn verður einnig minna en inntekið magn sem nemur 10–12 g af xýló-fásykrum, sem tengt var við bráð og skammvinn áhrif á meltingarveg í klínískum íhlutunarrannsóknum á mönnum, og minna en fæðutengda viðmiðunargildið, sem nemur 25 g af fæðutrefjum á dag fyrir fullorðið fólk, sem Matvælaöryggisstofnunin hafði fastsett.

9) Upplýsingarnar sem lagðar voru fram í umsókninni og vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar ásamt fyrrnefndum atriðum eru nægar forsendur til að ákvarða að tillögð rýmkun á notkun nýfæðisins „xýló-fásykrur“ sé í samræmi við 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Því er rétt að breyta skilyrðum fyrir notkun á xýló-fásykrum í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði með því að bæta við notkun xýló-fásykra í fæðubótarefni sem eru ætluð fyrir fullorðna.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði, sem var komið á fót samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 og á við um nýfæðið xýló-fásykrur, er breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([5]) „Scientific Opinion on the safety of xylo-oligosaccharides as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5361).

([6]) „Scientific Opinion on the Dietary Reference Values for carbohydrates and dietary fibre“, (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(3), 1462).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslunnar „xýló-fásykrur“ í töflu 1 (Leyft nýfæði) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Xýló-fásykrur	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi* (**)	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „Xýló-fásykrur“	
	Hvítt brauð	14 g/kg		
	Heilhveitibrauð	14 g/kg		
	Morgunkorn	14 g/kg		
	Kex	14 g/kg		
	Sojadrykkir	3,5 g/kg		
	Jógúrt (*)	3,5 g/kg		
	Smurálegg úr aldinum	30 g/kg		
	Súkkulaðisælgæti	30 g/kg		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk	2 g/dag		

(*) Þegar xýló-fásykrur eru notaðar í mjólkurvörur mega þær ekki koma, í heild eða að hluta til, í staðinn fyrir innihaldsefni mjólkur.
(**) Hámarksgildi reiknuð á grundvelli nákvæmrar skilgreiningar á duftformi 1.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/973 **2021/EES/7/44**

frá 6. júlí 2020

um leyfi fyrir breytingum á skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu „prótínútdráttur úr svínsnýrum“ og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) þar sem skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði er komið á fót samþykkt.

3) Hin 29. febrúar 2012 upplýsti fyrirtækið Sciote Diagnostic Technologies, GmbH framkvæmdastjórnina, skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]), um þá fyrirætlun sína að setja á markað „prótínútdrátt úr svínsnýrum“ sem nýtt innihaldsefni í matvælum til notkunar í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/203 ([4]), og í fæðubótarefni, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([5]). Af þessum sökum var prótínútdrætti úr svínsnýrum bætt á skrá Sambandsins yfir nýfæði.

4) Hinn 14. maí 2019 fór fyrirtækið Dr Health Care España, S.L. þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að rýmka skilyrðin fyrir notkun á nýfæðinu prótínútdrætti úr svínsnýrum í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var óskað eftir að sýruhúðaðar töflur yrðu taldar með sem leyft form prótínútdráttar úr svínsnýrum, til notkunar í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og í fæðubótarefni, til viðbótar við hylkjuðu sýruhúðuðu kögglanna sem eru sem stendur leyfðir.

5) Framkvæmdastjórnin óskaði ekki eftir áliti frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu þar eð ólíklegt er að breytingin á skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu prótínútdrætti úr svínsnýrum, með því að bæta sýruhúðuðum töflum við sem leyfðu formi prótínútdráttar úr svínsnýrum til notkunar í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og í fæðubótarefni, breyti áhrifum þessa leyfða nýfæðis á heilbrigði manna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 215, 7.7.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

6) Hámarksmagn prótínútdráttar úr svínsnýrum sem nýfæði, sem er sem stendur leyft til notkunar sem hylkjaðir sýruhúðaðir kögglar í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og í fæðubótarefni, er 3 hylki á dag sem samsvarar 12,6 mg af útdrætti úr svínsnýrum á dag. Tillögð notkun í formi sýruhúðaðra taflna kemur ekki til með að breyta hámarksmagni nýfæðisins sem er sem stendur leyft. Því þykir rétt að breyta liðnum í skrá Sambandsins um skilyrðin fyrir notkun á prótínútdrætti úr svínsnýrum til að leyfa einnig notkun hans í formi sýruhúðaðra taflna í sama leyfða hámarksmagni og þau notkunarform þessa nýfæðis sem eru sem stendur leyfð.

7) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Færslunni í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði, eins og kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, þar sem vísað er til „prótínútdráttar úr svínsnýrum“ skal breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar „Prótínútdráttur úr svínsnýrum“ í töflu 1 (Leyft nýfæði) kemur eftirfarandi:

„

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Tilgreindur matvælaflokkur	***Hámarksgildi***		
„Prótínútdráttur úr svínsnýrum	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	3 hylki eða 3 töflur/dag, svarar til 12,6 mg útdráttar úr svínsnýrum á dag Innihald díamínoxídasa (DAO): 0,9 mg/dag (3 hylki eða 3 töflur sem innihalda díamínoxídasa sem nemur 0,3 mg/hylki eða 0,3 mg/töflu)“		
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013			

“

2) Í stað færslunnar „Prótínútdráttur úr svínsnýrum“ í töflu 2 (Nákvæm skilgreining) kemur eftirfarandi:

„

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Prótínútdráttur úr svínsnýrum	**Lýsing/Skilgreining:** Prótínútdrátturinn fæst úr jafnblönduðum svínsnýrum með samblandi af saltútfellingu og skiljun á miklum hraða. Botnfallið sem fæst inniheldur að mestu prótín með 7% af ensímdíamínoxídasa (ensímheitaskráin E.C. 1.4.3.22) og er endurupplyst í lífeðlisfræðilegu jafnakerfi. Svínsnýrnaútdrátturinn sem fæst er samsettur sem hylkjaðir sýruhúðaðir kögglar eða sýruhúðaðar töflur til að þær nái til virkra staða í meltingunni. Grunnvara: Nákvæm skilgreining: prótínútdráttur úr svínsnýrum með náttúrulegt innihald díamínoxídasa (DAO): Efnislegt ástand: vökvi Litur: brúnleitur Útlit: eilítið gruggug lausn pH-gildi: 6,4–6,8 Ensímvirkni: > 2 677 kHDU DAO/ml (DAO REA (DAO-geislaútdráttarmæling)) **Örverufræðilegar viðmiðanir:** *Brachyspira* spp.: neikvætt (kjarnsýrumögnun í rauntíma) *Listeria monocytogenes*: neikvætt (kjarnsýrumögnun í rauntíma)

	Staphylococcus aureus: < 100 CFU/g Influensa A: neikvætt (víxlritakjarnsýrumögnun á rauntíma) *Escherichia coli*: < 10 CFU/g Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði: < 10^5 CFU/g Fjöldi gersveppa/myglusveppa: < 10^5 CFU/g *Salmonella*: Finnst ekki/10g Iðrabakteríur, þolnar gegn gallsalti: < 10^4 CFU/g **Fullunnin vara:** Nákvæm skilgreining: prótínútdráttur úr svínsnýrum með náttúrulegt innihald díamínoxídasa (E.C. 1.4.3.22) í sýruhúðaðri samsetningu: Efnislegt ástand: fast efni Litur: gulgrátt Útlit: smákögglar eða töflur Ensímvirkni: 110–220 kHDU DAO/g köggul eða g töflu (DAO REA (DAO-geislaútdráttarmæling)) Sýrustöðugleiki: 15 mín 0,1M HCl og þar á eftir 60 mín. bórat með pH-gildið = 9,0: > 68 kHDU DAO/g köggul eða g töflu (DAO REA (DAO-geislaútdráttarmæling)) Raki: < 10% *Staphylococcus aureus*: < 100 CFU/g *Escherichia coli*: < 10 CFU/g Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði: < 10^4 CFU/g Heildarfjöldi samanlagðra ger- og myglusveppa: < 10^3 CFU/g *Salmonella*: Finnst ekki/10g Iðrabakteríur, þolnar gegn gallsalti: < 10^2 CFU/g“

“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/917 **2021/EES/7/45**

frá 1. júlí 2020

um leyfi til að setja á markað seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu. Hefðbundin matvæli frá þriðja landi eru nýfæði eins og skilgreint er í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 ([2]) er mælt fyrir um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum.

3) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([3]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

4) Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu hefðbundinna matvæla frá þriðja landi á markað í Sambandinu.

5) Hinn 27. nóvember 2018 sendi fyrirtækið AM Breweries (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á að almenningur notaði seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* sem slíkt eða sem innihaldsefni í aðrar drykkjarvörur.

6) Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2468 óskaði framkvæmdastjórnin eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjandanum að því er varðar gildi tilkynningarinnar. Umbeðnar upplýsingar voru lagðar fram 4. júní 2019, 21. júní 2019, 29. ágúst 2019 og 30. ágúst 2019.

7) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna fram á að seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* sem slíkt hafi reynst öruggt til notkunar sem matvæli í Afríku, Asíu og Norður Ameríku.

8) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynninguna til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 11. september 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 209, 2.7.2020, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

4) Að því er varðar efnið 2-bútoxýfenól, etýlenglýkólmónóbútýleter (CAS-númer 111-76-2), liggja ný vísindagögn fyrir varðandi hættuflokkinn „bráð eiturhrif (við innöndun)“ sem benda til þess að flokkunin á þessum hættuflokki, eins og mælt er með í áliti áhættumatsnefndar Efnastofnunarinnar, sem byggð er á eldri gögnum, sé hugsanlega ekki viðeigandi. Af þeim sökum ætti ekki að breyta þessum hættuflokki í VI. viðauki við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 fyrr en áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar hefur fengið tækifæri til að skila endurskoðuðu áliti sem byggist á nýju upplýsingunum en alla aðra hættuflokka, sem falla undir álit áhættumatsnefndarinnar, ætti að skrá.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til samræmis við það.

6) Ekki ætti að gera þá kröfu að farið sé að nýju eða uppfærðu samræmdu flokkuninni þegar í stað þar eð nauðsynlegt er að veita birgjum tiltekinn frest til að laga merkingar og pökkun efna og blandna að nýju eða endurskoðuðu flokkuninni og selja fyrirliggjandi birgðir, með fyrirvara um gildandi kröfur samkvæmt reglum. Þessi frestur er einnig nauðsynlegur til að veita birgjum nægan tíma til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja áframhaldandi samræmi við önnur lagaskilyrði sem fylgja þeim breytingum sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð. Slíkar kröfur geta tekið til þeirra sem settar eru fram í f-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]) eða þeirra sem settar eru fram í 50. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([4]).

7) Þó ætti að gefa birgjum kost á því að beita nýju ákvæðunum um flokkun, merkingu og pökkun að eigin frumkvæði áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda. Þetta samræmist þeirri nálgun sem beitt var skv. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2022.

Þrátt fyrir aðra málsgrein þessarar greinar er heimilt að flokka, merkja og pakka efnum og blöndum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, fyrir 1. mars 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

VIÐAUKI

Töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslum er bætt við:

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„007-030-00-3	saltpéturssýra …% [C ≤ 70%]	231-714-2	7697-37-2.	Eldmynd. vökvi 3 Bráð eit. 3 Húðæt. 1A	H272 H331 H314	HSK03 HSK06 HSK05 Hætta	H272 H331 H314	EUH071	Eldmynd. vökvi 3, H272: C ≥ 65% við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 2,65 mg/L (gufa) Húðæt. 1A, H314: C ≥ 20% Húðæt. 1B, H314: 5% ≤ C < 20%	B“
„014-048-00-5	kísilkarbíðtrefjar (með þvermál < 3 μm, lengd > 5 μm og myndhlut-fall ≥ 3:1)	206-991-8	409-21-2 308076-74-6	Krabb. 1B	H350i	HSK08 Hætta	H350i“			
„014-049-00-0	trímetoxývínýlsílan, trímetoxý(vínýl)sílan	220-449-8	2768-02-7	Húðnæm. 1B	H317	HSK07 Varúð	H317“			
„014-050-00-6	tris(2-metoxýetoxý)-vínýlsílan, 6-(2-metoxýetoxý)-6-vínýl-2,5,7,10-tetraoxa-6-sílaúndekan	213-934-0	1067-53-4	Eit. á æxl. 1B	H360FD	HSK08 Hætta	H360FD“			
„016-098-00-3	dímetýldísúlfíð	210-871-0	624-92-0	Eldf. vökvi 2 Bráð eit. 3 Bráð eit. 3 SEM-VES 3 SEM-VES 1 Augnert. 2 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H225 H331 H301 H336 H370 (efri hluti öndunarvegar, við innöndun) H319 H317 H400 H410	HSK02 HSK06 HSK08 HSK09 Hætta	H225 H331 H301 H336 H370 (efri hluti öndunar-vegar, við innöndun) H319 H317 H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 5 mg/L (gufa) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 190 mg/kg líkamsþyngdar M = 1 M = 10“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„029-024-00-X	kornaður kopar, [lengd agna: frá 0,9 mm til 6,0 mm; breidd agna: frá 0,494 til 0,949 mm]	231-159-6	7440-50-8	Langv. eit. á vatn. 2	H411	HSK09	H411“			
„029-025-00-5	bis(*N*-hýdroxý-*N*-nítrósýklóhexýlamínató-*O*,*O*')kopar, bis(*N*-sýkló-hexýldíaseníumdíoxý)-kopar, [Cu-HDO]	239-703-4	312600-89-8 15627-09-5	Eldf. fast efni 1 Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Augnsk. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H228 H302 H373 (lifur) H318 H400 H410	HSK02 HSK07 HSK08 HSK05 HSK09 Hætta	H228 H302 H373 (lifur) H318 H410		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 360 mg/kg líkamsþyngdar M = 1 M = 1“	
„050-031-00-9	díoktýltindílárat, [1] tinhýdríð, díoktýl-, bis(kókóasýloxý)-afleiður [2]	222-883-3 [1] 293-901-5 [2]	3648-18-8 [1] 91648-39-4 [2]	Eit. á æxl. 1B SEM-EV 1	H360D H372 (ónæmiskerfi)	HSK08 Hætta	H360D H372 (ónæmiskerfi) “			
„601-092-00-0	díbensó[*def*,*p*]krýsen, díbensó[*a*,*l*]pýren	205-886-4	191-30-0	Krabb. 1B Stökkbr. 2	H350 H341	HSK08 Hætta	H350 H341		Krabb. 1B, H350: C ≥ 0,001%“	
„603-237-00-3	ipkónasól (ISO), (1*RS*,2*SR*,5*RS*;1*RS*,-2*SR*,5*SR*)-2-(4-klóró-bensýl)-5-ísóprópýl-1-(1*H*-1,2,4-tríasól-1-ýlmetýl)sýklópentanól	-	125225-28-7 115850-69-6 115937-89-8	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Langv. eit. á vatn. 1	H360D H302 H373 (augu, húð, lifur) H410	HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H360D H302 H373 (augu, húð, lifur) H410		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 500 mg/kg líkamsþyngdar M = 100“	
„603-238-00-9	bis(2-(2-metoxýetoxý)-etýl)eter, tetraglým	205-594-7	143-24-8	Eit. á æxl. 1B	H360FD	HSK08 Hætta	H360FD“			
„603-239-00-4	paklóbútrasól (ISO), (2*RS*,3*RS*)-1-(4-klórófenýl)-4,4-dímetýl-2-(1*H*-1,2,4-tríasól-1-ýl)pentan-3-ól	-	76738-62-0	Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 Augnert. 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361d H332 H302 H319 H400 H410	HSK08 HSK07 HSK09 Varúð	H361d H332 H302 H319 H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 3,13 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 490 mg/kg líkamsþyngdar M = 10 M = 10“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„603-240-00-X	2,2-bis(brómómetýl)-própan-1,3-díól	221-967-7	3296-90-0	Krabb. 1B Stökkbr. 1B	H350 H340	HSK08 Hætta	H350 H340“			
„603-241-00-5	geraníól, (2*E*)-3,7-dímetýlokta-2,6-díen-1-ól	203-377-1	106-24-1	Húðnæm. 1	H317	HSK07 Varúð	H317“			
„605-041-00-3	2-(4-*tert*-bútýlbensýl)-própíónaldehýð	201-289-8	80-54-6	Eit. á æxl. 1B	H360Fd	HSK08 Hætta	H360Fd“			
„607-738-00-8	MCPA-þíóetýl (ISO), *S*-etýl-(4-klóró-2-metýlfenoxý)etanþíóat, *S*-etýl-4-klóró-*o*-tólýloxýþíóasetat	246-831-4	25319-90-8	Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H302 H373 (lifur) H400 H410	HSK07 HSK08 HSK09 Varúð	H302 H373 (lifur) H410		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 450 mg/kg líkamsþyngdar M = 10 M = 10“	
„607-740-00-9	díísóoktýlþalat	248-523-5	27554-26-3	Eit. á æxl. 1B	H360FD	HSK08 Hætta	H360FD“			
„607-741-00-4	4-{[(6-klórópýridín-3-ýl)metýl](2,2-díflúóróetýl)amínó}fúran-2(5*H*)-ón, flúpýradífúrón	-	951659-40-8	Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H302 H373 (vöðvi) H400 H410	HSK07 HSK08 HSK09 Varúð	H302 H373 (vöðvi) H410		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 500 mg/kg líkamsþyngdar M = 10 M = 10“	
„607-742-00-X	þíenkarbasónmetýl (ISO), metýl-4- [(4,5-díhýdró-3-metoxý-4-metýl-5-oxó-1*H*-1,2,4-tríasól-1-ýl)karbónýlsúlfamóýl]-5-metýlþíófen-3-karboxýlat	-	317815-83-1	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	HSK09 Varúð	H410		M = 1000 M = 1000“	
„607-743-00-5	L-(+)-mjólkursýra, (2*S*)-2-hýdroxýpróp-ansýra	201-196-2	79-33-4	Húðæt. 1C Augnsk. 1	H314 H318	HSK05 Hætta	H314	EUH071“		

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„607-744-00-0	2-metoxýetýlakrýlat	221-499-3	3121-61-7	Eldf. vökvi 3 Stökkbr. 2 Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 3 Bráð eit. 4 Húðæt. 1C Augnsk. 1 Húðnæm. 1	H226 H341 H360FD H331 H302 H314 H318 H317	HSK02 HSK05 HSK06 HSK08 Hætta	H226 H341 H360FD H331 H302 H314 H317	EUH071	við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 2,7 mg/L (gufa) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 404 mg/kg líkamsþyngdar“	
„607-745-00-6	glýoxýlsýra …%	206-058-5	298-12-4	Augnsk. 1 Húðnæm. 1B	H318 H317	HSK05 HSK07 Hætta	H318 H317			B“
„607-746-00-1	natríum-*N*-(hýdroxý-metýl)glýsínat, [formaldehýð sem er leyst úr natríum-*N*-(hýdroxýmetýl)-glýsínati]	274-357-8	70161-44-3	Krabb. 1B Stökkbr. 2 Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 SEM-VES 3 Húðert. 2 Augnert. 2 Húðnæm. 1	H350 H341 H332 H302 H335 H315 H319 H317	HSK08 HSK07 Hætta	H350 H341 H332 H302 H335 H315 H319 H317		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 3 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1100 mg/kg líkamsþyngdar	8 9“
„611-181-00-6	kalíum(oxídó-*NNO*-asoxý)sýklóhexan, sýklóhexýl-hýdroxýdíasen-1-oxíð, kalíumsalt, [K-HDO]	-	66603-10-9	Eldf. fast efni 1 Bráð eit. 3 SEM-EV 2 Húðert. 2 Augnsk. 1 Langv. eit. á vatn. 2	H228 H301 H373 (lifur) H315 H318 H411	HSK02 HSK06 HSK08 HSK05 HSK09 Hætta	H228 H301 H373 (lifur) H315 H318 H411		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 136 mg/kg líkamsþyngdar“	
„612-294-00-3	meketróníumetílsúlfat, *N*-etýl-*N*,*N*-dímetýl-hexadekan-1-amin-íumetýlsúlfat, meketróníumetýlsúlfat, [MES]	221-106-5	3006-10-8	Húðæt. 1 Augnsk. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H314 H318 H400 H410	HSK05 HSK09 Hætta	H314 H410	EUH071	M = 100 M = 1000“	
„613-331-00-6	(2*RS*)-2-[4-(4-klóró-fenoxý)-2-(tríflúórómetýl)fenýl]-1-(1*H*-1,2,4-tríasól-1-ýl)própan-2-ól, mefentríflúkónasól	-	1417782-03-6	Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H317 H400 H410	HSK07 HSK09 Varúð	H317 H410		M = 1 M = 1“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„613-332-00-1	oxaþíapíprólín (ISO), 1-(4-{4-[5-(2,6-díflúórófenýl)-4,5-díhýdró-1,2-oxasól-3-ýl]-1,3-þíasól-2-ýl}píperídín-1-ýl)-2-[5-metýl-3-(tríflúórómetýl)-1*H*-pýrasól-1-ýl]etanón	-	1003318-67-9	Langv. eit. á vatn. 1	H410	HSK09 Varúð	H410		M = 1“	
„613-333-00-7	pýriþíónsink, (*T*-4)-bis[1-(hýdroxý-.kappa.*O*)pýridín-2(1*H*)-þíónató-.kappa.*S*]sink	236-671-3	13463-41-7	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 2 Bráð eit. 3 SEM-EV 1 Augnsk. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360D H330 H301 H372 H318 H400 H410	HSK08 HSK06 HSK05 HSK09 Hætta	H360D H330 H301 H372 H318 H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,14 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 221 mg/kg líkamsþyngdar M = 1000 M = 10“	
„613-334-00-2	flúrklóridón (ISO), 3-klóró-4-(klórómetýl)-1-[3-tríflúórómetýl)-fenýl]pýrrólídín-2-ón	262-661-3	61213-25-0	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 4 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360FD H302 H317 H400 H410	HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H360FD H302 H317 H410		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 500 mg/kg líkamsþyngdar M = 100 M = 100“	
„613-335-00-8	4,5-díklóró-2-oktýl-*2H*-ísóþíasól-3-ón, [DCOIT]	264-843-8	64359-81-5	Bráð eit. 2 Bráð eit. 4 Húðæt. 1 Augnsk. 1 Húðnæm. 1A Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H330 H302 H314 H318 H317 H400 H410	HSK06 HSK05 HSK09 Hætta	H330 H302 H314 H317 H410	EUH071	við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,16 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 567 mg/kg líkamsþyngdar Húðert. 2, H315: 0,025% ≤ C < 5% Augnert. 2, H319: 0,025% ≤ C < 3% Húðnæm. 1A, H317: C ≥ 0,0015% M = 100 M = 100“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„613-336-00-3	2-metýl-1,2-bensóþíasól-3(*2H*)-ón, [MBIT]	-	2527-66-4	Bráð eit. 4 Bráð eit. 3 Húðæt. 1C Augnsk. 1 Húðnæm. 1A Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 2	H312 H301 H314 H318 H317 H400 H411	HSK06 HSK05 HSK09 Hætta	H312 H301 H314 H317 H410	EUH071	um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1100 mg/kg líkamsþyngdar um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 175 mg/kg líkamsþyngdar Húðnæm. 1A, H317: C ≥ 0,0015% M = 1“	
„616-228-00-4	3-(díflúorómetýl)-1-metýl-*N*-(3′,4′,5′-tríflúoróbífenýl-2-ýl)pýrasól-4-karboxamíð, flúxapýroxað	-	907204-31-3	Áhrif á/með mjólk. Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H362 H400 H410	HSK09 Varúð	H362 H410		M = 1 M = 1“	
„616-230-00-5	*N*-(hýdroxýmetýl)-akrýlamíð, metýlólakrýlamíð, [NMA]	213-103-2	924-42-5	Krabb. 1B Stökkbr. 1B SEM-EV 1	H350 H340 H372 (úttaugakerfi)	HSK08 Hætta	H350 H340 H372 (úttaugakerfi) “			
„616-231-00-0	5-flúoró-1,3-dímetýl-*N*-[2-(4-metýlpentan-2-ýl)fenýl]-1*H*-pýrasól-4-karboxamíð, 2’-[(*RS*)-1,3-dímetýlbútýl]-5-flúoró-1,3-dímetýlpýrasól-4-karboxanilíð, penflúfen	-	494793-67-8	Krabb. 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H400 H410	HSK08 HSK09 Varúð	H351 H410		M = 1 M = 1“	
„616-232-00-6	ípróvalíkarb (ISO), ísóprópýl[(2S)-3-metýl-1-{[1-(4-metýlfenýl)etýl]-amínó}-1-oxóbútan-2-ýl]karbamat	-	140923-17-7	Krabb. 2	H351	HSK08 Varúð	H351“			
„616-233-00-1	silþíófam (ISO), *N*-allýl-4,5-dímetýl-2-(trímetýlsilýl)þíófen-3-karboxamíð	-	175217-20-6	SEM-EV 2 Langv. eit. á vatn. 2	H373 H411	HSK08 HSK09 Varúð	H373 H411“			

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„650-057-00-6	Dísartréskjarni, [kaldpressuð olía úr hýðislausu fræi Azadirachta indica sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi]	283-644-7	84696-25-3	Langv. eit. á vatn. 3	H412		H412“			

2) Í stað færslnanna sem svara til skrárnúmeranna 007-004-00-1, 014-018-00-1, 015-134-00-5, 015-181-00-1, 050-021-00-4, 050-027-00-7, 082-013-00-1, 603-014-00-0, 603-065-00-9, 605-019-00-3, 607-177-00-9, 607-256-00-8, 607-314-00-2, 609-041-00-4, 609-064-00-X, 613-112-00-5, 613-115-00-1, 613-125-00-6, 613-202-00-4, 613-259-00-5, 616-014-00-0 og 617-006-00-X koma eftirfarandi færslur, eftir því sem við á:

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„007-004-00-1	saltpéturssýra …% [C > 70%]	231-714-2	7697-37-2	Eldmynd. vökvi 2 Bráð eit. 1 Húðæt. 1A	H272 H330 H314	HSK03 HSK06 HSK05 Hætta	H272 H330 H314	EUH071	Eldmynd. vökvi 2, H272: C ≥ 99% Eldmynd. vökvi 3, H272: 70% ≤ C < 99%	B“
„014-018-00-1	oktametýlsýklótetrasíloxan, [D4]	209-136-7	556-67-2	Eit. á ækl. 2 Langv. eit. á vatn. 1	H361f *** H410	HSK08 HSK09 Varúð	H361f *** H410		M = 10“	
„015-134-00-5	pírímífosmetýl (ISO), *O*-[2-(díetýlamínó)-6-metýlpýrimídín-4-ýl]*O*,*O*-dímetýlfosfórþíóat	249-528-5	29232-93-7	Bráð eit. 4 SEM-EV 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H302 H372 (taugakerfi) H400 H410	HSK07 HSK08 HSK09 Hætta	H302 H372 (taugakerfi) H410		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1414 mg/kg líkamsþyngdar M = 1000 M = 1000“	
„015-181-00-1	vetnisfosfíð	232-260-8	7803-51-2	Eldf. loftt. 1 Loftt. u. þrýst. Bráð eit. 1 Húðæt. 1B Bráð eit. á vatn. 1	H220 H330 H314 H400	HSK02 HSK04 HSK06 HSK05 HSK09 Hætta	H220 H330 H314 H400		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 10 ppmV (lofttegundir)	U“

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„050-021-00-4	díklóródíoktýltin-hýdríð	222-583-2	3542-36-7	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 2 SEM-EV 1 Langv. eit. á vatn. 3	H360D H330 H372 ** H412	HSK08 HSK06 Hætta	H360D H330 H372 ** H412		Eit. á æxl. 1B, H360 D: C ≥ 0,03% við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,098 mg/L (ryk eða úði)“	
„050-027-00-7	2-etýlhexýl-10-etýl-4,4-díoktýl-7-oxó-8-oxa-3,5-díþía-4-stannatetradekanóat, [DOTE]	239-622-4	15571-58-1	Eit. á æxl. 1B SEM-EV 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360D H372 (ónæmiskerfi) H400 H410	HSK08 HSK09 Hætta	H360D H372 (ónæmiskerfi) H410“			
„082-013-00-1	blýduft, [þvermál agna < 1 mm]	231-100-4	7439-92-1	Eit. á æxl. 1A Áhrif á/með mjólk. Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360FD H362 H400 H410	HSK08 HSK09 Hætta	H360FD H362 H410		Eit. á æxl. 1A, H360D: C ≥ 0,03% M = 1 M = 10“	
„603-014-00-0	2-bútoxýetanól, etýlenglýkólmónóbútýleter	203-905-0	111-76-2	Bráð eit. 4* Bráð eit. 4 Húðert. 2 Augnert. 2	H332 H302 H315 H319	HSK07 Varúð	H332 H302 H315 H319		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1200 mg/kg líkamsþyngdar“	
„603-065-00-9	*m*-bis(2,3-epoxý-própoxý)bensen, resorsínóldíglýsídýleter	202-987-5	101-90-6	Krabb. 1B Stökkbr. 2 Bráð eit. 3 Bráð eit. 4 Húðert. 2 Augnert. 2 Húðnæm. 1 Langv. eit. á vatn. 3	H350 H341 H311 H302 H315 H319 H317 H412	HSK08 HSK06 Hætta	H350 H341 H311 H302 H315 H319 H317 H412		um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 300 mg/kg líkamsþyngdar um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 500 mg/kg líkamsþyngdar“	
„607-177-00-9	tríbenúrónmetýl (ISO), metýl-2-[*N*-(4-metoxý-6-metýl-1,3,5-tríasín-2-ýl)-*N*-metýlkarbamóýlsúlfamóýl]bensóat	401-190-1	101200-48-0	SEM-EV 2 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H373 H317 H400 H410	HSK08 HSK07 HSK09 Varúð	H373 H317 H410		M = 100 M = 100“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„607-256-00-8	asoxýstróbín (ISO), metýl(*E*)-2-{2[6-(2-sýanófenoxý)pýrim-idín-4-ýloxý]fenýl}-3-metoxýakrýlat	-	131860-33-8	Bráð eit. 3 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H331 H400 H410	HSK06 HSK09 Hætta	H331 H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,7 mg/L (ryk eða úði) M = 10 M = 10“	
„607-314-00-2	etófúmesat (ISO), (*RS*)-2-etoxý-2,3-díhýdró-3,3-dímetýl-bensófúran-5-ýlmetansúlfónat	247-525-3	26225-79-6	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	HSK09 Varúð	H410		M = 1 M = 1“	
„609-041-00-4	2,4-dínítrófenól	200-087-7	51-28-5	Bráð eit. 3 * Bráð eit. 3 Bráð eit. 2 SEM-EV 1 Bráð eit. á vatn. 1	H331 H311 H300 H372 H400	HSK06 HSK08 HSK09 Hætta	H331 H311 H300 H372 H400		um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 300 mg/kg líkamsþyngdar um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 30 mg/kg líkams-þyngdar“	
„609-064-00-X	mesótríón (ISO), 2-[4-(metýlsúlfónýl)-2-nítróbensóýl]-1,3-sýklóhexandíón	-	104206-82-8	Eit. á æxl. 2 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361d H373 (augu, taugakerfi) H400 H410	HSK08 HSK09 Varúð	H361d H373 (augu, taugakerfi) H410		M = 10 M = 10“	
„613-112-00-5	oktílínón (ISO), 2-oktýl-2*H*-ísóþíasól-3-ón, [OIT]	247-761-7	26530-20-1	Bráð eit. 2 Bráð eit. 3 Bráð eit. 3 Húðæt. 1 Augnsk. 1 Húðnæm. 1A Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H330 H311 H301 H314 H318 H317 H400 H410	HSK06 HSK05 HSK09 Hætta	H330 H311 H301 H314 H317 H410	EUH071	við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,27 mg/L (ryk eða úði) um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 311 mg/kg líkamsþyngdar um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 125 mg/kg líkams-þyngdar Húðnæm. 1A, H317: C ≥ 0,0015% M = 100 M = 100“	
„613-115-00-1	hýmexasól (ISO), 3-hýdroxý-5-metýlísoxasól	233-000-6	10004-44-1	Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 Augnsk. 1 Húðnæm. 1 Langv. eit. á vatn. 2	H361d H302 H318 H317 H411	HSK08 HSK07 HSK05 HSK09 Hætta	H361d H302 H318 H317 H411		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1600 mg/kg líkamsþyngdar“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„613-125-00-6	hexýþíasox (ISO), *trans*-5-(4-klórófenýl)-*N*-sýklóhexýl-4-metýl-2-oxó-3-þíasólidínkarboxamíð	-	78587-05-0	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	HSK09 Varúð	H410		M = 1 M = 1“	
„613-202-00-4	pýmetrósín (ISO), (*E*)-4,5-díhýdró-6-metýl-4-(3-pýridýlmetýlenamínó)-1,2,4-tríasín-3(2*H*)-ón	-	123312-89-0	Krabb. 2 Eit. á æxl. 2 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H361fd H410	HSK08 HSK09 Varúð	H351 H361fd H410		M = 1“	
„613-259-00-5	imíprótrín (ISO), hvarfmassi: [2,4-díoxó-(2-própýn-1-ýl)imídasólidín-3-ýl]metýl(1*R*)-*cis*-krýsantemats, [2,4-díoxó-(2-própýn-1-ýl)imídasólidín-3-ýl]metýl(1*R*)-*trans*-krýsantemats	428-790-6	72963-72-5	Krabb. 2 Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 SEM-VES 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H332 H302 H371 (taugakerfi, um munn, við innöndun) H400 H410	HSK08 HSK07 HSK09 Varúð	H351 H332 H302 H371 (taugakerfi, um munn, við innöndun) H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1,4 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 550 mg/kg líkamsþyngdar M = 10 M = 10“	
„616-014-00-0	bútanónoxím, etýlmetýlketoxím, etýlmetýlketónoxím	202-496-6	96-29-7	Krabb. 1B Bráð eit. 4 Bráð eit. 3 SEM-VES 3 SEM-VES 1 SEM-EV 2 Húðert. 2 Augnsk. 1 Húðnæm. 1	H350 H312 H301 H336 H370 (efri hluti öndunarvegar) H373 (blóðkerfi) H315 H318 H317	HSK08 HSK06 HSK05 Hætta	H350 H312 H301 H336 H370 (efri hluti öndunarvegar) H373 (blóðkerfi) H315 H318 H317		um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1100 mg/kg líkamsþyngdar um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 100 mg/kg líkamsþyngdar“	
„617-006-00-X	bis(α, α-dímetýlbensýl)peroxíð	201-279-3	80-43-3	Lífr. perox. F Eit. á æxl. 1B Húðert. 2 Augnert. 2 Langv. eit. á vatn. 2	H242 H360D H315 H319 H411	HSK02 HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H242 H360D H315 H319 H411“			

3) Færslur sem svara til skrárnúmeranna 601-064-00-8 og 607-693-00-4 falla brott.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/1991 **2021/EES/7/48**

frá 25. október 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði og reglugerð (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 ([4]) og (ESB) nr. 346/2013 ([5]) er mælt fyrir um samræmdar kröfur og skilyrði fyrir rekstraraðila sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem vilja nota heitin „EuVECA“ eða „EuSEF“ í Sambandinu við markaðssetningu viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og viðurkenndra félagslegra framtakssjóða, eftir því sem við á. Reglugerðir (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013 innihalda reglur sem gilda einkum um hæfar fjárfestingar, fjárfestingarhæf fyrirtæki og hæfa fjárfesta. Samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013 eru eingöngu rekstraraðilar með eignir í stýringu sem fara samtals ekki yfir efri mörkin sem um getur í b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([6]) hæfir til að nota heitin „EuVECA“ og „EuSEF“, eftir því sem við á.

2) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 26. nóvember 2014 um fjárfestingaráætlun fyrir Evrópu setur fram yfirgripsmikla áætlun til að mæta skorti á fjármögnun sem hamlar möguleikum Evrópu til að vaxa og skapa störf fyrir borgara sína. Hún miðar að því að virkja fjárfestingar einkaaðila með notkun á opinberri fjármögnun og bættum lagaramma fyrir fjárfestingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 293, 10.11.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 394, 26.10.2006, bls. 2.

([2]) Stjtíð. ESB C 75, 10.3.2017, bls. 48.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. september 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 9. október 2017.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

3) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 30. september 2015 um aðgerðaáætlun um að koma á fót sambandi fjármagnsmarkaða er mikilvægur þáttur í fjárfestingaráætluninni. Hún miðar að því að draga úr uppskiptingu fjármálamarkaðanna og auka framboð á fjármagni til fyrirtækja, frá aðilum innan og utan Sambandsins, með því að koma á raunverulegum sameiginlegum fjármagnsmarkaði. Sú orðsending tilgreinir að reglugerðir (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/3013 þarfnist breytinga til að tryggja að lagarammarnir séu sem best til þess fallnir að styðja við fjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (SME).

4) Opna ætti markaðinn fyrir viðurkennda áhættufjármagnssjóði og viðurkennda félagslega framtakssjóði til að auka stærðarhagkvæmni, draga úr viðskipta- og rekstrarkostnaði, bæta samkeppni og efla valmöguleika fjárfesta. Með því að stækka hóp væntanlegra rekstraraðila er stuðlað að opnun þess markaðar og nýtist það félögum sem leita eftir fjárfestingu þar sem það veitir þeim aðgang að fjármögnun frá fleiri og fjölbreyttari uppsprettum áhættufjármagns. Þess vegna ætti að rýmka gildissvið reglugerða (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/3013 með því að leyfa rekstraraðilum sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem eru með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, að nota heitin „EuVECA“ og „EuSEF“.

5) Til að viðhalda víðtækri vernd fjárfesta ættu rekstraraðilar sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem eru með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, áfram að falla undir kröfurnar í þeirri tilskipun og hlíta tilteknum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 eða reglugerðar (ESB) nr. 346/2013, þ.e. þeim sem varða hæfar fjárfestingar, markhópa fjárfesta og upplýsingakröfur. Lögbær yfirvöld sem fengið hafa eftirlitsheimildir samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB ættu einnig að beita þeim heimildum gagnvart slíkum rekstraraðilum.

6) Til að tryggja að lögbær yfirvöld séu meðvituð um hverja nýja notkun á heitunum „EuVECA“ og „EuSEF“ ættu rekstraraðilar sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem eru með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, að skrá alla viðurkennda áhættufjármagnssjóði eða viðurkennda félagslega framtakssjóði sem þeir hafa í hyggju að reka og markaðssetja. Þetta ætti að tryggja að slíkir rekstraraðilar geti viðhaldið viðskiptalíkönum sínum með því að stýra sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með staðfestu í öðrum aðildarríkjum og aukið vöruúrvalið sem þeir bjóða.

7) Auka ætti úrval hæfra félaga sem viðurkenndir áhættufjármagnssjóðir geta fjárfest í, til að auka framboð á fjármagni til fyrirtækja. Þess vegna ætti skilgreiningin á fjárfestingarhæfum fyrirtækjum að ná yfir fyrirtæki með upp að 499 starfsmönnum (smærri meðalverðmæt fyrirtæki (*e. small mid-caps*)), sem ekki eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga, og lítil og meðalstór fyrirtæki sem skráð eru á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Nýju fjárfestingavalkostirnir ættu einnig að gera aðilum á vaxtarstigi sem þegar hafa aðgang að öðrum fjármögnunarleiðum, s.s. vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, mögulegt að fá fjármagn frá viðurkenndum áhættufjármagnssjóðum, sem ætti að stuðla að þróun vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Auk þess útiloka fjárfestingar viðurkenndra áhættufjármagnssjóða í fjárfestingarhæfum fyrirtækjum ekki þessi fjárfestingarhæfu fyrirtæki sjálfkrafa frá því að koma til greina í opinberum áætlunum. Til að auka fjárfestingar frekar ætti að vera mögulegt að setja upp sjóðasjóðsskipulag samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013.

8) Til að gera notkunina á heitinu „EuSEF“ meira aðlaðandi og til að auka framboðið á fjármagni til félagslegra fyrirtækja ætti að auka úrval hæfra félaga sem viðurkenndir félagslegir framtakssjóðir geta fjárfest í, með því að rýmka skilgreininguna á jákvæðum félagslegum áhrifum. Slík rýmkun myndi einfalda reglugerðarlandslagið fyrir félagslega framtakssjóði og auðvelda þátttöku fjárfesta í slíkum sjóðum með því að taka á misræminu milli ólíkra túlkana á hvað felst í jákvæðum félagslegum áhrifum í mismunandi samhengi innan Sambandsins.

9) Viðurkenndir áhættufjármagnssjóðir ættu einnig að geta tekið þátt, til lengri tíma, í fjármögnunaráætlunum fyrir óskráð lítil og meðalstór fyrirtæki, óskráð smærri meðalverðmæt fyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki sem skráð eru á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, til þess að auka möguleika sína á að hagnast af ört vaxandi fyrirtækjum. Þess vegna ætti að heimila framhaldsfjárfestingar eftir fyrstu fjárfestinguna.

10) Skráningaraðferðir ættu að vera einfaldar og kostnaðarhagkvæmar. Þess vegna ætti skráning rekstraraðila í samræmi við reglugerðir (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013 að þjóna sama tilgangi og skráningin sem um getur í tilskipun 2011/61/ESB í tengslum við rekstur viðurkenndra áhættufjármagnssjóða eða viðurkenndra félagslegra framtakssjóða. Ákvarðanir um skráningu og synjanir um skráningu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 345/2013 eða reglugerð (ESB) nr. 346/2013 ættu, eftir því sem við á, að falla undir endurskoðun innan stjórnsýslu eða dómstóla í samræmi við landslög.

11) Upplýsingarnar sem veittar eru í umsókninni um skráningu og gerðar eru aðgengilegar Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) („ESMA“), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), ætti að nota þegar jafningjarýni er skipulögð og framkvæmd í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, einungis innan ramma tilskipunar 2011/61/ESB, og reglugerðir (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013 og (ESB) nr. 1095/2010 að meðtöldum reglunum um söfnun upplýsinga. Þetta ætti á engan hátt að hafa forgang fram yfir væntanlegar lagalegar endurskoðanir á reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipun 2011/61/ESB.

12) Þóknanir og önnur gjöld sem gistiaðildarríki leggja á rekstraraðila viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og rekstraraðila viðurkenndra félagslegra framtakssjóða stuðla að misræmi í reglum og geta stundum verið umtalsverð hindrun fyrir starfsemi sem nær yfir landamæri. Slíkar þóknanir og gjöld torvelda frjálst fjármagnsstreymi yfir landamæri Sambandsins og grafa þar með undan meginreglum innri markaðarins. Þess vegna er nauðsynlegt að leggja áherslu á og skýra nánar að bannið við að gistiaðildarríkið geri kröfur eða beiti stjórnsýslumeðferð í tengslum við markaðssetningu á viðurkenndum áhættufjármagnssjóðum og viðurkenndum félagslegum framtakssjóðum innan yfirráðasvæðis síns, nær einnig yfir bann við álagningu þóknana og annarra gjalda á rekstraraðilana fyrir markaðssetningu á slíkum sjóðum ef engin þörf er á að framkvæma eftirlitsverkefni.

13) Í reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013 er krafa um að rekstraraðilar viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og viðurkenndra félagslegra framtakssjóða, sem ekki hafa starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB, hafi ætíð yfir að ráða nægjanlegum eiginfjárgrunni. Til að þróa viðeigandi og hóflega kröfu vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraraðila viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og rekstraraðila viðurkenndra félagslegra framtakssjóða ætti lágmarksfjárhæð eiginfjárgrunns að byggjast á stighækkandi viðmiðunum og ætti að vera umtalsvert lægri og einfaldari en fjárhæðirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2011/61/ESB til að taka tillit til sérstakra eiginleika, eðlis og smæðar þessara sjóða og virða meðalhófsregluna. Til að tryggja samræmdan skilning á þessum kröfum fyrir þessa rekstraraðila innan Sambandsins ætti að mæla fyrir um beitingu á lágmarks eiginfjárkröfum og eiginfjárgrunni í þessari reglugerð. Vegna þess sérstaka hlutverks sem viðurkenndir áhættufjármagnssjóðir og viðurkenndir félagslegir framtakssjóðir geta gegnt í tengslum við samband fjármagnsmarkaða, einkum við að efla fjármögnun áhættufjármagns og félagslegs framtaks, er nauðsynlegt að kveða á um tilteknar og markvissar eiginfjárgrunnsreglur fyrir skráða rekstraraðila, sem eru frábrugðnar eiginfjárgrunnsrammanum fyrir rekstraraðila með starfsleyfi sem mælt er fyrir um í tilskipun 2011/61/ESB.

14) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að geta samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina. Í þessum stöðlum ætti að tilgreina upplýsingarnar sem veita á lögbærum yfirvöldum í umsóknum um skráningu rekstraraðila eða sjóða samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013 og þá hluta þeirra upplýsinga sem lögbæru yfirvöldin ættu að gera tiltæka Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í þeim tilgangi að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að skipuleggja og framkvæma jafningjarýni samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

15) Þar sem þessi reglugerð gerir rekstraraðilum sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem eru með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, kleift að nota heitin „EuVECA“ og „EuSEF“ ætti miðlæga gagnasafnið, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin viðheldur í samræmi við reglugerðir (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013, einnig að innihalda upplýsingar um viðurkenndu áhættufjármagnssjóðina og viðurkenndu félagslegu framtakssjóðina sem þessir rekstraraðilar reka og markaðssetja.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

16) Til að forðast alla mögulega röskun á markaði er nauðsynlegt að veita starfandi rekstraraðilum núverandi viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og núverandi viðurkenndra félagslegra framtakssjóða, á gildistíma þessara sjóða, undanþágu frá reglum um eiginfjárgrunn samkvæmt þessari reglugerð. Slíkir rekstraraðilar ættu samt sem áður að tryggja að þeir geti á hverjum tíma rökstutt að eiginfjárgrunnur þeirra nægi til að viðhalda rekstrarlegri samfellu.

17) Í tengslum við næstu endurskoðun reglugerða (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013 ætti framkvæmdastjórnin að rannsaka hvort hagkvæmt sé að veita almennum fjárfestum viðbótarvalkost með því að nota fylgisjóð samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013 fyrir þá viðurkenndu áhættufjármagnssjóði og viðurkenndu félagslegu framtakssjóði sem vilja stækka fjárfestagrunn sinn. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að rannsaka hvort hagkvæmt geti verið að lækka hið tiltölulega háa lágmarksviðmið fjárfestinga, sérstaklega þar sem líta má á það sem mögulega hindrun fyrir frekari fjárfestingum í slíkum sjóðum. Hún ætti einnig að rannsaka hvort við hæfi sé að rýmka notkun á heitinu „EuSEF“ fyrir tiltekna hópfjármögnunar- og örfjármögnunaraðila sem hafa mikil félagsleg áhrif. Þótt áhættufjármagnssjóðir verði ætíð mjög áhættusöm fjárfesting ætti að hafa í huga að álíka áhættusamar fjárfestingar sem ekki heyra undir eftirlit standa í auknum mæli neytendum til boða. Slíkt form fjárfestingar, eins og hópfjármögnun, er sem stendur óeftirlitsskyld á vettvangi Sambandsins, en aftur á móti hafa reglur verið settar um notkunina á heitunum „EuVECA“ og „EuSEF“ og lýtur hún eftirliti.

18) Í vinnu sinni við samband fjármagnsmarkaða tilgreindi framkvæmdastjórnin að skilgreiningin á markaðssetningu og misræmi í túlkun lögbærra landsyfirvalda á þeirri skilgreiningu væri umtalsverð hindrun fyrir fjárfestingar yfir landamæri. Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða hve hentug sú skilgreining er.

19) Auk þess ætti framkvæmdastjórnin að greina hve viðeigandi sé að innleiða Evrópupassa fyrir rekstraraðila viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og viðurkenndra félagslegra framtakssjóða og hversu hentug skilgreiningin á markaðssetningu er fyrir áhættufjármagn. Í framhaldi af þeirri greiningu ætti framkvæmdastjórnin að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.

20) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að styrkja frekar innri markað fyrir viðurkennda áhættufjármagnssjóði og viðurkennda félagslega framtakssjóði með því að efla notkunina á heitunum „EuVECA“ og „EuSEF“, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þeim markmiðum.

21) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á beitingu reglna um ríkisaðstoð til viðurkenndra áhættufjármagnssjóða. Slíkir sjóðir geta þjónað sem farvegur fyrir ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum t.d. í gegnum hagstæðari meðferð á einkafjárfestum heldur en opinberum fjárfestum, að því tilskildu að slík aðstoð sé samrýmanleg reglum um ríkisaðstoð og einkum reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 ([1]).

22) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 345/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ákvæði 3. til 6. gr., 12. gr., 13. gr. (c- og i-liðar 1. mgr.), 14. gr. a til 19. gr., 20. gr. (annarrar undirgreinar 3. mgr.) og 21. og 21. gr. a þessarar reglugerðar skulu gilda um rekstraraðila sjóða um sameiginlega fjárfestingu með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB sem stýra eignasöfnum viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og hafa í hyggju að nota heitið „EuVECA“ í tengslum við markaðssetningu þessara sjóða í Sambandinu.“

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtíð. ESB, L 187, 26.6.2014, bls. 1).

2) Fyrstu málsgrein 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„i. við fyrstu fjárfestingu viðurkennds áhættufjármagnssjóðs í því félagi uppfyllir eitt af eftirfarandi skilyrðum:

— félagið hefur ekki verið tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga, eins og skilgreint er í 21. og 22. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/EB (*), og er með allt að 499 starfsmenn,

— félagið er lítið eða meðalstórt fyrirtæki, eins og skilgreint er í 13. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, sem er skráð á vaxtarmarkað lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eins og skilgreint er í 12. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).“

b) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem rekstraraðili viðurkennds áhættufjármagnssjóðs er með skráða skrifstofu,“

c) Í stað m-liðar kemur eftirfarandi:

„m) „lögbært yfirvald“:

i. fyrir rekstraraðila sem um getur 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, lögbæra yfirvaldið sem um getur í a-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,

ii. fyrir rekstraraðila sem um getur 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,

iii. fyrir viðurkennda áhættufjármagnssjóði, lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem viðurkenndi áhættufjármagnssjóðurinn er með staðfestu,“.

d) Eftirfarandi liður bætist við:

„n) „lögbært yfirvald gistiaðildarríkis“: yfirvald í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu þar sem viðurkenndi áhættufjármagnssjóðurinn er markaðssettur.“

3) Í stað f-liðar 7. gr. kemur eftirfarandi:

„f) meðhöndla fjárfesta sína af sanngirni. Þetta skal þó ekki útiloka hagstæðari meðferð á einkafjárfestum en opinberum fjárfestum, að því tilskildu að slík meðferð sé samrýmanleg reglum um ríkisaðstoð, einkum 21. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 (*), og birt í reglum sjóðsins eða stofnsamningum,

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtíð. ESB, L 187, 26.6.2014, bls. 1).“

4) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Bæði viðurkenndir áhættufjármagnssjóðir sem lúta innri stjórn og ytri rekstraraðilar viðurkenndra áhættufjármagnssjóða skulu hafa yfir að ráða stofnfé að upphæð 50 000 evrur.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„3. Eiginfjárgrunnur skal ætíð vera a.m.k. einn áttundi af föstum kostnaði sem rekstraraðilinn stofnaði til árið á undan. Lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu er heimilt að aðlaga þessa kröfu ef veigamiklar breytingar hafa orðið á rekstri rekstraraðilans frá fyrra ári. Ef rekstraraðili viðurkennds áhættufjármagnssjóðs hefur ekki starfað í heilt rekstrarár skal krafan samsvara einum áttunda af væntum föstum kostnaði í viðskiptaáætlun hans, nema lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu krefjist leiðréttingar á þeirri áætlun.

4. Ef virði viðurkenndra áhættufjármagnssjóða sem rekstraraðilinn stýrir fer yfir 250 000 000 evrur skal rekstraraðilinn útvega viðbótarfjárhæð við eiginfjárgrunn. Sú viðbótarfjárhæð skal nema 0,02% þeirrar fjárhæðar af heildarvirði viðurkenndu áhættufjármagnssjóðanna sem er umfram 250 000 000 evrur.

5. Lögbært yfirvald í heimaðildarríki getur heimilað rekstraraðila viðurkenndra áhættufjármagnssjóða að leggja ekki fram allt að 50% viðbótarfjárhæðarinnar við eiginfjárgrunn, sem um getur í 4. mgr., ef sá rekstraraðili hefur fengið tryggingu fyrir samsvarandi fjárhæð frá lánastofnun eða vátryggingarfélagi sem hefur skráða skrifstofu í aðildarríki eða í þriðja landi þar sem það lýtur varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu telja jafngildar þeim sem kveðið er á um í lögum Sambandsins.

6. Eiginfjárgrunnur skal fjárfestur í lausafé eða eignum sem auðvelt er að breyta í reiðufé til skamms tíma og skal ekki ná yfir spákaupmennskustöður.“

5) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 12. gr.:

„4. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal tímanlega gera allar upplýsingar sem safnað er samkvæmt þessari grein tiltækar lögbæru yfirvaldi sérhvers hlutaðeigandi viðurkennds áhættufjármagnssjóðs, lögbæru yfirvaldi sérhvers hlutaðeigandi gistiaðildarríkis og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni samkvæmt verklaginu sem um getur í 22. gr.“

6) Í stað b-liðar 1. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„b) upphæð eiginfjárgrunns sem viðkomandi rekstraraðili hefur til umráða til að viðhalda fullnægjandi mannauði og tækniúrræðum sem góður rekstur viðurkenndra áhættufjármagnssjóða hans útheimtir,“.

7) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. fellur e-liður brott.

b) Í 2. mgr. fellur d-liður brott.

c) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„4. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal upplýsa rekstraraðilann sem um getur í 1. mgr. eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að hann hefur veitt allar upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein um hvort hann hafi verið skráður sem rekstraraðili viðurkennds áhættufjármagnssjóðs.

5. Skráning í samræmi við þessa grein skal fela í sér skráningu skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2011/61/ESB að því er varðar rekstur viðurkenndra áhættufjármagnssjóða.

6. Rekstraraðili viðurkennds áhættufjármagnssjóðs sem um getur í þessari grein skal tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins um allar veigamiklar breytingar á skilyrðunum fyrir upphaflegri skráningu hans, í samræmi við þessa grein, áður en slíkum breytingum er hrint í framkvæmd.

Ef lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu ákveður að beita takmörkunum eða hafna breytingunum sem um getur í fyrstu undirgrein, skal það upplýsa rekstraraðila viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningar um þessar breytingar. Lögbæra yfirvaldið getur framlengt það tímabil um allt að einn mánuð ef það telur slíkt nauðsynlegt vegna sérstakra aðstæðna í málinu, eftir að hafa tilkynnt rekstraraðila viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins um það. Koma má breytingunum í framkvæmd ef viðkomandi lögbært yfirvald andmælir þeim ekki innan viðeigandi matstímabils.

7. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar upplýsingarnar sem veita skal lögbæru yfirvöldunum í umsókninni um skráningu eins og sett er fram í 1. mgr. og til að tilgreina nánar skilyrðin eins og sett eru fram í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

8. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklag fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar til lögbæru yfirvaldanna í umsókninni um skráningu sem sett er fram í 1. mgr. og skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal skipuleggja og framkvæma jafningjarýni í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að auka samræmi í skráningarferlinu sem lögbær yfirvöld annast samkvæmt þessari reglugerð.“

8) Eftirfarandi greinar bætast við:

„14. gr. a

1. Rekstraraðilar sjóða um sameiginlega fjárfestingu með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB skulu sækja um skráningu á viðurkenndum áhættufjármagnssjóðum sem þeir hafa í hyggju að nota heitið „EuVECA“ fyrir.

2. Umsókn um skráningu sem um getur í 1. mgr. skal beina til lögbærs yfirvalds viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins og skal innihalda eftirfarandi:

a) reglur eða stofnsamninga viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins,

b) deili á vörsluaðila,

c) upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 14. gr.,

d) skrá yfir aðildarríki þar sem rekstraraðilarnir, sem um getur í 1. mgr., hafa komið á fót, eða hyggjast koma á fót, viðurkenndum áhættufjármagnssjóðum.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skulu upplýsingarnar um ráðstafanirnar sem gerðar eru til að hlíta kröfunum í II. kafla vísa til ráðstafananna sem gerðar eru til að hlíta ákvæðum 5. og 6. gr. og 13. gr. (c- og i-lið 1. mgr.).

3. Ef lögbært yfirvald viðurkennds áhættufjármagnssjóðs og lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu eru ekki eitt og hið sama skal lögbært yfirvald viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins spyrja lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu hvort viðurkenndi áhættufjármagnssjóðurinn falli innan gildissviðs starfsleyfis rekstraraðilans til að stýra sérhæfðum sjóðum og hvort skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 14. gr. séu uppfyllt.

Lögbært yfirvald viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins getur einnig beðið lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu um útskýringu og upplýsingar að því er varðar gögnin sem um getur í 2. mgr.

Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal veita svar innan eins mánaðar frá viðtökudegi beiðninnar sem lögbært yfirvald viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins leggur fram.

4. Ekki skal þess krafist að rekstraraðilar sem um getur í 1. mgr. veiti upplýsingar eða gögn sem þeir hafa þegar veitt samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB.

5. Eftir að hafa metið gögnin sem þau fengu í samræmi við 2. mgr. og eftir að hafa fengið hvers kyns útskýringar og upplýsingar sem um getur í 3. mgr. skal lögbært yfirvald viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins skrá sjóð sem viðurkenndan áhættufjármagnssjóð ef rekstraraðili þess sjóðs uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 14. gr.

6. Lögbært yfirvald viðurkennds áhættufjármagnssjóðs skal upplýsa rekstraraðilann sem um getur í 1. mgr., eigi síðar en tveim mánuðum eftir að viðkomandi rekstraraðili hefur útvegað öll gögnin sem um getur í 2. mgr., um hvort sá sjóður hafi verið skráður sem viðurkenndur áhættufjármagnssjóður.

7. Skráning samkvæmt þessari grein skal gilda á öllu yfirráðasvæði Sambandsins og heimila markaðssetningu þessara sjóða um gervallt Sambandið undir heitinu „EuVECA“.

8. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem veita skal lögbæru yfirvöldunum í samræmi við 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

9. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklag fyrir upplýsingamiðlun til lögbærra yfirvalda í samræmi við 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal skipuleggja og framkvæma jafningjarýni í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að auka samræmi í skráningarferlinu sem lögbær yfirvöld annast samkvæmt þessari reglugerð.

14. gr. b

Aðildarríki skulu tryggja að sérhver synjun á skráningu rekstraraðila sem um getur í 14. gr. eða sjóðs sem um getur í 14. gr. a sé rökstudd, tilkynnt rekstraraðilunum sem um getur í þessum greinum og falli undir rétt til málskots til landsbundins dómsvalds, stjórnsýsluyfirvalds eða annars yfirvalds. Sá málskotsréttur skal einnig gilda að því er varðar skráningu ef engin ákvörðun hefur verið tekin um skráningu innan tveggja mánaða frá því að rekstraraðilinn veitti allar tilskildar upplýsingar. Aðildarríki geta krafist þess að rekstraraðili nýti fyrst sérhver stjórnsýsluleg úrræði sem gert er ráð fyrir samkvæmt landslögum, áður en sá málskotsréttur er nýttur.“

9) Í stað 1. og 2. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal tilkynna lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tafarlaust um sérhverja skráningu eða afskráningu rekstraraðila viðurkennds áhættufjármagnssjóðs, um sérhverja viðbót við skráningu eða afskráningu viðurkennds áhættufjármagnssjóðs og um sérhvert aðildarríki sem bætt er við eða tekið er af skrá aðildarríkja þar sem rekstraraðili viðurkennds áhættufjármagnssjóðs hefur í hyggju að markaðssetja þessa sjóði.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal lögbært yfirvald viðurkennds áhættufjármagnssjóðs, sem skráður hefur verið í samræmi við 14. gr. a, tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu í heimaaðildarríkinu, lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkjanna og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um sérhverja viðbót við skráningu eða sérhverja afskráningu viðurkennds áhættufjármagnssjóðs eða um sérhvert aðildarríki sem bætt er við eða tekið er af skrá aðildarríkja þar sem rekstraraðili þess viðurkennda áhættufjármagnssjóðs hefur í hyggju að markaðssetja þann sjóð.

2. Lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkjunum skulu hvorki gera kröfur til né beita stjórnsýslumeðferðum gagnvart rekstraraðilum viðurkenndra áhættufjármagnssjóða í tengslum við markaðssetningu á viðurkenndum áhættufjármagnssjóðum þeirra, né krefjast nokkurs samþykkis á þeirri markaðssetningu áður en hún hefst. Slíkar kröfur eða stjórnsýslumeðferð ná yfir þóknanir og önnur gjöld.“

10) Eftirfarandi grein bætist við:

„16. gr. a

1. Að því er varðar skipulagningu og framkvæmd jafningjarýni, í samræmi við 9. mgr. 14. gr. og 10. mgr. 14. gr. a, skal lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu eða lögbært yfirvald viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins, ef það er annað, tryggja að endanlegu upplýsingarnar sem voru grundvöllur skráningarinnar, eins og sett er fram í 1. og 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 14. gr. a, séu tímanlega gerðar tiltækar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eftir skráninguna. Slíkar upplýsingar skulu gerðar tiltækar samkvæmt verklaginu sem um getur í 22. gr.

2. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem gera á tiltækar Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnuninni í samræmi við 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklag fyrir miðlun þeirra upplýsinga sem gera á tiltækar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

11) Í stað 17. gr. kemur eftirfarandi:

„17. gr.

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal viðhalda miðlægu gagnasafni sem aðgengilegt er almenningi á Netinu þar sem skráðir eru allir rekstraraðilar viðurkenndra áhættufjármagnssjóða sem nota heitið „EuVECA“ og viðurkenndu áhættufjármagnssjóðirnir sem þeir nota heitið fyrir, sem og löndin þar sem þessir sjóðir eru markaðssettir.

2. Á vefsetri sínu skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefa upp veftengla á upplýsingar sem skipta máli varðandi þriðju lönd sem uppfylla gildandi skilyrði skv. iv. lið d-liðar 1. mgr. 3. gr.“

12) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 18. gr.:

„1a. Að því er varðar rekstraraðila sem um getur í 2. mgr. 2. gr. skal lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu vera ábyrgt fyrir eftirliti með að rekstraraðilinn fylgi fyrirkomulaginu og að það og skipulag rekstraraðilans sé fullnægjandi, svo að sá rekstraraðili sé í aðstöðu til að hlíta skuldbindingunum og reglunum sem varða stofnun og hlutverk allra viðurkenndra áhættufjármagnssjóða sem hann stýrir.

1b. Að því er varðar viðurkenndan áhættufjármagnssjóð sem stýrt er af rekstraraðila sem um getur í 2. mgr. 2. gr. skal lögbært yfirvald viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins vera ábyrgt fyrir eftirliti með að viðurkenndi áhættufjármagns-sjóðurinn fari að reglunum sem mælt er fyrir um í 5. og 6. gr. og í 13. gr. (c- og i-lið 1. mgr.). Lögbært yfirvald viðurkennda áhættufjármagnssjóðsins skal einnig vera ábyrgt fyrir eftirliti með að sá sjóður standi við skuldbindingarnar sem settar eru fram í reglum sjóðsins eða stofnsamningum.“

13) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 19. gr.:

„Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal skipuleggja og framkvæma jafningjarýni í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að auka samræmi í ferlinu með tilliti til valdheimilda til eftirlits og rannsóknar sem lögbær yfirvöld beita samkvæmt þessari reglugerð.“

14) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað „16. maí 2015“ í 2. mgr. kemur „2. mars 2020“.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Rekstraraðilar sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skulu ávallt hlíta þessari reglugerð og skulu einnig vera ábyrgir fyrir brotum á þessari reglugerð, þ.m.t. hvers konar tapi eða tjóni sem stafar af þeim.

Rekstraraðilar sem um getur í 2. mgr. 2. gr. skulu ávallt hlíta tilskipun 2011/61/ESB. Þeir skulu bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að þessari reglugerð og skulu sæta ábyrgð í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB. Þessir rekstraraðilar skulu einnig sæta ábyrgð á öllu tapi eða tjóni sem stafar af broti á þessari reglugerð.“

15) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangshlutans kemur eftirfarandi:

„1. Að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar skal lögbæra yfirvaldið gera viðeigandi ráðstafanir sem um getur í 2. mgr., eftir því sem við á, ef rekstraraðili viðurkennds áhættufjármagnssjóðs:“

ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) notar heitið „EuVECA“ en er ekki skráður í samræmi við 14. gr., eða viðurkenndi áhættufjármagnssjóðurinn er ekki skráður í samræmi við 14. gr. a,“.

iii. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) hefur fengið skráningu með því að gefa rangar yfirlýsingar, eða á annan óeðlilegan hátt, og brotið þar með gegn 14. gr. eða 14. gr. a,“.

b) Í stað 2., 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. skal lögbært yfirvald, eins og við á:

a) gera ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðili viðkomandi viðurkennds áhættufjármagnssjóðs fari að 5. og 6. gr., 7. gr. (a- og b-lið) og 12. til 14. gr. a, eftir því sem við á,

b) banna rekstraraðila hlutaðeigandi viðurkennds áhættufjármagnssjóðs að nota heitið „EuVECA“ og taka þann rekstraraðila eða hlutaðeigandi viðurkennda áhættufjármagnssjóð af skránni.

3. Lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal upplýsa sérhvert annað viðkomandi lögbært yfirvald, lögbær yfirvöld í hverju gistiaðildarríki, í samræmi við d-lið 1. mgr. 14. gr., og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, án tafar um afskráningu rekstraraðila viðurkennds áhættufjármagnssjóðs eða viðurkennds áhættufjármagnssjóðs.

4. Rétturinn til að markaðssetja einn eða fleiri viðurkennda áhættufjármagnssjóði undir heitinu „EuVECA“ í Sambandinu fellur úr gildi frá og með þeim degi sem ákvörðun lögbæra yfirvaldsins, sem um getur í b-lið 2. mgr., er tekin.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu eða gistiaðildarríkinu, eftir því sem við á, skal upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina án tafar hafi það skýrar og sannanlegar ástæður til að ætla að rekstraraðili viðurkennds áhættufjármagnssjóðs hafi gerst sekur um einhver af brotunum sem um getur í a- til i-liðum 1. mgr. 21. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur, að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar, gefið út tilmæli í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 stílaða á hlutaðeigandi lögbær yfirvöld um að gera einhverjar af ráðstöfununum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eða láta ógert að gera slíkar ráðstafanir.“

16) Eftirfarandi grein bætist við:

„21. gr. a

Einnig skal beita valdheimildum sem lögbærum yfirvöldum eru faldar í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB, þ.m.t. þeim sem tengjast sektum, að því er varðar rekstraraðilana sem um getur í 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.“

17) Ákvæðum 26. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað „22. júlí 2017“ í a-lið 2. mgr. kemur „2. mars 2022“.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Samhliða endurskoðuninni í samræmi við 69. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, einkum að því er varðar rekstraraðila sem skráðir eru skv. b-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, skal framkvæmdastjórnin greina:

a) rekstur viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og hversu viðeigandi sé að innleiða breytingar á lagarammanum, þ.m.t. möguleikann á Evrópupassa rekstraraðila, og

b) hversu hentug skilgreiningin á markaðssetningu er fyrir viðurkennda áhættufjármagnssjóði og áhrifin sem sú skilgreining og mismunandi landsbundnar túlkanir á henni hafa á rekstur og lífvænleika viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og á dreifingu slíkra sjóða yfir landamæri.

Í framhaldi af þeirri endurskoðun skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.“

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 346/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. í 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ákvæði 3. til 6. gr., 10. og 13. gr., 14. gr. (d-, e- og f-liðar 1. mgr.), 15. gr. a til 20. gr., 21. gr. (annarrar undirgreinar 3. mgr.) og 22. og 22. gr. a þessarar reglugerðar skulu gilda um rekstraraðila sjóða um sameiginlega fjárfestingu með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB sem stýra eignasöfnum viðurkenndra félagslegra framtakssjóða og hafa í hyggju að nota heitið „EuSEF“ í tengslum við markaðssetningu þessara sjóða í Sambandinu.“

2) Ákvæðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað ii. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„ii. hefur að meginmarkmiði að hafa mælanleg, jákvæð félagsleg áhrif í samræmi við samþykktir sínar, stofnsamþykktir eða aðrar reglur eða stofnsamninga fyrirtækisins, þar sem fyrirtækið:

— lætur í té þjónustu eða vörur sem skapa samfélagslegan ávinning,

— beitir aðferðum við framleiðslu á vörum eða þjónustu sem fela í sér félagsleg markmið þess eða

— veitir eingöngu fjárstuðning til félagslegra fyrirtækja eins og þau eru skilgreind í fyrstu tveimur undirliðunum,“.

b) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs er með skráða skrifstofu,“.

c) Í stað m-liðar kemur eftirfarandi:

„m) „lögbært yfirvald“:

i) fyrir rekstraraðila sem um getur 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, lögbæra yfirvaldið sem um getur í a-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,

ii. fyrir rekstraraðila sem um getur 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,

iii. fyrir viðurkennda félagslega framtakssjóði, lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem viðurkenndi félagslegi framtakssjóðurinn er með staðfestu,“.

d) Eftirfarandi liður bætist við:

„n) „lögbært yfirvald gistiaðildarríkis“: yfirvald í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu þar sem viðurkenndi félagslegi framtakssjóðurinn er markaðsettur.“

3) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Bæði viðurkenndir félagslegir framtakssjóðir sem lúta innri stjórn og ytri rekstraraðila viðurkenndra félagslegra framtakssjóða skulu hafa yfir að ráða stofnfé að upphæð 50 000 evrur.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„3. Eiginfjárgrunnur skal ætíð vera a.m.k. einn áttundi af föstum kostnaði sem rekstraraðilinn stofnaði til árið á undan. Lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu er heimilt að aðlaga þessa kröfu ef veigamiklar breytingar hafa orðið á rekstri rekstraraðilans frá fyrra ári. Ef rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs hefur ekki starfað heilt rekstrarár skal krafan samsvara einum áttunda af væntum föstum kostnaði í viðskiptaáætlun hans, nema lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu krefjist leiðréttingar á þeirri áætlun.

4. Ef virði viðurkenndra félagslegra framtakssjóða sem rekstraraðilinn stýrir fer yfir 250 000 000 evrur skal rekstraraðilinn útvega viðbótarfjárhæð við eiginfjárgrunn. Sú viðbótarfjárhæð skal nema 0,02% þeirrar fjárhæðar af heildarvirði viðurkenndu félagslegu framtakssjóðanna sem er umfram 250 000 000 evrur.

5. Lögbært yfirvald í heimaðildarríki getur heimilað rekstraraðila viðurkenndra félagslegra framtakssjóða að leggja ekki fram allt að 50% viðbótarfjárhæðarinnar við eiginfjárgrunn, sem um getur í 4. mgr., ef sá rekstraraðili hefur fengið tryggingu fyrir samsvarandi fjárhæð frá lánastofnun eða vátryggingarfélagi sem hefur skráða skrifstofu í aðildarríki eða í þriðja landi þar sem það lýtur varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja jafngildar þeim sem kveðið er á um í lögum Sambandsins.

6. Eiginfjárgrunnur skal fjárfestur í lausafé eða eignum sem auðvelt er að breyta í reiðufé til skamms tíma og skal ekki ná yfir spákaupmennskustöður.“

4) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) upplýsingar um eðli, virði og tilgang annarra fjárfestinga en hæfra fjárfestinga sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,“.

ii. Eftirfarandi liður bætist við:

„f) lýsing á hvernig tekið er tillit til umhverfisáhættu og loftslagstengdrar áhættu í fjárfestingarstefnu viðurkenndu félagslegu framtakssjóðanna.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal tímanlega gera allar upplýsingar sem safnað er samkvæmt þessari grein tiltækar lögbæru yfirvaldi sérhvers hlutaðeigandi viðurkennds félagslegs framtakssjóðs, lögbæru yfirvaldi sérhvers hlutaðeigandi gistiaðildarríkis og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni samkvæmt verklaginu sem um getur í 23. gr.“

5) Í stað b-liðar 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„b) þá upphæð eiginfjárgrunns sem viðkomandi rekstraraðili hefur til umráða til að viðhalda fullnægjandi mannauði og tækniúrræðum sem góður rekstur viðurkenndu félagslegu framtakssjóða hans útheimtir,“.

6) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. fellur e-liður brott.

b) Í 2. mgr. fellur d-liður brott.

c) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„4. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal upplýsa rekstraraðilann sem um getur í 1. mgr., eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að hann hefur veitt allar upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein, um hvort hann hafi verið skráður sem rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs.

5. Skráning í samræmi við þessa grein skal fela í sér skráningu skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2011/61/ESB að því er varðar stjórnun viðurkenndra félagslegra framtakssjóða.

6. Rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs sem um getur í þessari grein skal tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins um sérhverjar veigamiklar breytingar á skilyrðunum fyrir upphaflegri skráningu sinni, í samræmi við þessar grein, áður en slíkum breytingum er hrint í framkvæmd.

Ef lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu ákveður að beita takmörkunum eða hafna breytingunum sem um getur í fyrstu undirgrein, skal það upplýsa rekstraraðila viðurkennda félagslega framtakssjóðsins innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningar um þessar breytingar. Lögbæra yfirvaldið getur framlengt það tímabil um allt að einn mánuð ef það telur slíkt nauðsynlegt vegna sérstakra aðstæðna í málinu, eftir að hafa tilkynnt rekstraraðila viðurkennda félagslega framtakssjóðsins um það. Koma má breytingunum í framkvæmd ef viðkomandi lögbært yfirvald andmælir þeim ekki innan viðeigandi matstímabils.

7. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar upplýsingarnar sem veita skal lögbæru yfirvöldunum í umsókninni um skráningu eins og sett er fram í 1. mgr. og til að tilgreina nánar skilyrðin eins og sett eru fram í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

8. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklag fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar til lögbæru yfirvaldanna í umsókninni um skráningu sem sett er fram í 1. mgr. og skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal skipuleggja og framkvæma jafningjarýni í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að auka samræmi í skráningarferlinu sem lögbær yfirvöld annast samkvæmt þessari reglugerð.“

7) Eftirfarandi greinar bætast við:

„15. gr. a

1. Rekstraraðilar sjóða um sameiginlega fjárfestingu með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB skulu sækja um skráningu á viðurkenndum félagslegum framtakssjóðum sem þeir hafa í hyggju að nota heitið „EuSEF“ fyrir.

2. Umsókn um skráningu sem um getur í 1. mgr. skal beina til lögbærs yfirvalds viðurkennda félagslega framtakssjóðsins og skal innihalda eftirfarandi:

a) reglur eða stofnsamninga viðurkennda félagslega framtakssjóðsins,

b) deili á vörsluaðila,

c) upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 15. gr.,

d) skrá yfir aðildarríki þar sem rekstraraðilarnir sem um getur í 1. mgr. hafa komið á fót, eða hyggjast koma á fót, viðurkenndum félagslegum framtakssjóðum.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skulu upplýsingarnar um ráðstafanirnar sem gerðar eru til að hlíta kröfunum í II. kafla vísa til ráðstafananna sem gerðar eru til að hlíta ákvæðum 5., 6. og 10. gr., 13. gr. (2. mgr.) og 14. gr. (d-, e- og f-liða 1. mgr.).

3. Ef lögbært yfirvald viðurkennds félagslegs framtakssjóðs og lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu er ekki eitt og hið sama skal lögbært yfirvald viðurkennda félagslega framtakssjóðsins spyrja lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu hvort viðurkenndi félagslegi framtakssjóðurinn falli innan gildissviðs starfsleyfis rekstraraðila til að stýra sérhæfðum sjóðum og hvort skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 15. gr. séu uppfyllt.

Lögbært yfirvald viðurkennda félagslega framtakssjóðsins getur einnig beðið lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu um útskýringu og upplýsingar að því er varðar skjölin sem um getur í 2. mgr.

Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal veita svar innan eins mánaðar frá viðtökudegi beiðninnar sem lögbært yfirvald viðurkennda félagslega framtakssjóðsins leggur fram.

4. Ekki skal þess krafist að rekstraraðilar sem um getur í 1. mgr. veiti upplýsingar eða gögn sem þeir hafa þegar veitt samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB.

5. Eftir að hafa metið gögnin sem þau fengu í samræmi við 2. mgr. og eftir að hafa fengið hvers kyns útskýringar og upplýsingar sem um getur í 3. mgr. skal lögbært yfirvald viðurkennda félagslega framtakssjóðsins skrá sjóðinn sem viðurkenndan félagslegan framtakssjóð ef rekstraraðili þess sjóðs uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr.

6. Lögbært yfirvald viðurkennds félagslegs framtakssjóðs skal upplýsa rekstraraðilann sem um getur í 1. mgr., eigi síðar en tveim mánuðum eftir að sá rekstraraðili hefur útvegað öll skjölin sem um getur í 2. mgr., um hvort sá sjóður hafi verið skráður sem viðurkenndur félagslegur framtakssjóður.

7. Skráning samkvæmt þessari grein skal gilda á öllu yfirráðasvæði Sambandsins og heimila markaðssetningu þessara sjóða um gervallt Sambandið undir heitinu „EuSEF“.

8. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem veita skal lögbæru yfirvöldunum í samræmi við 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

9. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklag fyrir upplýsingamiðlun til lögbærra yfirvalda í samræmi við 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal skipuleggja og framkvæma jafningjarýni í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að auka samræmi í skráningarferlinu sem lögbær yfirvöld annast samkvæmt þessari reglugerð.

15. gr. b

Aðildarríki skulu tryggja að sérhver synjun á skráningu rekstraraðila, sem um getur í 15. gr. eða sjóðs sem um getur í 15. gr. a, sé rökstudd, tilkynnt rekstraraðilunum sem um getur í þessum greinum og falli undir rétt til málskots til landsbundins dómsvalds, stjórnsýsluyfirvalds eða annars yfirvalds. Sá málskotsréttur skal einnig gilda að því er varðar skráningu ef engin ákvörðun hefur verið tekin um skráningu innan tveggja mánaða frá því að rekstraraðilinn veitti allar tilskildar upplýsingar. Aðildarríki geta krafist þess að rekstraraðili nýti fyrst sérhver stjórnsýsluleg úrræði sem gert er ráð fyrir samkvæmt landslögum, áður en sá málskotsréttur er nýttur.“

8) Í stað 1. og 2. mgr. 17. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal tilkynna lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tafarlaust um sérhverja skráningu eða afskráningu rekstraraðila viðurkennds félagslegs framtakssjóðs, um sérhverja viðbót við skráningu eða afskráningu viðurkennds félagslegs framtakssjóðs og um sérhvert aðildarríki sem bætt er við eða tekið er af skrá aðildarríkja þar sem rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs hefur í hyggju að markaðssetja þessa sjóði.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal lögbært yfirvald viðurkennds félagslegs framtakssjóðs, sem skráður hefur verið í samræmi við 15. gr. a, tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu í heimaaðildarríkinu, lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkjanna og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um sérhverja viðbót við skráningu eða sérhverja afskráningu viðurkennds félagslegs framtakssjóðs eða um sérhvert aðildarríki sem bætt er við eða tekið er af skrá aðildarríkja þar sem rekstraraðili þess viðurkennda félagslega framtakssjóðs hefur í hyggju að markaðssetja þann sjóð.

2. Lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkjunum skulu hvorki gera kröfur til né beita stjórnsýslumeðferðum gagnvart rekstraraðilum viðurkenndra félagslegra framtakssjóða í tengslum við markaðssetningu á viðurkenndum félagslegum framtakssjóðum þeirra, né krefjast nokkurs samþykkis á þeirri markaðssetningu áður en hún hefst. Slíkar kröfur eða stjórnsýslumeðferðir ná yfir þóknanir og önnur gjöld.“

9) Eftirfarandi grein bætist við:

„17. gr. a

1. Að því er varðar skipulagningu og framkvæmd jafningjaryni, í samræmi við 9. mgr. 15. gr. og 10. mgr. 15. gr. a, skal lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu eða lögbært yfirvald viðurkennda félagslega framtakssjóðsins, ef það er annað, tryggja að endanlegu upplýsingarnar sem voru grundvöllur skráningarinnar, eins og sett er fram í 1. og 2. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 15. gr. a, séu tímanlega gerðar tiltækar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eftir skráninguna. Slíkar upplýsingar skulu gerðar tiltækar samkvæmt verklaginu sem um getur í 23. gr.

2. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem gera á tiltækar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklag fyrir miðlun þeirra upplýsinga sem gera á tiltækar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

10) Í stað 18. gr. kemur eftirfarandi:

„18. gr.

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal viðhalda miðlægu gagnasafni sem aðgengilegt er almenningi á Netinu þar sem skráðir eru allir rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða sem nota heitið „EuSEF“ og viðurkenndu félagslegu framtakssjóðirnir sem þeir nota heitið fyrir, sem og löndin þar sem þessir sjóðir eru markaðssettir.

2. Á vefsetri sínu skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefa upp veftengla á upplýsingar sem skipta máli varðandi þriðju lönd sem uppfylla gildandi skilyrði skv. v. lið d-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr.“

11) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 19. gr.:

„1a. Að því er varðar rekstraraðila sem um getur í 2. mgr. 2. gr. skal lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu vera ábyrgt fyrir eftirliti með að rekstraraðilinn fylgi fyrirkomulaginu og að það og skipulag rekstraraðilans sé fullnægjandi, svo að sá rekstraraðili sé í aðstöðu til að hlíta skuldbindingunum og reglunum sem varða stofnun og hlutverk allra viðurkenndra félagslegra framtakssjóða sem hann stýrir.

1b. Að því er varðar viðurkenndan félagslegan framtakssjóð sem stýrt er af rekstraraðila sem um getur í 2. mgr. 2. gr. skal lögbært yfirvald viðurkennda félagslega framtakssjóðsins vera ábyrgt fyrir eftirliti með að viðurkenndi félagslegi framtakssjóðurinn fari að reglunum sem mælt er fyrir um í 5. og 6. gr. og í 14. gr. (c- og i-lið 1. mgr.). Lögbært yfirvald viðurkennda félagslega framtakssjóðsins skal einnig vera ábyrgt fyrir eftirliti með að sá sjóður standi við skuldbindingarnar sem settar eru fram í reglum sjóðsins eða stofnsamningum.“

12) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 20. gr.:

„Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal skipuleggja og framkvæma jafningjarýni í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að auka samræmi í ferlinu með tilliti til valdheimilda til eftirlits og rannsóknar sem lögbær yfirvöld beita samkvæmt þessari reglugerð.“

13) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað „16. maí 2015“ í 2. mgr. kemur „2. mars 2020“.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Rekstraraðilar sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skulu ávallt hlíta þessari reglugerð og skulu einnig vera ábyrgir fyrir brotum á þessari reglugerð, þ.m.t. hvers konar tapi eða tjóni sem stafar af þeim.

Rekstraraðilar sem um getur í 2. mgr. 2. gr. skulu ávallt hlíta tilskipun 2011/61/ESB. Þeir skulu bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að þessari reglugerð og skulu sæta ábyrgð í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB. Þessir rekstraraðilar skulu einnig sæta ábyrgð á öllu tapi eða tjóni sem stafar af broti á þessari reglugerð.“

14) Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. í stað inngangshlutans kemur eftirfarandi:

„1. Að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar skal lögbæra yfirvaldið gera viðeigandi ráðstafanir sem um getur í 2. mgr., eftir því sem við á, ef rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs:“

ii. í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) notar heitið „EuSEF“ en er ekki skráður í samræmi við 15. gr. eða viðurkenndi félagslegi framtakssjóðurinn er ekki skráður í samræmi við 15. gr. a,“

iii. í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) hefur fengið skráningu með því að gefa rangar yfirlýsingar, eða á annan óeðlilegan hátt, og brotið þar með gegn 15. gr. eða 15. gr. a,“,

b) Í stað 2., 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. skal lögbæra yfirvaldið, eins og við á:

a) gera ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðili viðkomandi viðurkennds félagslegs framtakssjóðs fari að 5. og 6. gr., 7. gr. (a- og b-lið) og 13. til 15. gr. a, eftir því sem við á,

b) banna rekstraraðila hlutaðeigandi viðurkennds félagslegs framtakssjóðs að nota heitið „EuSEF“ og taka þann rekstraraðila eða hlutaðeigandi viðurkennda félagslega framtakssjóð af skránni.

3. Lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal upplýsa sérhvert annað viðkomandi lögbært yfirvald, lögbær yfirvöld í hverju gistiaðildarríki, í samræmi við d-lið 1. mgr. 15. gr., og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, án tafar um afskráningu rekstraraðila viðurkennds félagslegs framtakssjóðs eða viðurkennds félagslegs framtakssjóðs.

4. Rétturinn til að markaðssetja einn eða fleiri viðurkennda félagslega framtakssjóði undir heitinu „EuSEF“ í Sambandinu fellur úr gildi frá og með þeim degi sem ákvörðun lögbæra yfirvaldsins, sem um getur í b-lið 2. mgr., er tekin.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu eða gistiaðildarríkinu, eftir því sem við á, skal upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina án tafar hafi það skýrar og sannanlegar ástæður til að ætla að rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs hafi gerst sekur um einhver af brotunum sem um getur í a- til i-liðum 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur, að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar, gefið út tilmæli í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 stílaða á hlutaðeigandi lögbær yfirvöld um að gera einhverjar af ráðstöfununum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eða láta ógert að gera slíkar ráðstafanir.“

15) Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. a

Einnig skal beita valdheimildum sem lögbærum yfirvöldum eru faldar í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB, þ.m.t. þeim sem tengjast sektum, að því er varðar rekstraraðilana sem um getur í 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.“

16) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað „22. júlí 2017“ í a-lið 2. mgr. kemur „2. mars 2022“,

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Samhliða endurskoðuninni í samræmi við 69. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, einkum að því er varðar rekstraraðila sem skráðir eru skv. b-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, skal framkvæmdastjórnin greina:

a) rekstur viðurkenndra félagslegra framtakssjóða og hversu viðeigandi sé að innleiða breytingar á lagarammanum, þ.m.t. möguleikann á Evrópupassa rekstraraðila, og

b) hversu hentug skilgreiningin á markaðssetningu er fyrir viðurkennda félagslega framtakssjóði og áhrifin sem sú skilgreining og mismunandi landsbundnar túlkanir á henni hafa á rekstur og lífvænleika viðurkenndra félagslegra framtakssjóða og á dreifingu slíkra sjóða yfir landamæri.

Í framhaldi af þeirri endurskoðun skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2018.

Ákvæði 2. til 6. mgr. 10. gr. og b-liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013, eins og þeim var breytt með þessari reglugerð, og ákvæði 2. til 6. mgr. 11. gr. og b-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013, eins og þeim var breytt með þessari reglugerð, skulu ekki gilda um starfandi rekstraraðila í tengslum við starfandi viðurkennda áhættufjármagnssjóði og starfandi viðurkennda félagslega framtakssjóði á gildistíma þessara sjóða miðað við 1. mars 2018. Þessir rekstraraðilar skulu tryggja að þeir geti á hverjum tíma rökstutt að eiginfjárgrunnur þeirra nægi til að viðhalda rekstrarlegri samfellu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. október 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MAASIKAS

forseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/612 **2021/EES/7/49**

frá 4. maí 2020

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini ([1]), einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Rýmka ætti núgildandi sértæk ákvæði er varða svigrúm aðildarríkjanna til þess að ákveða að ekki skuli skrá neinar takmarkanir varðandi sjálfskipt ökutæki á ökuskírteini sem gilda fyrir ökutæki í flokki C, CE, D eða DE þannig að þau nái yfir ökuskírteini sem gilda fyrir ökutæki í flokki BE, C1, C1E, D1 og D1E, ef umsækjandinn er þegar handhafi ökuskírteinis fyrir beinskipt ökutæki í a.m.k. einum af eftirfarandi flokkum: B, BE, C, CE, C1, C1E, D, DE, D1 eða D1E.

2) Þá rýmkun ætti að framkvæma í ljósi tækniframfara, einkum í því skyni að taka tillit til þróunar og aukinnar notkunar, innan flutningageirans, á ökutækjum sem eru nútímalegri, öruggari og menga minna og sem eru búin margs konar hálfsjálfvirkum, sjálfvirkum eða blönduðum aflyfirfærslukerfum. Einföldun á gildandi takmörkunum á akstri sjálfskiptra ökutækja myndi þar að auki draga úr rekstrarlegu og fjárhagslegu álagi á hagsmunaaðila, þ.m.t. á lítil og meðalstór fyrirtæki og örfyrirtæki sem starfa við flutninga á vegum.

3) Laga þarf kröfurnar varðandi bifhjól í flokki A2, sem notuð skulu sem prófökutæki við verklega prófið, að tækniframförum, einkum að þróun á sviði brunahreyfla og undirvagna og aukinni notkun á rafbifhjólum. Aðlögun tækniforskrifta fyrir prófökutæki í flokki A2 ætti einnig að tryggja að umsækjendur séu prófaðir á ökutækjum sem eru dæmigerð fyrir flokkinn sem ökuskírteinið yrði gefið út fyrir.

4) Því ætti að breyta tilskipun 2006/126/EB til samræmis við það.

5) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([2]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um ökuskírteini.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2006/126/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 141, 5.5.2020, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18.

([2]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. nóvember 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. nóvember 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. maí 2020

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2006/126/EB er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 5.1.3 kemur eftirfarandi:

„5.1.3. Sértæk ákvæði sem varða ökutæki í flokki BE, C, CE, C1, C1E, D, DE, D1 og D1E

Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að ekki skuli skrá neinar takmarkanir varðandi sjálfskipt ökutæki á ökuskírteini fyrir ökutæki í flokki BE, C, CE, C1, C1E, D, DE, D1 eða D1E, sem um getur í lið 5.1.2, ef umsækjandinn er þegar handhafi ökuskírteinis fyrir beinskipt ökutæki í a.m.k. einum af eftirfarandi flokkum: B, BE, C, CE, C1, C1E, D, DE, D1 eða D1E og hann hefur, við verklegt próf, verið prófaður í þeirri færni sem lýst er í lið 8.4.“

b) Í stað annars undirliðar annars undirtitils „Flokkur A2“ í lið 5.2 kemur eftirfarandi:

„Ef bifhjólið er knúið brunahreyfli skal slagrými hreyfilsins vera a.m.k. 250 cm^3.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/745 **2021/EES/7/50**

frá 4. júní 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/1042 að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19 heimsfaraldurinn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 23. gr., 31. gr. og 62. gr. (15. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðstafanir, sem gripið hefur verið til í því skyni að halda COVID-19 heimsfaraldrinum í skefjum, draga verulega úr getu aðildarríkja og flugiðnaðarins til að búa sig undir að framkvæma ýmsar nýlega samþykktar framkvæmdar-reglugerðir á sviði flugöryggis.

2) Einangrunarráðstafanir, breytingar á vinnuskilyrðum og tiltækileiki starfsmanna, samtímis auknu vinnuálagi sem krafist er til að takast á við verulega neikvæðar afleiðingar af völdum COVID-19 heimsfaraldursins fyrir alla hagsmunaaðila, hindra undirbúning að því að koma þessum framkvæmdarreglugerðum í framkvæmd.

3) Aðildarríki geta ekki komið í framkvæmd nýjum kröfum um áfengismælingar, stuðningsáætlanir meðal flugverja og sálrænt mat á flugmönnum, sem voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1042 ([2]), innan tímarammans sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, þ.e. frá 14. ágúst 2020, vegna þess að þau hafa samþykkt ýmsar einangrunarráðstafanir. Aðildarríki eru ekki í aðstöðu til að tryggja að flugverjar muni hafi möguleika á því að uppfylla nýju skyldurnar, sem voru innleiddar með reglugerð (ESB) 2018/1042, því þetta gæti hindrað tiltækileika flugverja þegar flugstarfsemi hefst á ný að afstöðnum COVID-19 heimsfaraldrinum. Því ætti að fresta framkvæmd þessara krafna um sex mánuði í því skyni að gera aðildarríkjunum kleift að vega upp á móti neikvæðu áhrifunum sem verða vegna tafarinnar á því að þær ráðstafanir komist til framkvæmda af völdum COVID-19 heimsfaraldursins.

4) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur staðfest við framkvæmdastjórnina að frestun á framkvæmd ákvæðanna, sem um getur í 3. forsendu, sé möguleg án þess að það hafi skaðleg áhrif á flugöryggi þar sem hún muni vara í mjög takmarkaðan tíma og í ljósi þess er líklegt að flugstarfsemi að afstöðnum COVID-19 heimsfaraldrinum verði umfangslítil og aukist smám saman og þar af leiðandi verður minni áhætta af völdum váhrifa í tengslum við skimun fyrir geðvirkum efnum og sálrænar stuðningsáætlanir.

5) Í því skyni að veita landsbundnum yfirvöldum og öllum hagsmunaaðilum tafarlausa aðstoð á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn varir og til að gera þeim kleift að laga áætlanagerð sína að því að búa sig undir að fresta framkvæmd viðkomandi ákvæða ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 5.6.2020, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1042 frá 23. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða stuðningsáætlanir, sálrænt mat á flugáhöfn, sem og kerfisbundna og handahófskennda skimun fyrir geðvirkum efnum til að tryggja heilbrigði flugliða og öryggis- og þjónustuliða og að því er varðar uppsetningu á landslagsgreiningarkerfi í nýlega framleiddar flugvélar, knúnar hverfihreyflum með 5700 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða minna og sem samþykktar hafa verið til að bera sex til níu farþega (Stjtíð. ESB L 188, 25.7.2018, bls. 3).

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað þriðju málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1042 kemur eftirfarandi:

„Þó skulu 1. og 3. mgr. 1. gr. gilda frá 14. febrúar 2021 og f-liður 3. liðar og b-liður 6. liðar í viðaukanum skulu gilda frá 14. ágúst 2018.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/736 **2021/EES/7/51**

frá 2. júní 2020

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ([2]) var stofnuð skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins.

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu tiltekin aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (EASA) framkvæmdastjórninni upplýsingar sem skipta máli við uppfærslu þeirrar skrár. Þriðju lönd og alþjóðastofnanir veittu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem veittar eru ætti að uppfæra skrána.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem myndu liggja til grundvallar ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins eða ákvörðun um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er að finna í skránni í viðauka A eða B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér öll viðkomandi gögn, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við nefndina sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 2111/2005 („flugöryggisnefnd ESB“).

5) Framkvæmdastjórnin upplýsti flugöryggisnefnd ESB um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 ([3]), við lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkja: Armeníu, Kongó (Brazzaville), Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, Dóminíska lýðveldisins, Miðbaugs-Gíneu, Kasakstans, Kirgistans, Líbíu, Nepal og Síerra Leóne. Framkvæmdastjórnin upplýsti einnig flugöryggisnefnd ESB um stöðu flugöryggis í Angólu, Belarús (Hvíta-Rússlandi), Indónesíu, Nígeríu og Rússlandi.

6) Flugöryggisstofnunin upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB um tæknimat, sem var framkvæmt í tengslum við upphaflega matið, og stöðuga vöktun heimilda flugrekenda frá þriðja landi (TCO-heimild) sem gefnar eru út samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 172, 3.6.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 12).

7) Flugöryggisstofnunin upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB einnig um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem voru framkvæmdar innan ramma áætlunarinnar um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunarinnar) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([5]).

8) Flugöryggisstofnunin upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB enn fremur um verkefni á sviði tækniaðstoðar í þriðju löndum sem verða fyrir áhrifum flugrekstrarbanns samkvæmt reglugerð (EB) nr. 474/2006. Þar að auki lagði Flugöryggisstofnunin fram upplýsingar um áætlanir og beiðnir um frekari tækniaðstoð og samstarf til að auka getu flugmálayfirvalda almenningsflugs í þriðju löndum á sviði stjórnsýslu og tækni með það fyrir augum að aðstoða þau við að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum öryggiskröfum um almenningsflug. Aðildarríki voru hvött til að bregðast við slíkum beiðnum á tvíhliða grundvelli í samráði við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnunina. Í því samhengi ítrekaði framkvæmdastjórnin nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan samstarfsúrræða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til aðstoðar við framkvæmd flugöryggismála, um tækniaðstoð við þriðju lönd sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.

9) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB uppfærðar upplýsingar um stöðu SAFA-viðvörunarkerfisins og viðvörunarkerfis flugrekenda í þriðju löndum (TCO-viðvörunarkerfis) og um fyrirliggjandi tölfræðilegar upplýsingar um viðvörunarskilaboð vegna flugrekenda sem er bannað að stunda flugrekstur.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

10) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunarinnar á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda í Sambandinu og úr eftirliti með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunarinnar sem og úr sérstökum skoðunum og úttektum, sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa mörg aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB um þær.

11) Aðildarríkin ítrekuðu að þau væru tilbúin að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu sem afleiðing af því að flugrekendur í Sambandinu fara ekki að viðeigandi öryggiskröfum. Að því er þetta varðar upplýsti Flugmálastjórn Búlgaríu framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB um aðgerðir sem gripið hefur verið til í tengslum við flugrekendur sem hafa fengið vottun í Búlgaríu.

Flugrekendur frá Armeníu

12) Flugrekendur frá Armeníu hafa aldrei verið færðir í viðauka A eða B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

13) Í október 2019 upplýsti framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Armeníu (CAC) um tiltekin öryggisvandamál varðandi flugrekendur sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Armeníu.

14) Eftir að Flugmálastjórn Armeníu kom fyrir flugöryggisnefnd ESB í nóvember 2019 fóru sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnuninni og aðildarríkjunum („matshópurinn“) í matsheimsókn, á tímabilinu 3.–7. febrúar 2020, á vegum Sambandsins á starfsstöð í Armeníu, þ.e. á skrifstofu Flugmálastjórnar Armeníu og á skrifstofur tveggja flugrekenda sem hafa fengið vottun í Armeníu, nánar tiltekið til flugrekendanna *Aircompany Armenia* og *Armenia Airways*.

15) Skýrsla í kjölfar matsheimsóknarinnar sýnir glögglega að Flugmálastjórn Armeníu hefur kerfistengdan veikleika að því er varðar mannauðsstjórnun, sem sýnir sig í vöntun á verklagsreglum til að ákvarða kröfur um mannafla, vöntun á verklagsreglum og aðferðafræði til að ákvarða kröfur um þjálfun starfsfólks sem og skilvirkri framkvæmd þeirra og vöntun á skjalfestum starfslýsingum fyrir ýmsa rekstrarþætti sem Flugmálastjórn Armeníu annast og útvistar.

16) Í tengslum við þjálfun starfsfólk er í skýrslu í kjölfar matsheimsóknarinnar vakin sérstök athygli á alvarleika þeirra annmarka sem greinst hafa með tilliti til raungetu Flugmálastjórnar Armeníu til að framkvæma á tilhlýðilegan hátt vottunarferlið og eftirlit með flugrekendum sem hafa fengið vottun í Armeníu.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

17) Enn fremur kemur fram í skýrslunni að vöntun er á skjalfestu gæðastjórnunarkerfi hjá Flugmálastjórn Armeníu sem er nauðsynlegt til að hafa eftirlit með stjórnsýslulegri og lagalegri innleiðingu laga- og tæknikrafna að því er varðar skilvirka skipulagseiningu og viðskiptaferla.

18) Með sérstöku tilliti til flugrekstrardeildar Flugmálastjórnar Armeníu er í skýrslunni í kjölfar matsheimsóknarinnar vakin athygli á vöntun á skjalfestu skjalavörslukerfi, sem tryggir rekjanleika vottunar, og þar af leiðandi gat Flugmálastjórn Armeníu ekki lagt fram umbeðin gögn um starfsemi við vottunarferli sem er útfærð sem hluti af upphaflegu vottunarferli flugrekandaskírteinis fyrir þá flugrekendur hennar sem hafa fengið vottun.

19) Með sérstöku tilliti til lofthæfideildar Flugmálastjórnar Armeníu er í skýrslunni í kjölfar matsheimsóknarinnar vakin athygli á að fyrir hendi sé áætlun til að hafa eftirlit með fyrirtækjum flugrekenda sem annast áframhaldandi lofthæfi og samþykktum viðhaldsfyrirtækjum sem Flugmálastjórnin vottar.

20) Í skýrslunni er þar að auki vakin athygli á því að eftirlitið sé óskilvirkt þar sem ýmis vandamál komu í ljós í heimsókninni til flugrekendanna sem Flugmálastjórn Armeníu hefði átt að greina sem hluta af eftirlitsskyldu sinni.

21) Á grundvelli niðurstöðu matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á starfsstöð bauð framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Armeníu áheyrn hjá flugöryggisnefnd ESB 12. maí 2020. Flugrekendurnir *Aircompany Armenia*, *Atlantis Armenian Airlines*, *Atlantis European Airways*, *Armenia Airways*, *Armenian Helicopters* og *Skyball* fengu einnig áheyrn hjá flugöryggisnefnd ESB við það tækifæri.

22) Við áheyrnina upplýsti Flugmálastjórn Armeníu flugöryggisnefnd ESB um ráðstafanir varðandi öryggisumbætur, sem gerðar hafa verið frá því hún fór fyrir flugöryggisnefnd ESB í nóvember 2019, og lagði áherslu á skuldbindingu sína til að framfylgja þeim, auk frekari viðleitni til að bæta öryggiseftirlit í Armeníu. Í þessu samhengi var sérstaklega tekið tillit til þess stuðnings sem ríkisstjórn Armeníu veitti Flugmálastjórn Armeníu. Við áheyrnina var enn fremur lögð áhersla á þá víðtæku viðleitni til að gera tækniaðstoð og samstarf mögulegt við önnur ríki og alþjóðastofnanir.

23) Í tengslum við athugasemdirnar í skýrslu í kjölfar matsheimsóknarinnar lagði Flugmálastjórn Armeníu fram ítarlegar upplýsingar um ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið í kjölfar matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á starfsstöð, varðandi skipulag Flugmálastjórnar Armeníu. Sérstaklega voru tilgreindar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að bæta mannauðsstjórnun, umbætur að því er varðar flugrekstrardeild Flugmálastjórnar Armeníu og vottunarferli flugrekandaskírteina sem og þjálfun eftirlitsmanna á vegum Flugmálastjórnar Armeníu. Enn fremur lagði Flugmálastjórn Armeníu fram ítarlegar upplýsingar um þá viðleitni sína til að vinna að gerð samþættrar stjórnunarhandbókar og uppbyggingu innra rafræns skjalastjórnunarkerfis.

24) Athygli flugöryggisnefndar ESB var einkum beint að viðleitni til að hefja, í samvinnu við framkvæmdastjórnina og aðildarríki Evrópusambandsins, endurvottun allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Armeníu, ásamt viðeigandi stuðningi við starfsþjálfun á vinnustað fyrir starfsfólk hennar.

25) Flugmálastjórn Armeníu lagði enn fremur áherslu á árangur, sem náðst hefur, í kjölfar ráðstafana sem gerðar hafa verið til að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekenda í Armeníu sem teljast ekki lengur uppfylla alþjóðlegar flugöryggiskröfur.

26) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefnd ESB telja að núverandi ástand sé afleiðing óskilvirkni og vanrækslu til lengri tíma. Þar að auki eru framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefnd ESB einnig meðvitaðar um þá viðleitni sem sýnd hefur verið og hvetja Flugmálastjórn Armeníu til að fylgja viðleitninni eftir. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefnd ESB árétta hversu þýðingarmikil skuldbinding ríkisstjórnarinnar er hvað þetta varðar og gefa samtímis vilyrði sitt til að styðja og vinna með Flugmálastjórn Armeníu í þessari viðleitni sinni. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefnd ESB fagna persónulegri getu og skuldbindingu stjórnar Flugmálastjórnar Armeníu til að fylgja þessari viðleitni eftir.

27) Engu að síður, á grundvelli allra fyrirliggjandi gagna, þ.m.t. einkum í kjölfar matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á starfsstöð, verður að draga þá ályktun að geta Flugmálastjórnar Armeníu til að hafa eftirlit með flugstarfsemi í Armeníu sé ófullnægjandi og uppfylli ekki gildandi lágmörk fyrir alþjóðlegar öryggiskröfur. Nauðsynlegt er að gerðar verði umtalsverðar úrbætur á getu Flugmálastjórnar Armeníu til að ráða bót á núverandi annmörkum í öryggismálum. Vegna þeirra þýðingarmiklu annmarka sem greindust á sviði mannauðsstjórnunar, þjálfunar starfsfólks, gæðastjórnunar, ásamt ófullnægjandi vottunarstarfsemi og óskilvirku eftirliti með flugrekendum, er nú ljóst að Flugmálastjórn Armeníu hefur ekki nægjanlega getu til að framkvæma viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur og að eftirlitsgeta hennar getur ekki tryggt að starfræksla flugrekenda, sem hún hefur vottað, uppfylli að staðaldri viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur.

28) Flugrekandinn *Aircompany Armenia* starfrækir flugflota með tveimur loftförum af tegundinni Boeing B737. Samkvæmt yfirlýsingu fyrirtækisins tengist sá flugrekandi náið flugrekandanum *Georgian Airways*, sem hefur fengið vottun í Georgíu, og flugrekandinn *Aircompany Armenia* hefur myndað sterk tengsl við hann á sviði stjórnsýslu og starfrækslu. Að því er þetta varðar sýndi matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð að þjálfun flugmanna flugrekandans *Aircompany Armenia* hafi farið fram í samræmi við verklagsreglur flugrekandans *Georgian Airways* í stað hans eigin verklagsreglna.

29) Við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð kom í ljós að flugrekandinn *Aircompany Armenia* hefur í þjónustu sinni starfsfólk sem hefur góða þekkingu á fyrirliggjandi kerfum og handbókum til að stjórna starfrækslu af ýmsum toga. Flest þeirra vandamála eða annmarka sem komu í ljós í matsheimsókninni tengjast óskýrleika verklagsreglna um undirverktakastarfsemi og stjórn hennar sem er að mestu leyti í höndum flugrekandans *Georgian Airways*.

30) Það er hins vegar ljóst að þörf er á að þróa enn frekar samræmiseftirlitskerfi flugrekandans *Aircompany Armenia* til þess að tryggja greiningu þeirra tilvika þar sem hvorki er farið að landsbundnum reglugerðum né að ákvæðum samþykktu rekstrarhandbókarinnar, þ.m.t. í tengslum við skráningarkerfið.

31) Við áheyrnina hjá flugöryggisnefnd ESB lagði flugrekandinn *Aircompany Armenia* fram ítarlegar upplýsingar um ráðstafanir til að bregðast við þeim athugasemdum og tilmælum sem fram komu í matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð þar sem staðhæft var að ráðin hefði verið bót á sex annmörkum af sjö. Engin gögn voru þó lögð fram þess efnis.

32) Flugrekandinn *Atlantis Armenian Airlines* er armenskur flugrekandi sem starfrækir eitt loftfar af tegundinni Let L-410. Við áheyrnina gaf flugrekandinn yfirlit yfir fyrirtæki sitt, þ.m.t. tiltæk aðföng, þróunaráætlun um flugflota sinn, öryggisstjórnunarkerfið (SMS) sitt og áætlun sína um eftirlit með flugritagögnum.

33) Flugrekandinn *Atlantis European Airways* starfrækir flota með þremur loftförum af tegundinni Airbus A320. Við áheyrnina kynnti flugrekandinn yfirlýst markmið fyrirtækis síns, skipulag þess, þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk og niðurstöðurnar úr SAFA-skoðunum síðastliðins árs. Að auki voru veittar upplýsingar um niðurstöður úr TCO-úttekt Flugöryggisstofnunarinnar.

34) Flugrekandinn *Armenia Airways* er vottaður armenskur flugrekandi með eitt loftfar af tegundinni British Aerospace Bae-146-300.

35) Í tengslum við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð kom matshópurinn auga á ýmsa annmarka, sem þarfnast tafarlausrar athygli, einkum að því er varðar að skrá og rekja feril úttektar sem og niðurstöðu úttektar. Matshópurinn fann einnig gögn um óskilvirkni gæðastjórnunarkerfisins og með þróunaráætlanir flugrekandans *Armenia Airways* í huga ætti að leitast við að innleiða fullkomlega starfhæft samræmiseftirlitskerfi til að greina hvers konar ágalla sem geta haft áhrif á starfræksluna og til að tryggja að farið sé að samþykktu rekstrarhandbókinni. Leggja skal sérstaka áherslu á þjálfun flugmanna til að tryggja hæfni flugáhafna.

36) Við áheyrninni gaf flugrekandinn *Armenia Airways* yfirlit yfir starfsemi sína og kynnti þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í kjölfar matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á starfsstöð. Samkvæmt upplýsingunum, sem veittar voru við áheyrnina, hefur verið brugðist við öllum athugasemdunum, sem matshópurinn gerði, að undanskildum tveimur þar sem flugrekandinn var ekki sammála matshópnum. Engin gögn voru þó lögð fram þess efnis.

37) Flugrekandinn *Armenian Helicopters* er armenskur flugrekandi í einkarekstri sem starfrækir þyrlur til leiguflugs innanlands og milli landa sem og sjúkraflug. Við áheyrnina lagði flugrekandinn fram upplýsingar um skipulag og virkni öryggisstjórnunarkerfis síns.

38) Flugrekandinn *Skyball* er armenskur flugrekandi sem starfrækir einn hitaloftbelg. Við áheyrnina gaf flugrekandinn yfirlit yfir fyrirtæki sitt og starfsemi þess, þ.m.t. upplýsingar í tengslum við öryggisstjórnunarkerfið sitt.

39) Hvorki upplýsingar né gögn, sem flugrekendurnir lögðu fram fyrir eða við áheyrnina, sannfærðu framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB um að hægt væri að milda vöntun á öryggiseftirliti Flugmálastjórnar Armeníu með samræmiseftirlits- og öryggiskerfum flugrekendanna sjálfra.

40) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Armeníu, og færa alla flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Armeníu, í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

41) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Armeníu með því að setja það í forgang að loftför allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Armeníu, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Kongó (Brazzaville)

42) Flugrekendur frá Kongó (Brazzaville) voru færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 árið 2009 ([6]).

43) Með bréfi dagsettu 19. desember 2019 óskaði framkvæmdastjórnin eftir skrá frá Flugmálastjórn Kongó (ANAC *Congo)* yfir gögn um skipulag hennar, eftirlitskerfi og starfsemi, þ.m.t. framfylgdarráðstafanirnar sem hafa verið gerðar frá árinu 2017, ásamt núverandi skrá yfir handhafa flugrekandaskírteina og skráð loftför.

44) Hinn 5. febrúar 2020 sendi Flugmálastjórn Kongó umbeðnar upplýsingar. Flugmálastjórn Kongó upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að frá því að framkvæmdastjórnin hefði síðast fengið sendar uppfærðar upplýsingar hefðu flugrekandaskírteini flugrekendanna *Aero Service*, *Emeraude*, *Equatorial Congo Airlines S.A.* og *Mistral Aviation* verið afturkölluð og að nýi flugrekandinn *Société Nouvelle Air Congo* (flugrekandaskírteini nr. CG-CTA 004) hefði fengið vottun. Flugmálastjórn Kongó lagði ekki fram nein gögn um að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekanda væri í samræmi við alþjóðlegar öryggiskröfur. Þar eð Flugmálastjórn Kongó hefur ekki sýnt fram á að hún hafi fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteinis fyrir þennan nýja flugrekanda ekki að farið sé að alþjóðlegum öryggiskröfum á fullnægjandi hátt.

45) Framkvæmdastjórnin vekur athygli á því að við samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem fór fram í júní 2019, kom fram að raunveruleg framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna í Kongó (Brazzaville) hefði aukist um 66,99%. Þó svo Flugmálastjórn Kongó hafi greinilega náð árangri að því er varðar öryggiseftirlit ætti að sannreyna þennan árangur í tengslum við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð til Flugmálastjórnar Kongó og útvaldra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Kongó (Brazzaville), áður en tekin er til greina ákvörðun um að fella úr gildi flugrekstrarbann innan Sambandsins.

46) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur frá Kongó (Brazzaville), sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að færa flugrekendurna *Société Nouvelle Air Congo* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og fella flugrekendurna *Aero Service*, *Emeraude*, *Equatorial Congo Arlines S.A.* og *Mistral Aviation* brott úr þeim viðauka.

47) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Congo (Brazzaville) með því að setja það í forgang að loftför allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Armeníu, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

48) Flugrekendur frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó voru færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 árið 2006 ([7]).

49) Sem hluta af sívöktunarstarfsemi framkvæmdastjórnarinnar fór hún þess á leit við Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó (AAC/RDC) 22. apríl 2020 að hún legði fram skrá yfir alla handhafa flugrekandaskírteina sem hafa fengið vottun í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1144/2009 frá 26. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 16).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 910/2006 frá 20. júní 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 16).

50) Hinn 6. maí 2020 upplýsti Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó framkvæmdastjórnina um að nýi flugrekandinn *Mwant Jet* (flugrekandaskírteini nr. AAC/DG/OPS-09/09) hefði fengið vottun frá því að hún sendi henni síðast uppfærðar upplýsingar. Hinn 13. maí 2020 upplýsti hún enn fremur að flugrekendurnir *Air Tropiques*, *Blue Airlines*, *Blue Sky*, *Dakota*, *Korongo Airlines*, *Mango Airlines*, *Serve Air* og *Will Airlift* hefðu hætt flugrekstri sínum án þess að hafa nokkurn tímann verið handhafar flugrekandaskírteina. Þar að auki upplýsti hún framkvæmdastjórnina um að flugrekendurnir *Air Kasai*, *Doren Air Congo*, *Gomair* og *Transair Cargo Services* væru ekki handhafar flugrekandaskírteina og að þeir væru nú í vottunarferli. Að lokum upplýsti hún framkvæmdastjórnina um að heiti flugrekandans *Services Air* hefði breyst og að sá flugrekandi sé nú handhafi flugrekandaskírteinis undir heitinu *Serve Air Cargo*. Þar eð Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó hefur ekki sýnt fram á að hún hafi fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteinis fyrir þennan nýja flugrekanda ekki að farið sé að alþjóðlegum öryggiskröfum á fullnægjandi hátt.

51) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, og færa ætti flugrekendurna *Mwant Jet* og *Serve Air Cargo* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og fella ætti flugrekendurna *Air Tropiques*, *Blue Airlines*, *Blue Sky*, *Dakota*, *Korongo airlines*, *Mango Airlines*, *Will Airlift*, *Air Kasai*, *Doren Air Congo*, *Gomair*, *Transair Cargo Services*, *Serve Air* og *Services Air* brott úr þeim viðauka.

52) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó með því að setja það í forgang að loftför allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Dóminíska lýðveldinu

53) Flugrekendur frá Dóminíska lýðveldinu hafa aldrei verið færðir í viðauka A eða B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

54) Hinn 15. apríl 2019 hóf framkvæmdastjórnin samráð við Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins (IDAC) í kjölfar þess að Flugöryggisstofnunin vakti máls á annmörkum í öryggismálum innan ramma TCO-heimildarferlisins og á grundvelli greiningar í skoðunum á hlaði, sem voru framkvæmdar innan ramma SAFA-áætlunarinnar skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

55) Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnuninni og aðildarríkjunum („matshópurinn“) fóru, á tímabilinu 27–31. janúar 2020, í matsheimsókn á starfsstöð í Dóminíska lýðveldinu, á skrifstofur Flugmálastjórnar Dóminíska lýðveldisins.

56) Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins, sem virðist vel skipulögð stofnun með nægilega margt starfsfólk og fullnægjandi fjármögnun, hóf 2018 að innleiða nútímalegri stjórnunaraðferðir á sviði flugöryggismála með því að beita öryggisstjórnunaraðferð eða árangurstengdri nálgun til viðbótar við hefðbundnari eftirlitsstarfsemi þar sem farið er að tilskildum öryggiskröfum. Lagaramminn (lög um loftferðir og tæknireglugerðir) virðist samþætta á tilhlýðilegan hátt öll sviðin sem falla undir viðaukana við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1977, og eru þau uppfærð reglulega.

57) Matshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins hafi getuna til að hafa eftirlit með flugstarfsemi í Dóminíska lýðveldinu. Enda þótt þörf sé á úrbótum hjá Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins að því er varðar skilvirkni framfylgdar greindi matshópurinn ekki aðkallandi öryggisvanda í heimsókninni, hvorki á grundvelli athugunar á starfsemi skrifstofa Flugmálastjórnar Dóminíska lýðveldisins né í tengslum við heimsóknir til ýmissa flugrekenda. Hins vegar komst matshópurinn að því að Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins flokkar ekki sem stendur athugasemdir, sem hún fær, eftir því hversu áríðandi þær eru fyrir flugöryggi og þar af leiðandi eru athugasemdir (hver svo sem áhrif þeirra eru á öryggi) sem og aðrar ábendingar um umbætur meðhöndlaðar á sama hátt í eftirfylgniferlinu. Því var ekki hægt að sýna fram á að Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins eða hlutaðeigandi flugrekendur sæju til þess að þýðingarmiklar öryggistengdar athugasemdir væru settar í forgang.

58) Þar eð þetta ástand getur mögulega haft skaðleg áhrif á framfylgd sýna sterkir innviðir kerfisins, með tilliti til úrræða og reglugerða, að skilyrði eru fyrir hendi varðandi umbætur til framtíðar og samtímis fela veikleikar, sem greindust, ekki í sér þýðingarmikla þætti sem gætu hamlað slíkum umbótum.

59) Hinn 15. apríl 2020 sendi Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins framkvæmdastjórninni aðgerðaáætlun um að ráða bót á þeim annmörkum sem matshópurinn greindi og tilkynnti um. Framkvæmdastjórnin telur að áætlaðar aðgerðir, ef þær eru framkvæmdar á tilhlýðilegan hátt innan tilskilins tímaramma, ættu að leysa þau vandamál sem greindust. Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins ætti reglulega að veita upplýsingar um framvindu þessara áætluðu aðgerða.

60) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Dóminíska lýðveldinu.

61) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Dóminíska lýðveldisins með því að setja það í forgang að loftför allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Dóminíska lýðveldinu, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

62) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Miðbaugs-Gíneu

63) Flugrekendur frá Miðbaugs-Gíneu voru færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 árið 2006 ([8]).

64) Í kjölfar matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á starfsstöð í október 2017 og áheyrnarinnar hjá flugöryggisnefnd ESB í nóvember 2017 lýsti Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu (AAGE), í desember 2018, yfir áhuga sínum við framkvæmdastjórnina um að hefja aftur viðræður um breytingu á viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar alla flugrekendur sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu.

65) Að fenginni beiðni veitti Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu framkvæmdastjórninni upplýsingar um þær úrbætur sem gerðar hafa verið á kerfi hennar um eftirlit með flugöryggi. Á grundvelli fenginna upplýsinga vekur framkvæmdastjórnin athygli á árangrinum, sem náðst hefur, en hins vegar eru enn fyrir hendi tilteknir annmarkar í tengslum við grundvallarvandamál, s.s. greining á frumorsök sem er lykilatriði til að koma í veg fyrir að slíkt ósamræmi við kröfur endurtaki sig.

66) Hinn 10. mars 2020 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin, aðildarríki og fulltrúar Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu tæknifund þar sem Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu veitti upplýsingar um eftirlitsstarfsemi sína og um árgangur áætlunarinnar um aðgerð til úrbóta sem var útfærð 2017. Þar að auki upplýsti Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu framkvæmdastjórnina um að starfhæfum loftförum í flota flugrekandanna *Ceiba Intercontinental* og *Cronos Airlines* hefði fækkað í eitt meðalstórt loftfar hjá hvorum flugrekanda.

67) Þar eð núverandi fyrirliggjandi upplýsingar eru ófullnægjandi til að eyða vafa um núverandi annmarka ætti að skipuleggja nýja matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð til að sannreyna frekar getu Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu til að tryggja skilvirkt öryggiseftirlit.

68) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Miðbaugs-Gíneu.

69) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Miðbaugs-Gíneu með því að setja það í forgang að loftför allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Kasakstan

70) Flugrekendur frá Kasakstan voru felldir brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 árið 2016 ([9]).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2214 frá 8. desember 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 334, 9.12.2016, bls. 6).

71) Sem hluti af sívöktunarstarfsemi í kjölfar brottfalls flugrekenda frá Kasakstans úr skránni yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins upplýsti framkvæmdastjórnin, með bréfi 10. febrúar 2020, Flugmálastjórn Kasakstans um tiltekin öryggisvandamál í tengslum við flugrekendur sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Kasakstans, einkum varðandi flugrekandann *BEK Air*.

72) Hinn 28. febrúar 2020 veitti Flugmálastjórn Kasakstans og flugmálayfirvöld Kasakstans (AAK) framkvæmdastjórninni upplýsingar um eftirlit sitt með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Kasakstan síðastliðin þrjú ár, sem og um eftirlit með flugrekandanum *BEK Air*. Í þessu samhengi óskaði framkvæmdastjórnin eftir gögnum um áframhaldandi getu Flugmálastjórnar Kasakstans til að tryggja skilvirkt öryggiseftirlit.

73) Með sérstöku tilliti til flugrekandans *BEK Air* var flugrekandaskírteini hans afturkallað 21. apríl 2020. Flugrekandaskírteini annars flugrekanda, *Azee Air*, hefur verið fellt tímabundið úr gildi þar til frekara eftirlit hefur farið fram.

74) Þrátt fyrir að framkvæmdastjórnin viðurkenni þær nýlegu ráðstafanir sem flugmálayfirvöld Kasakstans hafa gert til að auka getu sína á sviði öryggiseftirlits hefur hún, á grundvelli greininga á skjölum og upplýsingum, sem veitt hafa verið, ákveðið að hefja samráð við Flugmálastjórn Kasakstans og flugmálayfirvöld Kasakstans í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

75) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Kasakstan.

76) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Kasakstan með því að setja það í forgang að loftför allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Kasakstan, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

77) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Kirgistan

78) Flugrekendur frá Kirgistan voru færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 árið 2006 ([10]).

79) Hinn 2. ágúst 2019 óskaði framkvæmdastjórnin eftir skrá frá Flugmálastofnun Kirgiska lýðveldisins (CAA KG) yfir gögn um skipulag hennar ásamt eftirlitskerfi og starfsemi, þ.m.t. framfylgdarráðstafanir sem hafa verið gerðar frá 2017 sem og núverandi skrá yfir handhafa flugrekandaskírteina og skráð loftför.

80) Hinn 10. september 2019 sendi Flugmálastofnun Kirgiska lýðveldisins umbeðnar upplýsingar. Flugmálastofnun Kirgiska lýðveldisins upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að frá því að framkvæmdastjórnin hefði síðast fengið sendar uppfærðar upplýsingar hefðu flugrekandaskírteini flugrekendanna *Air Bishkek, Central Asian Aviation Services (Caas), Heli Sky, Air Kyrgyzstan, Manas Airways, S Group International, Sky Bishkek, Sky Way Air og Valor Air* verið afturkölluð og að nýi flugrekandinn *Air Company Air KG* (flugrekandaskírteini nr. 50) hefði fengið vottun. Þar eð Flugmálastofnun Kirgiska lýðveldisins hefur ekki sýnt fram á að hún hafi fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteinis fyrir þennan nýja flugrekanda ekki að farið sé að alþjóðlegum öryggiskröfum á fullnægjandi hátt.

81) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá yfir flugrekendur frá Kirgistan, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að færa flugrekandann *Air Company Air KG* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, og fella flugrekendurna *Air Bishkek, Central Asian Aviation Services (Caas), Heli Sky, Air Kyrgyzstan, Manas Airways, S Group International, Sky Bishkek, Sky Way Air* og *Valor Air* brott úr þeim viðauka.

82) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Kirgistan með því að setja það í forgang að loftför allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Kirgistan, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2006 frá 12. október 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 910/2006 (Stjtíð. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 27).

Flugrekendur frá Líbíu

83) Flugrekendur frá Líbíu voru færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 árið 2014 ([11]).

84) Sem hluti af sívöktunarstarfsemi framkvæmdastjórnarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Flugmálastjórn Líbíu, 22. apríl 2020, að hún legði fram skrá yfir alla handhafa flugrekandaskírteina sem hafa fengið vottun í Líbíu.

85) Hinn 4. maí 2020 upplýsti Flugmálastjórn Líbíu framkvæmdastjórnina um að flugrekandaskírteini flugrekandans *Ghadames Air Transport* hefði verið afturkallað og að nýju flugrekendurnir *Al Maha Aviation* (flugrekandaskírteini nr. 030/18) og *Libyan Wings Airlines JSC* (flugrekandaskírteini nr. 029/15) hefðu fengið vottun. Þar eð Flugmálastjórn Líbíu hefur ekki sýnt fram á fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteina fyrir þessa nýju flugrekendur ekki að farið sé að alþjóðlegum öryggiskröfum á fullnægjandi hátt.

86) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo, að því er varðar flugrekendur frá Líbíu, að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að færa flugrekendurna *Al Maha Aviation* og *Libyan Wings Airlines JSC* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og fella flugrekandann *Ghadames Air Transport* brott út þeim viðauka.

87) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Líbíu með því að setja það í forgang að loftför allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Líbíu, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Nepal

88) Flugrekendur frá Nepal voru færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 árið 2013 ([12]).

89) Sem hluti af sívöktunarstarfsemi framkvæmdastjórnarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Flugmálastjórn Nepal, 22. apríl 2020, að hún legði fram skrá yfir alla handhafa flugrekandaskírteina sem hafa fengið vottun í Nepal.

90) Hinn 3. maí 2020 upplýsti Flugmálastjórn Nepal framkvæmdastjórnina um að flugrekandaskírteini flugrekandans *Air Kasthamandap* hefði verið afturkallað og að nýju flugrekendurnir *Heli Everest* (flugrekandaskírteini nr. 086/2016) og *Kailash Helicopter Services* (flugrekandaskírteini nr. 087/2018) hefðu fengið vottun. Hún upplýsti enn fremur að flugrekandinn *Muktinath Airlines* hefði breytt heiti sínu í *Prabhu Helicopters*. Þar eð Flugmálastjórn Nepal hefur ekki sýnt fram á fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteina fyrir þessa nýju flugrekendur ekki að farið sé að alþjóðlegum öryggiskröfum á fullnægjandi hátt.

91) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo, að því er varðar flugrekendur frá Nepal, að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að færa flugrekendurna *Heli Everest* og *Kailash Helicopter Services* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og fella flugrekandann *Air Kasthamandap* brott út þeim viðauka.

92) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Nepal með því að setja það í forgang að loftför allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Nepal, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Síerra Leóne

93) Flugrekendur frá Síerra Leóne voru færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 árið 2006 ([13]).

([11]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1318/2014 frá 11. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 8).

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1264/2013 frá 3. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð ESB L 326, 6.12.2013, bls. 7).

([13]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 910/2006 frá 20. júní 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 16).

94) Sem hluti af sívöktunarstarfsemi framkvæmdastjórnarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Flugmálastjórn Síerra Leóne (SLCAA), 22. apríl 2020, að hún legði fram skrá yfir alla handhafa flugrekandaskírteina sem hafa fengið vottun í Síerra Leóne.

95) Hinn 2. maí 2020 upplýsti Flugmálastjórn Síerra Leóne framkvæmdastjórnina um að flugrekandaskírteini flugrekendanna *Air Rum, Destiny air Services, Heavylift Cargo, Orange Air Sierra Leone, Paramount Airlines, Seven Four Eight Air Services* og *Teebah Airways* hefðu verið afturkölluð og að á þessari stundu væri enginn handhafi flugrekandaskírteinis í Síerra Leóne.

96) Þar eð Flugmálastjórn Síerra Leóne hefur ekki sýnt fram á að hún hafi fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteina fyrir nýja flugrekendur ekki að farið sé að alþjóðlegum öryggiskröfum á fullnægjandi hátt.

97) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella flugrekendurna *Air Rum, Destiny Air Services, Heavylift Cargo, Orange Air Sierra Leone, Paramount Airlines, Seven Four Eight Air Services* og *Teebah Airways* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

98) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

99) Í 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 er viðurkennt að nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir með skjótum hætti og, eftir því sem við á, eins fljótt og unnt er, miðað við afleiðingarnar sem það getur haft fyrir öryggi. Því er nauðsynlegt, til að vernda viðkvæmar upplýsingar og farþega, að ákvarðanir, sem teknar eru í tengslum við uppfærslu á skránni yfir flugrekendur, sem sæta flugrekstrarbanni eða takmörkunum á flugrekstri innan Sambandsins, séu birtar og að þær öðlist gildi um leið og þær hafa verið samþykktar.

100) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndar ESB sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað viðauka A kemur textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Í stað viðauka B kemur textinn í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Adina VĂLEAN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR, SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA FLUGREKSTUR INNAN SAMBANDSINS, MEÐ UNDANÞÁGUM ([1])

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
AVIOR AIRLINES	ROI-RNR-011	ROI	Venesúela
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
IRAN ASEMAN AIRLINES	FS-102	IRC	Íran
IRAQI AIRWAYS	001	IAW	Írak
MED-VIEW AIRLINES	MVA/AOC/10-12/05	MEV	Nígería
AIR ZIMBABWE (PVT)	177/04	AZW	Zimbabwe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			**Afganistan**
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekendunum *TAAG Angola Airlines* og *Heli Malongo*, þ.m.t.			**Angóla**
AEROJET	AO-008/11-07/17 TEJ	TEJ	Angóla
GUICANGO	AO-009/11-06/17 YYY	Óskráður	Angóla
AIR JET	AO-006/11-08/18 MBC	MBC	Angóla
BESTFLYA AIRCRAFT MANAGEMENT	AO-015/15-06/17YYY	Óskráður	Angóla
HELIANG	AO 007/11-08/18 YYY	Óskráður	Angóla
SJL	AO-014/13-08/18YYY	Óskráður	Angóla
SONAIR	AO-002/11-08/17 SOR	SOR	Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Armeníu, þ.m.t.			**Armenía**
AIRCOMPANY ARMENIA	AM AOC 065	NGT	Armenía
ARMENIA AIRWAYS	AM AOC 063	AMW	Armenía

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
ARMENIAN HELICOPTERS	AM AOC 067	KAV	Armenía
ATLANTIS ARMENIAN AIRLINES	AM AOC 068	AEU	Armenía
ATLANTIS EUROPEAN AIRWAYS	AM AOC 017	LUR	Armenía
MARS AVIA	AM AOC 066	MRS	Armenía
SKYBALL	AM AOC 069	Á ekki við	Armenía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kongó (Brazzaville), þ.m.t.			**Kongó (Brazzaville)**
CANADIAN AIRWAYS CONGO	CG-CTA 006	Óskráður	Kongó (Brazzaville)
EQUAFLIGHT SERVICES	CG-CTA 002	EKA	Kongó (Brazzaville)
EQUAJET	RAC06-007	EKJ	Kongó (Brazzaville)
TRANS AIR CONGO	CG-CTA 001	TSG	Kongó (Brazzaville)
SOCIETE NOUVELLE AIR CONGO	CG-CTA 004	Óskráður	Kongó (Brazzaville)
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**
AIR FAST CONGO	AAC/DG/OPS-09/03	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	AAC/DG/OPS-09/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	AAC/DG/OPS-09/04	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	AAC/DG/OPS-09/02	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO AIRWAYS	AAC/DG/OPS-09/01	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	AAC/DG/OPS-09/10	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	AAC/DG/OPS-09/05	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVE AIR CARGO	AAC/DG/OPS-09/07	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	AAC/DG/OPS-09/06	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MWANT JET	AAC/DG/OPS-09/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó (RDC)

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djibútí, þ.m.t.			**Djibútí**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djibútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CEIBA INTERCONTINENTAL	2011/0001/MTTCT/DGAC/SOPS	CEL	Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	2011/0004/MTTCT/DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Eritreu, þ.m.t.			**Eritrea**
ERITREAN AIRLINES	AOC No 004	ERT	Eritrea
NASAIR ERITREA	AOC No 005	NAS	Eritrea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgistan, þ.m.t.			**Kirgistan**
AIR COMPANY AIR KG	50	Óskráður	Kirgistan
AIR MANAS	17	MBB	Kirgistan
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgistan
SKY KG AIRLINES	41	KGK	Kirgistan
TEZ JET	46	TEZ	Kirgistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líbíu, þ.m.t.			**Líbía**
AFRIQIYAH AIRWAYS	007/01	AAW	Líbía
AIR LIBYA	004/01	TLR	Líbía
AL MAHA AVIATION	030/18	Óskráður	Líbía

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
BURAQ AIR	002/01	BRQ	Líbía
GLOBAL AVIATION AND SERVICES	008/05	GAK	Líbía
LIBYAN AIRLINES	001/01	LAA	Líbía
LIBYAN WINGS AIRLINES	029/15	LWA	Líbía
PETRO AIR	025/08	PEO	Líbía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Moldóvu, að undanskildum flugrekendunum *Air Moldova*, *Fly One* og *Aerotranscargo*, þ.m.t.			**Moldóva**
Î.M "VALAN ICC" SRL	MD009	VLN	Moldóva
CA "AIM AIR" SRL	MD015	AAM	Moldóva
CA "AIR STORK" SRL	MD018	MSB	Moldóva
Î M "MEGAVIATION" SRL	MD019	ARM	Moldóva
CA "PECOTOX-AIR" SRL	MD020	PXA	Moldóva
CA "TERRA AVIA" SRL	MD022	TVR	Moldóva
CA "FLY PRO" SRL	MD023	PVV	Moldóva
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Nepal, þ.m.t.			**Nepal**
AIR DYNASTY HELI. S.	035/2001	Óskráður	Nepal
ALTITUDE AIR	085/2016	Óskráður	Nepal
BUDDHA AIR	014/1996	BHA	Nepal
FISHTAIL AIR	017/2001	Óskráður	Nepal
SUMMIT AIR	064/2010	Óskráður	Nepal
HELI EVEREST	086/2016	Óskráður	Nepal
HIMALAYA AIRLINES	084/2015	HIM	Nepal
KAILASH HELICOPTER SERVICES	087/2018	Óskráður	Nepal
MAKALU AIR	057A/2009	Óskráður	Nepal
MANANG AIR PVT LTD	082/2014	Óskráður	Nepal
MOUNTAIN HELICOPTERS	055/2009	Óskráður	Nepal
PRABHU HELICOPTERS	081/2013	Óskráður	Nepal
NEPAL AIRLINES CORPORATION	003/2000	RNA	Nepal

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
SAURYA AIRLINES	083/2014	Óskráður	Nepal
SHREE AIRLINES	030/2002	SHA	Nepal
SIMRIK AIR	034/2000	Óskráður	Nepal
SIMRIK AIRLINES	052/2009	RMK	Nepal
SITA AIR	033/2000	Óskráður	Nepal
TARA AIR	053/2009	Óskráður	Nepal
YETI AIRLINES	037/2004	NYT	Nepal
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA'S CONNECTION	10/AOC/2008	ACH	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne			**Síerra Leóne**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Súdan**
ALFA AIRLINES SD	54	AAJ	Súdan
BADR AIRLINES	35	BDR	Súdan
BLUE BIRD AVIATION	11	BLB	Súdan
ELDINDER AVIATION	8	DND	Súdan
GREEN FLAG AVIATION	17	GNF	Súdan
HELEJETIC AIR	57	HJT	Súdan
KATA AIR TRANSPORT	9	KTV	Súdan
KUSH AVIATION CO.	60	KUH	Súdan
NOVA AIRWAYS	46	NOV	Súdan
SUDAN AIRWAYS CO.	1	SUD	Súdan
SUN AIR	51	SNR	Súdan
TARCO AIR	56	TRQ	Súdan“

II. VIÐAUKI

„VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN SAMBANDSINS (1)

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekanda-skírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis (AOC)	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetn-ingarmerki og, ef það er fyrir hendi, framleiðslurað-númer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum	Skráningarríki
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/DGACM	KMD	Kómorur	Öll loftför, að undanskildu: LET 410 UVP.	Öll loftför, að undanskildu: D6-CAM (851336).	Kómorur
IRAN AIR	FS100	IRA	Íran	Öll loftför af tegundinni Fokker F100 og af tegundinni Boeing B747.	Loftför af tegundinni Fokker F100, eins og tilgreint er á flugrekanda-skírteininu; loftför af tegundinni Boeing B747, eins og tilgreint er á flugrekanda-skírteininu	Íran
AIR KORYO	GAC-AOC/ KOR-01	KOR	Norður-Kórea	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni TU-204.	Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633.	Norður-Kórea

(1) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1831 **2021/EES/7/52**

frá 24. október 2019

um gerð fimmtu skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi samkvæmt tilskipun ráðsins 98/24/EB og um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 10. meginreglu Evrópustoðar félagslegra réttinda ([2]), sem sett var fram í Gautaborg 17. nóvember 2017, eiga starfsmenn rétt á heilnæmu, öruggu og vel aðlöguðu vinnuumhverfi. Réttur starfsmanna til öflugrar heilsuverndar og öryggis á vinnustað og til vinnuumhverfis sem er aðlagað að faglegum þörfum starfsmanna og gerir þeim kleift að taka þátt á vinnumarkaði til lengri tíma felur einnig í sér vernd gegn váhrifum af völdum efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum.

2) Í orðsendingu sinni, undir heitinu „Öruggari og heilsusamlegri vinna fyrir alla“, lagði framkvæmdastjórnin skýra áherslu á nauðsyn þess að halda áfram að bæta vernd starfsmanna gegn váhrifum af völdum hættulegra efna á vinnustað. ([3])

3) Samkvæmt tilskipun 98/24/EB ber framkvæmdastjórninni að leggja fram tillögu um Evrópusambandsmarkmið í formi leiðbeinandi viðmiðunarmarka um váhrif í starfi, til að vernda starfsmenn gegn áhættu vegna váhrifa af völdum hættulegra íðefna, sem sett eru á vettvangi Evrópusambandsins.

4) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 98/24/EB hefur framkvæmdastjórnin heimild til að setja eða endurskoða leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem byggja á þeim mæliaðferðum sem eru fyrir hendi, með ráðstöfunum sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE ([4]).

5) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 98/24/EB skal framkvæmdastjórnin meta, á grundvelli óháðs vísindalegs mats á nýjustu vísindagögnum sem tiltæk eru, tengslin milli áhrifa hættulegra hvarfmiðla á heilbrigði starfsmanna og stigs váhrifa í starfi.

6) Framkvæmdastjórnin nýtur aðstoðar við þetta verkefni frá vísindanefndinni um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla (SCOEL) sem sett var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/113/ESB. ([5])

7) Samkvæmt tilskipun 98/24/EB merkir hugtakið „viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi“, nema annað sé tekið fram, takmörk á tímavegnu meðaltali styrks hvarfmiðils í lofti á öndunarsvæði starfsmanns á tilgreindu viðmiðunartímabili.

8) Leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi eru heilbrigðismiðuð, eru leidd af nýjustu vísindagögnum sem tiltæk eru, samþykkt af framkvæmdastjórninni og taka mið af þeirri mælitækni sem er fyrir hendi. Þessi viðmiðunargildi váhrifa miðast við að undir þeim er ekki búist við skaðlegum áhrifum af því að vera í snertingu við einhvern tiltekinn hvarfmiðil til skamms tíma eða daglega yfir starfsævina. Í þeim felast markmið Evrópusambandsins og ætlunin með þeim er að aðstoða vinnuveitendur við að ákvarða og meta áhættu og gera forvarnar- og verndarráðstafanir í samræmi við tilskipun 98/24/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

([2]) Evrópustoð félagslegra réttinda, nóvember 2017, https://ec.europa.eu/commission/priorities/deeper-and-fairer-economic-and-monetary-union/european-pillar-social-rights_en

([3]) Orðsending frá framkvæmdastjórninni undir heitinu „Öruggari og heilsusamlegri vinna fyrir alla - nútímavæðing löggjafar og stefnu ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustað“ COM/2017/012 endanleg útgáfa. http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=2709

([4]) Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/113/ESB frá 3. mars 2014 um að koma á fót vísindanefnd um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla og um niðurfellingu á ákvörðun 95/320/EB (Stjtíð. ESB L 62, 4.3.2014, bls. 18).

9) Í samræmi við tilmæli vísindanefndarinnar um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla eru slík mörk sett miðað við viðmiðunartímabil sem er átta stunda tímavegið meðaltal (viðmiðunarmörk langtímaváhrifa) og, vegna tiltekinna hvarfmiðla, skemmri viðmiðunartímabil, yfirleitt 15 mínútna tímavegið meðaltal (viðmiðunarmörk skammtímaváhrifa), til að taka tillit til áhrifa af völdum skammtímaváhrifa.

10) Aðildarríki skulu setja landsbundin viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi fyrir hvern þann hvarfmiðil sem leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi hafa verið sett fyrir á vettvangi Evrópusambandsins. Þau þurfa þá að hafa hliðsjón af viðmiðunarmörkum Evrópusambandsins þegar þau ákvarða eðli landsbundnu viðmiðunarmarkanna í samræmi við landslöggjöf og venju.

11) Leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi eru mikilvægur þáttur í almennu fyrirkomulagi til að vernda starfsmenn gegn heilbrigðisáhættu vegna váhrifa frá hættulegum íðefnum.

12) Í samræmi við 3. gr. tilskipunar 98/24/EB hefur vísindanefnd um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla metið tengslin milli áhrifa hættulegra hvarfmiðla á heilbrigði starfsmanna, sem skráðir eru í 10 færslum í viðaukanum við þessa tilskipun, og stigs váhrifa í starfi. Að sama skapi hefur vísindanefndin lagt til að fyrir alla þessa hvarfmiðla verði sett leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi vegna váhrifa við innöndun miðað við viðmiðunartímabil sem er átta stunda tímavegið meðaltal. Því er rétt að mæla fyrir um viðmiðunarmörk fyrir langtímaváhrif fyrir alla þessa hvarfmiðla í viðaukanum við þessa tilskipun.

13) Fyrir suma þessa hvarfmiðla, þ.e. anilín, trímetýlamín, 2-fenýlprópan (kúmól), sek-bútýlasetat, 4-amínótólúen, ísóbútýlasetat, ísóamýlalkóhól, n-bútýlasetat og fosfórtríklóríð, mældi vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla einnig með að sett yrðu viðmiðunarmörk fyrir skammvinn váhrif.

14) Þegar um tiltekin efni er að ræða er nauðsynlegt að taka tillit til möguleikans á gegnþrengingu um húð til að tryggja bestu mögulegu vernd. Meðal þeirra hvarfmiðla sem skráðir eru í færslum í viðauka við þessa tilskipun, greindi vísindanefnd um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla möguleika á umtalsverðri upptöku anilíns, 2-fenýlprópans (kúmóls) og 4-amínótólúens í gegnum húð. Því er rétt að bæta í viðaukann við þessa tilskipun táknunum um möguleikann á umtalsverðri upptöku þessara hvarfmiðla gegnum húð, til viðbótar við leiðbeinandi viðmiðunarmörkin fyrir váhrif í starfi.

15) Einn hvarfmiðlanna, 2-fenýlprópan (kúmól), er nú skráður í viðaukann við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB ([6]). Vísindanefnd um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla hefur lagt til að sett verði ný leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi vegna þessa efnis. Því er rétt að í viðaukanum við þessa tilskipun komi fram endurskoðuð viðmiðunarmörk fyrir 2-fenýlprópan (kúmól) og að samsvarandi færslu verði eytt úr viðaukanum við tilskipun 2000/39/EB.

16) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([7]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga.

17) Að því er varðar þessa tilskipun telur framkvæmdastjórnin það réttlætanlegt að senda slík skjöl í töfluformi, sem sýna samsvörunina milli innlendra ráðstafana og ráðstafana í þessari tilskipun, með tilliti til þess að þegar eru fyrir hendi í landslögum innlend viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi fyrir suma miðla og með tilliti til fjölbreytni og tæknilegs eðlis lagagerninga á landsvísu sem setja viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi.

18) Haft var samráð við ráðgjafarnefnd um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 98/24/EB og skilaði hún álitum sínum 6. desember 2017 og 31. maí 2018. Nefndin viðurkenndi að sem stendur væri vandi fyrir hendi að því er varðar aðgang að mælingaraðferðum sem hægt væri að nota til að sýna fram á að farið væri eftir fyrirhuguðum viðmiðunarmörkum fyrir fosfórýltríklóríð og ísóamýlalkóhól og að leitast ætti við að tryggja að viðeigandi tækni yrði aðgengileg fyrir lok aðlögunartímabilsins.

19) Ráðstafanirnar, sem þessi tilskipun kveður á um, eru í samræmi við álit nefndar um tækniframfarir sem komið var á fót skv. 17. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE.

([6]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB frá 8. júní 2000 um gerð fyrstu skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar ráðsins 98/24/EB um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (Stjtíð. EB L 142, 16.6.2000, bls. 47).

([7]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Hér með er komið á fót fimmtu skrá Evrópusambandsins um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi að því er varðar hvarfmiðlana sem taldir eru upp í viðaukanum.

2. gr.

Aðildarríkin skulu setja innlend viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi fyrir hvarfmiðlana, sem taldir eru upp í viðaukanum, með hliðsjón af viðmiðunarmörkum Evrópusambandsins.

3. gr.

Í viðaukanum við tilskipun 2000/39/EB fellur brott tilvísun til kúmóls frá og með 20. maí 2021.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. maí 2021.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og láta eitt eða fleiri skýringarskjöl í formi taflna, sem sýna samsvörunina milli ákvæðanna og þessarar tilskipunar, fylgja með tilkynningu sinni.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu landsákvæði sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

EB-nr. (1)	CAS-nr. (2)	Heiti hvarfmiðils	Viðmiðunarmörk				Táknun (3)
			8 klst. (4)		Skammtíma- (5)		
			mg/m³ (6)	ppm (7)	mg/m³ (6)	ppm (7)	
200-539-3	62-53-3	Anilín (8)	7,74	2	19,35	5	húð
200-817-4	74-87-3	Klórómetan	42	20	-	-	-
200-875-0	75-50-3	Trímetýlamín	4,9	2	12,5	5	-
202-704-5	98-82-8	2-fenýlprópan (kúmól) (8)	50	10	250	50	húð
203-300-1	105-46-4	sek-bútýlasetat	241	50	723	150	-
203-403-1	106-49-0	4-amínótólúen	4,46	1	8,92	2	húð
203-745-1	110-19-0	Ísóbútýlasetat	241	50	723	150	-
204-633-5	123-51-3	Ísóamýlalkóhól	18	5	37	10	-
204-658-1	123-86-4	n-Bútýlasetat	241	50	723	150	-
233-046-7	10025-87-3	Fosfórtríklóríð	0,064	0,01	0,12	0,02	-

(1) EB-nr.: Númer Evrópubandalagsins (EB-númer), tölulegt auðkenni Evrópusambandsins fyrir efni.
(2) CAS-nr.: Skráningarnúmer hjá Upplýsingaþjónustu um íðefni.
(3) Táknunin húð við viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi gefur til kynna möguleika á umtalsverðri upptöku efnisins í gegnum húð.
(4) Mæld eða reiknuð miðað við viðmiðunartímabil sem er átta stunda tímavegið meðaltal (TWA).
(5) Viðmiðunarmörk fyrir skammtímaváhrif (STEL). Viðmiðunarmörk sem ekki má fara yfir. Tímabilið miðast við 15 mínútur, nema annað sé tekið fram.
(6) mg/m³: milligrömm á rúmmetra lofts. Fyrir íðefni í gas- eða gufufasa eru viðmiðunarmörkin gefin upp við 20 °C og 101,3 kPa.
(7) ppm: hlutar af milljón miðað við rúmmál í lofti (ml/m³).
(8) Við vöktun vegna váhrifa skal taka tillit til viðeigandi líffræðilegra vöktunargilda eins og vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla (SCOEL) leggur til.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/22 **2021/EES/7/53**

frá 31. október 2019

um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 að því er varðar vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum léttum atvinnuökutækjum sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 ([1]), einkum 8. mgr. 7. gr. og 8. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frá 1. september 2019 falla öll létt atvinnuökutæki undir nýja, lögboðna prófunaraðferð til að mæla koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, prófunaraðferðina fyrir létt ökutæki, sem er samræmd á heimsvísu (e. *Worldwide Harmonised Light Vehicles Test Procedure* (WLTP)), sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([2]) og kemur í stað nýju, evrópsku akturslotunnar (e. *New European Driving Cycle* (NEDC)) sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ([3]). Því hefur verið komið á fót nýrri aðferðafræði til að ákvarða koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun ökutækja í flokki N1, sem eru gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli, og er þessi aðferðafræði sett fram í I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 ([4]).

2) Í ljósi niðurfellingar reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 frá og með 1. janúar 2020 er nauðsynlegt að tryggja að sama aðferðafræðin sé sett fram í reglugerð (ESB) 2019/631.

3) Samkvæmt 2. lið í B-hluta III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2019/631 skal úthluta framleiðanda grunnökutækisins sértæka losun koltvísýrings fjölþrepa ökutækis. Til þess að gera framleiðanda grunnökutækisins kleift að skipuleggja með skilvirkum hætti og með nægilegri vissu uppfyllingu markmiða sinna um sértæka losun ætti að koma á aðferðafræði sem tryggir að sú koltvísýringslosun og sá massi fjölþrepa fullbúinna ökutækja, sem viðkomandi framleiðanda verður úthlutað, sé þekkt á þeim tíma sem framleiðsla og sala grunnökutækisins á sér stað, hvort sem það er fullbúið eða ófullbúið, og ekki aðeins á þeim tíma þegar framleiðandi lokaþreps setur fjölþrepa fullbúna ökutækið á markað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 8, 14.1.2020, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 13.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1).

4) Því er kveðið á um sérstaka aðferðafræði til að ákvarða koltvísýringslosun ófullbúins grunnökutækis þar sem ætti að nota brúunaraðferðina sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1151. Koltvísýringslosunin og massagildin sem þannig eru ákvörðuð ættu að vera eins dæmigerð og hægt er fyrir sértæka koltvísýringslosun og massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs sem verða ákvörðuð fyrir fjölþrepa fullbúna ökutækið. Til að tryggja samræmi ætti, við útreikning á markmiði framleiðanda grunnökutækisins um sértæka losun, þar af leiðandi að taka tillit til þeirra massagilda sem ákvörðuð eru samkvæmt þessari aðferðafræði.

5) Framleiðandi grunnökutækisins ætti að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þau ílagsgildi sem notuð eru fyrir brúunaraðferðina sem og um koltvísýringslosunina sem af hlýst og massa ófullbúinna grunnökutækja. Á sama tíma ættu aðildarríkin að halda áfram að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um sértæka losun koltvísýrings og massa fjölþrepa fullbúinna ökutækja sem eru tilbúin til aksturs.

6) Á grundvelli þessara gagna ætti framkvæmdastjórnin að meta að staðaldri hversu dæmigerð vöktunargildin fyrir koltvísýringslosun grunnökutækis eru og upplýsa framleiðendur um öll frávik sem greinast. Ef um er að ræða veruleg og viðvarandi frávik á milli meðalgilda vöktunar fyrir koltvísýringslosun grunnökutækja og sértækrar meðalkoltvísýringslosunar fjölþrepa fullbúinna ökutækja ætti að nota gildin fyrir fjölþrepa fullbúin ökutæki til að ákvarða hvort framleiðendur uppfylli markmið sín um sértæka losun.

7) Til að taka tillit til þess að reglugerð (ESB) nr. 510/2011 fellur úr gildi frá og með 1. janúar 2020 þykir rétt að tryggja að þessi reglugerð öðlist gildi eins nálægt þeirri dagsetningu og hægt er.

8) Því ætti að breyta I. og III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/631 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/631 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/631 er breytt sem hér segir:

1) Í stað skilgreiningarinnar á „$M_ø$“ í 4. lið í B-hluta I. viðauka kemur eftirfarandi:

„Mø er meðalmassi (M) nýrra, léttra atvinnuökutækja framleiðanda sem skráð eru á viðkomandi markári í kílóum (kg),

Þar sem:

— ef um er að ræða fullbúið ökutæki, M er massi viðkomandi ökutækis sem er tilbúið til aksturs

— ef um er að ræða fullbúið grunnökutæki, sem tengist fjölþrepa fullbúnu ökutæki, er M massi viðkomandi grunnökutækis sem er tilbúið til aksturs

— ef um er að ræða ófullbúið grunnökutæki, sem tengist fjölþrepa fullbúnu ökutæki, er M vöktunargildi fyrir massa (M_{mon}) þessa grunnökutækis, ákvarðað í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$M_{mon} = MRO_{base} \times B_0$$

Þar sem:

MRO_{base} er massi viðkomandi grunnökutækis sem er tilbúið til aksturs

B_0 er eins og skilgreint er í a-lið liðar 1.2.4 í A-hluta III. viðauka.“

2) Ákvæðum A-hluta III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 1.2 kemur eftirfarandi:

„1.2. Fjölþrepa fullbúin ökutæki sem eru skráð sem ökutæki í flokki N1

1.2.1. Skýrslugjöf aðildarríkjanna

Nota skal sniðið, sem sett er fram í 2. þætti C-hluta, fyrir skýrslugjöf gagna í tengslum við fjölþrepa fullbúin ökutæki í flokki N1.

Verksmiðjunúmer ökutækisins, sem um getur í o-lið liðar 1.1, skal ekki birt.

1.2.1.1. Fjölþrepa fullbúin ökutæki sem eru gerðarviðurkennd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 692/2008

Fyrir almanaksárið 2020 skulu aðildarríkin skrá eftirfarandi ítarleg gögn að því er varðar:

a) ófullbúið grunnökutæki: þau gögn sem tilgreind eru í a-, b-, c-, d-, e-, g-, h-, i-, n- og o-lið í lið 1.1, eða, í staðinn fyrir gögnin sem tilgreind eru í h- og i-lið, sjálfgefinn, viðbættan massa sem kveðið er á um sem hluta af upplýsingunum um gerðarviðurkenningu sem tilgreindar eru í lið 2.17.2 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,

b) fullbúið grunnökutæki: þau gögn sem tilgreind eru í a-, b-, c-, d-, e-, g-, h-, i-, n- og o-lið í lið 1.1,

c) fjölþrepa fullbúið ökutæki: þau gögn sem tilgreind eru í a-, f-, g-, h-, j-, k-, l-, m- og o-lið í lið 1.1.

Sé ekki hægt að leggja fram eitthvað af þeim gögnum um grunnökutækið, sem um getur í a- og b-lið í fyrsta undirlið, skulu aðildarríkin leggja fram gögn um fjölþrepa fullbúið ökutæki í staðinn.

1.2.1.2. Fjölþrepa fullbúin ökutæki í flokki N1 sem eru gerðarviðurkennd í samræmi við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151

Fyrir hvert nýtt fjölþrepa fullbúið ökutæki, sem skráð er 2020 og eftirfylgjandi almanaksár, skulu aðildarríkin að lágmarki tilkynna ítarlegu gögnin sem tilgreind eru í a-, f-, g-, h-, o-, p- og r-lið í lið 1.1.

1.2.2. Skýrslugjöf framleiðenda

Fyrir hvert nýtt fjölþrepa fullbúið ökutæki í flokki N1, sem er gerðarviðurkennt í samræmi við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151 og skráð árið 2020 og eftirfylgjandi almanaksár, skal framleiðandi viðkomandi grunnökutækis gefa framkvæmdastjórninni skýrslu með eftirfarandi gögnum að því er varðar grunnökutækið eigi síðar en 28. febrúar ár hvert, frá og með 2021:

a) ef fjölþrepa fullbúna ökutækið er byggt á ófullbúnu grunnökutæki:

i. verksmiðjunúmeri ökutækis,

ii. kennimerki ökutækjahóps eins og um getur í lið 5.0 í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151,

iii. vöktunargildi fyrir koltvísýringslosun, ákvarðað í samræmi við lið 1.2.4,

iv. framhlið, þar sem viðeigandi valkostur er tilgreindur eins og um getur í c-lið í lið 1.2.4,

v. snúningsmótstöðu, eins og um getur í b-lið í lið 1.2.4,

vi. vöktunargildi fyrir massa, ákvarðað í samræmi við lið 4.1 í B-hluta I. viðauka,

vii. massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs,

viii. massa, sem er dæmigerður fyrir hleðslu ökutækis, eins og skilgreint er í a-lið í lið 1.2.4,

b) ef fjölþrepa fullbúna ökutækið er byggt á fullbúnu grunnökutæki:

i. verksmiðjunúmeri ökutækis,

ii. kennimerki ökutækjahóps eins og um getur í ii. lið a-liðar í þessum lið,

iii. sértækri koltvísýringslosun fyrir grunnökutækið,

iv. massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs.

1.2.3. Útreikningur á sértækri meðalkoltvísýringslosun og markmiði um sértæka losun

Framkvæmdastjórnin skal nota gildin, sem framleiðandi grunnökutækis gefur upp í samræmi við lið 1.2.2, til að reikna út sértæka meðalkoltvísýringslosun og markmiðið um sértæka losun á almanaksárinu þegar viðkomandi fjölþrepa fullbúið ökutæki er skráð, nema þegar skilyrðin, sem um getur í lið 1.2.5, hafa verið uppfyllt en þá skal nota gögnin fyrir fjölþrepa fullbúin ökutæki.

Ef framleiðandi grunnökutækisins gefur ekki upp gögnin, sem um getur í lið 1.2.2, skal nota sértæku koltvísýringslosunina, sem aðildarríkin gefa upp í samræmi við lið 1.2.1 að því er varðar viðkomandi fjölþrepa fullbúið ökutæki, við útreikninginn á sértækri meðalkoltvísýringslosun og markmiði um sértæka losun fyrir viðkomandi framleiðanda.

1.2.4. Útreikningur á vöktunargildi fyrir koltvísýringslosun ef um er að ræða ófullbúin grunnökutæki

Framleiðandi skal, frá og með almanaksárinu 2020, reikna út vöktunargildi fyrir koltvísýringslosun fyrir hvert einstakt ófullbúið grunnökutæki í samræmi við brúunaraðferðina, sem um getur í lið 3.2.3.2 eða 3.2.4 í 7. undirviðauka við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, með því að nota sömu aðferðina og notuð er við EB-gerðarviðurkenninguna fyrir grunnökutækið að því er varðar losun þess, þar sem heitin skulu vera eins og skilgreint er í þeim liðum með eftirfarandi undantekningum:

a) Massi einstaks ökutækis

Í stað heitisins „TM_{ind}“, sem um getur í lið 3.2.3.2.2.1 eða 3.2.4.1.1.1 í 7. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, kemur sjálfgefinn massi grunnökutækisins, DM_{base}. Ef DM_{base} er lægri en prófunarmassi láglosandi ökutækis, TM_L, í brúunarhópnum, skal TM_L koma í stað TM_{ind}. Ef DM_{base} er hærri en prófunarmassi hálosandi ökutækis, TM_H, í brúunarhópnum, skal TM_H koma í stað TM_{ind}.

Ákvarða skal DM_{base} í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$DM_{base} = MRO_{base} \times B_0 + 25\ kg + M_{VL}$$

Þar sem:

MRO_{base}	er massi grunnökutækisins, sem er tilbúið til aksturs, eins og skilgreint er í lið 3.2.5 í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151
B_0	er massagildi yfirbyggingarinnar sem nemur 1375
M_{VL}	er sá massi sem er dæmigerður fyrir hleðslu ökutækisins, þ.e. 28% af hámarkshleðslu ökutækis, þar sem hámarkshleðsla ökutækis er skilgreind sem tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu að frádregnum massa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, margfaldað með B_0, að frádregnum 25 kg.

Gildið fyrir B_0 skal aðlagað, eigi síðar en 31. október 2021, á grundvelli massa ófullbúna grunnökutækisins, sem er tilbúið til aksturs, fyrir öll fjölþrepa fullbúin ökutæki, sem eru skráð á almanaksárunum 2018, 2019 og 2020, og reiknað út í samræmi við neðangreindar formúlur. Nýja gildið fyrir B_0 skal gilda frá og með 1. janúar 2022 til og með 31. desember 2024.

Formúla 1:

$$B_0 = \frac{\sum_{i=2018}^{2020} A_i n_i}{\sum_{i=2018}^{2020} n_i}$$

Þar sem:

A_i er gildið A_y eins og reiknað er út í formúlu 2 fyrir viðkomandi almanaksár

n_i er fjöldi ófullbúinna grunnökutækja sem tengjast fjölþrepa fullbúnum ökutækjum sem skráð eru á almanaksárinu

Formúla 2:

$$A_y = \frac{\sum_{i=1}^{n} M_{fi}}{\sum_{i=1}^{n} M_{bi}}$$

Þar sem:

A_y er meðaltalið af hlutfallinu á milli M_{fi} og M_{bi} fyrir hvert almanaksáranna frá 2018 til 2020

M_{fi} er massi ófullbúna grunnökutækisins, sem er tilbúið til aksturs, auk sjálfgefins, viðbætts massa, eins og skilgreint er í 5. lið XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008

M_{bi} er massi ófullbúna grunnökutækisins sem er tilbúið til aksturs

n er fjöldi ófullbúinna grunnökutækja sem tengjast fjölþrepa fullbúnum ökutækjum sem skráð eru á almanaksárinu.

b) Snúningsmótstaða einstaks ökutækis

Nota skal snúningsmótstöðu grunnökutækisins að því er varðar lið 3.2.3.2.2.2 eða 3.2.4.1.1.2 í 7. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151

c) Framhlið

Ef um er að ræða ófullbúið grunnökutæki, sem tilheyrir ökumótstöðufylkjahópi, skal framleiðandinn ákvarða heitið „A_f“, sem um getur í lið 3.2.3.2.2.3 í 7. undirviðauka við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, í samræmi við einn af eftirfarandi valkostum:

i. framhlið dæmigerðs ökutækis í ökumótstöðufylkjahópnum, í m^2

ii. meðalgildi framhliðar fyrir hálosandi ökutæki og láglosandi ökutæki í brúunarhópnum, í m^2

iii. framhlið hálosandi ökutækis í brúunarhópnum ef brúunaraðferðin er ekki notuð, í m^2.

Ef um er að ræða ófullbúið grunnökutæki, sem tilheyrir ekki ökumótstöðufylkjahópi, skal nota gildið fyrir framhlið hálosandi ökutækis í brúunarhópnum.

1.2.5. Mat á því hversu dæmigert vöktunargildið fyrir koltvísýringslosun er

Á hverju ári skal framkvæmdastjórnin meta að hvaða marki meðalgildi vöktunar fyrir koltvísýringslosun, sem framleiðandi grunnökutækisins gefur upp, er dæmigert, með tilliti til sértækrar meðalkoltvísýringslosunar fyrir viðkomandi fjölþrepa fullbúin ökutæki sem skráð eru á viðkomandi almanaksári. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa framleiðanda grunnökutækisins um frávikin sem greinast á milli þessara gilda.

Ef frávik upp á 4% eða meira greinast tvö almanaksár í röð skal framkvæmdastjórnin nota sértæka meðalkoltvísýringslosun fyrir fjölþrepa fullbúnu ökutækin á næsta almanaksári til að reikna út sértæka meðalkoltvísýringslosun fyrir framleiðanda grunnökutækisins eða samlagsins á því ári.“

b) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. lið, skulu fengnar úr samræmisvottorðinu sem framleiðandi viðkomandi, létts atvinnuökutækis gefur út eða vera í samræmi við það. Hvað varðar þær upplýsingar sem eru ekki aðgengilegar í samræmisvottorðinu skulu upplýsingarnar fengnar úr gerðarviðurkenningarskjölunum eða byggjast á þeim upplýsingum sem framleiðandi grunnökutækisins veitir samkvæmt lið 1.2.3. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja nægilega nákvæmni í verklagsreglunum um vöktun. Ef samræmisvottorðið inniheldur bæði hámarksmassa og lágmarksmassa fyrir létt atvinnuökutæki skal aðildarríkið aðeins notast við gildið fyrir hámarksmassa að því er þessa reglugerð varðar. Þegar um er að ræða tvíeldsneytisökutæki (bensín/gas), þar sem gildi fyrir sértæka losun koltvísýrings vegna beggja tegunda eldsneytis eru tilgreind í samræmisvottorðinu, skulu aðildarríki einungis nota það gildi sem mælist fyrir gas.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/516 **2021/EES/7/54**

frá 19. mars 2019

um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 (reglugerð um vergar þjóðartekjur) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vergar þjóðartekjur á markaðsvirði eru grundvöllur útreiknings á stærsta hluta eigin tekna í fjárlögum Sambandsins. Því er nauðsynlegt að styrkja frekar samanburðarhæfi, áreiðanleika og nákvæmni þeirrar samtölu.

2) Heilleiki hagskýrslna, sem felst í að virða meginreglurnar um evrópska hagskýrslugerð, sem nefndin um evrópska hagskýrslukerfið (ESSC) endurskoðaði og uppfærði 16. nóvember 2017, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([2]), er sérstaklega mikilvægur þegar hagskýrslur eru notaðar beint í þágu stjórnsýslu og við stefnumótun á vettvangi Sambandsins og á landsvísu.

3) Þessi hagskýrslugögn eru einnig mikilvægt greiningartæki fyrir samræmingu innlendrar efnahagsstefnu og fyrir fjölda málaflokka Sambandsins, svo og fyrir rannsóknarstarfsemi.

4) Í samræmi við 7. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðsins 2014/335/ESB, KBE ([3]), að því er varðar eigin tekjur, merkja vergar þjóðartekjur árlegar vergar þjóðartekjur á markaðsvirði samkvæmt aðferðafræðinni sem sett er fram í viðauka A við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 ([4]) sem kom á fót endurskoðaða evrópska þjóðhagsreikningakerfinu (ESA 2010). Ákvörðun ráðsins 2007/436/EB, KBE ([5]) var felld úr gildi í samræmi við 1. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2014/335/ESB, KBE, og með fyrirvara um 2. mgr. 10. gr. sömu ákvörðunar.

5) Mikilvægt er að gögn um vergar þjóðartekjur séu sambærileg í öllum aðildarríkjunum og að farið sé að viðeigandi skilgreiningum og reikningsskilareglum ESA 2010. Í því skyni skulu matsaðferðir og grunngögn, sem notuð eru í raun, gera kleift að nota skilgreiningar og bókhaldsreglur ESA 2010 á réttan hátt.

6) Mikilvægt er að heimildirnar og aðferðirnar, sem notaðar eru til að taka saman gögn um vergar þjóðartekjur, séu áreiðanlegar. Í þessu felst að nota verður traustar aðferðir, eftir því sem kostur er, og byggja á áreiðanlegum, viðeigandi og uppfærðum grundvallarhagskýrslum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 234/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 31. janúar 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 18. febrúar 2019.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

([3]) Ákvörðun ráðsins 2014/335/ESB, KBE frá 26. maí 2014 um skipulag á eigin tekjum Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 168, 7.6.2014, bls. 105).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu (Stjtíð. ESB. L 174, 26.6.2013, bls. 1).

([5]) Ákvörðun ráðsins 2007/436/EB, KBE frá 7. júní 2007 um skipulag á eigin tekjum Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB L 163, 23.6.2007, bls. 17).

7) Mikilvægt er að gögn um vergar þjóðartekjur séu tæmandi. Því ættu gögn þessi einnig að taka mið af óformlegri, óskráðri og annarri starfsemi og viðskiptum sem ekki eru tilgreind í hagskýrslukönnunum eða tilkynnt um til skattyfirvalda, félagsmálayfirvalda eða annarra yfirvalda. Með auknu umfangi vergra þjóðartekna er gengið út frá þróun viðeigandi hagskýrslugrunna og matsaðferða í því skyni að taka saman áreiðanlegar hagskýrslur og eftir atvikum til að gera nauðsynlegar breytingar og forðast eyður og tvítalningu.

8) Í reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 608/2014 ([6]) er kveðið á um eftirlit í aðildarríkjum til að sannreyna eigin tekjur. Í því skyni að sannreyna vergar þjóðartekjur ætti framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) að hafa rétt til að fara í upplýsingaheimsóknir til að sannreyna gæði samtalna vergra þjóðartekna og hluta þeirra og til að sannreyna reglufylgni við ESA 2010, ásamt því að tryggja að gögn um vergar þjóðartekjur séu samanburðarhæf, áreiðanleg og tæmandi. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti að virða reglur um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum. Þátttaka fulltrúa landsbundinna hagskýrsluyfirvalda í upplýsingaheimsóknum í tengslum við vergar þjóðartekjur til annarra aðildarríkja er mikilvæg í því skyni að auka gagnsæi og gæði sannreyningarferlisins fyrir vergar þjóðartekjur.

9) Framselja ætti vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar skrá fyrir þætti sem fjallað er um í hverri sannreyningarlotu til að tryggja áreiðanleika, nákvæmni og hæsta mögulega samanburðarhæfi gagna um vergar þjóðartekjur í samræmi við ESA 2010. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ([7]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.

10) Til að tryggja samræmd skilyrði til framkvæmdar þessarar reglugerðar með því að afhenda samtölur um vergar þjóðartekjur vegna eigin tekna ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að koma á fót skipulagi og nákvæmu fyrirkomulagi á skráarhaldi um tekjur og aðferðir sem notaðar eru til að taka saman gögn um vergar þjóðartekjur og hluta þeirra í samræmi við viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 549/2013 og einnig tímaáætlun fyrir uppfærslu og sendingu þeirra og sértækar ráðstafanir sem miða að því að bæta sambærileika, áreiðanleika og nákvæmni gagna aðildarríkja um vergar þjóðartekjur sem byggðar eru á skrá um atriði sem framkvæmdastjórnin skilgreinir. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([8]).

11) Nefnd um evrópska hagskýrslukerfið, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009 hefur, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, verið beðin um að láta í té faglega leiðsögn.

12) Nefndin um vergar þjóðartekjur, sem um getur í 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 ([9]), hefur gefið framkvæmdastjórninni álit, veitt henni ráðgjöf og aðstoðað hana við að beita framkvæmdarvaldi sínu. Samkvæmt áætlun um nýtt skipulag evrópska hagskýrslukerfisins til að bæta samræmingu og samstarf í gegnsærri pýramídauppbyggingu innan kerfisins, ætti nefndin um evrópska hagskýrslukerfið að vera í ráðgjafahlutverki og aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdarvaldi sínu. Þar af leiðandi ætti nefndin um evrópska hagskýrslukerfið að koma í stað nefndar um vergar þjóðartekjur til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdarvaldi sínu samkvæmt þessari reglugerð. Engu að síður, að því er varðar aðra starfsemi sem nefndin um vergar þjóðartekjur stundaði áður samkvæmt reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003 og tengdist ekki aðstoð við að beita framkvæmdarvaldi framkvæmdastjórnarinnar, ætti framkvæmdastjórnin að koma á fót formlegum sérfræðingahópi til að veita henni slíka aðstoð.

13) Með tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE ([10]) og reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003 var komið á fót málsmeðferð til að sannreyna og meta sambærileika, áreiðanleika og nákvæmni gagna um verga þjóðarframleiðslu (VÞF) og gagna um vergar þjóðartekur (VÞT) í nefnd um verga þjóðarframleiðslu og nefnd um vergar þjóðartekjur þar sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin starfa náið saman. Aðlaga ætti þá málsmeðferð þannig að tillit sé tekið til notkunar gagna um vergar þjóðartekjur samkvæmt ESA 2010 að því er varðar eigin tekjur, endurskoðaða tímaáætlun til að gera eigin tekjur

([6]) Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 608/2014 frá 26. maí 2014 um framkvæmdarráðstafanir um tekjuöflunarkerfi Sambandsins (Stjtíð. ESB L 168, 7.6.2014, bls. 29).

([7]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([9]) Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 frá 15. júlí 2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur) (Stjtíð. ESB L 181, 19.7.2003, bls. 1).

([10]) Tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði (Stjtíð. EB L 49, 21.2.1989, bls. 26).

aðgengilegar og nýlega þróun innan evrópska hagskýrslukerfisins. Því ætti að fella úr gildi tilskipun 89/130/EBE, KBE og reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

SKILGREINING OG ÚTREIKNINGUR Á VERGUM ÞJÓÐARTEKJUM Á MARKAÐSVIRÐI

1. gr.

1. Skilgreina skal vergar þjóðartekjur á markaðsvirði og verga landsframleiðslu á markaðsvirði í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið (ESA 2010) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 549/2013.

2. Verg landsframleiðsla stendur fyrir lokaniðurstöðu úr framleiðslustarfsemi innlendra framleiðslueininga í samræmi við lið 8.89 í viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 549/2013. Hana má skilgreina á þrjá vegu:

a) útreikningur á framleiðslu: Verg landsframleiðsla er samtala vergs vinnsluvirðis ýmissa haggeira eða atvinnugreina að viðbættum sköttum og að frádregnum vörutengdum styrkjum (sem ekki eru veittir til geira eða atvinnugreina). Hún er einnig stöðuliðurinn í framleiðslureikningi þjóðarbúskaparins í heild.

b) útreikningur á útgjöldum: Verg landsframleiðsla er samtala endanlegra nota innlendra stofnanaeininga á vöru og þjónustu (lokaneysla og verg fjárfesting) að viðbættum útflutningi og að frádregnum innflutningi á vörum og þjónustu.

c) útreikningur á tekjum: Verg landsframleiðsla er samtala notkunar reiknings yfir ráðstöfun vinnsluvirðis þjóðarbúskaparins í heild (laun og launatengd gjöld, skattar á framleiðslu og innflutning að frádregnum styrkjum, vergum rekstrarafgangi og einyrkjatekjum þjóðarbúskaparins í heild).

3. Í samræmi við lið 8.94 í viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 549/2013 merkja vergar þjóðartekjur heildarfrumtekjur sem innlendar stofnanaeiningar fá: laun og launatengd gjöld, skatta á framleiðslu og innflutning að frádregnum styrkjum, eignartekjur (fengnar að frádregnum greiddum), vergan rekstrarafgang og vergar einyrkjatekjur. Vergar þjóðartekjur jafngilda vergri landsframleiðslu að frádregnum frumtekjum sem innlendum stofnanaeiningum ber að greiða erlendum stofnanaeiningum að viðbættum frumtekjum sem innlendar stofnanaeiningar fá erlendis frá.

II. KAFLI

SENDING GAGNA YFIR VERGAR ÞJÓÐARTEKJUR OG FREKARI UPPLÝSINGA

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu reikna vergar þjóðartekjur eins og þær eru skilgreindar í 1. gr. í tengslum við samantekt þjóðhagsreikninga.

2. Aðildarríki skulu eigi síðar en 1. október ár hvert afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins), í tengslum við gerð þjóðhagsreikninga sinna, tölur yfir samtölu vergra þjóðartekna og hluta hennar í samræmi við skilgreiningarnar sem um getur í 1. gr. Setja skal fram niðurstöðutölur vergrar landsframleiðslu og hluta hennar í samræmi við aðferðirnar þrjár sem um getur í 2. mgr. 1. gr. Senda skal gögn yfir fyrra ár og um leið skal senda allar breytingar sem gerðar voru á gögnum fyrri ára.

3. Með sendingu gagna, sem um getur í 2. mgr., skal fylgja skýrsla um gæði gagna um vergar þjóðartekjur. Í þeirri skýrslu skal greina ítarlega frá aðferðafræðinni sem notuð er til að taka saman gögnin og einkum lýsa verulegum breytingum á heimildum og aðferðum sem notaðar eru og útskýra endurskoðanir sem gerðar voru á samtölum vergra þjóðartekna og hluta þeirra í samanburði við fyrri tímabil.

3. gr.

1. Aðildarríki skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skrá yfir heimildir og aðferðir sem notaðar eru til að taka saman samtölur vergra þjóðartekna og hluta þeirra í samræmi við ESA 2010.

2. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á fót skipulagi og ítarlegum ráðstöfunum er varða skrána sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 549/2013 og einnig tímaáætlun fyrir uppfærslu hennar og afhendingu. Þegar framkvæmdastjórnin beitir valdi sínu skal tryggja að slíkar framkvæmdargerðir leggi ekki á verulegan viðbótarkostnað sem leiði til óhóflegra og óréttmætra byrða á aðildarríkin. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar. Skráin skal vera í samræmi við ESA 2010 og ber að forðast tvítalningu og yfirálag.

3. Til að greiða fyrir sambærilegum greiningum á reglufylgni skal framkvæmdastjórnin setja saman skrárleiðbeiningar í nánu samstarfi við sérfræðingahópinn sem um getur í 4. gr.

III. KAFLI

AÐFERÐIR VIÐ ÚTREIKNINGA Á VERGUM ÞJÓÐARTEKJUM OG EFTIRLIT MEÐ ÞEIM

4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót formlegum sérfræðingahópi sem er settur saman af fulltrúum allra aðildarríkjanna og undir forystu fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar til að veita framkvæmdastjórninni ráð og til að láta í ljós skoðanir sínar varðandi samanburðarhæfi, áreiðanleika og nákvæmni útreikninga á vergum þjóðartekjum, til að rannsaka mál sem varða framkvæmd þessarar reglugerðar og til að gefa út árlegt álit á því hvort gögnin, sem aðildarríkin afhenda um vergar þjóðartekjur vegna eigin tekna, séu viðeigandi.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal sannreyna heimildirnar, notkun þeirra og aðferðir við skráninguna sem um getur í 1. mgr. 3. gr. Þar skal nota sannreyningarlíkan sem framkvæmdastjórnin hefur mótað í nánu samstarfi við sérfræðingahópinn sem um getur í 4. gr. Líkanið skal vera byggt á meginreglum jafningjarýni og kostnaðarhagkvæmni og skal taka tillit til framseldra gerða sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. þessarar greinar.

2. Vergar þjóðartekjur skulu vera áreiðanlegar, nákvæmar og sambærilegar.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 7. gr. til að bæta við ákvæðið sem mælt er fyrir um í fyrsta undirlið þessarar málsgreinar með því að skilgreina skrá yfir atriði sem á að fjalla um í hverri sannreyningarlotu til að tryggja áreiðanleika, nákvæmni og hæsta mögulega stig sambærileika gagna um vergar þjóðartekjur í samræmi við ESA 2010.

3. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á fót sértækum ráðstöfunum til að gera gögn um vergar þjóðartekjur sambærilegri, áreiðanlegri og nákvæmari, á grundvelli skrár yfir málefni sem framkvæmdastjórnin hefur skilgreint í framseldum gerðum sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. þessarar greinar. Slíkar framkvæmdargerðir skulu vera tilhlýðilega rökstuddar og í samræmi við ESA 2010. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

6. gr.

1. Án þess að hafa áhrif á eftirlitið, sem kveðið er á um í 2. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 608/2014, getur framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) farið í upplýsingaheimsóknir til aðildarríkjanna í tengslum við vergar þjóðartekjur, þegar það á við.

2. Tilgangur upplýsingaheimsóknanna, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal vera að sannreyna gæði samtalna vergra þjóðartekna og hluta þeirra og að sannreyna reglufylgni við ESA 2010. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar hún neytir réttar síns til að framkvæma slíkar upplýsingaheimsóknir, virða reglur um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum sem mælt er fyrir um í V. kafla reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

3. Við framkvæmd slíkra upplýsingaheimsókna í aðildarríkjum er framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) heimilt að fara fram á aðstoð sérfræðinga á sviði þjóðhagsreikninga sem starfa fyrir innlend hagskýrsluyfirvöld í öðrum aðildarríkjum og hún er hvött til að gera það.

Sérfræðingar á sviði þjóðhagsreikninga skulu vera færðir í skrá sem stofnað var til á grundvelli valfrjálsra tillagna sem innlend yfirvöld, sem bera ábyrgð á að taka saman þjóðhagsskýrslur, senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins). Þátttaka sérfræðinga á sviði þjóðhagsreikninga frá öðrum aðildarríkjum í þessum upplýsingaheimsóknum er valfrjáls.

7. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. 5. gr., í fimm ár frá 18. apríl 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlöng tímabil, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. 5. gr. Með ákvörðun um afturköllun er bundinn endi á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. öðrum undirlið 2. mgr. 5. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

8. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

9. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. janúar 2023, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar.

10. gr.

Tilskipun 89/130/EBE, KBE og reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003 eru felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skal lesa þær með hliðsjón af samsvörunartöflunum í viðauka.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	G. CIAMBA
forseti.	*forseti*

VIÐAUKI

Samsvörunartöflur

Tilskipun 89/130/EBE, KBE	Þessi reglugerð
1. gr.	1. og 3. mgr. 1. gr.
2. gr.	2. mgr. 1. gr.
3. gr.	1. og 2. mgr. 2. gr.
—	*4. gr.*
4. gr.	3. gr.
5. gr.	3. mgr. 2. gr.
—	*5. gr.*
—	*6. gr.*
—	*7. gr.*
6. gr.	8. gr.
7. gr.	—
8. gr.	—
9. gr.	—
10. gr.	9. gr.
—	*10. gr.*
11. gr.	—
—	*11. gr.*

Reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
—	*4. gr.*
4. gr.	8. gr.
1. mgr. 5. gr.	5. gr.
2. mgr. 5. gr.	—
3. mgr. 5. gr.	—
6. gr.	6. gr.
—	*7. gr.*
7. gr.	9. gr.
—	*10. gr.*
8. gr.	11. gr.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2251 **2021/EES/7/55**

frá 4. október 2016

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 15. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mótaðilum ber skylda til að verja sig gegn lánaáhættu vegna mótaðila í afleiðusamningum með því að taka tryggingarfé þegar miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað þá samninga. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um staðla um skipti á tryggingum sem eru tímanleg, nákvæm og aðgreind á viðeigandi hátt. Þessir staðlar ættu að gilda skyldubundið um trygginguna sem krafist er að mótaðilar taki eða leggi fram samkvæmt þessari reglugerð. Mótaðilar sem samþykkja að taka eða leggja fram tryggingu umfram kröfurnar í þessari reglugerð ættu þó að geta valið um hvort skipt sé á slíkri tryggingu eða ekki í samræmi við þessa staðla.

2) Mótaðilar sem falla undir kröfurnar í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ættu að taka tillit til mismunandi áhættusniða ófjárhagslegra mótaðila sem eru undir viðmiðunarmörkum stöðustofnunar sem um getur í 10. gr. þeirrar reglugerðar þegar þeir koma á verklagsreglum um áhættustýringu í tengslum við OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru við slíka aðila. Því er rétt að heimila mótaðilum að ákvarða hvort draga þurfi úr greiðslufallsáhættu mótaðila, sem stafar af þessum ófjárhagslegu mótaðilum og sem er undir þessum viðmiðunarmörkum stöðustofnunar, með skiptum á tryggingum. Að því gefnu að ófjárhagslegir mótaðilar með staðfestu í þriðja landi, sem myndu vera undir viðmiðunarmörkum stöðustofnunar væru þeir með staðfestu í Sambandinu, hafi sama áhættusnið og ófjárhagslegir mótaðilar undir viðmiðunarmörkum stöðustofnunar með staðfestu í Sambandinu, ætti að beita sömu nálgun á báðar tegundir aðila til að koma í veg fyrir eftirlitshögnun.

3) Nauðsynlegt er að verja mótaðila í OTC-afleiðusamningum sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt gegn áhættunni af hugsanlegum vanskilum hins mótaðilans. Þess vegna eru tvær gerðir tryggинga í formi tryggingarfjár nauðsynlegar til að stýra á tilhlýðilegan hátt áhættum sem þessir mótaðilar eru óvarðir fyrir. Fyrri gerðin er viðbótartrygging sem verndar mótaðila gegn áhættuskuldbindingum sem tengjast gildandi markaðsvirði á OTC-afleiðusamningum þeirra. Síðari gerðin er upphafstrygging sem verndar mótaðila gegn mögulegu tapi sem gæti stafað af hreyfingum á markaðsvirði afleiðustaðnanna sem eiga sér stað milli síðustu skipta á viðbótartryggingu áður en til vanskila mótaðila kemur og þess tíma þegar OTC-afleiðusamningunum er skipt út eða viðkomandi áhætta er áhættuvarin.

4) Þar sem miðlægir mótaðilar („CCP“) gætu haft starfsleyfi sem lánastofnun samkvæmt löggjöf Sambandsins er nauðsynlegt að undanskilja OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, sem miðlægir mótaðilar gera meðan á vanskilaferli stendur, frá kröfunum í þessari reglugerð, þar sem þeir samningar falla þegar undir ákvæðin í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 ([2]) og falla því ekki undir ákvæðin í þessari reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 340, 15.12.2016, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur fyrir miðlæga mótaðila (Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 41).

5) Að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt og fela í sér fyrirframgreiðslu aukagjalds til að ábyrgjast að staðið verði við samninginn, er mótaðilinn sem tekur við greiðslu aukagjaldsins („seljandi valréttar“) ekki útsettur fyrir yfirstandandi áhættu eða hugsanlegri framtíðaráhættu vegna mótaðilans. Einnig nægir greiðslan á þessu aukagjaldi nú þegar til að vega á móti daglegu mati á markaðsvirði slíkra samninga. Ef jöfnunarsafnið samanstendur af slíkum stöðuvalréttum ætti seljandi valréttar þess vegna að geta kosið að taka ekki upphafs- eða viðbótartryggingu fyrir þessar gerðir af OTC-afleiðum svo lengi sem seljandi valréttar er varinn fyrir hvers konar útlánaáhættu. Mótaðilinn sem greiðir aukagjaldið („kaupandi valréttar“) ætti samt að taka bæði upphafs- og viðbótartryggingu.

6) Þar sem ferlið við lausn deilumála í tvíhliða samningum milli mótaðila er gagnlegt til að draga úr lengd og tíðni deilumála ættu mótaðilar í fyrstu að taka a.m.k. þá fjárhæð sem er óumdeild, rísi ágreiningur um veðkallsfjárhæðina. Þetta mun draga úr áhættu sem orsakast af hinum umdeildu viðskiptum og tryggja að OTC-afleiðusamningar sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt séu veðtryggðir að því marki sem unnt er.

7) Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði þvert á lögsögur þegar mótaðili með staðfestu í Sambandinu gerir OTC-afleiðusamning sem ekki er stöðustofnaður miðlægt við mótaðila með staðfestu í þriðja landi ætti að skiptast á upphafs- og viðbótartryggingum í báðar áttir. Mótaðilar með staðfestu í Sambandinu sem eiga í viðskiptum við mótaðila með staðfestu í þriðju löndum ættu að falla áfram undir kvöð um að meta lagalegt fullnustuhæfi tvíhliða samninga og skilvirkni samninga um aðgreiningu.

8) Rétt þykir að leyfa mótaðilum að beita lágmarksfjárhæð til yfirfærslu þegar skipst er á tryggingum til að draga úr rekstrarlegu álagi við skipti á takmörkuðum upphæðum þegar áhættuskuldbindingar hreyfast aðeins lítillega. Þó ætti að tryggja að slík lágmarksfjárhæð til yfirfærslu sé notuð sem stjórntæki en ekki í þeim tilgangi að þjóna sem óveðtryggð lánalína milli mótaðila. Þess vegna ætti að setja fram hámarksgildi fyrir slíka lágmarksfjárhæð til yfirfærslu.

9) Af rekstrarlegum ástæðum gæti í sumum tilvikum átt betur við að vera með aðgreindar lágmarksfjárhæðir til yfirfærslu fyrir upphafs- og viðbótartrygginguna. Í þeim tilvikum ætti að vera mögulegt fyrir mótaðila að sammælast um aðgreindar lágmarksfjárhæðir til yfirfærslu fyrir viðbótar- og upphafstryggingu. Samtala aðgreindra lágmarksfjárhæða til yfirfærslufærslu ætti þó ekki að vera hærri en hámarksgildi lágmarksfjárhæðar til yfirfærslu. Af hagkvæmnisástæðum ætti að vera mögulegt að ákvarða lágmarksfjárhæð til yfirfærslu í þeim gjaldmiðli sem skipti á tryggingarfé fara venjulega fram í, sem þarf ekki að vera evra.

10) Í lögsögum sumra þriðju landa getur gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verið ákvarðað annað hvað varðar kröfur þeirra um skipti á tryggingum í tengslum við OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila. Ef þessi reglugerð gerði kröfu um að eingöngu OTC-afleiðusamningar sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt og falla undir reglugerð (ESB) nr. 648/2012 væru teknir með í útreikningum á tryggingarfé fyrir jöfnunarsöfn yfir landamæri, þyrftu mótaðilar í mismunandi lögsögum þess vegna hugsanlega að endurtaka nákvæmlega þá útreikninga sem krafist er, til að taka tillit til mismunandi skilgreininga eða mismunandi gildissviða afurða sem heyra undir viðkomandi kröfur um tryggingarþekju. Þetta gæti leitt til ósamræmis í útreikningum á tryggingarfé. Enn fremur myndi þetta líklega auka hættu á ágreiningi. Þess vegna myndi það greiða fyrir auðveldari töku tryggingarfjár ef heimiluð væri notkun á víðara mengi afurða í jöfnunarsafni yfir landamæri sem tæki til allra OTC-afleiðusamninga sem falla undir skipti á tryggingu í annarri hvorri lögsögunni. Þessi nálgun er í samræmi við það markmið reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um að draga úr kerfisáhættu, þar sem fleiri afurðir myndu falla undir kröfur um tryggingarþekju.

11) Kjósi mótaðilar að taka upphafstryggingu í reiðufé ætti hún ekki að falla undir neitt frádrag, að því tilskildu að gjaldmiðill tryggingarinnar sé sami gjaldmiðill og samningurinn er gerður í. Ef upphafstrygging er tekin í reiðufé í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðlinum sem samningurinn er gerður í, getur gjaldmiðlamisvægi á hinn bóginn valdið gjaldeyrisáhættu. Af þessum sökum ætti frádrag vegna gjaldmiðlamisvægis að gilda um upphafstryggingu sem er tekin í reiðufé í öðrum gjaldmiðli. Vegna viðbótartryggingar sem tekin er í reiðufé er frádrag ekki nauðsynlegt í samræmi við ramma Baselnefndarinnar um bankaeftirlit (BCBS) og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO), jafnvel þegar greiðslan fer fram í öðrum gjaldmiðli en samningsgjaldmiðlinum.

12) Þegar umfang krafna um upphafstryggingarþekju var ákvarðað tóku Baselnefndin um bankaeftirlit og stjórn Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði sérstaklega tillit til tveggja þátta, eins og fram kemur í ramma þeirra: „Kröfur um tryggingarþekju fyrir afleiður, sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt,“ frá mars 2015 („BCBS-IOSCO-ramminn“). Fyrri þátturinn lýtur að tiltækileika auðseljanlegra eigna af miklum útlánagæðum til að ná yfir kröfur um upphafstryggingarþekju. Hinn síðari er meðalhófsreglan, þar sem kröfur um upphafstryggingarþekju geta bitnað óhóflega á smærri fjárhagslegum og ófjárhagslegum mótaðilum. Til að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum ætti með þessari reglugerð að innleiða viðmiðunarmörk sem eru nákvæmlega hin sömu og í ramma Baselnefndarinnar um bankaeftirlit og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, en undir þeim viðmiðunarmörkum eru tveir mótaðilar ekki krafðir um skipti á upphafstryggingu. Þetta ætti að draga verulega úr kostnaði og rekstrarlegu álagi fyrir smærri þátttakendur og taka á vanda sem tengist aðgengi að auðseljanlegum eignum af miklum útlánagæðum án þess að grafa undan almennum markmiðum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

13) Þótt viðmiðunarmörkin ættu ávallt að vera reiknuð út á samstæðustigi ætti að meðhöndla fjárfestingarsjóði sem sérstakt tilvik, þar sem einn fjárfestingarstjóri getur stýrt þeim, og líta á þá sem eina samstæðu. Þegar sjóðirnir eru aðgreind eignasöfn og ekki veðtryggðir, með ábyrgð eða njóta stuðnings frá öðrum fjárfestingarsjóðum eða sjálfum fjárfestingastjóranum, er áhætta þeirra þó tiltölulega lítil í samanburði við aðra hluta samstæðunnar. Slíka fjárfestingarsjóði ætti þess vegna að meðhöndla sem aðgreindar einingar þegar viðmiðunarmörkin eru reiknuð út, í samræmi við ramma Baselnefndarinnar um bankaeftirlit og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði.

14) Að því er varðar upphafstryggingu eru kröfurnar í þessari reglugerð líklegar til að hafa veruleg áhrif á seljanleika á markaði þar sem ekki er hægt að innleysa veðsettar eignir eða endurnýta á annan hátt á gildistíma OTC-afleiðusamningsins, sem ekki er stöðustofnaður miðlægt. Þessar kröfur sýna verulega breytingu á markaðsvenju og hafa í för með sér ákveðnar áskoranir í tengslum við rekstur og framkvæmd sem þarf að takast á við þegar nýju kröfurnar taka gildi. Að teknu tilliti til þess að viðbótartryggingin nær nú þegar yfir framkomnar sveiflur í virði OTC-afleiðusamninga, sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, fram til þess tíma að vanskil eiga sér stað, telst hóflegt að nota viðmiðunarfjárhæð sem nemur 8 milljörðum evra í vergum grundvallarfjárhæðum af útistandandi samningum fyrir beitingu krafna um upphafstryggingarþekju. Þessi viðmiðunarmörk gilda á samstæðustigi eða, þegar mótaðilinn er ekki hluti af samstæðu, á einingastigi. Nota ætti samanlagða verga grundvallarfjárhæð útistandandi samninga sem fullnægjandi viðmiðun, þar eð hún er viðeigandi mælieining til að mæla stærð og flækjustig eignasafns OTC-afleiðusamninga, sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila. Þetta er einnig viðmið sem auðvelt er að vakta og gefa skýrslu um. Þessi viðmiðunarmörk eru einnig í samræmi við ramma Baselnefndarinnar um bankaeftirlit og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði fyrir OTC-afleiðusamninga, sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, og eru þess vegna í samræmi við alþjóðlega staðla.

15) Áhættuskuldbindingar, sem stafa annaðhvort af samningum eða mótaðilum sem eru varanlega eða tímabundið undanþegnir eða að hluta til undanþegnir tryggingarfé, ætti einnig að taka með í útreikning á samanlagðri vergri grundvallarfjárhæð. Ástæðan fyrir því er sú að tekið er tillit til allra samninga við ákvörðun um stærð og flækjustig eignasafns mótaðilans. Þess vegna ættu OTC-afleiðusamningar sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt og kunna að vera undanþegnir kröfunum í þessari reglugerð, einnig að skipta máli við ákvörðun á stærð, umfangi og flækjustigi eignasafns mótaðila og því ætti einnig að taka þá með við útreikning á viðmiðunarmörkunum.

16) Rétt þykir að kveða á um sérstakar verklagsreglur um áhættustýringu vegna tiltekinna tegunda OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt og sem sýna sérstök áhættusnið. Einkum ættu skipti á viðbótartryggingu án upphafstryggingar, í samræmi við ramma Baselnefndarinnar um bankaeftirlit og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, að vera talin viðeigandi skipti á tryggingu fyrir gjaldeyrissamninga sem hafa verið gerðir upp efnislega. Á sama hátt, þar sem hægt er að sundurliða vaxtaskiptasamninga milli gjaldmiðla í röð framvirkra gjaldeyrissamning ætti einungis vaxtaþátturinn að falla undir upphafstryggingu.

17) Taka ætti tillit til hindrana sem útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða tryggingasöfn standa frammi fyrir við að útvega tryggingu. Við sérstök skilyrði ættu útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða tryggingasöfn þess vegna ekki þurfa að leggja fram tryggingu. Þetta ætti að gefa útgefendum sértryggðra skuldabréfa eða tryggingasöfnum nokkuð svigrúm og

jafnframt tryggja að áhættan fyrir mótaðila þeirra sé takmörkuð. Útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða tryggingasöfn geta staðið frammi fyrir lagalegum hindrunum við að leggja fram og taka aðrar tryggingar en reiðufé fyrir upphafs- eða viðbótartryggingu eða leggja fram viðbótartryggingu í reiðufé, þar sem greiðsla viðbótartryggingar gæti verið álitin rétthærri krafa en kröfur eiganda skuldabréfsins, sem gæti haft í för með sér lagalegar skorður. Á sama hátt væri hægt að líta á þann möguleika að skipta út eða draga til baka upphafstryggingu sem rétthærri kröfu en kröfur eiganda skuldabréfsins, sem stæði þá frammi fyrir sömu tegund hindrana. Þó eru engar hindranir á því að útgefandi sértryggðs skuldabréfs eða tryggingasafn skili reiðufé sem áður var tekið sem viðbótartrygging. Því ætti að krefjast þess að mótaðilar útgefenda sértryggðra skuldabréfa eða tryggingasöfn leggi fram viðbótartryggingu í reiðufé og þeir ættu að hafa rétt á að fá hana til baka að hluta eða að öllu leyti, en útgefendur sértryggðu skuldabréfanna eða tryggingasöfn ættu eingöngu að þurfa að leggja fram viðbótartryggingu fyrir þeirri fjárhæð í reiðufé sem áður var móttekin.

18) Mótaðilar ættu ávallt að meta lagalegt fullnustuhæfi samninga sinna um greiðslujöfnun og aðgreiningu. Ef þetta mat reynist neikvætt að því er varðar lagaramma þriðja lands ættu mótaðilar að reiða sig á aðrar ráðstafanir en tvíhliða skipti á tryggingarfé. Til að tryggja samræmi við alþjóðlega staðla, til að koma í veg fyrir að mótaðilum í Sambandinu sé fyrirmunað að eiga í viðskiptum við mótaðila í þessum lögsögum og til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði mótaðila í Sambandinu, þykir rétt að setja fram lágmarksviðmiðunarmörk sem geri mótaðilum mögulegt að eiga viðskipti við mótaðila með staðfestu í þessum lögsögum án þess að skipta á upphafs- eða viðbótartryggingum. Eigi mótaðilar kost á því að taka tryggingarfé og geti tryggt að farið verði að ákvæðum þessarar reglugerðar í tengslum við töku tryggingar, andstætt framlagðri tryggingu, ætti ávallt að krefjast þess að mótaðilar í Sambandinu taki tryggingu. Áhættu sem leiðir af samningum við mótaðila með staðfestu í lögsögum þriðju landa, sem fellur ekki undir kröfu um skipti á tryggingu vegna lagalegra hindrana í þessum lögsögum, ætti að takmarka með því að setja hámark, þar sem eigið fé er ekki talið jafngilt skiptum á tryggingarfé í tengslum við áhættu sem stafar af OTC-afleiðusamningum sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, og mótaðilar sem falla undir kröfur um tryggingarþekju samkvæmt þessari reglugerð falla jafnframt ekki allir undir eiginfjárkröfur. Þetta hámark ætti að vera sett á þann hátt að einfalt sé að reikna það út og sannreyna. Til að komast hjá uppsöfnun kerfisáhættu og að slík sértæk meðferð skapi aðstæður til að sniðganga ákvæði þessarar reglugerðar ættu mörkin að vera fastsett með varfærnum hætti. Slík meðferð telst vera nægilega varfærin þar eð völ er á öðrum áhættuvörnum í stað tryggingarfjár.

19) Til að taka tillit til aðstæðna þar sem ekki er hægt að innleysa tryggingu strax eftir vanskil mótaðila er nauðsynlegt, við útreikning á upphafstryggingu, að taka mið af þeim tíma sem liðinn er frá síðustu skiptum á tryggingum sem ná yfir jöfnunarsafn samninga við mótaðila í vanskilum fram til þess að samningarnir eru gerðir upp og markaðsáhættan sem af því hlýst er enduráhættuvarin. Þetta tímabil er nefnt „áhættutímabil tryggingarfjár“ (e. *margin period of risk*) og er sama verkfæri og það sem notað er í 9. mgr. 272. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]), að því er varðar greiðslufallsáhættu mótaðila lánastofnana. Þar sem markmið reglugerðanna tveggja eru ólík og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 setur fram reglur vegna útreiknings á áhættutímabili tryggingarfjár eingöngu að því er varðar kröfurnar vegna eiginfjárgrunns ætti þessi reglugerð samt sem áður að innihalda sértækar reglur um áhættutímabil tryggingarfjár sem krafist er í tengslum við verklagsreglur um áhættustýringu í tengslum við OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt. Í áhættutímabili tryggingarfjár ætti að taka tillit til ferlanna sem krafist er í þessari reglugerð fyrir skipti á tryggingarfé.

20) Skipti á upphafs- og viðbótartryggingu ættu almennt að fara fram eigi síðar en við lok næsta virka dags eftir framkvæmd. Þó er leyfilegt að framlengja tímabilið fyrir skiptin á viðbótartryggingu ef það er bætt upp með fullnægjandi útreikningi á áhættutímabili tryggingarfjár. Að öðrum kosti, ef engar kröfur um upphafstryggingarþekju gilda, ætti að leyfa framlengingu ef viðeigandi fjárhæð viðbótartryggingar er tekin aukalega.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

21) Þegar upphafstryggingarlíkön eru þróuð og þegar viðeigandi áhættutímabil tryggingarfjár er reiknað út ættu mótaðilar að taka tillit til þess að þörf er á líkönum sem ná utan um seljanleika á markaðnum, fjölda þátttakenda á þeim markaði og fjölda viðkomandi OTC-afleiðusamninga. Á sama tíma er nauðsynlegt að þróa líkan sem báðir aðilar geta skilið, endurgert og treyst á til að leysa ágreining. Þess vegna ætti mótaðilum að vera heimilt að kvarða líkanið og reikna út áhættutímabil tryggingarfjár út frá markaðsaðstæðum eingöngu, án þess að þurfa aðlaga mat sitt að einkennum sérstakra mótaðila. Þetta felur því í sér að mótaðilar geta fallist á mismunandi líkön til að reikna út fjárhæðir upphafstryggingar sem þeir skipta á og að þessar upphafstryggingarfjárhæðir geti verið ósamhverfar.

22) Enda þótt þörf sé á að endurkvarða upphafstryggingarlíkan með reglulegu millibili gæti ný kvörðun leitt til óvæntra krafna um tryggingarþekju. Af þessum sökum ætti að koma á viðeigandi tímabili þar sem enn er hægt að skipta á tryggingarfé sem byggir á fyrri kvörðun. Þetta ætti að gefa mótaðilum nægan tíma til að hlíta veðköllum sem leiða af endurkvörðuninni.

23) Trygging ætti að vera talin framseljanleg að vild, komi til vanskila þess sem lagði fram trygginguna, ef engar reglutengdar eða lagalegar hindranir eða kröfur þriðja aðila eru til staðar, þ.m.t. vörsluaðilans sem er þriðji aðili. Tilteknar kröfur, svo sem kostnaður og útgjöld sem stofnað hefur verið til vegna framsals tryggingarinnar, í formi veðbanda sem reglulega eru lögð á allar verðbréfayfirfærslur, ættu ekki að teljast hindrun þar sem það mundi leiða til ástands þar sem hindrun væri ávallt tilgreinanleg.

24) Mótaðilinn sem tekur tryggingu ætti að búa yfir rekstrargetu til að innleysa trygginguna ef um er að ræða vanskil þess sem lagði trygginguna fram. Mótaðilinn sem tekur tryggingu ætti að geta notað innlausnarféð til að gera jafngildan samning við annan mótaðila eða áhættuverja áhættuna sem fylgir í kjölfarið. Aðgangur að markaðnum ætti þess vegna að vera forsenda fyrir aðilann sem tekur tryggingu til að gera honum kleift annaðhvort að selja trygginguna eða endurkaupa hana innan hæfilegs frests. Geta til þess ætti að vera óháð þeim sem leggur tryggingu fram.

25) Sú trygging sem er tekin verður að vera nægilega innleysanleg og af nægilegum útlánagæðum til að mótaðilinn sem tekur trygginguna geti innleyst stöðurnar án þess að verða fyrir tapi vegna umtalsverðra breytinga á virðinu fari svo að til vanskila hins mótaðilans komi. Útlánagæði tryggingarinnar ætti að meta á grundvelli viðurkenndrar aðferðafræði, svo sem mats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja. Til að draga úr áhættunni af því að treysta vélrænt á ytra mat, ætti samt sem áður að innleiða nokkrar viðbótarvarúðarráðstafanir. Þessar varúðarráðstafanir ættu að fela í sér möguleika á að nota viðurkennt líkan sem byggist á innra mati (e. *Internal Rating Based* („IRB“)) og möguleika á því að seinka útskiptum á tryggingu sem verður óhæf vegna lækkunar á lánshæfismati, í því augnamiði að draga á skilvirkan hátt úr hugsanlegum hengiflugsáhrifum (e. *cliff effects*) sem gætu komið upp vegna þess að óhóflega er treyst á lánshæfismöt þriðja aðila.

26) Enda þótt frádrag mildi áhættuna á að tryggingin sem tekin er nægi ekki til að mæta tryggingarfjárþörf þegar fjárhagserfiðleikar steðja að, er einnig þörf á öðrum áhættumildandi þáttum þegar tekið er við annarri tryggingu en reiðufé til að tryggja að hún sé innleysanleg á skilvirkan hátt. Einkum ættu mótaðilar að tryggja að tryggingin sem tekin er sé tiltölulega fjölþætt með tilliti til einstakra útgefanda, tegunda útgefanda og eignaflokka.

27) Innlausn tryggingar sem mótaðilar, sem eru ekki kerfislega mikilvægir, leggja fram hefur takmörkuð áhrif á á fjármálastöðugleika. Enn fremur gætu samþjöppunarmörk á upphafstryggingu verið íþyngjandi fyrir mótaðila með lítil OTC-afleiðueignasöfn þar sem þeir gætu aðeins verið með takmarkað úrval hæfra trygginga tiltækt til að leggja fram. Því ætti ekki að krefja mótaðila sem eru ekki kerfislega mikilvægir um að auka fjölbreytni veða, jafnvel þó að aukin fjölbreytni trygginga sé gild áhættumildun. Á hinn bóginn ættu kerfislega mikilvægar fjármálastofnanir og aðrir mótaðilar með stór OTC-afleiðueignasöfn sem stunda viðskipti hver við annan, að beita samþjöppunarmörkum a.m.k. á upphafstryggingu, þ.m.t. að því er tekur til hæfrar tryggingar sem samanstendur af ríkisskuldabréfum aðildarríkja. Þessir mótaðilar búa yfir nægilegri getu til þess annaðhvort að umbreyta tryggingu eða fá aðgang að mörgum mörkuðum og útgefendum til að auka nægilega fjölbreytni trygginga sem lagðar eru fram. Ákvæði 131. gr. tilskipunar Evrópuþingsins

og ráðsins 2013/36/ESB ([1]) kveður á um skilgreiningu á stofnunum sem kerfislega mikilvægum samkvæmt lögum Sambandsins. Í ljósi hins víða gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ætti þó að innleiða stærðartakmörkun svo að kröfurnar um samþjöppunarmörk gildi einnig um mótaðila sem hugsanlega falla ekki undir þær flokkanir á kerfislega mikilvægum stofnunum sem til staðar eru, en sem ættu engu að síður að falla undir samþjöppunarmörk vegna stærðar OTC-afleiðaeignasafna þeirra.

28) Lífeyriskerfi falla undir kröfur um tvíhliða veitingu tryggинga. Þó er mikilvægt að forðast að með þessum kröfum séu lagðar óhóflegar byrðar á vænta frammistöðu þessara kerfa og þar af leiðandi á eftirlaunatekjur lífeyrisþega í framtíðinni. Skuldir lífeyriskerfa við eftirlaunaþega eru gefnar upp í innlendum gjaldmiðli og þess vegna verða fjárfestingar þeirra að vera gefnar upp í sama gjaldmiðli til að forðast kostnað og áhættu af misvægi erlendra gjaldmiðla. Því er rétt að mæla fyrir um að samþjöppunarmörk gildi ekki um lífeyriskerfi á sama hátt og um aðra mótaðila. Þó er mikilvægt að fullnægjandi verklagsreglur um áhættustýringu séu til staðar til að hafa eftirlit með og bregðast við mögulegri samþjöppunaráhættu sem hlýst af því sérstaka fyrirkomulagi. Hafa ætti eftirlit með beitingu þessara ákvæða að því er varðar lífeyriskerfi og endurskoða í ljósi markaðsþróunar.

29) Viðurkenna ætti erfiðleika við að aðgreina reiðufjártryggingu með því að heimila mótaðilum að leggja fram takmarkaðan hluta upphafstryggingarfjárhæðar í formi reiðufjár og með því að heimila vörsluaðilum að endurfjárfesta þessa reiðufjártryggingu. Hins vegar er reiðufé sem haldið er af vörsluaðila skuld vörsluaðilans gagnvart mótaðila sem leggur fram tryggingu og veldur útlánaáhættu fyrir mótaðilann sem leggur fram tryggingu. Til að draga úr kerfisáhættu ætti notkun á reiðufé sem upphafstryggingu þess vegna að falla undir kröfur um aukna fjölbreytni, a.m.k. fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir. Krefja ætti kerfislega mikilvægar stofnanir um að takmarka annaðhvort upphafstryggingarfjárhæðina sem tekin er í reiðufé eða auka fjölbreytni áhættuskuldbindinga með því að nota fleiri en einn vörsluaðila.

30) Virði tryggingar ætti ekki að sýna verulega jákvæða fylgni við lánshæfi þess sem leggur fram tryggинguna eða virði undirliggjandi afleiðueignasafns, sem ekki er stöðustofnað miðlægt, þar sem það mundi grafa undan skilvirkni verndarinnar sem tryggingin sem tekin er veitir. Til samræmis við það ættu verðbréf sem sá sem leggur fram tryggingu gefur út eða aðilar tengdir honum ekki að vera samþykkt sem trygging. Einnig ætti að skylda mótaðila til að fylgjast með að tryggingin sem tekin er sé ekki háð annars konar óhagstæðri fylgniáhættu.

31) Mótaðili sem er ekki í vanskilum ætti að geta innleyst eignir, sem teknar eru sem upphafs- eða viðbótartrygging, með nægilega stuttum fyrirvara til að geta varið sig gegn tapi af OTC-afleiðusamningum, sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, komi til vanskila mótaðila. Þessar eignir ættu því að vera auðseljanlegar og ættu ekki að vera óvarðar fyrir óhóflegri útlána-, markaðs- eða gjaldeyrisáhættu. Að því marki sem virði tryggingar er óvarið fyrir þessum áhættum ætti að beita viðeigandi áhættunæmu frádragi.

32) Til að tryggja tímanlegt framsal tryggingar ættu mótaðilar að búa yfir skilvirkum ferlum. Þetta krefst þess að ferlarnir fyrir tvíhliða skipti á tryggingu séu nægilega nákvæmir, gagnsæir og traustir. Takist mótaðilum ekki að koma sér saman um rekstrarramma fyrir skilvirkan útreikning, tilkynningu og lúkningu veðkalla getur það leitt til ágreinings og að ekki takist að skipta á veði sem veldur því að áhættuskuldbindingar verða óveðtryggðar samkvæmt OTC-afleiðusamningum. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að mótaðilar setji skýrar innri reglur og staðla að því er varðar framsal tryggingar. Sérhvert frávik frá þessum reglum ætti að vera nákvæmlega endurskoðað af öllum viðeigandi innri hagsmunaaðilum sem verða að veita heimild fyrir þeim frávikum. Enn fremur ættu allir viðeigandi skilmálar að því er varðar rekstrarleg skipti á tryggingu að vera rétt og nákvæmlega skráðir á traustan, skjótan og kerfisbundinn hátt.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

33) Gera ætti samning um skipti á tryggingum milli mótaðila sem stofna til OTC-afleiðusamninga, sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, til að skapa réttarvissu. Þar af leiðandi ætti tryggingaskiptasamningurinn að taka til allra mikilvægra réttinda og skuldbindinga mótaðilanna sem gilda um OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt.

34) Trygging verndar mótaðilann sem tekur tryggingu, komi til vanskila mótaðila sem leggur fram tryggingu. Báðir mótaðilar eru þó einnig ábyrgir fyrir því að tryggja að fyrirkomulag tryggingar sem er tekin er varðveitt auki ekki hættu á tapi, umfram þá tryggingu sem lögð er fram, fyrir mótaðila sem leggur fram tryggingu, komi til vanskila mótaðila sem tekur trygginguna. Af þessum sökum ætti tvíhliða samningur milli mótaðila að gera báðum mótaðilum kleift að fá tímanlega aðgang að tryggingu þegar þeir eiga rétt á því og þess vegna er þörf á reglum um aðgreiningu og reglum sem kveða á um mat á skilvirkni samnings hvað þetta varðar, að teknu tilliti til lagalegra hamla og markaðsvenja í hverri lögsögu

35) Endurveðsetning eða endurnotkun tryggingar sem er tekin sem upphafstrygging myndi skapa nýjar áhættur fyrir mótaðila vegna krafna þriðju aðila á eignir, komi til vanskila. Lagaleg og rekstrarleg vandkvæði gætu seinkað skilum á tryggingu komi til vanskila þess aðila sem upphaflega tók trygginguna eða þriðja aðila, eða jafnvel gert þau ómöguleg. Til að viðhalda skilvirkni rammans og tryggja viðhlítandi mildun útlánaáhættu mótaðila ætti þess vegna ekki að heimila endurveðsetningu, endurtryggingu eða endurnotkun á tryggingu sem tekin er sem upphafstrygging.

36) Í ljósi þess hve erfitt er aðgreina reiðufé og viðtekinna starfsvenja við skipti á reiðufjártryggingum í tilteknum lögsögum og þess að þurfa að treysta á reiðufé í stað verðbréfa við tilteknar aðstæður þar sem rekstrarlegar hömlur hindra framsal verðbréfa, ætti reiðufjártrygging sem tekin er sem upphafstrygging ætíð að vera í vörslu seðlabanka eða lánastofnunar þriðja aðila, þar sem það tryggir aðgreiningu frá báðum mótaðilum að samningnum. Til að tryggja slíka aðgreiningu ætti lánastofnun þriðja aðila ekki að tilheyra sömu samstæðu og einhver mótaðilanna.

37) Þegar mótaðili tilkynnir viðkomandi lögbæru yfirvaldi um ætlun sína að nýta undanþáguna um viðskipti innan samstæðu ætti mótaðilinn, til að lögbæra yfirvaldið geti ákveðið hvort skilyrðin fyrir undanþágunni séu uppfyllt, að veita lögbæra yfirvaldinu fullgerða skýrslu, ásamt öllum viðeigandi upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að það geti lokið mati sínu.

38) Til að samstæða sé talin vera með fullnægjandi, traustar og áreiðanlegar verklagsreglur um áhættustýringu verður að uppfylla nokkur skilyrði. Samstæðan ætti að tryggja reglulegt eftirlit með áhættu innan samstæðu og ábyrgjast tímanlegt uppgjör skuldbindinga sem leiða af OTC-afleiðusamninga innan samstæðu á grundvelli eftirlits- og seljanleikaverkfæra á samstæðustigi, sem eru í samræmi við flækjustig viðskipta innan samstæðu.

39) Til að geta nýtt undanþágu fyrir viðskipti innan samstæðu verður að vera tryggt að engin laga- og stjórnsýslufyrirmæli eða önnur ófrávíkjanleg ákvæði gildandi laga geti löglega komið í veg fyrir að mótaðilarnir innan samstæðu uppfylli skuldbindingar sínar um að yfirfæra reiðufé eða að endurgreiða skuldir eða verðbréf samkvæmt skilmálum um viðskipti innan samstæðu. Á sama hátt ættu ekki að vera til staðar neinar starfs- eða viðskiptavenjur mótaðila innan samstæðu eða samstæðunnar sem leitt gætu til þess að fjármagn væri ekki tiltækt til að mæta greiðsluskuldbindingum er þær koma til greiðslu frá degi til dags, eða til þess að tafarlaus rafræn yfirfærsla fjármagns væri ekki möguleg.

40) Í þessari reglugerð er að finna nokkrar ítarlegar kröfur sem uppfylla þarf til að samstæða geti fengið undanþágu frá því að leggja fram tryggingarfé vegna viðskipta innan samstæðu. Ef annar tveggja mótaðila samstæðu er með lögheimili í þriðja landi þar sem enn liggur ekki fyrir ákvörðun á jafngildi, í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, verður samstæðan, til viðbótar við þessar kröfur, að skipta á viðbótartryggingum og viðeigandi aðgreindum upphafstryggingum og öllum viðskiptum innan samstæðu við dótturfélög í þessum þriðju löndum. Til að komast hjá óhóflegri beitingu krafna um tryggingarþekju og að teknu tilliti til svipaðra krafna fyrir stöðustofnunarskyldur ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um frestun framkvæmdar á þeirri tilteknu kröfu. Með því

gæfist nægur tími til að ljúka ferlinu við að koma fram með ákvörðun á jafngildi án þess að það hafi nauðsynlega í för með sér óskilvirka ráðstöfun fjármagns til samstæðna með dótturfélög sem hafa lögheimili í þriðju löndum.

41) Með tilliti til meðalhófsreglunnar ætti að gefa mótaðilum sem eru með smærri eignasöfn og þess vegna almennt minni rekstur meiri tíma til að aðlaga innri kerfi sín og ferla til að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar. Til að ná réttu jafnvægi milli mildunar áhættu sem orsakast af OTC-afleiðum sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt og hlutfallslegrar beitingar á þessari reglugerð, sem og til að ná alþjóðlegri samkvæmni og lágmarka möguleika á eftirlitshögnun í því augnamiði að komast hjá markaðsröskun, er nauðsynlegt að kröfurnar séu innleiddar í áföngum. Innleiðingartímabilið fyrir kröfurnar sem eru innleiddar með þessari reglugerð tekur mið af áætluninni sem samþykkt var í ramma Baselnefndarinnar um bankaeftirlit og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, sem komið var á með tilvísun í rannsókn á megindlegum áhrifum sem náði til lánastofnana í Sambandinu.

42) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (*) er tilgreind skilgreiningin á raunuppgjöri framvirkra gjaldeyrissamninga innan Sambandsins. Sú skilgreining á þó ekki við á þessum tímapunkti og þessar afurðir eru skilgreindar með ólíkum hætti í Sambandinu. Til að komast hjá því að skapa ójöfn samkeppnisskilyrði innan Sambandsins er því nauðsynlegt að beiting tilsvarandi aðferða til að draga úr áhættu miðist við daginn þegar viðkomandi framseld gerð kemur til framkvæmda. Einnig er sett fram tiltekin dagsetning þegar viðkomandi kröfur ættu, hvað sem öðru líður, að öðlast gildi, til komast hjá óhóflegri töf á innleiðingu aðferða til að draga úr áhættu.

43) Til að komast hjá uppskiptingu markaðar og tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á alþjóðavettvangi fyrir mótaðila með staðfestu í Sambandinu, og með skilning á því að í sumum lögsögum falla skipti á viðbótar- og upphafstryggingu fyrir einstaka hlutabréfavalrétti og vísitölubundna hlutabréfavalrétti ekki undir jafngildar kröfur um tryggingarþekju ætti meðhöndlunin á þessum afurðum að vera áfangaskipt. Með þessu áfangaskipta tímabili gefst tími til að vakta þróun á sviði reglusetningar í öðrum lögsögum og tryggja að viðeigandi kröfur séu til staðar í Sambandinu til að milda útlánaáhættu mótaðila að því er varðar slíka samninga, á sama tíma og komið er í veg fyrir eftirlitshögnun.

44) Í þágu réttarvissu og til að komast hjá mögulegri truflun á fjármálamörkuðum þykir rétt að skýra meðferð núverandi samninga.

45) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

46) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]), áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum og hagsmunahóps í starfstengdum lífeyri sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([2]), og hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]).

47) Í samræmi við ferlið sem sett er fram í fimmtu, sjöttu og sjöundu undirgrein 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, fimmtu, sjöttu og sjöundu undirgrein 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 og fimmtu, sjöttu

(*) C(2016) 2398 lokaútgáfa.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

og sjöundu undirgrein 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010, tekur þessi reglugerð upp breytingar á drögunum að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin lögðu fram að nýju sem formlegt álit til framkvæmdastjórnarinnar, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar að breytingum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI UM VERKLAGSREGLUR UM ÁHÆTTUSTÝRINGU

1. ÞÁTTUR

Skilgreiningar og almennar kröfur

1. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „upphafstrygging“ (e. *initial margin*): trygging sem mótaðili tekur vegna núverandi áhættu og mögulegrar framtíðaráhættu sinnar á tímabili milli síðustu tryggingatöku og innlausnar á stöðum eða markaðsáhættuvarnar eftir vanskil hins mótaðilans,

2) „viðbótartrygging“ (e. *variation margin*): trygging sem mótaðili tekur til að endurspegla niðurstöðu daglegs mats á markaðsvirði (e. *marking-to-market*) eða útreiknuðu virði (e. *marking-to-model*) útistandandi samninga sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

3) jöfnunarsafn“ (e. *netting set*): safn afleiðusamninga utan skipulegra verðbréfamarkaða („OTC“), sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, milli tveggja mótaðila sem fellur undir tvíhliða jöfnunarsamning sem er lagalega framfylgjanlegur.

2. gr.

Almennar kröfur

1. Mótaðilar skulu koma á, beita og skjalfesta verklagsreglur um áhættustýringu um skipti á tryggingum vegna OTC-afleiðusamninga, sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt.

2. Verklagsreglurnar um áhættustýringu sem um getur í 1. mgr. skulu fela í sér ákvæði sem kveða á um eða tilgreina:

a) hæfi trygginga vegna OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, í samræmi við 2. þátt,

b) útreikning og töku trygginga vegna OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, í samræmi við 3. þátt,

c) stýringu og aðgreiningu trygginga vegna OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, í samræmi við 5. þátt,

d) útreikning á leiðréttu virði tryggingar í samræmi við 6. þátt,

e) upplýsingaskipti milli mótaðila og heimilun og skráningu á öllum undanþágum frá verklagsreglunum um áhættustýringu sem um getur í 1. mgr.,

f) upplýsingagjöf um undanþágur sem um getur í II. kafla til yfirstjórnar,

g) skilmála allra nauðsynlegra samninga sem mótaðilar skulu gera, eigi síðar en þegar OTC-afleiðusamningur sem ekki er stöðustofnaður miðlægt er gerður, þ.m.t. skilmála jöfnunarsamnings og skilmála samninga um skipti á tryggingum í samræmi við 3. gr.,

h) reglubundna sannprófun á innleysanleika þeirra trygginga sem skipst er á,

i) tímanlega endurheimt tryggingar af hálfu mótaðila sem leggur hana fram frá mótaðila sem tekur hana, komi til vanskila, og

j) reglulegt eftirlit með áhættu sem leiðir af OTC-afleiðusamningum sem eru viðskipti innan samstæðu og tímanlegt uppgjör skuldbindinga sem leiða af þeim samningum.

Að því er varðar g-lið fyrstu undirgreinar skulu skilmálar samninga taka til allra þátta er varða þær skuldbindingar sem leiða af hverjum OTC-afleiðusamningi sem ekki er stöðustofnaður miðlægt og gera skal, og a.m.k. eftirfarandi:

a) allra greiðsluskuldbindinga sem stofnast milli mótaðila,

b) skilyrða fyrir jöfnun greiðsluskuldbindinga,

c) vanefndartilvika eða annarra uppsagnaratburða að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt,

d) allra reikningsaðferða sem notaðar eru í tengslum við greiðsluskuldbindingar,

e) skilyrða fyrir jöfnun greiðsluskuldbindinga við samningslok,

f) framsals réttinda og skyldna við samningslok,

g) gildandi laga um viðskipti með OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt.

3. Geri mótaðilar jöfnunar- eða tryggingaskiptasamning skulu þeir láta gera óháð lögfræðilegt mat á fullnustuhæfi þeirra samninga. Heimilt er að óháð innri eining eða óháður þriðji aðili framkvæmi það mat.

Líta skal svo á að kröfunni um að gera matið sem um getur í fyrstu undirgrein sé fullnægt í tengslum við jöfnunarsamning ef hann er viðurkenndur í samræmi við 296. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. Mótaðilar skulu setja reglur um að meta á viðvarandi grundvelli fullnustuhæfis jöfnunar- og tryggingaskiptasamninga sem þeir gera.

5. Verklagsreglurnar um áhættustýringu sem um getur í 1. mgr. skal prófaðar, endurskoðaðar og uppfærðar eftir því sem nauðsynlegt er og a.m.k. árlega.

6. Að fenginni beiðni þar um skulu mótaðilar sem nota upphafstryggingarlíkön í samræmi við 4. þátt ávallt afhenda lögbærum yfirvöldum öll skjöl er varða verklagsreglurnar um áhættustýringu sem um getur í b-lið 2. mgr.

3. gr.

Tryggingaskiptasamningur

Tryggingaskiptasamningur eins og um getur í g-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 2. gr. skal hafa geyma a.m.k. eftirfarandi skilmála:

a) um virði og tegund tryggingar sem krafist er,

b) um fyrirkomulag aðgreiningar,

c) um jöfnunarsafnið sem tryggingaskiptin varða,

d) um ferli tilkynninga um, staðfestingar á og afstillingar veðkalla,

e) um ferli uppgjörs veðkalla fyrir hverja tegund hæfrar tryggingar,

f) um ferli, aðferðir, tímaramma og verkaskiptingu við útreikning tryggingarfjár og verðmat trygginga,

g) um atburði sem teljast vanefndartilvik eða uppsagnaratburðir,

h) lög sem gilda um OTC-afleiðusamning sem ekki er stöðustofnaður miðlægt,

i) lög sem gilda um tryggingaskiptasamning.

2. ÞÁTTUR

Hæfi

4. gr.

Hæf trygging

1. Mótaðili skal eingöngu taka tryggingar úr eftirfarandi eignaflokkum:

a) reiðufé í formi peninga sem eru lagðir inn á reikning í hvaða gjaldmiðli sem er, eða svipaðar kröfur um endurgreiðslu peninga, s.s. peningamarkaðsinnlán,

b) gull í formi hreinna gullstanga samkvæmt viðurkenndum kröfum (e. *good delivery*),

c) skuldabréf sem ríkissjóðir eða seðlabankar aðildarríkja gefa út,

d) skuldabréf sem héraðs- eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum gefa út ef áhættuskuldbindingar vegna þeirra eru meðhöndlaðar sem áhættuskuldbindingar vegna ríkis fyrir það aðildarríki í samræmi við 2. mgr. 115. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

e) skuldabréf sem opinberir aðilar í aðildarríkjum gefa út ef áhætta vegna þeirra er meðhöndluð sem áhætta gagnvart ríki, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi í því aðildarríki í samræmi við 4. mgr. 116. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

f) skuldabréf sem héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum gefa út, önnur en þau sem um getur í d-lið,

g) skuldabréf sem opinberir aðilar í aðildarríkjum gefa út, önnur en þau sem um getur í e-lið,

h) skuldabréf sem fjölþjóðlegir þróunarbankar sem eru taldir upp í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gefa út,

i) skuldabréf sem alþjóðastofnanir sem eru taldar upp í 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gefa út,

j) skuldabréf sem ríkissjóðir eða seðlabankar þriðju landa gefa út,

k) skuldabréf sem héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í þriðju löndum sem uppfylla kröfur d- og e-liðar gefa út,

l) skuldabréf sem héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í þriðju löndum gefa út, önnur en þau sem um getur í d- og e-lið,

m) skuldabréf sem lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki gefa út, þ.m.t. skuldabréf sem um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([1]),

n) fyrirtækjaskuldabréfa,

o) efsta áhættulag (e. *senior tranche*) verðbréfunar eins og hún er skilgreind í 61. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem er ekki endurverðbréfun eins og hún er skilgreind í 63. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar,

p) breytanleg skuldabréf, að því tilskildu að eingöngu sé unnt að breyta þeim í hlutabréf sem eru í vísitölu sem er tilgreind skv. a-lið 8. mgr. 197. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

q) hlutabréf sem eru í vísitölu sem er tilgreind skv. a-lið 8. mgr. 197. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

r) hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (UCITS), að því tilskildu að skilyrði 5. gr. séu uppfyllt.

2. Mótaðili skal því aðeins taka tryggingu úr þeim eignaflokkum sem um getur í f-, g- og k- til r-lið 1. mgr. að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) mótaðilinn sem leggur fram tryggingu gefi eignirnar ekki út,

b) aðilar sem eru hluti þeirrar samstæðu sem mótaðilinn sem leggur fram tryggingu tilheyrir gefi eignirnar ekki út,

c) eignirnar séu ekki á annan hátt háðar verulegri fylgniáhættu (e. *wrong-way risk*) eins og hún er skilgreind í a- og b-lið 1. mgr. 291. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

5. gr.

Hæfisviðmið um hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum

1. Að því er varðar r-lið 1. mgr. 4. gr. er mótaðila því aðeins heimilt að nota hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (UCITS) sem hæfar tryggingar að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) hlutdeildarskírteinin hafi opinbert verð sem er gefið upp daglega,

b) fjárfestingar verðbréfasjóðanna séu takmarkaðar við fjárfestingar í eignum sem eru hæfar í samræmi við 1. mgr. 4. gr.,

c) verðbréfasjóðirnir uppfylli þau viðmið sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 132. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Að því er varðar b-lið er verðbréfasjóðum heimilt að nota afleiðugerninga til að verjast áhættu sem stafar af eignum sem þeir fjárfesta í.

Fjárfesti verðbréfasjóður í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða skulu þau skilyrði sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein einnig gilda um þá verðbréfasjóði.

2. Fjárfesti verðbréfasjóður eða einhverjir undirliggjandi verðbréfasjóða hans ekki aðeins í eignum sem eru hæfar í samræmi við 1. mgr. 4. gr. er eingöngu heimilt, þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr., að nota það virði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins sem grundvallast á fjárfestingu í veðhæfum eignum sem hæfa tryggingu skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Fyrsta undirgrein skal gilda um alla undirliggjandi verðbréfasjóði verðbréfasjóðs með eigin undirliggjandi verðbréfasjóði.

3. Geti óveðhæfar eignir verðbréfasjóðs haft neikvætt virði skal ákvarða virði hlutdeildarskírteinis verðbréfasjóðsins sem nota má sem hæfa tryggingu skv. 1. mgr. með því að draga hámark neikvæðs virðis hinna óveðhæfu eigna frá virði veðhæfra eigna.

6. gr.

Lánshæfismat

1. Mótaðilinn sem tekur trygginguna skal meta lánshæfi eigna í þeim eignaflokkum sem um getur í c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. og eru annaðhvort ekki í heimagjaldmiðli útgefandans eða ekki fjármagnaðar í honum og sem um getur í f-, g-, j- til n- og p-lið 1. mgr. 4. gr. með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) innra mati, sem um getur í 3. mgr., mótaðilans sem tekur tryggingu,

b) innra mati, sem um getur í 3. mgr., mótaðilans sem leggur fram tryggginguna ef hann hefur staðfestu í Sambandinu eða í þriðja landi þar sem hann lýtur samstæðueftirliti sem metið er jafngilt því sem lýtur lögum Sambandsins í samræmi við 127. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

c) lánshæfismati sem viðurkennt, utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki (ECAI), eins og það er skilgreint í 98. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gefur út eða lánshæfismati útflutningslánastofnunar eins og um getur í 137. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Mótaðilinn sem tekur tryggginguna skal meta lánshæfi eigna í eignaflokknum sem um getur í o-lið 1. mgr. 4. gr. með þeirri aðferð sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar.

3. Mótaðila sem hefur heimild til að nota innramatsaðferð (e. *internal-rating based approach*, IRB) skv. 143. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er heimilt að nota innra mat sitt til að meta lánshæfi tryggingar sem er tekin að því er varðar þessa reglugerð.

4. Mótaðili sem notar innramatsaðferð í samræmi við 3. mgr., skal ákvarða lánshæfisþrep tryggingarinnar í samræmi við I. viðauka.

5. Mótaðili sem notar innramatsaðferð í samræmi við 3. mgr. skal tilkynna hinum mótaðilanum um lánshæfisþrepið, sbr. 4. mgr., sem tengt er þeim eignum sem skipst er á sem tryggingu.

6. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skal flokka lánshæfismat niður í lánshæfisþrep sem tilgreind eru skv. 136. eða 270. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

7. gr.

Sérstakar kröfur um veðhæfar eignir

1. Mótaðilar skulu því aðeins nota þær eignir sem um getur í f-, g- og j- til p-lið 1. mgr. 4. gr. sem tryggingu að lánshæfi þeirra hafi verið flokkað í lánshæfisþrep 1, 2 eða 3 í samræmi við 6. gr.

2. Mótaðilar skulu því aðeins nota eignir sem um getur í c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. og eru ekki í heimagjaldmiðli útgefandans eða fjármagnaðar í þeim gjaldmiðli sem tryggingu að lánshæfi þeirra hafi verið flokkað í lánshæfisþrep 1, 2, 3 eða 4 í samræmi við 6. gr.

3. Mótaðilar skulu setja verklagsreglur um meðhöndlun eigna sem skipst er á sem tryggingu í samræmi við 1. og 2. mgr. ef lánshæfi eignanna eru síðar flokkað í:

a) þrep 4 eða hærra þrep og um er að ræða eignir sem um getur í 1. mgr.,

b) hærra þrep en þrep 4 og um er að ræða eignir sem um getur í 2. mgr.

4. Verklagsreglurnar sem um getur í 3. mgr. skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) þær skulu banna að mótaðilar skiptist á viðbótareignum sem eru metnar með það lánshæfi sem um getur í 3. mgr.,

b) með þeim skal komið á áætlun þannig að eignum sem metnar eru með það lánshæfi sem um getur í 3. mgr. og þegar hefur verið skipst á sem tryggingu sé skipt út á tímabili sem er að hámarki 2 mánuðir,

c) þær skulu fela í sér lánshæfisþrep sem krefst tafarlausrar útskiptingar þeirra eigna sem um getur í 3. mgr.,

d) þær skulu gera mótaðilum kleift að auka frádrag af viðkomandi tryggingu að því marki sem tryggingunni hefur ekki verið skipt út í samræmi við áætlunina sem um getur í b-lið.

5. Mótaðilar skulu ekki nota eignaflokka sem um getur í 1. mgr. 4. gr. sem tryggingu ef þeir hafa ekki aðgang að markaði þeirra eigna eða þeim er ókleift að innleysa þær eignir á tímanlegan hátt komi til vanskila mótaðilans sem leggur fram tryggginguna.

8. gr.

Samþjöppunarmörk upphafstryggingar

1. Sé trygging tekin sem upphafstrygging í samræmi við 13. gr. skulu eftirfarandi mörk gilda fyrir hvern mótaðila sem tekur trygginguna:

a) summa virðis upphafstryggingar sem er tekin úr þeim eignaflokkum sem um getur í b-, f-, g- og l- til r-lið 1. mgr. 4. gr. og stakur útgefandi eða aðilar í sömu samstæðu gefa út fari ekki yfir hærra gildið af eftirfarandi:

   i. 15% af tryggingunni sem er tekin hjá mótaðilanum sem leggur fram tryggingu,

   ii. 10 milljónir evra eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðli,

b) summa virðis upphafstryggingar sem er tekin úr þeim eignaflokkum sem um getur í o-, p- og q-lið 1. mgr. 4. gr., þar sem stofnanir eins og þær eru skilgreindar í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 gefa út eignaflokkana sem um getur í p- og q-lið þeirrar greinar, fari ekki yfir hærra gildið af eftirfarandi:

   i. 40% af tryggingunni sem er tekin hjá mótaðilanum sem leggur fram tryggingu,

   ii. 10 milljónir evra eða jafngildi þess í öðrum gjaldmiðli.

Mörkin sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein skulu einnig gilda um hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði (UCITS) ef hann fjárfestir fyrst og fremst í þeim eignaflokkum sem um getur í þeirri undirgrein.

2. Sé hærri trygging en 1 milljarður evra tekin sem upphafstrygging í samræmi við 13. gr. og hvor mótaðili tilheyrir öðrum þeirra flokka sem taldir eru upp í 3. mgr. skulu eftirfarandi mörk gilda um þá fjárhæð upphafstryggingarinnar sem er umfram 1 milljarð evra og tekin hjá mótaðila:

a) summa virðis upphafstryggingar sem er tekin úr þeim eignaflokkum sem um getur í c- til l-lið 1. mgr. 4. gr. og stakur útgefandi eða útgefendur með lögheimili í sama landi gefa út skal ekki vera hærri en 50% af þeirri upphafstryggingu sem er tekin hjá þeim mótaðila,

b) sé upphafstrygging tekin í reiðufé skulu 50% samþjöppunarmörkin sem um getur í a-lið einnig miðast við áhættu sem leiðir af því að handhafi sem er þriðji aðili eða vörsluaðili hafi reiðuféð undir höndum.

3. Mótaðilar sem um getur í 2. mgr. skulu vera eitt af eftirfarandi:

a) stofnanir sem eru skilgreindar sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (G-SII) í samræmi við 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

b) stofnanir sem eru skilgreindar sem aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SII) í samræmi við 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

c) mótaðilar sem eru ekki lífeyriskerfi og sem summa þeirrar tryggingar sem taka á vegna er hærri en 1 milljarður evra.

4. Nemi trygging sem er tekin af hálfu eða hjá lífeyriskerfi sem upphafstrygging í samræmi við 13. gr. meira en 1 milljarði evra skal mótaðilinn sem tekur trygginguna setja verklagsreglur til að stýra samþjöppunaráhættu vegna trygginga sem eru teknar úr þeim eignaflokkum sem um getur í c- til l-lið 1. mgr. 4. gr., þ.m.t. um nægilega dreifingu þeirra trygginga.

5. Taki stofnanir sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. upphafstryggingu í reiðufé hjá stökum mótaðila sem er einnig stofnun eins og um getur í þessum liðum skal sá mótaðili sem tekur trygginguna ganga úr skugga um að ekki meira en 20% þeirrar upphafstryggingar sé í vörslu staks vörsluaðila sem er þriðji aðili.

6. Ákvæði 1. til 4. mgr. gilda ekki um tryggingu sem er tekin í formi fjármálagerninga sem eru þeir sömu og undirliggjandi fjármálagerningar viðkomandi OTC-afleiðusamnings sem ekki er stöðustofnaður miðlægt.

7. Mótaðili sem tekur tryggingu skal meta hvort skilyrði 2. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt í a.m.k. hvert skipti sem upphafstrygging er reiknuð út í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

8. Þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. getur mótaðili sem um getur í a-, b- og c-lið 10. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 metið árs-fjórðungslega hvort þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. séu uppfyllt, að því tilskildu að fjárhæð upphafstryggingar sem er tekin hjá hverjum stökum mótaðila sé ávallt lægri en 800 milljónir evra á næstliðnum ársfjórðungi á undan matinu.

3. ÞÁTTUR

Útreikningur og taka tryggingarfjár

9. gr.

Tíðni útreiknings og ákvörðun útreikningsdags

1. Mótaðilar skulu reikna út viðbótartryggingu í samræmi við 10. gr. a.m.k. daglega.

2. Mótaðilar skulu reikna út upphafstryggingu í samræmi við 11. gr. eigi síðar en á næsta virka degi eftir einn þessara atburða:

a) ef nýr OTC-afleiðusamningur sem ekki er stöðustofnaður miðlægt er gerður eða honum bætt við jöfnunarsafnið,

b) ef OTC-afleiðusamningur sem ekki er stöðustofnaður miðlægt rennur út eða er fjarlægður úr jöfnunarsafninu,

c) ef OTC-afleiðusamningur sem ekki er stöðustofnaður miðlægt setur af stað greiðslu eða afhendingu aðra en framlagningu eða töku tryggingarfjár,

d) ef upphafstrygging er reiknuð út í samræmi við þá staðalaðferð sem um getur í 1. mgr. 11. gr. og fyrirliggjandi samningur er endurflokkaður að því er varðar eignaflokkinn sem um getur í 1. mgr. IV. viðauka vegna skerts líftíma,

e) ef enginn útreikningur hefur farið fram á næstliðnum 10 virkum dögum.

3. Um ákvörðun útreikningsdags upphafs- og viðbótartryggingar gildir eftirfarandi:

a) séu báðir mótaðilar staðsettir í sama tímabelti skal útreikningurinn byggja á jöfnunarsafni næstliðins virks dags,

b) ef báðir mótaðilar eru ekki staðsettir í sama tímabelti skal útreikningurinn byggja á viðskiptum innan jöfnunarsafnsins sem stofnað er til fyrir klukkan 16:00 á næstliðnum virkum degi í því tímabelti þar sem klukkan er fyrst 16:00.

10. gr.

Útreikningur viðbótartryggingar

Fjárhæð viðbótartryggingar sem mótaðili tekur skal vera samanlagt virði allra samninga í jöfnunarsafninu sem reiknað er út í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að frádregnu virði allra viðbótartrygginga sem hafa áður verið teknar, að frádregnu hreinu virði hvers samnings í jöfnunarsafninu á þeim tíma sem samningurinn er gerður og að viðbættu virði allra viðbótartrygginga sem hafa áður verið lagðar fram.

11. gr.

Útreikningur upphafstryggingar

1. Mótaðilar skulu reikna út fjárhæð upphafstryggingar sem taka á með annaðhvort staðalaðferðinni sem sett er fram í IV. viðauka eða upphafstryggingarlíkönunum sem um getur í 4. þætti eða hvorutveggja.

2. Taka upphafstryggingar skal framkvæmd án þess að jafna saman fjárhæðum upphafstryggingar milli mótaðilanna tveggja.

3. Noti mótaðilar bæði staðalaðferðina sem sett er fram í IV. viðauka og upphafstryggingarlíkönin sem um getur í 4. þætti í tengslum við sama jöfnunarsafn skulu þeir beita þeim með samræmdum hætti á hvern OTC-afleiðusamning sem ekki er stöðustofnaður miðlægt.

4. Mótaðilar sem reikna út upphafstryggingu í samræmi við 4. þátt skulu ekki taka mið af fylgni milli virðis ótryggðrar áhættu og tryggingarinnar í þeim útreikningi.

5. Mótaðilar skulu koma sér saman um þá aðferð sem hvor þeirra notar til að ákvarða upphafstrygginguna sem hann tekur, en þeim er ekki skylt að nota sömu aðferð.

6. Noti annar eða báðir mótaðilar upphafstryggingarlíkan skulu þeir koma sér saman um líkan sem er þróað skv. 4. þætti.

12. gr.

Veiting viðbótartryggingar

1. Mótaðili sem leggur fram tryggingu skal veita viðbótartryggingu eins og hér segir:

a) sama virka dag og útreikningsdaginn sem ákvarðaður er í samræmi við 3. mgr. 9. gr.,

b) séu skilyrði 2. mgr. uppfyllt, innan 2 virkra daga frá útreikningsdegi sem er ákvarðaður í samræmi við 3. mgr. 9. gr.

2. Veitingu viðbótartryggingar í samræmi við b-lið 1. mgr. má eingöngu beita á eftirfarandi:

a) jöfnunarsöfn sem samanstanda af afleiðusamningum sem falla ekki undir kröfur um upphafstryggingu í samræmi við þessa reglugerð, ef mótaðili sem leggur fram tryggingu hefur útvegað, á eða fyrir útreikningsdag viðbótartryggingar, fyrirframfjárhæð hæfrar tryggingar sem er reiknuð út á sama hátt og gildir um upphafstryggingar í samræmi við 15. gr., þar sem mót-aðilinn sem tekur tryggingu hefur notað áhættutímabil tryggingarfjár (e. *margin period of risk* („MPOR“)) sem nemur a.m.k. jöfnum fjölda daga og frá og með útreikningsdegi til og með innheimtudegi,

b) jöfnunarsöfn sem samanstanda af samningum sem falla undir kröfur um upphafstryggingu í samræmi við þessa reglugerð, hafi upphafstryggingunni verið breytt á annan hvorn eftirfarandi hátt:

   i. með því að lengja áhættutímabil tryggingarfjár sem um getur í 2. mgr. 15. gr. um þann fjölda daga sem er milli útreikningsdags sem er ákvarðaður í samræmi við 3. mgr. 9. gr. og innheimtudags sem er ákvarðaður í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, að báðum dögum meðtöldum,

   ii. með því að auka upphafstryggingu sem er reiknuð út í samræmi við þá staðalaðferð sem um getur í 11. gr. og með viðeigandi aðferð að teknu tilliti til áhættutímabils tryggingarfjár sem er lengt um dagafjöldann frá og með útreikningsdegi sem er ákvarðaður í samræmi við 3. mgr. 9. gr. til og með innheimtudegi sem er ákvarðaður í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

Að því er varðar a-lið er mótaðilum heimilt, sé ekkert fyrirkomulag aðgreiningar milli þeirra til staðar, að jafna saman þeim fjárhæðum sem útvega á.

3. Rísi ágreiningur um fjárhæð viðbótartryggingar skulu mótaðilar útvega, innan sama tímaramma og um getur í 1. mgr., a.m.k. þann hluta fjárhæðar viðbótartryggingarinnar sem ekki er ágreiningur um.

13. gr.

Veiting upphafstryggingar

1. Mótaðili sem leggur fram tryggingu skal veita upphafstryggingu í samræmi við 5. þátt.

2. Mótaðili sem leggur fram tryggingu skal veita upphafstryggingu sama virka dag og hún er reiknuð út, en sá dagur er ákvarðaður í samræmi við 3. mgr. 9. gr.

3. Rísi ágreiningur um fjárhæð upphafstryggingar skulu mótaðilar útvega a.m.k. þann hluta fjárhæðar upphafstryggingarinnar sem ekki er ágreiningur um, sama virka dag og útreikningsdaginn sem er ákvarðaður í samræmi við 3. mgr. 9. gr.

4. ÞÁTTUR

Upphafstryggingarlíkön

14. gr.

Almennar kröfur

1. Noti mótaðili upphafstryggingarlíkan er heimilt að annar eða báðir mótaðilar eða umboðsaðili sem er þriðji aðili þrói líkanið.

Noti mótaðili upphafstryggingarlíkan sem umboðsaðili sem er þriðji aðili hefur útbúið skal sá mótaðili bera ábyrgð á því að tryggja að líkanið uppfylli þær kröfur sem um getur í þessum þætti.

2. Upphafstryggingarlíkön skulu þannig úr garði gerð að þau taki til allrar umtalsverðrar áhættu sem stafar af gerð OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt og eru í jöfnunarsafninu, þ.m.t. eðlis, stærðargráðu og flækjustigs þeirrar áhættu, og skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) líkanið taki til áhættuþátta sem varða einstaka gjaldmiðla sem viðkomandi samningar í jöfnunarsafnsinu eru í,

b) líkanið taki til vaxtaáhættuþátta sem varða einstaka gjaldmiðla sem þessir samningar eru í,

c) ávöxtunarferlinum sé skipt í a.m.k. sex gjalddagaflokka út frá útsetningu fyrir vaxtaáhættu í helstu gjaldmiðlum og á helstu mörkuðum,

d) líkanið taki til hættu á hreyfingum milli mismunandi ávöxtunarferla og mismunandi gjalddagaflokka,

e) líkanið taki til mismunandi áhættuþátta fyrir a.m.k. hvert hlutabréf, hlutabréfavísitölu, hrávöru eða hrávöruvísitölu sem skiptir máli fyrir viðkomandi samninga,

f) líkanið taki til áhættu sem stafar af stöðum sem eru síður innleysanlegar og stöðum með takmarkað verðgagnsæi út frá raunhæfum markaðssviðsmyndum,

g) líkanið taki til áhættu sem aðrir þættir líkansins ná annars ekki yfir og sem stafar af afleiðusamningum þar sem undirliggjandi eignaflokkur er lán

h) líkanið taki til hættu á hreyfingum milli svipaðra, en ekki nákvæmlega eins, undirliggjandi áhættuþátta og til áhættu vegna virðisbreytinga sem stafa af gjalddagamisræmi,

i) líkanið taki til helsta ólínulega hæðis (e. *non-linear dependencies*),

j) líkanið feli í sér aðferðir til afturvirkrar prófunar, þ.m.t. tölfræðilegra prófana á frammistöðu líkansins,

k) líkanið ákvarði hvaða atburðir hrinda af stað breytingum á líkaninu, kvörðun eða öðrum úrbótum.

3. Verklagsreglur um áhættustýringu sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skulu tryggja að frammistaða líkansins sé undir viðvarandi eftirliti, þ.m.t. með afturvirkri prófun líkansins a.m.k. þriðja hvern mánuð.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal afturvirk prófun fela í sér samanburð milli þess virðis sem líkanið setur fram og raunmarkaðsvirðis OTC-afleiðusamninga í jöfnunarsafninu sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt.

4. Verklagsreglur um áhættustýringu sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skulu lýsa þeim aðferðum sem eru notaðar í afturvirkum prófum, þ.m.t. tölfræðilegum prófunum á frammistöðu.

5. Verklagsreglur um áhættustýringu sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skulu tilgreina hvaða niðurstöður afturvirkra prófa myndu leiða til breytinga á líkaninu, endurkvörðunar eða annarra úrbóta.

6. Verklagsreglur um áhættustýringu sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skulu tryggja að mótaðilar geymi gögn um niðurstöður þeirra afturvirku prófa sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

7. Mótaðilar skulu veita allar nauðsynlegar upplýsingar til útskýringar á útreikningi tiltekins gildis í upphafstryggingarlíkaninu fyrir hinum mótaðilanum þannig að þriðji aðili með haldgóða þekkingu gæti staðfest þann útreikning.

8. Upphafstryggingarlíkanið skal endurspegla óvissu breytna, fylgni, grunnáhættu og gæði gagna á varfærin hátt.

15. gr.

Öryggisbil og áhættutímabil tryggingarfjár

1. Sá breytileiki virðis OTC-afleiðusamninga í jöfnunarsafni sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt sem gert er ráð fyrir við útreikning upphafstryggingar með upphafstryggingarlíkani skal byggja á einhliða (e. *one-tailed*) 99% öryggisbili yfir a.m.k. 10 daga áhættutímabil tryggingarfjár.

2. Áhættutímabil tryggingarfjár til útreiknings upphafstryggingar með upphafstryggingarlíkani eins og um getur í 1. mgr. skal ná yfir:

a) tímann sem kann að líða frá því að síðast er skipst á viðbótartryggingu fram að vanskilum mótaðila,

b) tímann sem áætlað er að þurfi til að skipta út hverjum OTC-afleiðusamningi í jöfnunarsafninu sem ekki er stöðustofnaður miðlægt eða verjast þeirri áhættu sem stafar af slíkum samningum, að teknu tilliti til seljanleika á markaðnum þar sem viðskipti fara fram með viðkomandi tegundir samninga, heildarmagns OTC-afleiðusamninga á þeim markaði sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt og fjölda þátttakanda á þeim markaði.

16. gr.

Kvörðun á breytum líkansins

1. Breytur sem eru notaðar í upphafstryggingarlíkönum skulu kvarðaðar a.m.k. árlega á grundvelli sögulegra gagna frá tímabili sem er að lágmarki 3 ár og að hámarki 5 ár.

2. Gögn sem eru notuð til kvörðunar á breytum upphafstryggingarlíkana skulu taka til nýlegasta samfellda tímabils frá þeim degi sem kvörðunin sem um getur í 1. mgr. fer fram og skulu a.m.k. 25% þeirra gagna vera lýsandi fyrir tímabil verulegs fjárhagslegs álags („álagsgögn“).

3. Myndi álagsgögn eins og um getur í 2. mgr. ekki a.m.k. 25% þeirra gagna sem notuð eru í upphafstryggingarlíkaninu skal skipta út elstu sögulegum gögnum sem um getur í 1. mgr. fyrir gögn frá tímabili verulegs fjárhagslegs álaga þar til heildarhlutfall álagsgagna er a.m.k. 25% þeirra heildargagna sem eru notuð í upphafstryggingarlíkaninu.

4. Tímabil verulegs fjárhagslegs álags sem er notað til kvörðunar á breytunum skal ákvarðað og því beitt á aðgreindan hátt fyrir a.m.k. hvern eignaflokk sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

5. Kvarða skal breyturnar með jafnvegnum gögnum.

6. Heimilt er að kvarða breytur fyrir styttri tímabil en áhættutímabil tryggingarfjár sem ákvarðað er í samræmi við 15. gr. Sé styttra tímabil notað skal laga breyturnar að því áhættutímabili tryggingarfjár með viðeigandi aðferð.

7. Mótaðilar skulu hafa skriflegar reglur um aðstæður sem leiða til tíðari kvörðunar.

8. Mótaðilar skulu setja verklagsreglur um afstillingu virðis tryggingarfjár sem skipst er á til að bregðast við nýjum breytum vegna nýrra markaðsaðstæðna. Þær verklagsreglur skulu gera mótaðilum kleift að skiptast á viðbótarupphafstryggingu sem leiðir af nýjum breytum á tímabili sem er frá 1 til 30 virkir dagar.

9. Mótaðilar skulu setja verklagsreglur um gæði gagna sem eru notuð í líkaninu í samræmi við 1. mgr., þ.m.t. val á viðeigandi gagnaveitendum og hreinsun og innsetningu þeirra gagna.

10. Áætluð gildi fyrir gögn sem eru notuð í upphafstryggingarlíkönum skal eingöngu nota ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) tiltæk gögn eru ófullnægjandi eða endurspegla ekki raunverulegan óstöðugleika OTC-afleiðusamnings eða safns OTC-afleiðusamninga í jöfnunarsafninu,

b) áætluðu gildin leiða til varfærinnar fjárhæðar tryggingarfjár.

17. gr.

Áhættudreifing, áhættuvarnir og áhættujöfnun milli undirliggjandi flokka

1. Upphafstryggingarlíkön skulu eingöngu taka til OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt og sem eru innan sama jöfnunarsafns. Upphafstryggingarlíkön geta tekið til áhættudreifingar, áhættuvarna og áhættujöfnunar í tengslum við áhættu vegna samninga innan sama jöfnunarsafns, að því tilskildu að áhættudreifingin, -varnirnar eða -jöfnunin fari aðeins fram innan sama undirliggjandi eignaflokks eins og um getur í 2. mgr.

2. Að því er varðar 1. mgr. er eingöngu heimilt að framkvæma áhættudreifingu, áhættuvarnir og áhættujöfnun innan eftirfarandi undirliggjandi eignaflokka:

a) vextir, gjaldmiðlar og verðbólga,

b) hlutabréf,

c) lán,

d) hrávara og gull,

e) annað.

18. gr.

Eigindlegar kröfur

1. Mótaðilar skulu koma á innra stjórnunarferli til að meta á viðvarandi grundvelli hve hentugt upphafstryggingarlíkanið er, að öllu eftirfarandi meðtöldu:

a) upphaflegri sannprófun líkansins af til þess hæfum aðilum sem eru óháðir þeim aðilum sem þróa líkanið,

b) síðari sannprófun hvenær sem veruleg breyting er gerð á upphafstryggingarlíkaninu og a.m.k. árlega,

c) reglulegu úttektarferli til að meta eftirfarandi:

i. heilleika og áreiðanleika gagnalinda,

ii. upplýsingakerfi til stjórnunar sem notað er við beitingu líkansins,

iii. nákvæmni og heildstæðni gagna sem notuð eru,

iv. hve nákvæmar og viðeigandi forsendur í tengslum við flökt og fylgni eru.

2. Skjalfesting verklagsreglnanna um áhættustýringu sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. í tengslum við upphafstryggingarlíkanið skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) hún skal gera þriðja aðila með haldgóða þekkingu kleift að skilja uppbyggingu upphafstryggingarlíkansins og einstök atriði í virkni þess,

b) hún skal lýsa lykilforsendum og takmörkunum upphafstryggingarlíkansins,

c) hún skal tilgreina við hvaða aðstæður forsendur upphafstryggingarlíkansins gilda ekki lengur.

3. Mótaðilar skulu skjalfesta allar breytingar á upphafstryggingarlíkaninu. Sú skjalfesting skal einnig tilgreina niðurstöður sannprófana sem um getur í 1. mgr. og framkvæmdar eru eftir slíkar breytingar..

5. ÞÁTTUR

Stýring og aðgreining trygginga

19. gr.

Stýring og aðgreining tryggingar

1. Ferlið sem um getur í c-lið 2. mgr. 2. gr. skal fela í sér eftirfarandi:

a) daglegt verðmat tryggingar sem haldið er í samræmi við 6. þátt,

b) lagalegt fyrirkomulag og fyrirkomulag umráða tryggingar sem gerir aðgang að mótteknu tryggingunni mögulegan ef hún er undir umráðum þriðja aðila,

c) sé upphafstrygging undir umráðum tryggingarveitanda, að tryggingin sé geymd á ógjaldfærnivörðum vörslureikningum,

d) að upphafstryggingu sem er ekki í formi reiðufjár sé haldið við í samræmi við 3. og 4. mgr.,

e) að reiðufé sem tekið er sem upphafstrygging sé geymt á peningareikningum hjá seðlabönkum eða lánastofnunum sem uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

i. hafi starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB eða starfsleyfi í þriðja landi þar sem eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag er talið jafngilt í samræmi við 2. mgr. 142. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

ii. séu hvorki mótaðilinn sem leggur fram tryggingu né mótaðilinn sem tekur trygginguna, né heldur hluti af sömu samstæðu og annar hvor mótaðila,

f) að ónotuð trygging sé tiltæk skiptastjóra eða öðrum þrotabússtjóra mótaðila í vanskilum,

g) að upphafstryggingin sé framseljanleg án takmarkana og tímanlega til mótaðilans sem leggur fram tryggingu komi til vanskila mótaðilans sem tekur trygginguna,

h) að aðrar tryggingar en reiðufé séu framseljanlegar án takmarkana samkvæmt reglum eða lögum eða kröfum þriðju aðila, þ.m.t. kröfum skiptastjóra mótaðilans sem tekur trygginguna eða vörsluaðila sem er þriðji aðili, að undanskildum veðböndum vegna þóknana og útgjalda sem stofnað er til við útvegun vörslureikninga og að undanskildum veðböndum sem venjulega eru lögð á öll verðbréf í stöðustofnunarkerfi þar sem slík trygging kann að vera í vörslu,

i) að öllum ónotuðum tryggingum sé skilað að fullu til mótaðilans sem leggur fram trygginguna, að undanskildum kostnaði og útgjöldum sem stofnað er til við töku og vörslu tryggingarinnar.

2. Heimilt er að skipta út öllum tryggingum sem lagðar eru fram sem upphafs- eða viðbótartryggingar fyrir aðrar tryggingar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) skiptin fara fram í samræmi við skilmála samningsins milli mótaðilanna sem um getur í 3. gr.,

b) tryggingin sem kemur í staðinn er hæf í samræmi við 2. þátt,

c) virði tryggingarinnar sem kemur í staðinn nægir til að mæta öllum kröfum um tryggingu eftir að öllu viðkomandi frádragi hefur verið beitt.

3. Upphafstrygging skal varin fyrir vanskilum eða ógjaldfærni mótaðilans sem tekur tryggingu með því að aðgreina hana á annan hvorn eftirfarandi hátt eða hvorn tveggja:

a) í bókum og gögnum handhafa sem er þriðji aðili eða vörsluaðila,

b) með öðru lagalega bindandi fyrirkomulagi.

4. Mótaðilar skulu ganga úr skugga um að aðrar tryggingar en reiðufé sem skipst er á sem upphafstryggingu séu aðgreindar á eftirfarandi hátt:

a) ef mótaðilinn sem tekur trygginguna hefur hana í vörslu sinni sem eigandi hennar skal aðgreina hana frá öðrum eignum hans,

b) ef mótaðilinn sem leggur fram trygginguna hefur hana í vörslu sinni án þess að eiga hana skal aðgreina hana frá öðrum eignum hans,

c) sé trygging geymd á bókum og í gögnum vörsluaðila eða annars handhafa sem er þriðji aðili skal hún aðgreind frá eignum þess handhafa sem er þriðji aðili eða vörsluaðila

5. Séu aðrar tryggingar en reiðufé í vörslu þess sem tekur trygginguna eða handhafa sem er þriðji aðili eða vörsluaðila skal mótaðilinn sem tekur trygginguna ávallt gefa mótaðilanum sem leggur fram trygginguna kost á að aðgreina hana frá eignum annarra mótaðila sem leggja fram tryggingu.

6. Mótaðilar skulu gera óháð lögfræðilegt mat til að sannreyna að fyrirkomulag aðgreiningar uppfylli þær kröfur sem um getur í g-lið 1. mgr. og 3., 4. og 5. mgr. Heimilt er að óháð innri eining eða óháður þriðji aðili framkvæmi slíkt lögfræðilegt mat.

7. Mótaðilar skulu færa lögbæru yfirvaldi sínu sönnur á að farið sé að ákvæðum 6. mgr. fyrir hverja viðkomandi lögsögu og skulu, að ósk lögbærs yfirvalds, setja reglur sem tryggja símat á hlítingu.

8. Að því er varðar e-lið 1. mgr. skulu mótaðilar meta lánshæfi þeirrar lánastofnunar sem þar er getið með aðferð sem byggir ekki eingöngu, eða með vélrænum hætti, á ytra lánshæfismati.

20. gr.

Meðhöndlun upphafstryggingar sem tekin er

1. Mótaðili sem tekur tryggingu skal ekki endurveðsetja, endurtryggja með né á annan hátt endurnota trygginguna sem er tekin sem upphafstrygging.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er handhafa sem er þriðji aðili heimilt að nota upphafstryggingu sem er móttekin í formi reiðufjár til endurfjárfestingar.

6. ÞÁTTUR

Verðmat tryggingar

21. gr.

Útreikningur á leiðréttu virði tryggingar

1. Mótaðilar skulu leiðrétta virði tekinnar tryggingar annaðhvort í samræmi við aðferðina sem sett er fram í II. viðauka eða aðferð þar sem notast er við eigið mat á flökti í samræmi við 22. gr.

2. Við leiðréttingu á virði tryggingar skv. 1. mgr. geta mótaðilar litið fram hjá gjaldeyrisáhættu sem stafar af stöðum í gjaldmiðlum sem falla undir lagalega bindandi milliríkjasamkomulag sem takmarkar breytingar á þeim stöðum í hlutfalli við aðra gjaldmiðla sem falla undir sama samkomulag.

22. gr.

Eigið mat á leiðréttu virði tryggingar

1. Mótaðilar skulu leiðrétta virði tekinnar tryggingar á grundvelli eigin mats á flökti í samræmi við III. viðauka.

2. Mótaðilar skulu uppfæra gagnasöfn sín og reikna út eigið mat á flökti sem um getur í 21. gr. hvenær sem flökt markaðsvirðis breytist verulega og a.m.k. ársfjórðungslega.

3. Að því er varðar 2. mgr. skulu mótaðilar ákvarða fyrir fram það stig flökts sem leiðir til endurútreiknings frádrags eins og um getur í III. viðauka.

4. Verklagsreglurnar sem um getur í d-lið 2. mgr. 2. gr. skulu fela í sér reglur um eftirlit með útreikningi eigin mats á flökti og samþættingu þess mats inn í áhættustýringarferli þess mótaðila.

5. Þær reglur sem um getur í 4. mgr. skulu lúta innri úttekt sem felur í sér allt eftirfarandi:

a) samþættingu matsins inn í áhættustýringarferli mótaðilans, a.m.k. árlega,

b) samþættingu áætlaðs frádrags inn í daglega áhættustýringu,

c) sannprófun á öllum verulegum breytingum á ferlinu til útreiknings á matinu,

d) sannprófun á samkvæmni, tímanleika og áreiðanleika gagnalinda sem eru notaðar til útreiknings á matinu,

e) hve nákvæmar og viðeigandi forsendur um flökt eru.

6. Úttektin sem um getur í 5. mgr. skal framkvæmd reglulega sem hluti innra endurskoðunarferlis mótaðilans.

II. KAFLI

SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM VERKLAGSREGLUR UM ÁHÆTTUSTÝRINGu

1. ÞÁTTUR

Undanþágur

23. gr.

Miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi sem lánastofnanir

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. geta mótaðilar kveðið á um í verklagsreglum sínum um áhættustýringu að ekki sé skipt á tryggingum í tengslum við OTC-afleiðusamninga, sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila, sem gerðir eru við miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi sem lánastofnanir í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB.

24. gr.

Ófjárhagslegir mótaðilar og mótaðilar í þriðja landi

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. geta mótaðilar kveðið á um í verklagsreglum sínum um áhættustýringu að ekki sé skipst á tryggingum í tengslum við OTC-afleiðusamninga sem eru ekki stöðustofnaðir miðlægt og eru gerðir við ófjárhagslega mótaðila sem uppfylla ekki skilyrði b-liðar 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eða við ófjárhagslega aðila með staðfestu í þriðja landi sem myndu ekki uppfylla skilyrði b-liðar 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ef þeir hefðu staðfestu í Sambandinu.

25. gr.

Lágmarksfjárhæð til yfirfærslu

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. geta mótaðilar kveðið á um í verklagsreglum sínum um áhættustýringu að ekki sé tekin trygging frá mótaðila ef útistandandi fjárhæð frá því að trygging var síðast tekin er jöfn eða lægri en fjárhæð sem mótaðilarnir koma sér saman um („lágmarksfjárhæð til yfirfærslu“).

Lágmarksfjárhæð til yfirfærslu skal ekki vera hærri en 500 000 evrur eða jafngild fjárhæð í öðrum gjaldmiðli.

2. Komi mótaðilar sér saman um lágmarksfjárhæð til yfirfærslu skal útistandandi fjárhæð tryggingar reiknuð út sem samtala:

a) viðbótartryggingar sem er útistandandi frá því að hún var síðast tekin, reiknaðrar út í samræmi við 10. gr., þ.m.t. allra umframtrygginga,

b) upphafstryggingar sem er útistandandi frá því að hún var síðast tekin, reiknaðrar út í samræmi við 11. gr., þ.m.t. allra umframtrygginga.

3. Sé fjárhæð útistandandi tryggingar hærri en sú lágmarksfjárhæð til yfirfærslu sem mótaðilar hafa komið sér saman um skal sá mótaðili sem tekur trygginguna innheimta alla útistandandi fjárhæð tryggingar án þess að draga frá lágmarksfjárhæð til yfirfærslu.

4. Mótaðilar geta komið sér saman um mismunandi lágmarksfjárhæðir til yfirfærslu fyrir upphafs- og viðbótartryggingu, að því tilskildu að samtala þeirra lágmarksfjárhæða til yfirfærslu sé jöfn eða lægri en 500 000 evrur eða jafngild fjárhæð í öðrum gjaldmiðli.

5. Komi mótaðilar sér saman um mismunandi lágmarksfjárhæðir til yfirfærslu í samræmi við 4. gr. skal sá mótaðili sem tekur trygginguna innheimta alla útistandandi upphafs- eða viðbótartryggingu án nokkurs frádráttar frá þeim lágmarks-fjárhæðum til yfirfærslu ef fjárhæð útistandandi upphafs- eða viðbótartryggingar er hærri en lágmarksfjárhæð til yfirfærslu.

26. gr.

Útreikningur tryggingar ef mótaðili er í þriðja landi

Sé mótaðili með lögheimili í þriðja landi geta mótaðilar reiknað út tryggingar á grundvelli jöfnunarsafns sem felur í sér eftirfarandi gerðir samninga:

a) OTC-afleiður sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt og falla undir kröfur um tryggingu samkvæmt þessari reglugerð,

b) samninga sem uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

   i. þeir eru skilgreindir sem OTC-afleiður sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt í því reglukerfi sem gildir um mótaðilann með lögheimili í þriðja landi,

   ii. þeir falla undir reglur um tryggingarfé í því reglukerfi sem gildir um mótaðilann með lögheimili í þriðja landi.

2. ÞÁTTUR

Undanþágur við útreikning upphafstryggingar

27. gr.

Gjaldeyrissamningar

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. geta mótaðilar mælt fyrir um í verklagsreglum sínum um áhættustýringu að upphafstrygging sé ekki tekin vegna:

a) OTC-afleiðusamninga sem eru gerðir upp efnislega (e. *physically*) og fela eingöngu í sér skipti á tveimur mismunandi gjaldmiðlum á tilteknum degi í framtíðinni á föstu gengi sem samið er um á viðskiptadegi samningsins um skiptin („framvirkir gjaldeyrissamningar“),,

b) OTC-afleiðusamninga sem eru gerðir upp efnislega og fela eingöngu í sér skipti á tveimur mismunandi gjaldmiðlum á tilteknum degi í framtíðinni á föstu gengi sem samið er um á viðskiptadegi samningsins um skiptin, og endurhverf skipti á þessum tveimur gjaldmiðlum á síðari degi og á föstu gengi sem einnig er samið um á viðskiptadegi samningsins um skiptin („gjaldeyrisskiptasamningar (e. *foreign exchange swaps*)“),

c) skipta á höfuðstól OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt og sem kveða á um að mótaðilar skipti eingöngu höfuðstól og öllum vaxtagreiðslum í einum gjaldmiðli á móti höfuðstólsfjárhæð og öllum vaxtagreiðslum í öðrum gjaldmiðli, á tilgreindum tímapunktum samkvæmt tiltekinni formúlu („gjaldmiðlaskiptasamningar“ (e. *currency swaps*)).

28. gr.

Viðmiðunarmörk sem byggjast á grundvallarfjárhæð

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. er mótaðilum heimilt að mæla fyrir um í verklagsreglum sínum um áhættustýringu að upphafstrygging sé ekki tekin vegna allra nýrra OTC-afleiðusamninga sem eru gerðir innan almanaksárs ef meðaltal samanlagðrar grundvallarfjárhæðar (e. *notional amount*) annars mótaðilanna í mánaðarlok vegna OTC-afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt er lægra en 8 milljarðar evra fyrir mánuðina mars, apríl og maí á næstliðnu ári.

Meðaltal samanlagðrar grundvallarfjárhæðar í mánaðarlok sem um getur í fyrstu undirgrein skal reiknað út á stigi mótaðilans eða á samstæðustigi ef mótaðilinn tilheyrir samstæðu.

2. Tilheyri mótaðili samstæðu skal útreikningur meðaltals samanlagðrar grundvallarfjárhæðar samstæðunnar í mánaðarlok taka til allra OTC-afleiðusamninga samstæðunnar sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, þ.m.t. allra OTC-afleiðusamninga innan samstæðunnar sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal aðeins einu sinni taka mið af OTC-afleiðusamningum sem eru innri viðskipti.

3. Verðbréfasjóðir (UCITS) með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB og sérhæfðir sjóðir sem stýrt er af rekstraraðilum sérhæfðra sjóða sem hafa starfsleyfi eða eru skráðir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([1]) skulu teljast sérstakir aðilar og vera meðhöndlaðir með aðgreindum hætti við beitingu þeirra viðmiðunarmarka sem um getur í 1. mgr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) sjóðirnir eru skýrt aðgreind eignasöfn að því er varðar ógjaldfærni eða gjaldþrot sjóðsins,

b) aðgreindu eignasöfnin eru ekki veðtryggð af, með ábyrgð eða njóta á annan hátt fjárhagslegs stuðnings annarra fjárfestingarsjóða eða rekstraraðila þeirra.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

29. gr.

Viðmiðunarmörk sem byggjast á fjárhæðum upphafstrygginga

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. geta mótaðilar mælt fyrir um í verklagsreglum sínum um áhættustýringu að upphafstrygging sem tekin er sé lækkuð um allt að 50 milljónir evra í tilviki a- og b-liðar þessarar málsgreinar eða 10 milljónir evra í tilviki c-liðar, ef:

a) hvorugur mótaðili tilheyrir samstæðu,

b) mótaðilarnir tilheyra mismunandi samstæðum,

c) báðir mótaðilar tilheyra sömu samstæðu.

2. Taki mótaðili ekki upphafstryggingu í samræmi við b-lið 1. mgr. skulu verklagsreglurnar um áhættustýringu sem um getur í 1. mgr. 2. gr. hafa að geyma ákvæði um eftirlit á samstæðustigi með því hvort farið er yfir þau viðmiðunarmörk og ákvæði um varðveislu viðeigandi gagna um áhættu sem samstæðan ber af hverjum einstökum mótaðila í sömu samstæðu.

3. Verðbréfasjóðir (UCITS) með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB og sérhæfðir sjóðir sem stýrt er af rekstraraðilum sérhæfðra sjóða sem hafa starfsleyfi eða eru skráðir í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB skulu teljast aðgreindir aðilar og vera meðhöndlaðir með aðgreindum hætti við beitingu þeirra viðmiðunarmarka sem um getur í 1. mgr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) sjóðirnir eru skýrt aðgreind eignasöfn að því er varðar ógjaldfærni eða gjaldþrot sjóðsins,

b) aðgreindu eignasöfnin eru ekki veðtryggð, með ábyrgð eða njóta á annan hátt fjárhagslegs stuðnings annarra fjárfestingarsjóða eða rekstraraðila þeirra

3. ÞÁTTUR

Undanþágur frá kröfu um að leggja fram eða taka upphafs- eða viðbótartryggingu

30. gr.

Meðhöndlun afleiðna sem tengjast sértryggðum skuldabréfum til áhættuvarnar

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 2. gr., og ef skilyrði 2. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt, geta mótaðilar kveðið á um eftirfarandi í verklagsreglum sínum um áhættustýringu að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru í tengslum við sértryggð skuldabréf:

a) að viðbótartrygging sé ekki lögð fram af útgefanda sértryggðs skuldabréfs eða fyrir hönd tryggingasafns (e. *cover pool*), heldur tekin hjá mótaðila þess aðila í reiðufé og henni skilað til mótaðila þess aðila á þegar slík skil eiga að fara fram,

b) að upphafstrygging sé ekki lögð fram eða tekin.

2. Ákvæði 1. mgr. gildir ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) OTC-afleiðusamningurinn falli ekki úr gildi komi til skilameðferðar eða ógjaldfærni útgefanda sértryggða skuldabréfsins eða tryggingasafnsins,

b) mótaðili OTC-afleiðusamningsins sem er gerður við útgefendur sértryggðu skuldabréfanna eða gagnvart tryggingasöfnum sértryggðra skuldabréfa sé a.m.k. jafnrétthár eigendum sértryggðra skuldabréfsins, nema ef mótaðili OTC-afleiðusamningsins sem er gerður við útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða gagnvart tryggingasöfnum sértryggðu skuldabréfanna er vanskilaaðilinn eða aðilinn sem fyrir áhrifum verður, eða afsalar sér stöðu jafnrétthás aðila,

c) OTC-afleiðusamningurinn sé skráður eða skrásettur í tryggingasafn sértryggða skuldabréfsins í samræmi við landslög um sértryggð skuldabréf,

d) OTC-afleiðusamningurinn sé aðeins notaður sem áhættuvörn gegn vaxta- eða gjaldmiðlamisvægi tryggingasafnsins vegna sértryggða skuldabréfsins,

e) jöfnunarsafnið hafi ekki að geyma OTC-afleiðusamninga sem eru ótengdir tryggingasafni sértryggða skuldabréfsins,,

f) sértryggða skuldabréfið sem OTC-afleiðusamningurinn tengist uppfylli kröfur 1., 2. og 3. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

g) tryggingasafn sértryggða skuldabréfsins sem OTC-afleiðusamningurinn tengist lúti reglufestri kröfu um tryggingar sem nemi a.m.k. 102%.

31. gr.

Meðhöndlun afleiðusamninga við mótaðila í þriðju löndum þar sem ekki er unnt að tryggja lagalegt fullnustuhæfi jöfnunarsamninga eða tryggingarverndar

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. er mótaðilum með staðfestu í Sambandinu heimilt að mæla fyrir um í verklagsreglum sínum um áhættustýringu að ekki sé krafist framlagningar viðbótar- og upphafstryggingar vegna OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðu-stofnaðir miðlægt og eru gerðir eru við mótaðila með staðfestu í þriðja landi, ef eitthvað af eftirfarandi á við:

a) lögfræðilega matið sem um getur í 3. mgr. 2. gr. staðfestir að ekki sé ávallt með vissu unnt að framfylgja lagalega viðkomandi jöfnunarsamningi og, sé hann notaður, tryggingaskiptasamningi,

b) lögfræðilega matið sem um getur í 6. mgr. 19. gr. staðfestir að ekki sé unnt að fullnægja þeim kröfum um aðgreiningu sem um getur í 3., 4. og 5. mgr. 19. gr.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skulu mótaðilar með staðfestu í Sambandinu taka tryggingu á vergum grunni.

2. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. er mótaðilum með staðfestu í Sambandinu heimilt að mæla fyrir um í verklagsreglum sínum um áhættustýringu að ekki sé krafist framlagningar eða töku viðbótar- og upphafstryggingar vegna samninga sem gerðir eru við mótaðila með staðfestu í þriðja landi, ef öll eftirfarandi skilyrði eiga við:

a) ákvæði a-liðar og, eftir atvikum, b-liðar 1. mgr. eiga við,

b) lögfræðilega matið sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. staðfestir að taka tryggingar í samræmi við þessa reglugerð sé ekki möguleg, jafnvel á vergum grunni,

c) hlutfallið sem reiknað er út í samræmi við 3. mgr. er lægra en 2,5%.

3. Hlutfallið sem um getur í c-lið 2. mgr. skal reiknað út með því að deila fjárhæðinni sem leiðir af a-lið þessarar málsgreinar með þeirri sem leiðir af b-lið:

a) samtölu grundvallarfjárhæða allra útistandandi OTC-afleiðusamninga samstæðunnar sem mótaðilinn tilheyrir sem gerðir voru eftir gildistöku þessarar reglugerðar og engin trygging hefur verið tekin vegna hjá mótaðilum með staðfestu í þriðja landi sem b-liður 2. mgr. gildir um,

b) samtölu grundvallarfjárhæða allra útistandandi OTC-afleiðusamninga samstæðunnar sem mótaðilinn tilheyrir, að undanskildum OTC-afleiðusamningum sem eru viðskipti innan samstæðu.

III. KAFLI

AFLEIÐUSAMNINGAR INNAN SAMSTÆÐU

1. ÞÁTTUR

Verklagsreglur fyrir mótaðila og lögbær yfirvöld við beitingu undanþága fyrir afleiðusamninga innan samstæðu

32. gr.

Verklagsreglur fyrir mótaðila og viðkomandi lögbær yfirvöld

1. Litið skal svo á að umsókn eða tilkynning mótaðila til lögbærs yfirvalds skv. 6. til 10. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 hafi verið móttekin þegar lögbæra yfirvaldið fær allar eftirfarandi upplýsingar:

a) allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort skilyrðin sem tilgreind eru í 6., 7., 8., 9. eða 10. mgr., eftir því sem við á, 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 hafi verið uppfyllt,

b) upplýsingar og skjöl sem um getur í 2. mgr. 18. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 149/2013 ([1]).

2. Telji lögbært yfirvald þörf á nánari upplýsingum til að meta hvort skilyrðin sem um getur í a-lið 1. mgr. séu uppfyllt skal það senda mótaðilanum skriflega beiðni um upplýsingar.

3. Ákvörðun lögbærs yfirvalds skv. 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal tilkynnt mótaðilanum innan þriggja mánaða frá móttöku allra upplýsinga sem um getur í 1. mgr.

4. Komist lögbært yfirvald að jákvæðri niðurstöðu sbr. 6., 8. eða 10. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal það tilkynna mótaðilanum skriflega um þá jákvæðu niðurstöðu og tilgreina a.m.k. eftirfarandi:

a) hvort undanþágan sé full undanþága eða aðeins undanþága að hluta til,

b) sé um að ræða undanþágu að hluta til skal tilgreina takmarkanir undanþágunnar með skýrum hætti.

5. Komist lögbært yfirvald að neikvæðri niðurstöðu skv. 6., 8. eða 10. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða andmælir tilkynningu skv. 7. eða 9. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar skal það tilkynna mótaðilanum skriflega um þá neikvæðu niðurstöðu eða andmæli og tilgreina a.m.k. eftirfarandi:

a) þau skilyrði 6., 7., 8., 9. eða 10. mgr., eftir því sem við á, 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 sem ekki eru uppfyllt,

b) samantekt ástæðna þess að þau skilyrði teljast ekki uppfyllt.

6. Telji annað þeirra lögbæru yfirvalda sem fá tilkynningu skv. 7. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að þau skilyrði sem um getur í a- eða b-lið fyrstu undirgreinar 7. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar séu ekki uppfyllt skal það tilkynna hinu lögbæra yfirvaldinu um það innan tveggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar.

7. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna ófjárhagslegum mótaðilum um andmæli sem um getur í 5. mgr. innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar.

8. Ákvörðun lögbærs yfirvalds skv. 8. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal tilkynnt mótaðilanum með staðfestu í Sam-bandinu innan þriggja mánaða frá móttöku allra upplýsinga sem um getur í 1. mgr.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunarskyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtíð ESB L 52, 23.2.2013, bls. 11).

9. Ákvörðun lögbærs yfirvalds fjárhagslegs mótaðila sem um getur í 10. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal tilkynnt lögbæru yfirvaldi ófjárhagslega mótaðilans innan tveggja mánaða frá móttöku allra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. og mótaðilunum innan þriggja mánaða frá móttöku þeirra upplýsinga.

10. Mótaðilar sem hafa lagt fram tilkynningu eða hlotið jákvæða niðurstöðu sbr. 6., 7., 8., 9. eða 10. mgr., eftir því sem við á, 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skulu tafarlaust tilkynna viðkomandi lögbæru yfirvaldi um allar breytingar sem gætu haft áhrif á það hvort skilyrði þessara málsgreina eru uppfyllt, eftir því sem við á. Lögbæra yfirvaldið getur andmælt umsókn um undanþágu eða dregið jákvæða niðurstöðu sína til baka í kjölfar hvers kyns breytinga á aðstæðum sem gætu haft áhrif á það hvort þessi skilyrði eru uppfyllt..

11. Tilkynni lögbært yfirvald um neikvæða niðurstöðu eða andmæli getur viðkomandi mótaðili aðeins lagt fram aðra umsókn eða tilkynningu ef veruleg breyting hefur orðið á þeim aðstæðum sem lágu til grundvallar ákvörðun eða andmælum lögbæra yfirvaldsins.

2. ÞÁTTUR

Viðmið sem gilda um beitingu undanþága fyrir afleiðusamninga innan samstæðu

33. gr.

Viðmið sem gilda um lagalegar hömlur á skjótri yfirfærslu eigin fjár og endurgreiðslu skulda

Lagalegar hömlur á skjótri yfirfærslu eigin fjár eða endurgreiðslu skulda milli mótaðila, eins og um getur í 5. til 10. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skulu teljast vera til staðar ef fyrir hendi eru raunverulegar eða fyrirsjáanlegar takmarkanir sem eru lagalegs eðlis, þ.m.t.:

a) gjaldeyrishöft,

b) reglu-, stjórnsýslu-, laga- eða samningarammi sem kemur í veg fyrir gagnkvæman fjárhagslegan stuðning eða hefur veruleg áhrif á yfirfærslu fjármagns innan samstæðunnar,

c) ef einhver skilyrðanna fyrir snemmbærri íhlutun, endurreisn og skilameðferð, eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([1]), eru uppfyllt, sem leiðir til þess að lögbæra yfirvaldið sér fram á hömlur á skjótri yfirfærslu eigin fjár eða endurgreiðslu skulda,

d) hlutdeild minnihluta sem takmarkar ákvörðunarvald innan aðila sem mynda samstæðuna,

e) eðli lagalegs rekstrarforms mótaðilans, eins og það er skilgreint í samþykktum hans, stofnsamningi og innri reglum.

34. gr.

Viðmið sem gilda um framkvæmdarlegar hömlur á skjótri yfirfærslu eigin fjár og endurgreiðslu skulda

Framkvæmdarlegar hömlur á skjótri yfirfærslu eigin fjár eða endurgreiðslu skulda milli mótaðila, eins og um getur í 5. til 10. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skulu teljast vera til staðar ef fyrir hendi eru takmarkanir sem lúta að framkvæmd, þ.m.t. einhverjar eftirfarandi:

a) ófullnægjandi aðgengi viðkomandi mótaðila að veðbandalausum eignum eða lausafjáreignum þegar yfirfærslan á að fara fram,

b) rekstrarlegar hömlur sem í reynd tefja eða koma í veg fyrir slíkar yfirfærslur eða endurgreiðslur þegar þær eiga að fara fram.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

IV. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

35. gr.

Umbreytingarákvæði

Mótaðilum sem um getur í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er heimilt að halda áfram að beita þeim áhættustýringar-ferlum sem þeir búa yfir daginn sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt og voru gerðir milli 16. ágúst 2012 og viðkomandi dagsetninga sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

36. gr.

Beiting 9. gr. (2. mgr.), 11. gr., 13. til 18. gr., 19. gr. (c-, d- og f-liðar 1. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) og 20. gr.

1. Ákvæði 9. gr. (2. mgr.), 11. gr., 13. til 18. gr., 19. gr. (c-, d- og f-liðar 1. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) og 20. gr. koma til framkvæmda sem hér segir:

a) frá og með einum mánuði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar ef báðir mótaðilar eru með, eða tilheyra samstæðum sem hver um sig er með, samanlagða meðalgrundvallarfjárhæð fyrir afleiður, sem ekki eru stöðustofnaðar af miðlægum mótaðila, sem er hærri en 3 000 milljarðar evra,

b) frá og með 1. september 2017 ef báðir mótaðilar hafa, eða tilheyra samstæðum sem hvor um sig hefur, hærra meðaltal samanlagðrar grundvallarfjárhæðar afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt en 2 250 milljarða evra,

c) frá og með 1. september 2018 ef báðir mótaðilar hafa, eða tilheyra samstæðum sem hvor um sig hefur, hærra meðaltal samanlagðrar grundvallarfjárhæðar afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt en 1 500 milljarða evra,

d) frá og með 1. september 2019 ef báðir mótaðilar hafa, eða tilheyra samstæðum sem hvor um sig hefur, hærra meðaltal samanlagðrar grundvallarfjárhæðar afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt en 750 milljarða evra,

e) frá og með 1. september 2020 ef báðir mótaðilar hafa, eða tilheyra samstæðum sem hvor um sig heldur, hærra meðaltal samanlagðrar grundvallarfjárhæðar afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt en 8 milljarða evra,

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 9. gr. (2. mgr.), 11. gr., 13. til 18. gr., 19. gr. (c-, d- og f-liðar 1. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) og 20. gr. koma til framkvæmda sem hér segir ef skilyrði 3. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt:

a) þremur árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar ef engin ákvörðun um jafngildi hefur verið tekin skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar í tengslum við viðkomandi þriðja land,

b) síðari daginn af eftirfarandi ef ákvörðun um jafngildi hefur verið tekin skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar í tengslum við viðkomandi þriðja land:

   i. fjórum mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sem tekin er skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar í tengslum við viðkomandi þriðja land,

   ii. viðkomandi dag sem ákvarðaður er skv. 1. mgr.

3. Undantekningin sem um getur í 2. mgr. skal eingöngu gilda ef mótaðilar OTC-afleiðusamnings sem ekki er stöðustofnaður miðlægt uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu,

b) mótaðilinn sem hefur staðfestu í þriðja landi er annaðhvort fjárhagslegur mótaðili eða ófjárhagslegur mótaðili,

c) mótaðilinn með staðfestu í Sambandinu er eitthvað af eftirfarandi:

i. fjárhagslegur mótaðili, ófjárhagslegur mótaðili, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun eða félag í hliðarstarfsemi sem lýtur viðeigandi varfærniskröfum, og mótaðilinn í þriðja landi sem um getur í a-lið er fjárhagslegur mótaðili,

ii. annaðhvort fjárhagslegur mótaðili eða ófjárhagslegur mótaðili og mótaðilinn í þriðja landi sem um getur í a-lið er ófjárhagslegur mótaðili,

d) báðir mótaðilar tilheyra að öllu leyti sömu samstæðu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

e) báðir mótaðilar lúta viðeigandi miðlægum áhættumats-, greiningar- og eftirlitsferlum,

f) kröfum III. kafla er fullnægt.

37. gr.

Beiting ákvæða 9. gr. (1. mgr.), 10. og 12. gr.

1. Ákvæði 9. gr. (1. mgr.), 10. og 12. gr. koma til framkvæmda sem hér segir:

a) frá og með einum mánuði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar fyrir mótaðila sem báðir hafa, eða tilheyra samstæðum sem hvor um sig hefur, hærra meðaltal samanlagðrar grundvallarfjárhæðar OTC-afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt en 3 000 milljarða evra,

b) frá og með þeim degi sem síðari er af 1. mars 2017 eða einum mánuði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar, fyrir aðra mótaðila.

2. Að því er varðar framvirka gjaldeyrissamninga sem um getur í a-lið 27. gr. skulu ákvæði 9. gr. (1. mgr.), 10. og 12. gr., þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., koma til framkvæmda á fyrri dagsetningunni af eftirfarandi:

a) 31. desember 2018, ef reglugerðin sem um getur í b-lið hefur ekki enn öðlast gildi

b) gildistökudegi framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (*) sem tilgreinir nokkra tæknilega þætti sem varða skilgreiningu fjármálagerninga í tengslum við efnislegt uppgjör framvirkra gjaldeyrissamninga eða á deginum sem ákvarðaður er skv. 1. mgr., hvorum sem síðar verður

38. gr.

Gildistökudagur gagnvart tilteknum samningum

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 36. gr. og 37. gr. skulu þær greinar sem um getur í 1. mgr. 36. gr. og 37. gr. öðlast gildi þremur árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar að því er varðar allar OTC-afleiður sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt og eru valréttir að stökum hlutabréfum eða vísitöluvalréttir.

2. Geri mótaðili með staðfestu í Sambandinu OTC-afleiðusamning sem ekki er stöðustofnaður við annan mótaðila sem tilheyrir sömu samstæðu skulu þær greinar sem um getur í 1. mgr. 36. gr. og 37. gr., þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 36. gr. og 37. gr., gilda frá þeim dagsetningum sem tilgreindar eru í samræmi við þær greinar eða frá 4. júlí 2017 ef sá dagur er síðar.

39. gr.

Útreikningur meðaltals samanlagðrar grundvallarfjárhæðar

1. Að því er varðar 36. og 37. gr. skal meðaltal samanlagðrar grundvallarfjárhæðar sem um getur reiknað út sem meðaltal samanlagðra vergra grundvallarfjárhæða sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) þær eru skráðar á síðasta viðskiptadegi í mars, apríl og maí 2016 að því er tekur til mótaðila sem um getur í a-lið 1. mgr. 36. gr.,

(*) C(2016) 2398 lokaútgáfa.

b) þær eru skráðar á síðasta viðskiptadegi í mars, apríl og maí á því ári sem um getur í hverjum lið 1. mgr. 36. gr.,

c) það tekur til allra aðila í samstæðunni,

d) það tekur til allra OTC-afleiðusamninga samstæðunnar sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt,

e) það tekur til allra OTC-afleiðusamninga innan samstæðunnar sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, með hverjum þeirra töldum einu sinni.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu verðbréfasjóðir (UCITS) sem hafa starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB og sérhæfðir sjóðir sem stýrt er af rekstraraðilum sérhæfðra sjóða sem hafa starfsleyfi eða eru skráðir í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB teljast sérstakar einingar og vera meðhöndlaðir með aðgreindum hætti, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) sjóðirnir eru skýrt aðgreind eignasöfn að því er varðar ógjaldfærni eða gjaldþrot sjóðsins,

b) aðgreindu eignasöfnin eru ekki veðtryggð af, með ábyrgð eða njóta á annan hátt fjárhagslegs stuðnings annarra fjárfestingar-sjóða eða rekstraraðila þeirra.

40. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

———

I. VIÐAUKI

Samband milli líka á vanefndum og lánshæfisþrepa að því er varðar 6. og 7. gr.

Innra mat á líkum á vanefndum sem minni eða jöfnum því sem svarar gildinu í töflu 1 skal tengja samsvarandi lánshæfisþrepi.

Tafla 1

Lánshæfisþrep	Líkur á vanefndum, eins og þær eru skilgreindar í 54. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 575/2013, minni en eða jafnar og
1	0,10%
2	0,25 %
3	1%
4	7,5%

II. VIÐAUKI

Aðferð til að stilla af virði tryggingar að því er varðar 21. gr.

1. Virði tryggingar skal stillt af á eftirfarandi hátt:

$C_{value} = C \cdot (1 – H_C – H_{FX})$

þar sem:

C = markaðsvirði tryggingar,

H_C = frádrag sem á við um trygginguna, eins og það er reiknað út skv. 2. mgr.,

H_{FX} = frádrag sem á við um gjaldmiðlamisvægi, eins og það er reiknað út skv. 6. mgr.

2. Mótaðilar skulu beita a.m.k. því frádragi sem gefið er upp í eftirfarandi töflum 1 og 2 á markaðsvirði tryggingar:

Tafla 1

Frádrag við langtímalánshæfismat

Lánshæfisþrep sem lánshæfismat skuldabréfsins tengist	Eftirstöðvatími	Frádrag fyrir skuldabréf útgefin af aðilum sem lýst er í c- til e-lið og h- til k-lið 1. mgr. 4. gr., í (%)	Frádrag fyrir skuldabréf útgefin af aðilum sem lýst er í f-, g-, l- til n-lið 1. mgr. 4. gr., í (%)	Frádrag fyrir verðbréfaðar stöður sem uppfylla viðmiðin í o-lið 1. mgr. 4. gr., í (%)
1	≤ 1 ár	0,5	1	2
	> 1 ≤ 5 ár	2	4	8
	> 5 ár	4	8	16
2–3	≤ 1 ár	1	2	4
	> 1 ≤ 5 ár	3	6	12
	> 5 ár	6	12	24
4 eða lægra	≤ 1 ár	15	Á ekki við	Á ekki við
	> 1 ≤ 5 ár	15	Á ekki við	Á ekki við
	> 5 ár	15	Á ekki við	Á ekki við

Tafla 2

Frádrag við skammtímalánshæfismat

Lánshæfisþrep sem lánshæfismat skammtímaskuldabréfs tengist	Frádrag fyrir skuldabréf útgefin af aðilum sem lýst er í c- og j-lið 1. mgr. 4. gr., í (%)	Frádrag fyrir skuldabréf útgefin af aðilum sem lýst er í m-lið 1. mgr. 4. gr., í (%)	Frádrag fyrir verðbréfaðar stöður sem uppfylla viðmiðin í o-lið 1. mgr. 4. gr., í (%)
1	0,5	1	2
2–3 eða lægra	1	2	4

1. Af hlutabréfum í helstu vísitölum, skuldabréfum sem eru breytanleg í hlutabréf í helstu vísitölum og gulli skal reiknast 15% frádrag.

2. Af hæfum hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum (UCITS) er frádragið vegið meðaltal þess frádrags sem myndi gilda um þær eignir sem sjóðurinn hefur fjárfest í.

3. Af viðbótartryggingu í reiðufé skal reiknast 0% frádrag.

4. Að því er varðar skipti á viðbótartryggingu skal 8% frádrag gilda um allar aðrar tryggingar en reiðufé sem lagðar eru fram í öðrum gjaldmiðli en þeim sem samið er um í sérstökum afleiðusamningi, viðkomandi gildandi rammasamningi um jöfnun eða viðkomandi tryggingarviðauka (e. *credit support annex*).

5. Að því er varðar skipti á upphafstryggingu skal 8% frádrag gilda um allar tryggingar í reiðufé og aðrar tryggingar en í reiðufé sem lagðar eru fram í öðrum gjaldmiðli en þeim sem greiðslur verða að fara fram í komi til snemmbærrar uppsagnar eða vanefndar, í samræmi við stakan afleiðusamning, viðkomandi tryggingaskiptasamning eða viðkomandi tryggingarviðauka („uppsagnarmynt“). Hvor mótaðili um sig getur valið mismunandi uppsagnarmynt. Tilgreini samningur ekki uppsagnarmynt skal frádragið gilda um markaðsvirði allra eigna sem lagðar eru fram sem trygging.

———

III. VIÐAUKI

Eigið mat á flökti í tengslum við frádrag sem á að beita á markaðsvirði tryggingar að því er varðar 22. gr.

1. Útreikningur á leiðréttu virði tryggingar skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   a) mótaðilar skulu byggja útreikninginn á einhliða 99% öryggisbili,

   b) mótaðilar skulu byggja útreikninginn á innlausnartímabili sem er a.m.k. 10 virkir dagar,

   c) mótaðilar skulu reikna út frádrag með því að auka frádragið við daglegt endurmat með eftirfarandi formúlu fyrir kvaðratrót af tíma:

$$H = H_M \cdot \sqrt{\frac{N_R + (T_M - 1)}{T_M}}$$

   þar sem:

   H = frádrag sem á að beita,

   H_M = frádrag við daglegt endurmat,

   N_R = raunverulegur fjöldi virkra daga milli endurmats,

   T_M = innlausnartímabil viðkomandi tegundar viðskipta,

   d) mótaðilar skulu taka tillit til minni innleysanleika eigna af litlum gæðum. Þeir skulu lengja innlausnartímabilið ef vafi leikur á innleysanleika tryggingarinnar. Þeir skulu einnig greina tilvik þar sem söguleg gögn kunna að benda til minna mögulegs flökts en raunin er. Tekið skal á slíkum tilvikum með álagssviðsmynd,

   e) lengd sögulegs athugunartímabils sem stofnanir nota til að reikna út frádrag skal vera a.m.k. 1 ár. Fyrir mótaðila sem beita vægisaðferð (e. *weighting*) eða öðrum aðferðum til að skilgreina sögulega athugunartímabilið skal lengd raunverulegs athugunartímabils vera a.m.k. 1 ár.

   f) markaðsvirði tryggingar skal leiðrétt á eftirfarandi hátt:

$$C_{value} = C \cdot (1 - H)$$

   þar sem:

   C = markaðsvirði tryggingar,

   H = frádrag eins og það er reiknað út í c-lið hér að ofan.

2. Af viðbótartryggingu í reiðufé er heimilt að reikna 0% frádrag.

3. Að því er varðar skuldabréf með lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis (ECAI) geta mótaðilar notað eigið mat á flökti fyrir hvern verðbréfaflokk.

4. Við ákvörðun á viðeigandi flokkum verðbréfa að því er varðar 3. mgr. skulu mótaðilar taka tillit til tegundar útgefanda verðbréfsins, utanaðkomandi lánshæfismats verðbréfanna, eftirstöðvatíma þeirra og breytts meðaltíma (e. *modified duration*) þeirra. Mat á flökti skal vera lýsandi fyrir verðbréfin í flokknum.

5. Útreikningur frádrags sem leiðir af beitingu c-liðar 1. mgr. skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   a) mótaðili skal nota matið á flökti í hinu daglega áhættustýringarferli, þ.m.t. í tengslum við áhættumörk sín,

   b) sé innlausnartímabil sem mótaðili notar lengra en það sem um getur í b-lið 1. mgr. fyrir viðkomandi tegund OTC-afleiðusamnings skal sá mótaðili auka frádrag sitt í samræmi við formúluna fyrir kvaðratrót af tíma sem um getur í c-lið þeirrar málsgreinar.

———

IV. VIÐAUKI

Stöðluð aðferð til útreiknings á upphafstryggingu að því er varðar 9. og 11. gr.

1. Margfalda skal grundvallarfjárhæðir eða undirliggjandi virði, eftir því sem við á, OTC-afleiðusamninga í jöfnunarsafni með prósentunum í eftirfarandi töflu 1:

Tafla 1

Flokkur	Viðbótarstuðull
Lán: 0–2 ára eftirstöðvatími	2%
Lán: 2–5 ára eftirstöðvatími	5%
Lán: 5 ára eftirstöðvatími eða lengri	10%
Hrávara	15%
Hlutabréf	15 %
Erlendur gjaldeyrir	6%
Vextir og verðbólga: 0–2 ára eftirstöðvatími	1%
Vextir og verðbólga: 2–5 ára eftirstöðvatími	2%
Vextir og verðbólga 5 ára eftirstöðvatími eða lengri	4%
Annað	15 %

2. Verg upphafstrygging jöfnunarsafns skal reiknuð út sem samtala þeirra afurða sem um getur í 1. mgr. fyrir alla OTC-afleiðusamninga í jöfnunarsafninu.

3. Eftirfarandi meðhöndlun skal beitt á samninga sem falla undir fleiri en einn flokk:

   a) sé unnt að greina með skýrum hætti áhættuþátt sem á við um OTC-afleiðusamning skulu samningar settir í þann flokk sem samsvarar þeim áhættuþætti,

   b) sé skilyrði a-liðar ekki uppfyllt skulu samningar settir í flokkinn með hæsta viðbótarstuðulinn meðal viðkomandi flokka,

   c) kröfur um upphafstryggingu fyrir jöfnunarsafn skulu reiknaðar út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

      Hrein upphafstrygging = 0,4 * Verg upphafstrygging + 0,6 * NGR * Verg upphafstrygging.

      þar sem:

      i. hrein upphafstrygging vísar til lækkaðrar tölu krafna um upphafstryggingu vegna allra OTC-afleiðusamninga við tiltekinn mótaðila í jöfnunarsafni,

      ii. NGR (e. *net-to-gross ratio*) vísar til nettó/brúttóhlutfalls sem er reiknað út sem hlutfallstala, með hreinan endurnýjunarkostnað jöfnunarsafns á móti tilteknum mótaðila í teljara og vergan endurnýjunarkostnað þess jöfnunarsafns í nefnara,

d) að því er varðar c-lið skal hreinn endurnýjunarkostnaður jöfnunarsafns vera hærri talan af núll og summu núverandi markaðsvirðis allra OTC-afleiðusamninga í jöfnunarsafninu,

e) að því er varðar c-lið skal vergur endurnýjunarkostnaður jöfnunarsafns vera summa núverandi markaðsvirðis allra OTC-afleiðusamninga sem er reiknað út í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og 16. og 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 149/2013 með jákvæð gildi í jöfnunarsafninu,

f) reikna má út grundvallarfjárhæðina sem um getur í 1. mgr. með því að jafna saman grundvallarfjárhæðum samninga sem fara í gagnstæða átt og eru að öðru leyti eins hvað alla samningsþætti varðar að undanskildum grundvallarfjárhæðum.

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/42 **2021/EES/7/56**

frá 17. janúar 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið bambermýsín með tilliti til hámarksgildis leifa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setti fram 16. apríl 2019,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, séu ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Efnið bambermýsín er ekki tilgreint í þeirri töflu.

4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir bambermýsín í vef úr kanínum hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, mælt með því að ákvörðun hámarksgildis leifa fyrir bambermýsín í kanínum sé ekki nauðsynleg fyrir heilsuvernd manna.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Lyfjastofnun Evrópu telur að sem stendur sé ekki viðeigandi að yfirfæra flokkunina „hámarksgildis leifa ekki krafist“ fyrir bambermýsín af vef úr kanínum yfir á vef úr öðrum tegundum sem gefa af sér afurðir til manneldis vegna ófullnægjandi gagna.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2020, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 198/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Færslu fyrir eftirfarandi efni er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Bambermýsín	Á EKKI VIÐ	Kanínur	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Einungis til inntöku	Sýkingalyf/bakteríulyf“

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/43 **2021/EES/7/57**

frá 17. janúar 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið síklesóníð með tilliti til hámarksgildis leifa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setti fram 21. febrúar 2019,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, séu ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Efnið síklesóníð er ekki tilgreint í þeirri töflu.

4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir síklesóníð í dýrum af hestaætt hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, mælt með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir síklesóníð í vefjum dýra af hestaætt, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Lyfjastofnun Evrópu telur að sem stendur sé ekki viðeigandi að yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir síklesóníð af dýrum af hestaætt yfir á aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis vegna ófullnægjandi gagna.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 198/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Færslu fyrir eftirfarandi efni er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Síklesóníð	Summa síklesóníðs og desí-sóbútýrýlsíklesóníðs, mælt sem desísóbútýrýlsíkleklóníð eftir vatnsrof síklesóníðs í desísóbútýrýlsíklesóníð.	*Dýr af hestaætt*	0,6 µg/kg 4 µg/kg 0,6 µg/kg 0,6 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis	Barksterar/sykursterar“